**ARNHEIÐUR RÓS ÁSGEIRSDÓTTIR**

*Eignaðist langþráðan kímónó*

Tíska Heimili Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÚTIVIST OG HREYFING**

*Undir dalanna sól*

Laufskálaréttir

SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. október 2006 — 266. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR



### Mýrin eftirsótt

Mynd Baltasars Kormáks seld til Norðurlandanna og Þýskalands.

KVIKMYNDIR 49

### Undirbýr brottför frá Íslandi



Þorvaldur Davíð er á fullu við leita að skóla í Bandaríkjunum.

FÓLK 58

### Hagkerfi á fleygiferð

Heimilin og fyrirtækin halda áfram að safna skuldum, svo að engan þarf að undra á uppganginum: bílakaupunum, byggingunum og þannig áfram," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

### Reynir á leið heim



Skagamaðurinn Reynir Leósson er á leið heim eftir ársdvöl í Svíþjóð. Hann er helst orðaður við ÍA og KR.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGT KÓLNANDI** - Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, hvassast við suður- og suðausturströndina. Rigning sunnan til, annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 4-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4






# Heilbrigðisráðherra á móti einkavæðingu

**Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir einkavæðingu ekki koma til greina í heilbrigðiskerfinu. Arnbjörg Sveinsdóttir vonast til þess að stigin verði skref til aukinnar einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. Breytingar hafa verið boðaðar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, eru ósammála um hvort auka eigi aðkomu einkaaðila að heilbrigðiskerfinu. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi á þriðjudag að styrkja ætti heimildir til þess að fela öðrum en opinbera heilbrigðiskerfinu að annast heilbrigðisþjónustu.

Siv segir frumvarpið, sem bráðlega verður lagt fram, ekki rýmka heimildir til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. „Þetta er frumvarp sem unnið var að í nefnd þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna eiga sæti. Ég er bjartsýn á að þingið taki vel í efnisatriði þessa frumvarps. Þetta er rammalöggjöf um heilbrigðisþjónustuna þar sem eru fjölmörg atriði sem þarf að færa til betri vegar. Þar á meðal er að styrkja heimildir ráðherra til að semja um heilbrigðisþjónustu, og þær úrlausnir sem eru fyrir hendi innan ramma laganna," segir Siv og segir hið opinbera standa að mestu leyti að baki þjónustusamningum sem nú eru í gildi.

„Hið opinbera rekur heilbrigðisþjónustuna en það hafa verið gerðir þjónustusamningar um ákveðna þætti þar sem einkafélög hafa tekið að sér verkefni, sem að mestu eru greidd af hinu opinbera. Ég er alfarið á móti skrefum í átt að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það skiptir öllu máli, fyrir fólkið í landinu, að ekki verði teknar upp einkagreiðslur, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum svo dæmi sé tekið, þar sem slíkt kerfi leiðir til ójafnaðar."

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir styrkingu heimilda sem miði að frekari aðkomu einkaaðila að heilbrigðiskerfinu, vera skref í rétta átt. „Ég held að það sé göfugt og eðlilegt markmið að stefna að því að færa verkefni frá hinu opinbera til einkaaðila í heilbrigðismálum. Styrking á heimildum til þess að efla þjónustu, með aukinni aðkomu einkaaðila, er eðlilegt og rökrétt skref að mínu mati." **- mh**

Írski forsætisráðherrann:

## Sætir frekari ásökunum

**ÍRLAND, AP** **Forsætisráðherra Írlands, Bertie Ahern, neitaði í gær að útskýra hvernig honum hefði tekist að leggja fyrir sem samsvarar rúmum fimm milljónum íslenskra króna árið 1993 án þess að vera með bankareikning. Þingmenn stjórnarandstöðunnar báðu um útskýringarnar.**



**BERTIE AHERN** Forsætisráðherra Írlands.

**Ahern hefur sætt harðri gagnrýni síðan írskt dagblað upplýsti um fé sem Ahern mun hafa þegið frá 39 kaupsýslumönnum á árunum 1993 og 1994, þegar hann starfaði sem fjármálaráðherra Írlands. Ahern segir féð hafa verið „gjafir og lán".**

**Peningarnir sem hann lagði fyrir tengjast gjöfunum ekki, heldur lagði hann fyrir af launum sínum. Ahern neitaði að útskýra hvar hann hefði geymt seðlana.** **- smk**



**HVALSTÖÐIN** Tíu til tólf manns hafa á undanförnum vikum unnið að endurbótum á lögnum og spilum í stöðinni. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í næstu viku. Þá er stutt í að stöðin verði starfhæf að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Endurbætur á hvalstöðinni:

## Stöðin tilbúin ef veiðar hefjast

**HVALVEIÐAR** Um tugur manna vinnur að viðgerðum á Hvalstöðinni í Hvalfirði um þessar mundir. Verið er að endurnýja gufuleiðslur til að knýja spilin sem notuð eru við að hífa hvalinn á land. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdunum í næstu viku.

Að sögn Kristjáns Loftssonar, framkvæmdastjóra Hvals hf., þarf ekki að gera mikið meira til að stöðin verði starfhæf ef hvalveiðar hefjast að nýju, enda hefur hún verið kynt allar götur frá því að henni var lokað árið 1989 svo að annar tækjabúnaður til vinnslu skemmdist ekki. Um miðjan ágúst var Hvalur 9, eitt hvalveiðiskipanna fjögurra sem staðið hafa við Reykjavíkurhöfn undanfarin sautján ár, tekið í slipp. Kristján sagði þá að engin rök væru fyrir því að hefja ekki hvalveiðar í atvinnuskyni hér við land. **- þsj/kdk**

Byggðaþróun á Norðurlandi vestra:

# Lægstu meðaltekjur á landinu

**BYGGÐAÞRÓUN**

Hvergi á landinu eru lægri mánaðartekjur að meðaltali en á Norðurlandi vestra, 250 þúsund krónur. Meðaltekjur á landinu öllu eru 327 þúsund krónur og eru tekjur á Norðurlandi vestra því fjórðungi lægri.

Lægstu tekjurnar í landshlutanum eru í Skagabyggð, 133 þúsund, sem er næstum helmingur af landsmeðaltali. Það eru jafnframt lægstu meðalmánaðartekjur á öllu landinu.

Þetta kemur fram í sjöttu grein af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðamál sem birtist í blaðinu í dag.

Þar má einnig lesa að íbúðaverð á Norðurlandi vestra er næstlægst af öllum landshlutum, eða 69 þúsund krónur fermetrinn að meðaltali. Einungis á Vestfjörðum er húsnæðisverð lægra.

Þá hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað um 13 prósent á síðasta aldarfjórðungi. Í einungis einum öðrum landshluta hefur fólksfækkunin verið meiri, það er á Vestfjörðum.

Raunfækkunin á Norðurlandi vestra er þó mun meiri ef miðað er við meðalfjölgun á landsvísu, sem er 31 prósent. Ef íbúum í landshlutanum hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal ættu þeir að vera tæplega tíu þúsund í stað um 7.500. **- sda/****sjá síðu 22**

**MEÐALTEKJUR Á NORÐURLANDI VESTRA 2005**




Japani setur heimsmet:

## Mundi fyrstu 100.000 tölur pí

**JAPAN, AP** Sextugur **japanskur maður, Akira Haraguchi, sló heimsmet í gær þegar hann þuldi upp fyrstu 100.000 aukastafi í tölunni pí, sem hann hafði lært utanbókar. Afrekið tók ríflega 16 klukkustundir. Í nýjustu útgáfu heimsmetabókar Guinness er titilhafinn sagður Japaninn Hiroyuki Goto, sem árið 1995 þuldi upp fyrstu 42.195 aukastafi í pí.**

**Talan pí er óræð tala sem ekki er hægt að skrifa sem brot þar sem heilli tölu er deilt í aðra heila tölu. Þegar pí er skrifað sem tugabrot verða aukastafirnir óendanlega margir. Hún byrjar á stöfunum 3,141592.** **- smk**

## SPURNING DAGSINS



*Andri, hefurðu hugleitt að setja upp slaufuna?*

Nei, ég held ég haldi mig við bindin.

Andri Óttarsson tók við af Kjartani Gunnarssyni sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins í gær, en Kjartan er þekktur fyrir að vera með slaufu.

Portúgali, búsettur í Reykjavík, kærður fyrir hrottalegt kynferðisofbeldi:

# Í farbanni vegna nauðgunar

**DÓMSMÁL** Karlmaður búsettur í Reykjavík hefur verið úrskurðaður í farbann eftir að kona kærði hann fyrir hrottalega nauðgun og annað líkamlegt ofbeldi.

Atburðurinn átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 10. september. Konan hafði farið út að skemmta sér, hitt manninn á skemmtistað og farið heim með honum, ásamt fleira fólki, undir morgun. Maðurinn bað hana að koma með sér inn í herbergi, réðst síðan að henni, beitti hana miklu ofbeldi og hafði síðan við hana harkalegt samræði gegn vilja hennar, að því er kemur fram í greinargerð lögreglu. Konan kærði atburðinn og fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis að kvöldi sunnudagsins. Samkvæmt réttarlæknisfræðilegri skoðun var konan með mikla áverka og eymsli í andliti og á líkama. Hún fór aftur í skoðun daginn eftir þar sem ekki reyndist unnt að ljúka skoðun á sunnudag vegna mikilla eymsla.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Úrskurðaði manninn í farbann eftir að hann hafði verið kærður fyrir nauðgun.

Maðurinn játaði að hafa haft samfarir við konuna, en kvað það hafa verið að hennar frumkvæði. Hann var í Héraðsdómi Reykjavíkur úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann kærði til Hæstaréttar sem hnekkti úrskurðinum, þar sem rannsóknarhagsmunir gæfu ekki tilefni til gæsluvarðhalds. Maðurinn, sem er portúgalskur og hefur verið búsettur hér á landi er í farbanni, að sögn Helgu Leifsdóttur hdl. réttargæslumanns konunnar. **- jss**

Stjórnarformaður Dagsbrúnar:

# Kaupir fyrir 400 milljónir

**VIÐSKIPTI** Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, keypti í gær hlutabréf í Dagsbrún fyrir fjögur hundruð milljónir króna.

Seljandi bréfanna var Fjárfestingafélagið Selsvör sem var í eigu hennar, Árna Haukssonar og Gunnars Smára Egilssonar, fyrrverandi forstjóra Dagsbrúnar. Selsvör á nú engin bréf í félaginu.

Þórdís keypti einnig hlutabréf í félaginu í síðasta mánuði, en þá nam kaupverðið tæpum 335 milljónum króna.

Dagsbrún er eigandi 365, útgefanda Fréttablaðsins. **- eþa**

Slóð þjófagengis skýrist:

# Brutust inn í tíu sumarhús

**LÖGREGLUMÁL** Drengirnir tveir sem fóru ránshendi um landið fyrir nokkru síðan eru grunaðir um innbrot í allt að tíu bústaði í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi. Þeir eru einnig grunaðir um ýmis afbrot á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, á Húsavík og á Selfossi.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar var litlu stolið úr bústöðunum en töluverðar skemmdir unnar á þeim.

Drengirnir, sem eru fæddir 1988 og 1985, voru fyrir nokkru úrskurðaðir í síbrotagæslu til 20. október. **- þsj**

Þingmenn vilja rannsókn:

# Áhrif farsíma á fólk verði könnuð

**STJÓRNMÁL Átta þingmenn úr þremur flokkum vilja að gerð verði faraldsfræðileg rannsókn á mögulegum áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2017.**



**DRÍFA HJARTARDÓTTIR SJÁLFSTÆÐISFLOKKI** Fyrsti flutningsmaður tillögunnar.

**Flutningsmenn, sem skilgreina rafsegulsvið sem mengun, telja vert að skoða hvort nýgengi krabbameins í heila, gláku og annarra augnskemmda hafi aukist síðan noktun farsíma hófst.**

**Þingsályktunartillaga um rannsóknina er nú lögð fram á þingi öðru sinni.** **- bþs**




**VEGAFRAMKVÆMDIR** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir yfirlýsingu forsætisráðherra um að hætt verði við að fresta framkvæmdum fela í sér sterk og afgerandi skilaboð. Betra hefði verið að fá þessi skilaboð á öðrum tímapunkti.

# Stöðugleikinn felist í stöðugum óróa

**Stöðugur órói hefur verið í efnahagskerfinu og greinilega markmið ríkisstjórnarinnar að þannig verði áfram, að mati ASÍ. „Í því felist stöðugleikinn.“ Framkvæmdastjóri SA vill að Seðlabankinn og fjármálaráðuneyti gangi í takt.**

**FRAMKVÆMDIR** „Umfang framkvæmda á vegum ríkisins er í sjálfu sér ekki það mikið en kannski hefði verið æskilegra að fá þessi skilaboð ekki á þessum tímapunkti. Það hefði verið betra að þetta væri enn í biðstöðu um sinn því það skiptir máli að menn séu samstiga þannig að Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið gangi í takt að þessu leyti,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins um yfirlýsingu forsætisráðherra um að ríkisstjórnin hætti við að fresta framkvæmdum.

„Ef fjármálaráðuneytið spáir því að verðbólga sé svo mikið á niðurleið þá veltir maður vöngum yfir því hvort óhætt sé að hætta við og setja verkin í gang aftur. Það er spurning hvort Seðlabankinn hafi sama skilning á stöðunni og hvort bankinn sé tilbúinn til að hefja vaxtalækkunarferilinn og ganga í takt með ríkisstjórninni,“ segir hann.

Vilhjálmur bendir á að framkvæmdir ríkisins nemi ekki háum fjárhæðum og því skipti tölurnar sem slíkar ekki miklu máli. Skilaboðin skipti meira máli. „Í þessu felast sterk og afgerandi skilaboð frá ríkisstjórninni og því vildi ég gjarnan sjá að ríkisstjórnin og Seðlabankinn gengju í takt,“ segir Vilhjálmur og telur að gengið verði hærra en annars og verðbólgusa komi fram í lok næsta árs eða byrjun þarnæsta fari Seðlabankinn í þveröfuga átt við ríkisstjórnina.

„Ég verð að viðurkenna að ég hrökk svolítið við þegar ég heyrði að það væri búið að aflýsa hættuástandinu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands. „Verðbólgan er tæplega átta prósent sem er þrisvar sinnum meira en verðbólgumarkmið Seðlabankans þannig að það er dálítið snemmt að aflýsa ástandinu. Það hefur verið stöðugur órói í efnahagskerfinu og það er greinilega markmið ríkisstjórnarinnar að svo haldist áfram. Í því felist stöðugleikinn,“ segir hann og telur yfirlýsinguna bera þess merki að kosningavetur sé að hefjast.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir að miðað við spár KB banka og fjármálaráðuneytisins minnki hagvöxtur og dragist jafnvel saman. **ghs@frettabladid.is**



**GRÆNFRIÐUNGAR FYRIR** Grænfriðungar reyndu að stöðva þennan eistneska togara frá botnvörpuveiðum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Botnvörpuveiðar:

# Bush vill banna botnvörpu

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti beitti sér í gær gegn botnvörpuveiðum, sem og öðrum veiðum. Tilkynning Bandaríkjaforseta barst daginn fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, þar sem fjallað verður um hugsanlegt bann við botnvörpuveiðum á alþjóðlegum hafsvæðum.

Umhverfisverndarsinnar hafa löngum haft horn í síðu þessara veiða, sem íslenskir togarar stunda gjarnan. „Það má líkja þessari veiðiaðferð við að höggva niður öll trén í skóginum til þess að ná íkorna,“ ssegir Joshua Reichert, talsmaður náttúruverndarsamtakanna Pew Charitable Trust.

Íslendingar mótmæla banninu, ásamt Rússum og Spánverjum. **- smk**

## ELDSNEYTISVERÐ

### Bensínlítrinn lækkar í verði

Atlantsolía lækkaði bensínverð um 1,5 krónu í gærkvöld. Bensínlítrinn kostar nú 115,9 krónur og hefur lækkað um rúmar 15 krónur síðan um miðjan júlí. Þetta er þriðja bensínlækkun fyrirtækisins á mánuði.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Alþingi samþykkir lög um aðgang að gögnum um öryggi á tímum Kalda stríðsins:

# Trúnaði um öryggismál aflétt

**STJÓRNMÁL** Alþingi samþykkti í gærkvöldi lög sem aflétta þagnarskyldu opinberra starfsmanna á málum er varða öryggi Íslands á árunum 1945-1991. Lögin ná einnig til opinberra starfsmanna sem látið hafa af störfum.

Forsætisráðherra skipaði í júní nefnd til að gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að opinberum gögnum um öryggismál. Samkvæmt lögunum, sem samþykkt voru í gærkvöldi, skal nefndin hafa frjálsan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á tímum kalda stríðsins.

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en meðflutningsmenn voru þingflokksformenn allra flokka. Sólveig sagði mikilvægt að lögin næðu fram að ganga svo nefnd forsætisráðherra gæti sinnt störfum sínum.

Henni er ætlað að kanna hvaða stjórnvöld hafa gögn um öryggismál í fórum sínum og gera könnun á þeim. Opinberum starfsmönnum er gert skylt að svara fyrirspurnum nefndarinnar um verklag við öflun, skráningu og varðveislu upplýsinga um öryggismál. Sjálfir verða nefndarmenn bundnir þagnarskyldu um viðkvæmar einkalífsupplýsingar og upplýsingar um öryggismál sem varða virka öryggis- eða varnarhagsmuni. **- bþs**



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR** Forseti Alþingis var fyrsti flutningsmaður frumvarps um aðgang að upplýsingum um öryggismál.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34306 09/2006

## Hilux - Enn betur útbúinn!

Nú er tækifæri til að eignast nýjan Hilux Double Cab, fjallkóng, vinnuþjark og borgarbarn sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Nú bjóðum við Toyota Hilux DC með veglegum aukahlutapakka, 31" heilsársdekkjum, dráttarbeisli og þokuljósum að verðmæti 219.000 kr.

Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux með 2,5 lítra D-4D samrásainnspýtingar dísilvél er rýmri, hljóðlátari og rennilegri. Togið er einstakt, 260 Nm á 1600–2400 snm (í fjórhjóladrifi). Hilux er byggður á sterkri, sjálfstæðri grind úr sérryðvörðu stáli, er með háan undirvagn og af stöðluðum öryggisbúnaði má nefna t.d. loftpúða hjá báðum framsætum og ABS-hemlakerfi.

Verð 2.930.000 kr.*


31" Heilsársdekk


Dráttarbeisli


Þokuljós á framstuðara

Aukahlutapakki að verðmæti 219.000 kr.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Gildir fyrir Toyota Hilux Double Cab

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

## GENGIÐ 04.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,78 | 69,10 |
| Sterlingspund | 129,27 | 129,89 |
| Evra | 87,14 | 87,62 |
| Dönsk króna | 11,685 | 11,753 |
| Norsk króna | 10,367 | 10,429 |
| Sænsk króna | 9,350 | 9,404 |
| Japanskt jen | 0,5820 | 0,5854 |
| SDR | 101,54 | 102,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,3335

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verktakar vilja kaupa hús í Skuggahverfinu:

# Banka upp á og vilja kaupa

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúar nokkurra gamalla húsa við Lindargötu hafa fengið heimsóknir að undanförnu. Þar eru á ferðinni fulltrúar frá fyrirtæki sem kallast Skuggabyggð ehf. Erindi mannanna er að falast eftir kaupum á húsunum til þess að rífa þau og byggja ný. Tveir húseigendur sem Fréttablaðið ræddi við sögðu að þeir hefðu fengið kauptilboð í hús sín og að tilboðið hefði átt að gilda í viku. Boðið væri markaðsverð í eignirnar og Eignaumboðið fasteignasala myndi sjá um gerð kaupsamninga. Kristinn B. Ragnarsson hjá fasteignasölunni sagði að í bígerð væri að hún sæi um gerð kaupsamninga ef af sölum yrði.

Guðbjartur Ingibergsson athafnamaður, einn af eigendum Skuggabyggðar ehf., kannaðist í samtali við Fréttablaðið við að fyrirtækið hefði áhuga á að kaupa hús við Lindargötuna, en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

„Ég á þarna nokkar lóðir,“ sagði hann og bætti við að hann hefði verið að festa kaup á þeim síðastliðin ár. Hann sagði að þessi lóðakaup væru eins og hver önnur viðskipti og kvaðst ekki svara Fréttablaðinu frekar. **- jss**



**VIÐ LINDARGÖTU** Eigendur nokkurra eldri húsa við Lindargötu hafa fengið kauptilboð. Myndin er úr safni.

Sænskur glæpamaður:

## Sagður hafa haft mök við lík

**SVÍÞJÓÐ** Nýtt dómsmál, þar sem maður er sakaður um að hafa haft mök við lík konu, vekur nú gríðarlega athygli í Svíþjóð enda er þetta í fyrsta sinn sem slíkt mál kemur fyrir sænska dómstóla, segir í Dagens Nyheter.

Maðurinn, sem áður var kirkjuvörður í Västmanland, er 43 ára gamall. Hann er ákærður fyrir röskun á grafhelgi og að hafa brennt niður Surahammars kirkjuna árið 1998. Auk þess er hann sakaður um þrjár aðrar íkveikjur og þjófnað. Hann hefur þegar játað sekt sína.

Sænskir fjölmiðlar lýsa manninum sem ákaflega einmana einstaklingi sem á við alvarlegt áfengisvandamál að stríða. **- smk**



**ELDHUGAR Í KÓPAVOGI** Rauði krossinn og BYKO gerðu með sér samkomulag.

BYKO og Rauði krossinn:

## Skrifa undir styrktarsamning

**SAMFÉLAGSMÁL Kópavogsdeild Rauða krossins og BYKO undirrituðu í gær styrktarsamning vegna átaksins „Byggjum betra samfélag“. Samstarfið miðar að því að tryggja fjármagn fyrir nýtt verkefni sem ætlað er að stuðla að betra samfélagi án mismununar.**

**Þarna munu hittast ungmenni af íslenskum og erlendum uppruna og vinna að fjölbreyttum og mannbætandi verkefnum. Þar verða hugtök á borð við vináttu, virðingu og umburðarlyndi í brennidepli.** **- sþs**

# Aðgreining akstursstefna að leiðarljósi

**Stefnt er að miklum úrbótum á vegum í nágrenni Reykjavíkur. Undirbúningur að stórfelldum framkvæmdum við Vesturlandsveg og Suðurlandsveg hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Eykur öryggi, segir Gísli Marteinn Baldursson.**

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að að því að auka afkastagetu vega út frá Reykjavík með stórfelldum vegabótum. Á þetta minntist Geir H. Haarde í stefnuræðu sinni á Alþingi en undirbúningur að breytingum á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi, auk hringtorgs á gatnamótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar, hefur staðið yfir um nokkurt skeið.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins, segir það mat ríkisstjórnarinnar, og sérfræðinga í umferðarmálum, að brýnt sé að huga sem fyrst að vegaframkvæmdum í nágrenni Reykjavíkur. „Við þegar hafið undirbúning að því að auka afkastagetu veganna út frá Reykjavík. Bæði Vesturlandsveginn, áleiðis upp í Borgarnes, og Suðurlandsveginn milli Reykjavíkur og Selfoss. Stefnan er sú að halda áfram að vera með vegi sem eru tvær akreinar í aðra átt og ein í hina, og aðgreina með því akstursstefnur. Þessar breytingar hafa verið í undirbúningi nokkuð lengi og nú hefur verið gefið vilyrði fyrir því að ráðast í þessar framkvæmdir. Í breytingartillögunum er einnig gert ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Þingvallavegs og Vesturlandsvegar.“



**JÓN RÖGNVALDSSON**



**TEIKNINGAR AF FYRIRHUGUÐU HRINGTORGI** Endanlegar áætlanir um breytingar á Vesturlandsvegi liggja ekki enn fyrir en á myndinni sést hvernig búast má því að hringtorgið á gatnamótum Vesturlandsvegar og Þingvallavegar líti út, þegar það verður tilbúið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNVEIGAR

Að sögn Jóns Rögnvaldssonar vegamálastjóra liggur ekki ljóst fyrir hversu umsvifamiklar framkvæmdirnar verða, þar sem ekki sé ljóst ennþá hversu miklum peningum verður varið til framkvæmda. „Við vitum ekki ennþá hversu miklir peningar verða settir í þetta verkefni. En undirbúningsvinna vegna framkvæmda hefur farið fram og að þessu verður unnið áfram. Umsvif framkvæmdanna fara vitanlega eftir því hversu miklir peningar verða settir í þessi verkefni.“

> „Við höfum þegar hafið undirbúning að því að auka afkastagetu veganna út frá Reykjavík.“
>
> **JÓHANNES TÓMASSON**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS

Gísli Marteinn Baldursson, formaður samgöngu- og umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, fagnar boðuðum breytingum. „Ég fagna því mjög að auka eigi öryggi á umferðaræðum að og frá Reykjavík. Við höfum verið í markvissum aðgerðum í Reykjavík sem miða að því að auka öryggi í Reykjavík, og við þurfum að ganga enn lengra í þeim efnum. Það hefur sýnt sig að mörg alvarleg slys hafa orðið í nágrenni Reykjavíkur og það er gott að vita til þess að peningar verði settir í samgönguúrbætur á þessu svæði.“ **magnush@frettabladid.is**

Hryðjuverkavarnir í Evrópu:

## Komið í veg fyrir tugi tilræða

**NOREGUR, AP** Öryggismálayfirvöld í Evrópu hafa komið upp um og í veg fyrir 30 til 40 hryðjuverkatilræði í álfunni á síðustu fimm árum, eða frá 11. september 2001. Frá þessu greindi Jörn Holme, yfirmaður norsku öryggislögreglunnar, í gær.

Holme sagði á öryggismálaráðstefnu í Ósló að norska öryggislögreglan og systurstofnanir hennar í öðrum löndum Evrópu hefðu gert það að sínu mesta forgangsmáli að hindra slíkar árásir.

Töluna yfir fjölda hindraðra tilræða hafði Holme frá Tore Björgmo, sérfræðingi í hryðjuverkamálum við norska lögregluháskólann. **- aa**

Lögregla kvödd á vettvang:

## Maður fastur í þvottahúsi

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður í Vesturbænum þurfti að kalla á lögreglu seint gærkvöld eftir að hafa lent í hremmingum við þvott. Maðurinn greindi lögreglu frá því að hann hefði sett óhreint tau í vélina en það hafi ekki tekist betur til en svo að vélin fór að skoppa um með miklum látum og á endanum hafi hún skorðast við þvottahúsdyrnar.**

**Lögreglumenn komu manninum til bjargar og hafði varðstjóri á orði að þetta væri eitt dæmið um að þvottar væru ekki karlmannsverk.** **- kdk**

### BARNAHÚS

**Aðstaðan til fyrirmyndar**

Norðmenn ætla að opna Barnahús að íslenskri fyrirmynd á næsta ári. Barnahús hefur verið notað til að taka skýrslu af börnum sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Íslenska barnahúsið hefur verið starfrækt í átta ár.

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 07.06 - Beinskiptur - Ekinn 1 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASÖM HELGI**

Á laugardaginn nálgast lægð sunnanvert landið með vætu og vaxandi vindi. Lægðin dregur að landinu dálítil hlýindi þannig að ekki verður alveg eins kalt og horfur voru á gær. En engu að síður eru hitatölurnar fremur lágar komandi daga og víða má búast við næturfrosti. Laugardagurinn verður nokkuð þungbúinn á landinu en á sunnudag rofar til suðvestan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg norðaustlæg átt. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 6-9 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-10 m/s.

» laugardagur



Stíf austan- eða norðaustanátt.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | léttskýjað | London | 16°C | rigning | Alicante | 24°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 11°C | skýjað | París | 18°C | alskýjað | Mallorca | 21°C léttskýjað |
| Osló | 13°C | skúrir | Frankfurt | 15°C | skýjað | Algarve | 24°C léttsýjað |
| Stokkhólmur | 14°C | skýjað | Friedrichshafen | 10°C | skýjað | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 14°C | skýjað | Berlín | 17°C | léttskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI




ÞJÓNUSTUVER SÍMI 588 1234

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með stefnuræðu forsetans?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,6% |
| Nei | 73,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú smyglað ólöglegum varningi til landsins?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Sjávarútvegsráðherra kynnti skipulagsbreytingar á Verkefnasjóði sjávarútvegsins:

# Hafrannsóknir þarf að efla

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknir þarf að auka verulega hér á landi. Þetta segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sem kynnti í gær skipulagsbreytingar á Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Stofnuð hefur verið ný deild innan hans sem fer með sjávarrannsóknir á samkeppnissviði. Breytingunum er ætlað að gefa fleirum færi á að sækja um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir, ekki síst þeim sem starfa utan Hafrannsóknastofnunarinnar en þeir hafa haft takmarkaðan aðgang að styrkjum til þessa.

Næstu þrjú ár renna samtals 75 milljónir af fé í eigu sjóðsins til deildarinnar. Fjármununum verður svo úthlutað til rannsóknar- og þróunarverkefna á lífríki sjávar umhverfis Ísland með það að markmiði að efla sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs. Einar segist fyrst og fremst vonast til þess að þetta verði til að auka fjölbreytni á hafrannsóknum hér við land þar sem ný leið opnist fyrir vísindafólk til að afla fjár til rannsókna sinna.



**SKIPULAGSBREYTINGAR KYNNTAR** Jakob K. Kristjánsson, formaður stjórnar deildar um sjávarrannsóknir, og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra á fundinum í gær.

Hann ítrekar þó að Hafrannsóknarstofnun hafi unnið mjög gott starf sem þurfi einnig að efla og verða fjárveitingar til hennar auknar um 100 milljónir á ári.

- kdk

Héraðsdómur Reykjaness:

# Ákærðir fyrir fíkniefnabrot

**DÓMSMÁL** Fíkniefnamál gegn tveimur mönnum var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Öðrum manninum er gefið að sök að hafa haft í fórum sínum um 48 grömm af kannabisefnum, tæp 4 grömm af kókaíni og lítilræði af tóbaksblönduðu hassi. Hann er einnig ákærður fyrir að geyma umtalsvert magn fíkniefna fyrir hinn meðákærða og fyrir að reyna að koma eignarhaldi á hluta fíkniefnanna yfir á hann.

Hinum manninum er gefið að sök að eiga rúmlega 220 grömm af hassi, tæp 6 grömm af kókaíni og lítilræði af amfetamíni sem ætlað væri til sölu.

- þsj

## SVÍÞJÓÐ

### SAS verkfalli afstýrt

Tuttugu stunda maraþonfundur forráðamanna SAS flugfélagsins og talsmanna sænskra flugþjóna félagsins afstýrði í gær yfirvofandi verkfalli flugþjónanna. Starfsmennirnir eru þó enn óánægðir með vinnustundirnar og verður málið tekið upp á ný fyrir febrúar á næsta ári.

## HITAVEITA

### Gæti hafa skaðað lífríkið

Hitaveita Hvalfjarðar gæti verið skaðabótaskyld, komi í ljós að lokun hennar á rennsli Laxár í Leirársveit á dögunum hafi valdið skaða í lífríki árinnar. Sigurður Guðjónsson fiskifræðingur sagði í fréttum NFS að seiðabúskapur gæti verið í hættu en áin er ein besta laxveiðiá landsins.

# Varnarmálastefna í vestur og austur

**Ný staða í varnarmálum var rædd á Alþingi í gær. Forsætisráðherra sagði samningana við Bandaríkjamenn tryggja „trúverðugar varnir“. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar sögðu forsætis- og utanríkisráðherra tala „í austur og vestur“ um stefnuna.**

**ALÞINGI** Fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Alþingi sögðu forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafa „talað í vestur og austur“ í framsöguerindum sínum í þingumræðum um stöðuna í varnarmálum þjóðarinnar eftir brottför bandaríska varnarliðsins, sem fram fóru í gær.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hóf umræðuna með því að gera grein fyrir samningunum við Bandaríkjamenn, annars vegar um framhald varnarsamstarfs þjóðanna og hins vegar um skil Bandaríkjahers á landi og mannvirkjum.

Að sögn Geirs teldi ríkisstjórnin að helstu samningsmarkmið Íslendinga hefðu náðst. Varnaráætlunin sem tekur við af fastri viðveru Bandaríkjahers hér á landi og byggir á „hreyfanlegum herstyrk“ sé „trúverðugar varnir“. Hann sagði ríkisstjórnina leggja áherslu á að staðið verði við áform um árlegar heræfingar hér á landi, einkum með þátttöku herþotna.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sagði að niðurstaðan úr samningunum við Bandaríkjamenn væri „viðunandi“. Hún sagði Íslendinga hljóta að rækta áfram tengslin við Bandaríkin og viðhalda varnarsamningnum. En hún sagði einnig að „sem Evrópuþjóð hljótum við að fylgjast grannt með öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins“. Sú stefna sé í örri þróun og til lengri tíma litið „skyldi alls ekki útiloka að Ísland geti leitað samstarfs við ESB á sviði öryggismála“.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Utanríkisráðherra.

> “ Sem Evrópuþjóð hljótum við að fylgjast grannt með öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins
>
> **VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, sagði áberandi að forsætis- og utanríkisráðherrann töluðu „annar í vestur, hinn í austur“ og vísaði þar til þess að Geir talaði eingöngu um mikilvægi áframhaldandi náins samstarfs við Bandaríkjamenn en Valgerður um að Íslendingar ættu líka að líta til Evrópusambandsins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, fagnaði því að í fyrsta sinn væri ekki ágreiningur um það á Alþingi að „svo friðvænlegt sé í okkar heimshluta að ekki sé þörf á bandarískum herafla í landinu“. Hún gagnrýndi hins vegar hvernig ríkisstjórnin hefði haldið á samningum við Bandaríkjamenn. Síðast í febrúar hafi forsætisráðherra haldið því fram að „sýnilegar varnir“ í formi fjögurra orrustuþotna Bandaríkjahers væri algjör lágmarksviðbúnaður. Núna léti hann eins og það hefði ekki verið neitt að marka þau orð hans.

Ingibjörg, Steingrímur og fleiri fulltrúar stjórnarandstöðunnar gagnrýndu einnig þá leynd sem hvíldi yfir varnaráætluninni sem koma á í staðinn fyrir varnarliðið.

audunn@frettabladid.is







Fjölmenni á Laugardalsvelli:

# Nördarnir slógu í gegn

**SJÓNVARP** Rúmlega sjö þúsund manns mættu á Laugardalsvöll í gær til að berja leikmenn KF Nörd og Íslandsmeistarana í FH augum. Gríðarleg stemning myndaðist á vellinum og þurfti að seinka leiknum um stundarfjórðung á meðan fólk streymdi að. Eins og áhorfendur Sýnar hafa tekið eftir hafa nördarnir tekið stórstígum framförum í knattspyrnu undir dyggri leiðsögn Loga Ólafssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, hafði hótað að segja af sér ef nördarnir bæru sigur úr býtum. Til að tryggja að allt gengi vel dró hann upp takkaskóna eftir langt hlé og spilaði með sínum mönnum ásamt aðstoðarþjálfaranum Heimi Guðjónssyni. Töldu áhorfendur að leiknum hefði lokið með stórsigri nördanna, sem skoruðu fimm mörk á móti ellefu mörkum FH.

- kdk



**GLÆSILEG TILÞRIF** Nördarnir sýndu svo um munaði að þeir hafa lært sitthvað í knattspyrnu undanfarnar vikur. Ólafur Þórðarson, fyrrverandi þjálfari ÍA, var eitt af leynivopnum nördaliðsins ásamt Auðuni Blöndal sem skoraði fyrsta mark leiksins.

FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

# Kaupaukinn þinn frá CLINIQUE er í Hagkaupum!

## Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE getur þú valið um dömu eða herra gjöf.*




**Fyrir dömurnar**

- Moisture surge extra 30 ml
- Liquid facial soap mild 30 ml
- All about eyes augnkrem 5 ml
- Palletta 3 augnskuggar
- Glosswear for lips
- Hárband

*Gildir á meðan birgðir endast.




**Fyrir herrana**

- Face scrub 15 ml
- M shave aloe gel 41 ml
- Exfoliating body wash 40 ml
- Maximum hydrator 7 ml
- Clinique hárgreiða

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







Málefni hraðleiðar S5 lögð fyrir borgarráð:

# S5 aftur í Árbæinn

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. hefur samþykkt að hraðferðin S5 hefji aftur akstur í Árbæinn, með fyrirvara um að Reykjavíkurborg samþykki greiðslu en akstur á háannatíma kostar 27 til 28 milljónir.

Vilyrðið hefur verið sent til borgarráðs til samþykkis og vonast Ármann Kr. Ólafsson, formaður stjórnar Strætó bs., að kostnaðargreiðslurnar verði samþykktar á fundi borgarráðs í dag. Ef svo verður, geti akstur hraðleiðarinnar hafist aftur á morgun.



**HRAÐLEIÐ S5** Formaður stjórnar Strætó bs. vonast til að málefni hraðleiðar S5 fari fyrir borgarráð í dag.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, segir kröfur um sérstakar greiðslur sérkennilegar kveðjur stjórnar Strætó bs. til þeirra sem hafi barist fyrir því að hraðleiðin hæfi akstur og gagnvart meirihluta borgarstjórnar. „Eftir stofnun byggðasamlagsins var þjónusta aukin í öllum sveitarfélögunum, án þess að þau hafi þurft að greiða fyrir það,“ bendir Dagur á. **- ss**



**Á FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS Á ÞRIÐJUDAG** Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Illugi Gunnarsson hagfræðingur og Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, á morgunfundi um stöðu krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Illa gengur að ná tölum í hús

**Torveld gagnasöfnun Hagstofu gerir stjórn peningamála erfiðari. Efla þarf úttekt á nýbyggingum.**

**VIÐSKIPTI** Ónæg gögn hafa gert Seðlabankanum erfiðara fyrir í mörkun peningastefnu, en endanlegir þjóðhagsreikningar eru eins og hálfs árs gamlir þegar þeir liggja endanlega fyrir. Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur bankans, nefndi þetta sem dæmi á fundi Viðskiptaráðs um krónuna og peningastjórn í byrjun vikunnar.

Arnór segir að því fyrr sem bankinn fái gögn í hendur, þeim mun betra sé það, en ákveðnir þættir valdi því að dráttur verði á. Þannig geti dregist að ársreikningar fyrirtækja liggi fyrir og búið sé að vinna úr þeim. „Síðan hefur íbúðafjárfesting líka verið endurskoðuð verulega upp á við,“ bætir hann við, en áréttar um leið að Ísland sé langt frá því eina landið sem breyta þurfi verulega sínum áætlunum. Þá sé ekki við Hagstofuna eina að sakast því Seðlabankinn hafi sjálfur þurft að endurskoða tölur um þjónustuútflutning. Eftir því sem viðskipti milli landa hafi orðið frjálsari segir hann að dregið hafi úr áreiðanleika upplýsinga um sölu þjónustu milli landa.

Stefán Þór Jansen, deildarstjóri á þjóðhagsreikningadeild Hagstofunnar, segir að skil á gögnum til Hagstofunnar verði meðal þess sem rætt verði á morgun á fundi með notendum þjóðhagsreikninga. Þar á meðal eru fulltrúar greiningardeilda, ráðuneyta, Seðlabankans og fleiri. Hann segir ljóst að Hagstofan hafi áhuga á að leita leiða til að flýta innsendingu gagna og nefnir að sérstaklega hafi gengið illa að fá upplýsingar um byggingu húsnæðis. „Enginn virðist hafa umboð til að reka á eftir byggingafulltrúum að taka út íbúðir. Árstölurnar eru í lagi en innan ársins ekki,“ segir hann og telur að Fasteignamat þurfi að ýta á byggingafulltrúa í þessum efnum. Hann segir atvinnuhúsnæði skila sér ótrúlega illa inn hjá Fasteignamatinu. „Við erum í vandræðum með að halda utan um allar þessar byggingar.“

Stefán Þór segir hagstofuna hafa áhuga á að kanna hvort efla megi og flýta gagnaöflun, til dæmis með því að flýta skilum ársreikninga fyrirtækja eða herða á úttektum nýbygginga og bjóst við að það yrði tekið upp við fjármálaráðuneytið og Seðlabankann. **olikr@frettabladid.is**

Þingmenn vilja að Ísland styðji sjúka í Palestínu:

# Vilja kaupa sjúkrastöð

**STJÓRNMÁL** Fimm þingmenn úr fjórum flokkum vilja að Íslendingar kaupi og reki færanlega sjúkrastöð í Palestínu og hafa flutt um það þingsályktunartillögu.

Í greinargerð ályktunarinnar segir að íslensk stjórnvöld eigi að leita leiða til að takmarka það tjón sem aðgerðir Ísraelsmanna valda palestínsku samfélagi enda sé það í samræmi við auknar áherslur á þróunarsamvinnu og þátttöku í friðargæslu. Tillagan hefur áður verið flutt en ekki hlotið afgreiðslu.



**JÓN KRISTJÁNSSON** Einn flutningsmanna.

Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, er meðal flutningsmanna. **- bþs**

Heimilið

Börn

Snyrtivörur

Dömur

Herrar

# Snyrtivöru-hátíð

## Tilboð á öllum merkjum 5.-8. okt.

### Tilboðsverð og kynningar
### Glæsilegt úrval af þekktum merkjum

**ILMVÖTN:** Flottar ilmkynningar og kaupaukar í flestum ilmum.

**VIKTOR&ROLF-FLOWERBOMB:** Kynning á þessum glæsilega ilmi, einungis í Debenhams.

**Laugardaginn 7. okt.:**
Nemar frá EMM School bjóða viðskiptavinum fría förðun frá kl. 13:00-16:00.
Body Painting sýning í MAC kl. 13:00.

**ALLIR SEM VERSLA Í SNYRTIVÖRUDEILD LENDA Í LUKKUPOTTI ÞAR SEM DREGIÐ VERÐUR UM VEGLEGA SNYRTIVÖRUVINNINGA.**

Dior

SHISEIDO

CLINIQUE

ESTĒE LAUDER

Kanebo INTERNATIONAL

LANCÔME PARIS

HELENA RUBINSTEIN

MAC

ELIZABETH ARDEN

ORIGINS

BIOTHERM

GOSH

rifka cosmetics



DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 34439 10/2006

Sólríkar sérferðir til Antalya
Belek

Töfrandi Tyrkland

LÚXUS & MUNAÐUR

10. október - 9 nætur
19. október - 11 nætur

Verð frá
89.990 kr.*
á mann í tvíbýli 10. okt. í 9 nætur - allt innifalið

**Skínandi sól, fallegar strandir, náttúrufegurð, menning og saga, ljúffengur matur, freistandi verslanir og hagstætt verðlag.**

Antalya og Belek eru vinsælustu sólarstaðir Evrópumanna á suðurströnd Tyrklands og hafa svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Út frá Antalya eru margar glæsilegar strendur og íslenskir kylfingar hafa lýst Belek sem toppstað, hvort sem talað er um golfvelli, gististaði eða umhverfið sjálft.

**Lúxusgisting þar sem „allt er innifalið“ ★★★★★**

Við bjóðum gistingu á Hotel Porto Bello, glæsilegu 5 stjörnu hóteli þar sem „allt er innifalið“ allan sólarhringinn. Á hótelinu er píanóbar, veitingastaður, heilsuræktaraðstaða með tækjasal, gufubaði, nuddi og tyrknesku baði; hárgreiðslu- og snyrtistofa. Herbergin eru með loftkælingu, smábar, síma, gervihnattasjónvarpi, öryggishólfi, hárþurrku og svölum.

**Missið ekki af frábæru tækifæri til að upplifa ennþá lengra sumar!**

* Innifalið í verði: flug, akstur til og frá flugvelli erlendis, gisting í 9 nætur á Porto Bello („allt innifalið„), íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.



ÚRVAL·ÚTSÝN
VISA ferðir
Sími 585 4000
www.urvalutsyn.is


Frálslyndi flokkurinn vill afnám verðtryggingar:

# Bankar ofverndaðir

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja að verðtrygging húsnæðislána verði afnumin og hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis.



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON** Formaður Frjálslynda flokksins.

Í greinargerð hennar segir að það heyri til undantekninga að íbúðalán séu verðtryggð erlendis og óásættanlegt sé að Íslendingar búi við allt önnur og miklu lakari lánskjör en almennt gerist í nágrannaríkjunum.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, fjallaði um verðtrygginguna í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á þriðjudag og sagði bankana ofverndaða. Auk þess sem þeir hefðu bæði belti og axlabönd væru þeir í pollabuxum. - bþs

# Öryggi og frelsi í flugi

**Fyrrverandi forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem var sæmdur Fálkaorðunni í gær, segir þörf á réttu jafnvægi milli öryggisráðstafana og frelsis flugfarþega.**

**FLUGMÁL** Yfirvöld í ríkjum heims ættu að halda vöku sinni gagnvart mögulegum ógnum við flugöryggi á borð við hryðjuverk, en ættu jafnframt jafnan að hafa í huga að setja ekki meiri hömlur á frelsi flugfarþega en nauðsyn krefur. Þetta segir dr. Assad Kotaite, sem í 30 ár var forseti fastaráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi Kotaite í gær fálkaorðunni fyrir „heilladrjúg afskipti af málefnum alþjóðaflugþjónustunnar, sem Ísland hefur haft með höndum á vegum ICAO um margra áratuga skeið“. Kotaite hélt fyrirlestur um framtíð alþjóðlegs flugs í Háskóla Íslands á þriðjudag og ávarpaði Flugþing í gær.



**ASSAD KOTAITE** Líbaninn Kotaite fór fyrir IAOC á árunum 1975-2005.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kotaite segir að samsærið um að sprengja farþegaþotur á leið frá Bretlandi til Bandaríkjanna, sem breskum yfirvöldum tókst að koma upp um fyrir skemmstu, sé áminning um þörfina á að ríki heims haldi vöku sinni gagnvart slíkum ógnum. En aðspurður segir hann erfitt að meta hvaða aðgerðir séu hæfilegar til að bregðast við slíku – ef gripið er til harkalegra ráðstafana sem valda töfum og öðrum óþægindum fyrir flugfarþega koma upp ásakanir um að of langt sé gengið. Sé hins vegar ekki gripið til ápreifanlegra ráðstafana af þessu tagi og eitthvað kemur fyrir, þá koma upp ásakanir um að menn hafi sofið á verðinum.

„Það verður því að finna skynsamlegt jafnvægi þarna á milli,“ segir Kotaite og bendir á að til lengri tíma litið sé hryðjuverkahætta aðeins eitt af mörgu sem hafi áhrif á þróun farþegaflugs í heiminum. Hún breyti til dæmis engu um að spáð sé gríðarlegri aukningu í farþegaflugi á næstu árum og áratugum.

„Flugfarþegar voru um tveir milljarðar í heiminum á árinu 2005. Meðalvöxtur á ári er talinn verða um fimm prósent og heildarfarþegafjöldinn á ári verði þannig kominn í fjóra milljarða eftir um tvo áratugi.“ Þessi mikla aukning í flugi kalli á að hugað verði vel að flugöryggismálum í heild, tækniframfarir verði nýttar til að draga úr bæði útblásturs- og hljóðmengun og þannig mætti lengi telja. Starfsemi ICAO sé helguð þessum verkefnum.

Að lokum vill Kotaite vekja athygli á því hve vel hafi tekist til um framkvæmd alþjóðaflugþjónustu á flugstjórnarsvæðum Íslands og Grænlands og bendir á að það gæti orðið fyrirmynd að skipan flugleiðsöguþjónustu víða um heim. audunn@frettabladid.is

Stjórnarandstaðan krefst nýrra kosninga í Póllandi:

# Mikið fylgistap stjórnarflokksins

**PÓLLAND, AP** Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn í Póllandi, frjálslyndi hægriflokkurinn Borgaravettvangur, nýtur mikils fylgisforskots á aðalstjórnarflokkinn, Lög og réttlæti sem er flokkur þjóðernisíhaldsmanna. Þetta sýna niðurstöður nýjustu skoðanakannana í Póllandi.



**JAROSLAW KACZYNSKI**

Stjórnin missti þingmeirihlutann fyrir hálfum mánuði, þegar Jaroslaw Kaczynski, forsætisráðherra og leiðtogi Laga og réttlætis, rak Andrzej Lepper, leiðtoga smáflokksins Sjálfsvarnar úr stjórninni.

Síðan hefur Kaczynski reynt að fá þingmenn annarra smáflokka og óflokksbundna til liðs við stjórnina. Stjórnarandstaðan krefst nýrra kosninga. - aa

Þrír þýskir flugfarþegar:

## Urðu hræddir við síðskegg

**SPÁNN, AP** „Þeir komu fram við mig eins og íslamskan hryðjuverkamenn vegna þess hvernig ég er útlits,“ sagði Pablo Gutierrez Vega, spænskur lagaprófessor á fertugsaldri, síðskeggjaður mjög, sem lenti heldur betur í hremmingum þegar hann sat um borð í þýskri farþegaflugvél á leiðinni frá Sevilla á Spáni til Dortmund í Þýskalandi.

Þegar vélin millilenti á Mallorca tókst þremur þýskum farþegum að neyða hann út úr vélinni, en flugmaður vélarinnar kom honum þá til bjargar, baðst afsökunar á atvikinu og bauð honum að koma aftur um borð. - gb

Nóbelsverðlaunahafar í læknis- og eðlis- og efnafræði í ár:

# Allt bandarískir vísindamenn

**SVÍÞJÓÐ, AP** Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði, í lífeðlis- og læknisfræði og í efnafræði í ár fara til alls fimm bandarískra vísindamanna.

Sænska Vísindaakademían tilkynnti í gær að Nóbelsverðlaunin í efnafræði féllu í ár í skaut Rogers D. Kornberg fyrir rannsóknir hans á því hvernig frumur nýta upplýsingar úr genum til framleiðslu á próteinum. Faðir hans, Arthur Kornberg, fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1959.

Á þriðjudag var tilkynnt að John C. Mather og George F. Smooth hljóta verðlaunin í eðlisfræði fyrir vinnu sína við kenninguna um stórahvell, eða frumsprengingarkenninguna, sem talin er skýra tilurð alheimsins. Mather og Smooth bjuggu til gervihnött sem mælir „örbylgjuklið“, sem er talinn ein helsta sönnun þess að heimurinn varð til í stórahvelli. Auk heiðursins skipta félagarnir tíu milljónum sænskra króna á milli sín, andvirði 95 milljóna íslenskra.



**MELLO OG FIRE** Nóbelsverðlaunahafar í lífeðlis- og læknisfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á mánudag var tilkynnt að Andrew Z. Fire og Craig C. Mello hljóta Nóbelsverðlaunin í lífeðlis- og læknisfræði fyrir uppgötva aðferð til að hafa áhrif á flæði erfðaupplýsinga. - gb



**ÞYRST ÞJÓNUSTA** Þessi þjónustustúlka notaði tækifærið og fékk sér ölsopa í lok Októberhátíðarinnar í München í Þýskalandi á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FALLEGT HAUSTVEÐUR** September var sá fjórði hlýjasti í Reykjavík.

Tíðindayfirlit Veðurstofunnar:

## September sá fjórði hlýjasti

**VEÐURFAR Nýliðinn september mánuður var ákaflega hlýr um allt land. Þetta er meðal þess sem fram kemur á tíðindayfirliti frá Veðurstofu Íslands. Meðalhiti í Reykjavík mældist 10,5 gráður sem er 3,1 stigi hærra en í meðalári. September í ár er fjórði hlýjasti septembermánuður í Reykjavík síðan mælingar hófust. Á Akureyri var hitinn 2,3 gráðum hærri en í meðalári eða 8,6 stig. Mæld úrkoma í Reykjavík var 117 mm sem er nærri meðallagi en 50 mm á Akureyri sem er þriðjungi yfir meðallagi.** - hs

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Gefur kost á sér í 2. til 3. sæti

**STJÓRNMÁL** Sigríður Ingvarsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, býður sig fram í 2. til 3. sæti á lista flokksins í Norðausturkjördæmi.



**SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR**

Sigríður var þingmaður Sjálfstæðisflokksins fyrir Norðvesturkjördæmi á árunum 2001 til 2003. Hún starfar sem verkefnisstjóri Impru Nýsköpunarmiðstöð.

Samhliða vinnu stundar hún MBA nám við Háskóla Íslands sem hún lýkur í vor. Sigríður hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og á sæti í stjórn Landssambands Sjálfstæðiskvenna. - sh

Úrskurðaður í síbrotagæslu:

## Braust tvívegis inn um helgina

**LÖGREGLUMÁL Maður á tvítugsaldri var úrskurðaður í síbrotagæslu í eina viku af Héraðsdómi Reykjaness á mánudag. Hann hafði verið gripinn tvívegis við innbrot í Hafnarfirði um helgina og að sögn lögreglunnar þar á hann mörg önnur óafgreidd mál í þeirra umdæmi sem og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Flest málanna gegn manninum eru auðgunarbrot en hann á að baki langan afbrotaferil þrátt fyrir ungan aldur.** - þsj


ENNEMM / SÍA / NM23802




BREYTTUR X-TRAIL Á
ÓBREYTTU VERÐI!

Nú býður **Ingvar Helgason** sérstaklega vel búinn **Nissan X-TRAIL** með breytingarpakka frá **Artic Trucks** að verðmæti **450.000 kr. á óbreyttu verði!**

**Ríkulegur staðalbúnaður:**
4x4, 17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring.

**Komdu og reynsluaktu!**

| Breytingar |
|---|
| 7 cm hækkun |
| Stærri dekk (29") |
| Garmin Nuvi 310 leiðsögutæki |
| Krómgrind |
| Krómstigbretti |
| Kastarar |
| Dráttarbeisli |

ARCTIC TRUCKS

NISSAN

Breyttur Nissan X-Trail Sport
Verð aðeins 3.290.000 kr.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is
Opið mán – fös kl. 9 - 18 og laug kl. 12 - 16

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453



**FLÓÐ Í FRAKKLANDI** Vegfarandi veður vatnið á götu í bænum Ramberviller í Vogesa-fjöllum í Austur-Frakklandi í gær. Mikil úrkoma hefur verið á þessum slóðum að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Minningarsjóður Frú Stefaníu veitir þrjá 400 þúsund króna styrki:

# Leiklistarfólk hlýtur stuðning

**MENNING** Þrír hlutu styrki úr Minningarsjóði frú Stefaníu Guðmundsdóttur sem veittir voru fyrir leikárið 2005 til 2006 á mánudagskvöld. Grétar Reynisson leiktjaldahönnuður, Baltasar Kormákur leikstjóri og Gunnar Eyjólfsson leikari hlutu allir 400 þúsund króna styrk.

Frú Stefanía, sem er talin hafa verið einn stórbrotnasti sviðslistamaður Íslands á fyrri hluta 20. aldar, hefði orðið 130 ára á þessu ári. „Því var ákveðið að veita þeim 25 leiklistarmönnum sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum minjagrip sem við köllum Stefaníustjakann,“ segir Kjartan Borg, formaður stjórnar sjóðsins. - sdg



**GRÉTAR REYNISSON, GUNNAR EYJÓLFSSON OG BALTASAR KORMÁKUR** Þremenningarnir hlutu styrki fyrir vinnu sína við uppsetningu á Pétri Gaut. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### Samfylkingin í Reykjavík:

# Nærþjónusta til borgarinnar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samfylkingin í Reykjavík lagði það til á fundi borgarstjórnar í gær að borgarstjóri myndi hefja viðræður um flutning á málefnum aldraðra, fatlaðra og heilsugæslu frá ríki til borgarinnar.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi segir að almennur vilji sé meðal sveitarstjórnarfólks að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Flutningur á málum aldraðra sé einnig á stefnuskrá félags eldri borgara. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnkerfisnefndar. - ss


BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA

Nú eru útibú bankans opin frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga

KB BANKI



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000






**FYRIRÆTLUNUM NORÐUR-KÓREU MÓTMÆLT** Suður-Kóreumenn mótmæltu opinberlega í gær fyrirætlunum nágrannaþjóðar sinnar, Norður-Kóreu, um að prófa kjarnorkuvopn. Ríkisstjórn Norður-Kóreu hefur ekki gefið upp hvenær fyrirhugaðar tilraunir muni fara fram, en lofar að þær verði gerðar undir ströngu eftirliti vísindamanna við öruggar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Brugðist við hótunum Norður-Kóreu

**Kína og Bandaríkin vilja að farið verði með gát að Norður-Kóreu, en Japanar vilja tafarlaus afskipti Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Norður-Kóreumenn ætla að prófa kjarnavopn á næstunni, en engin dagsetning hefur verið tilkynnt.**

**SUÐUR-KÓREA, AP** Nágrannar Norður-Kóreu héldu í gær áfram að bregðast harkalega við yfirlýsingu ríkisstjórnar kommúnistaríkisins á þriðjudag um að tilraunir með kjarnorkuvopn yrðu gerðar á næstunni.

Kínverjar og Bandaríkjamenn hvöttu til stillingar, en Japanar fóru fram á snögg og ákveðin viðbrögð Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem fundaði í gær fyrir lokuðum dyrum um fyrirætlanir Norður-Kóreu.

Fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá SÞ hvatti í gær til þess að aðildarlönd öryggisráðsins hittust „til að þróa samhangandi stefnu sem sannfærir þá um að það sé ekki í þeirra þágu að prófa kjarnorkuvopn“.

Fastafulltrúi Kína, Wang Guangya, sagðist telja að áframhaldandi samningaviðræður fimm stórþjóða við Norður-Kóreu, sem hafa verið árangurslitlar undanfarið, væri betri lausn heldur en að öryggisráðið gangi í málið.

Nýr forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, sagði hins vegar að þjóð sín gæti „hreint ekki sætt sig við“ kjarnorkuvopnatilraunir nágrannaþjóðar sinnar, og studdu Frakkar Japana í umleitun eftir skjótum viðbrögðum öryggisráðsins.

Norður-Kóreumenn, sem hafa löngum sagst eiga kjarnavopn, hafa hingað til ekki prófað þau svo að vitað sé. Í tilkynningunni sem utanríkisráðuneyti Norður-Kóreu sendi frá sér sagði að tilraunirnar yrðu gerðar á öruggum stað undir strangri stjórn vísindamanna.

Tilraunirnar munu verða gerðar í þeim tilgangi að styrkja varnir landsins gegn því sem kallað var aukinn fjandskapur Bandaríkjanna.

Bandaríkin og Kína eru meðal fimm þjóða heims sem viðurkenna opinberlega að eiga kjarnorkuvopn. Hinar eru Frakkland, Rússland og Bretland. Einnig þykir ljóst að Pakistan og Indland eigi kjarnorkuvopn, og grunur leikur á að Ísrael og Norður-Kórea búi einnig yfir kjarnorkuvopnum. smk@frettabladid.is


Heildarlausnir í lyfturum

HYSTER





Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi


### Hneyksli skekur Repúblikanaflokkinn í Bandaríkjunum:

# Segir af sér og fer í áfengismeðferð

**WASHINGTON, AP** Tekið er að hitna undir Denis Hastert, leiðtoga repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, vegna gagnrýni eigin flokksmanna á hvernig hann hefur tekið á hneykslismáli þingmannsins Marks Foley.

Foley, sem sagði skyndilega af sér þingmennsku í lok síðustu viku, hefur innritast á meðferðarstofnun fyrir áfengissjúklinga. Hann sætir lögreglurannsókn vegna tölvusamskipta við vikapilta á Bandaríkjaþingi. Foley hafði sent piltunum, sem eru á unglingsaldri, ýmis dónaleg skilaboð.

„Ég trúi því fastlega að ég sé áfengissjúklingur og hef fallist á nauðsyn þess að gangast þegar í stað undir meðferð við áfengissýki og öðrum hegðunarvandkvæðum,“ sagði Foley í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér á mánudag.



MARK FOLEY

„Ég iðrast sárt og tek á mig fulla ábyrgð á þeim skaða sem ég hef valdið,“ sagði einnig í yfirlýsingunni.

Demókratar á þinginu segja að flokksfélagar Foleys hafi hugsanlega vitað af athæfinu mánuðum saman án þess að gera neitt í málinu. Þess í stað hafi Hastert, sem er þingforseti fulltrúadeildarinnar, lagt allt kapp á að halda málinu leyndu svo repúblikanar tapi ekki þingsætinu í kosningum í nóvember. - gb/aa

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri:

# Bíllinn skilinn eftir

**UMHVERFISMÁL** Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri hvetur nemendur og starfsfólk skólans til að nota aðra fararkosti en bílinn til að komast leiða sinna í dag. Þetta er gert í þeim tilgangi að benda á kosti þess að stunda nám á Akureyri þar sem samgöngur eru góðar og vegalengdirnar innanbæjar stuttar.

Strætisvagnar Akureyrar munu fella niður fargjöld fyrir nemendur Háskólans í dag. Félag stúdenta vill einnig með þessu benda á hollustu reglulegrar hreyfingar og á þá staðreynd að heilbrigt líferni sé undirstaða góðs námsárangurs. **- hs**



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Starfsfólk og nemendur skólans eru hvött til að skilja bílinn eftir heima.



**ÞYNGDARLAUS UPPSKURÐUR** Vísindamenn fylgdust áhugasamir með læknunum, sem voru bundnir niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skáru upp í þyngdarleysi

**Fyrsta skurðaðgerðin á manneskju í þyngdarleysi var gerð í síðustu viku. Þykir hún mikið afrek og vera góðs viti fyrir læknavísindi framtíðarinnar.**

**FRAKKLAND, AP** Franskir læknar hafa undirbúið sig og læknavísindin undir geimferðir framtíðarinnar með því að gera litla aðgerð á manni í þyngdarleysi. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem nokkur maður hefur verið skorinn upp við þær kringumstæður.

Aðgerðin fólst í að fjarlægja litla blöðru af framhandlegg 46 ára karlmanns og fór „nákvæmlega eins og við áttum von á," sagði Dominique Martin yfirlæknir við blaðamenn að aðgerð lokinni. Hann bætti við að allt benti til þess að hægt verði að nota vélmenni eða fjarstýrðan tölvubúnað til að skera fólk upp í geimförum.

Skurðstofan var sett upp í Airbus 300 Zero-G flugvél sem tók 25 djúpar dýfur til að framleiða nær þyngdarleysi innan vélarinnar. Hver dýfa varaði í 22 sekúndur og unnu skurðlæknarnir fimm eingöngu meðan á þeim varði. Flugið sjálft tók um þrjá tíma, en aðgerðin eingöngu ellefu mínútur – eða svipaðan tíma og hún hefði tekið á jörðu niðri.

Læknarnir og sjúklingurinn voru bundnir niður og seglar notaðir til að koma í veg fyrir að skurðhnífar flytu um loftið. Eftir að gulleit blaðran, sem var illkynja, var skorin af, flaut hún í burt frá sjúklingnum. Læknarnir höfðu þó fest band í hana svo hún komst ekki langt.

Undirbúningur aðgerðarinnar tók þrjú ár, en hún er hluti af víðtækari rannsókn á uppskurðum við þessar aðstæður. Áður höfðu læknarnir framkvæmt mun nákvæmari skurðaðgerð á hala rottu, og sagði Martin þessa aðgerð hafa verið afar einfalda í samanburði.

Sjúklingurinn var valinn vegna áhuga hans á teygjustökki, sem gerir hann vanan breytingum í þyngdaraflinu, að sögn talsmanns sjúkrahússins sem Martin vinnur hjá. **smk@frettabladid.is**

Nýjar bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands:

# Hallinn minnkar á milli mánaða

**VIÐSKIPTI** Í september voru fluttar inn vörur fyrir 30 milljarða króna en út fyrir sem nemur 22,3 milljörðum samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í gær.

Útflutningur hefur aukist töluvert frá því í ágúst þegar hann mældist 16,6 milljarðar króna. Innflutningur hefur líka aukist lítillega.

Vöruskiptahallinn í september nemur því 7,7 milljörðum króna fyrir september og minnkar milli mánaða en í ágúst mældist hann 11,7 milljarðar. Í september í fyrra nam hallinn 68,6 milljörðum króna.

Í Vegvísi Landsbankans segir að líklegt sé að vöruskiptahallinn lækki áfram milli mánaða. Þegar sé farið að draga úr innflutningi vegna stóriðjufjárfestinga sem og innflutningi neysluvara. Að auki muni útflutningur áls verða meiri á næstu mánuðum en áður.

Krónan hefur verið að styrkjast að undanförnu. Það má hugsanlega að einhverju leyti rekja til talna um viðskiptahalla. Þó er líklegast að styrkinguna megi að mestu leyti rekja til aukinnar krónubréfaútgáfu.

Krónan styrktist þriðja daginn í röð í gær og hefur hún styrkst um 11,6 prósent frá því í lok annars ársfjórðungs. **- hhs**


Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!



Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort

Allt í einu korti

# NÓATÚN




STEINBÍTSSTEIK
MEÐ LAUK
**1.198** kr. kg




GRÍSAHNAKKI
Í BEIKONMARINERINGU
**1.198** kr. kg




LAMBA RIB-EYE
M. HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
**2.698** kr. kg




FAJITAS M. GRÍSAFYLLINGU
ÚR KJÖTBORÐI
**398** kr. stk




Þú sparar 500 kr. kg.
UNGNAUTAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI
**1.498** kr. kg




Þú sparar 700 kr. kg.
LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
**998** kr. kg




NÓATÚNS SALÖT
4 GIRNILEGAR TEGUNDIR
**198** kr. pk.

PEPSI MAX
2 l.
**129** kr. 2 l.

MAARUD FLÖGUR
M. PAPRIKU / SALTI
**349** kr. pk.

WEETOS
MORGUNKORN
**299** kr. pk.

Bestir í kjöti

# Langmesta úrval landsins af fersku kjöti!




Sparaðu 699 kr. kg

LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
899 kr. kg

## Kynntu þér þjóðarrétti Íslendinga á tilboði í Nóatúni!



Þú sparar 300 kr. kg.

LAMBASÚPUKJÖT
ÚR KJÖTBORÐI
298 kr. kg



40% afsláttur

NÓATÚNS SALTKJÖT
BLANDAÐ
539 kr. kg




LAMBAINNMATUR
HJÖRTU, NÝRU OG LIFUR
Verð frá: 98 kr. kg

## Frigodan frosið grænmeti



FRIGODAN 500 G
AMERÍSK MAÍSBLANDA
199 kr. pk.

FRIGODAN 750 G
BLÓMKÁLSBLANDA
299 kr. pk.




ANDREX WC
9 RÚLLUR Í PK.
649 kr. pk.

## Hodgson Mill

20% afsláttur




Lífrænt og hollt

„Verði ykkur að góðu!"

## „ORÐRÉTT“

### Í góðum málum

**„Ég hefði síður vilja fara frá ef allt hefði verið hér í brunarúst. En staða flokksins nú er virkilega sterk.“**

KJARTAN GUNNARSSON EFTIR AÐ HANN HAFÐI ÁKVEÐIÐ AÐ LÁTA AF EMBÆTTI FRAMKVÆMDASTJÓRA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS EFTIR 26 ÁRA STARF. FRÉTTABLAÐIÐ 4. OKTÓBER.

### Náttmyrkur bruggað

**„Og í nálægri höll, er náttmyrkur bruggað, sem berast skal í dögun um byggðir þessa lands. Skyldi sú höll sem hið góða skáld, Ólafur Jóhann Sigurðsson orti um á sinni tíð, hafa verið Morgunblaðshöllin?“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON GAGNRÝNDI STAKSTEINA MORGUNBLAÐSINS HARÐLEGA Á ALÞINGI Á ÞRIÐJUDAG. MORGUNBLAÐIÐ 4. OKTÓBER.

*nær og fjær* **tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA

# Á leið á barnarokktónleika

„Ég er bara að fara að hendast upp í flugvél til New York eftir nokkra tíma,“ segir Vigdís Gunnarsdóttir leikkona þegar blaðamaður spyr hvað sé að frétta af henni. „Ég er að fara utan með tvo bandaríska leikara sem ætla að leika Sollu stirðu og Íþróttaálfinn úr Latabæ á barnarokktónleikum í Ameríku. Þetta er hluti af stærri tónleikum, leikararnir með eitt af þremur atriðum á þessum tónleikum.“



Hún segist hafa farið utan til að velja fólk og komið síðan með það hingað til lands. „Ég er búin að vera að æfa með þeim stuttan fimmtán til tuttugu mínútna spunasöngleik og er nú að fara með þeim til Ameríku.

Fyrsta „giggið“ er á laugardaginn næstkomandi, síðan verða tónleikarnir haldnir um hverja helgi í október og nóvember um austurströnd Bandaríkjanna. Ég verð með þeim úti fyrstu helgina en kíki kannski seinna á hvernig þeim gengur.

Annars er bara allt gott að frétta af mér. Ég er farin þó nokkuð út í leikstjórn og handritagerð og er að fara á vikunámskeið í handritagerð í lok mánaðarins. Ég er að skrifa kvikmyndahandrit og ætla að vinna í því á þessu námskeiði, sem er haldið í Danmörku.“

Hún segist einnig vera að vinna að kynningarþætti fyrir íslenskan skemmtiþátt. „Ég vil helst tala sem minnst um það fyrr en ég kemst að því hvort hann verður keyptur,“ segir hún. „Það er nóg að gera hjá mér þessa dagana. Sem er gott, því ég vinn best þannig.“

## NÝTT FJALL: BOLLAFJALL

Í nýja fjárlagafrumvarpinu er mikið talað um Bollafjall, sem er einhvers staðar fyrir vestan. Á því stendur ratsjárstöð og þar á að víst að skera niður.



Bollafjall er kannski Bolafjall með stafsetningarvillu sem er endurtekin í gegnum allt frumvarpið. Það er þó ekki alveg víst. Kannski lumar Alþingi á fleiri fjöllum sem við fáum að heyra um í næstu fjárlagafrumvörpum. Kannski fáum við Herðabreið, Engil, Fantafell, Lessuhorn og Hvaladalshnúk í næstu fjárlagafrumvörpum. Hver veit?

## SJÓNARHÓLL

HEIMAKENNSLA



**JÓN MÁR HÉÐINSSON SKÓLAMEISTARI MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI**

### Forvitnilegt að skoða

„Ef börn fá þá menntun sem þeim ber að fá lögum samkvæmt, og það er hægt að tryggja það með einhverjum hætti, þá finnst mér forvitnilegt að skoða heimakennslu,“ segir Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, um niðurstöður skýrslu á vegum menntamálaráðuneytisins um heimakennslu. Þar kemur fram að heimakennsla, þar sem foreldrar barna á grunnskólaaldri sjá um að kenna þeim á eigin heimilum, sé valkostur í skólastarfi sem vert sé að útfæra nánar og skilgreina.

„Ég vil ekki fordæma heimakennslu á neinn hátt enda hefur hún lengi verið framkvæmd í gegnum heimanám nemenda. Ef það á að fara út í tilraunir af þessu tagi þá þarf hins vegar að hugsa vel og vandlega um hvaða afleiðingar það getur haft.“

# Jólin – 80 dagar til stefnu!

**Þótt það séu enn 80 dagar til jóla eru fjölmargir þegar farnir að spá í stórhátíðina. Föndurfólk, jólalagaútgefendur og stórhuga jólaljósamenn eru meðal þeirra sem strax eru komnir í jólastartholurnar.**

„Þeir allra hörðustu byrja að spá í jólakortin í sumarfríinu, en svo er fólk núna að komast í gírinn með annað föndur,“ segir Eva Huld í Föndurloftinu í Garðheimum. Fyrirtækið hóf að auglýsa jólaföndrið fyrir nokkrum vikum og Eva segir að nú aukist jólavöruúrvalið hratt með hverri vikunni sem líður. Föndurloftið býður upp á jólaföndurnámskeið sem Eva segir að séu vel sótt. Meðal námskeiða framundan eru gerð jólasveina úr ull, aðventukransagerð og sívinsæl námskeið í gerð jólakorta.

Smári Þ. Ingvarsson, bifreiðastjóri í Urriðakvísl, hefur um árabil verið með þeim stórtækustu í jólaskreytingum utandyra. „Ég hef farið til Flórída í mörg ár og á núna bókaða ferð um miðjan október,“ segir Smári. Hann segir ferðirnar í og með til að kaupa inn nýtt skraut. „Mér finnst ekkert skrítið að skoða jólaskraut í steikjandi hita, en ég vildi ekki vera þarna á jólunum sjálfum. Myrkrið, kuldinn og snjórinn eru ómissandi




**JÓLAKORTAFÖNDUR** Þeir allra hörðustu byrja í sumarfríinu.



**JÓLALJÓSIN Í URRIÐAKVÍSL** Eigandinn á leið í innkaupaleiðangur til Flórída.



**BAGGALÚTUR MEÐ JÓLAPLÖTU** Fara úr gróðurhúsinu í jólakofann.

hluti af jólunum. En þarna er mikið úrval, t.d. í stórverslunum eins og Walmart og Target. Svo á ég vinkonu í Norfolk í Virgínu sem er alltaf með augun opin fyrir mig og kaupir og sendir mér ef hún sér eitthvað fallegt. Hún veit hvað karlinn er ruglaður.“

Smári segist ekki vera í samkeppni við aðra skreytara og leggur mest upp úr því að skrautið sé huggulegt. Fyrir jólin er stöðug bílaumferð framhjá húsinu hans og Smára finnst gaman að aðrir hafi gaman af því sama og hann. „Ég byrja að skreyta þegar ég kem heim um miðjan nóvember og kveiki á dótinu þann fyrsta í aðventu þegar farið verður að skyggja. Svo verður maður að bæta og breyta til jóla.“

Nokkrar nýjar jólaplötur eru í undirbúningi. Grínistarnir í Baggalúti koma með jólaplötu þar sem safnað er saman þeim jólalögum sem þeir hafa gert á síðustu árum og nýjum bætt við, og sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir verður með blandaða jólaplötu með klassísku yfirbragði. Þá gefur Sena út 5 diska pakka með 100 vinsælum jólalögum og eru vonir bundnar við að sá pakki seljist vel. Eiður Arnason, útgáfustjóri Senu, segir hinn einfalda sannleik í útgáfumálunum að fólk kaupi það sem það þekki og það eigi eigilega betur við um jólalög en aðra tónlist.

gunnarh@frettabladid.is


## Nýjung í ræstingum

Unilav ræstitæki með 40 cm moppugrind

Á tilboði




Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6214


Verður það strákur eða stelpa?:

# Sumir vilja ekki kíkja í jólapakkana

Þegar kona verður ófrísk vakna ýmsar spurningar. Ein sú algengasta er: Eigum við von á strák eða stelpu? Síðan ómskoðun kom til skjalanna á spítölum landsins í kringum 1985 hefur verið hægt að komast að því sem öldum saman var foreldrum leynt. Hildur Harðardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landsspítalans, segir að það færist í vöxt með hverju árinu að foreldrar vilji vita kyn bumbubúans. „Það hafa nú ekki verið gerðar neinar opinberar kannanir á þessu en mín tilfinning er að það séu eitthvað um 65 prósent foreldra sem vilji vita kynið,“ segir Hildur. „Þeir sem vilja ekki vita það vilja bara hafa þetta eftir gamla laginu og finnst að kyngreiningin sé einskonar svindl, svona eins og að kíkja í jólapakkana. Það er auðveldara



**FÓSTUR Í MÓÐURKVIÐI** Hvort skildi barnið nú verða?

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**HILDUR HARÐARDÓTTIR YFIRLÆKNIR** Höfum sem betur fer örsjaldan rangt fyrir okkur.

að sjá kynið ef barnið er drengur, m.a. vegna utanáliggjandi kynfæra, en stundum er ekki hægt að segja alveg til um þetta, t.d. ef fóstrið liggur þannig eða naflastrengurinn skyggir á. Við segjum ekkert nema við séum alveg hundrað prósent viss og það gerist sem betur fer örsjaldan að við höfum rangt fyrir okkur. Það er kannski eitt tilfelli á tveggja ára fresti eða svo.“

- glh



BÓNUS
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
Sjáðu verðið!
SVEITABJÚGU
299 KR
KÍLÓVERÐ
KJARNAFÆÐI
Blandað lambasaltkjöt
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
kílóverð nú:
299 KR
Merkt verð 499KR.
40% afsláttur við kassann
Rétta verðið!
KJÖTBANKINN
FROSIÐ KJÖTFARS
kílóverð nú:
299 KR
Merkt verð 399KR.
25% afsláttur við kassann
FROSIÐ KJÖTFARS
bonus.is
Nú er 25% afsláttur af öllu ungnautakjöti frá Íslandsnauti!
25% afsláttur við kassann
ÍSLANDSNAUT- HREINT UNGNAUTAKJÖT
ÍN NAUTAHAKK
1.049KR. kg
Merkt verð 1398KR.
ÍN NAUTAGÚLLAS
1573KR .kg
Merkt verð 2098KR.
ÍN NAUTASNITSEL
1573KR. kg
Merkt verð 2098KR.
ÍN PIPARSTEIK
2023KR. kg
Merkt verð 2698KR.
ÍN HAMBORGARAR
4 stk. með brauði
523KR. pakkinn
Merkt verð 698KR.
ÍN HELGARSTEIK
með sósu 2023KR. kg
Merkt verð 2698KR.
ÍSLANDS NAUT
NAUTASTEIK
Ferskir bitar
BÓNUS KJÚKLINGUR
KJÚKLINGABITAR
kílóverð nú:
299 KR
Merkt verð 530KR.
43.6% afsláttur við kassann
Sjáðu verðið!
LAMBAHJARTASNITSEL
kílóverð nú:
299 KR
Merkt verð 541KR.
45% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
Lambahjartasnitsel í raspi
JÓLAKAKA 420g
198 KR
MYLLU
JÓLAKAKA FRÁ MYLLUNNI 420g
RUCOLA SALAT 75g
230 KR
Merkt verð 329KR.
KLETTABLANDA 100g
230 KR
Merkt verð 329KR.
FRISEBLANDA 150g
209 KR.
Merkt verð 298KR.
30% afsláttur við kassann
Nú er 30% afsláttur af öllu pokasalatinu frá Himneskri hollustu!
Kornbrauð BÓNUS
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
1 KÍLÓ
26 sneiðar
www.bonus.is

## Svona erum við

> Skráð afbrot á landinu




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** WINDOWS VISTA

# Flestar nýjungar undir vélarhlífinni

Windows Vista er nafnið á næstu útgáfu stýrikerfisins vinsæla, Microsoft Windows. Vista tekur við af núverandi útgáfu stýrikerfisins, Windows XP, sem kom út fyrir fimm árum.

**Hvað er nýtt í Vista?**
Notendur Windows Vista munu taka eftir fjölmörgum nýjungum um leið og stýrikerfið er ræst í fyrsta sinn. Þar má helst nefna breytt notendaviðmót og útlit, bætta leitareiginleika og ný margmiðlunartól. Öryggismál hafa einnig fengið vítamínsprautu, enda vírusar og aðrar tölvuóværur orðnar æ algengari. Flestar nýjungarnar eru þó undir vélarhlífinni og því ekki jafn sýnilegar venjulegum notendum og aðrar. Þær miða flestar að því að gera stýrikerfið stöðugra og hraðara í vinnslu.

Windows Vista™

**Hvenær kemur það út?**
Þróun Vista er langt komin, en hún hófst um svipað leyti og Windows XP kom út. Í september síðastliðnum lauk svokölluðum beta-prófunum á stýrikerfinu og við tók lokastig þróunarinnar, þar sem villur eru lagfærðar og stýrikerfið fínpússað. Útgáfudagurinn, sem var upphaflega árið 2003, hefur margoft verið færður aftur en á dögunum var hann loks festur. Þá tilkynnti Microsoft að fyrirtækjaútgáfa stýrikerfisins kæmi út í nóvember næstkomandi en útgáfa fyrir almenna notendur kæmi út í janúar.

**Þarf ég að uppfæra?**
Þrátt fyrir fjölda nýjunga og breytt útlit er ekkert sem knýr notendur til að uppfæra stýrikerfi sitt í Windows Vista. Þeir sem vilja spila nýjustu tölvuleikina munu þurfa að uppfæra en almennir tölvunotendur sem nota ritvinnsluforrit, töflureikni, tölvupóst og netvafra geta notast við Windows XP án vandkvæða í mörg ár í viðbót. Þó má búast við að stýrikerfið fari að fylgja með nýjum tölvum stuttu eftir að það kemur út.

## SPURT & SVARAÐ
HÆKKUN BÍLPRÓFSALDURS

### *Eitt ár skiptir máli*

Samkvæmt niðurstöðu Þjóðarpúls Gallup vilja þrír fjórðu svarenda að bílprófsaldur verði hækkaður um eitt ár og verði því 18 ára, en ekki 17 ára eins og nú er. Guðbrandur Bogason er formaður Ökukennarafélags Íslands.



GUÐBRANDUR BOGASON FORMAÐUR ÖKUKENNARAFÉLAGS ÍSLANDS

**Hefur um það verið rætt innan félagsins að hækka bílprófsaldur um eitt ár?** Þessi umræða hefur ekki farið fram akkúrat núna síðustu misserin, en fyrir nokkrum árum var mikil umræða um þetta í þjóðfélaginu. Þá fór Ökukennarafélagið í gegnum þessa umræðu. Svar ökurkennara var að ekki setja sig á móti þeirri stefnu, ef svo yrði ákveðið af stjórnvöldum. Við erum þó hvorki að berjast fyrir því né á móti heldur viljum við láta aðra taka ákvörðunina um það.
**Skiptir þetta eina ár einhverju máli?** Ég er ekki frá því og tel að aldursmörkin þyrftu að fara hærra, ef við ætlum að verða 100 prósent örugg, í 20 ár. En það mun ekki ganga eftir. Ökukennarar finna geysilegan mun á unglingi, hvort hann er 16 eða 17 ára og reiknum með að það verði sama þróun í eitt ár í viðbót. Ég finn verulegan mun á unglingum hvort þeir eru 17 ára eða 18 ára, hve móttækilegir þeir eru fyrir alvöru lífsins.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Rekstur ráðuneytanna kostar samanlagt 5,3 milljarða króna. Rekstur utanríkisráðuneytisins er kostnaðarsamastur.



**LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Af einstökum liðum fjárlaganna rennur mest til Landspítala, rúmir 30 milljarðar króna.



**BESSASTAÐIR** 180 milljónir króna renna til reksturs forsetaembættisins á næsta ári. Opinberar heimsóknir kosta rúmar 27 milljónir.



**ALÞINGI** Almennur rekstur Alþingis kostar rúma 2 milljarða króna. Alþjóðasamstarf þingsins kostar tæpar 250 milljarða.

# Rekstur æðstu stjórnar ríkisins og ráðuneyta kostar 8,5 milljarða

**Af 358 milljarða króna útgjöldum ríkisins á næsta ári renna um 8,5 milljarðar til reksturs æðstu stjórnar ríkisins og ráðuneyta. Rekstur Alþingis kostar rúma tvo milljarða og rekstur forsetaembættisins rúmar 180 milljónir. Utanríkisráðuneytið er dýrast ráðuneyta í rekstri, kostar tæpar 980 milljónir króna á næsta ári. Rekstur sendiráða kostar tæpa 1,8 milljarða.**

Fjárlagafrumvarp ársins 2007 verður tekið til fyrstu umræðu á Alþingi í dag. Samkvæmt því nema útgjöld ríkisins 358 milljörðum króna. Tekjurnar eru áætlaðar 373 milljarðar.

Af einstökum málaflokkum rennur mest til heilbrigðis- og tryggingamála, rúmir 143 milljarðar.

Stærstu málaflokkarnir á því sviði eru bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð (7,5 m.kr.), lífeyristryggingar (41,3 m.kr.), sjúkratryggingar (17 m.kr.) og rekstur Landspítala - háskólasjúkrahúss (32 m.kr.). Alls heyra 107 útgjaldaliðir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, til dæmis sjúkrahús, hjúkrunarheimili, heilsugæslustöðvar og ýmsar stofnanir á sviði heilsu, heilbrigðis og umönnunar.

Útgjöld til stofnana og starfsemi á vegum menntamálaráðuneytisins nema rúmum 44 milljörðum. Háskóli Íslands fær mest, rúma sex milljarða en samanlögð framlög til skóla eru í kringum 30 milljarðar. Af öðrum útgöldum má nefna framlög til listasafna og menningarstarfsemi af ýmsu tagi.

Rekstur sendiráða Íslands í útlöndum kostar tæpa 1,8 milljarða króna, sem er tæpum 300 milljónum króna meira en í ár. Rekstur íslensku friðargæslunnar er áætlaður um 600 milljónir og kostnaður vegna alþjóðlegrar friðargæslu verður 120 milljónir. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að rúmur milljarður renni til þróunaraðstoðar á árinu sem er 130 milljónum króna meira en í ár.

Samanlagður kostnaður við rekstur ráðuneyta nemur 5,3 milljörðum. Rekstur utanríkisráðuneytisins er kostnaðarsamastur og hljóðar upp á tæpan milljarð og rekstur menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Hagstofu kostar tæpar 600 milljónir.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Forsetaembættið fær rúmar 180 milljónir úr ríkissjóði á næsta ári. Þar af fara rúmar 150 milljónir í almennan rekstur en rúmum 27 milljónum verður varið í opinberar heimsóknir.

Almennur rekstur Alþingis kostar rúma 2 milljarða og af einstökum liðum má nefna að alþjóðasamstarf þingsins kostar tæpar 250 milljónir. Nam sá kostnaður rúmum 80 milljónum á síðasta ári.

Umræður um fjárlagafrumvarpið hefjast klukkan hálf ellefu. Fjármálaráðerra mælir fyrir frumvarpinu og í kjölfarið taka fulltrúar annarra flokka til máls.

**KOSTNAÐUR VIÐ ALMENNAN REKSTUR ÆÐSTU STJÓRNAR RÍKISINS OG RÁÐUNEYTA**

| | |
|---|---|
| Forseti Íslands | 181,7 |
| Alþingi | 2.042,0 |
| Ríkisstjórn | 214,9 |
| Hæstiréttur | 177,4 |
| Umboðsmaður Alþingis | 97,7 |
| Ríkisendurskoðun | 423,4 |
| Forsætisráðuneyti | 250,9 |
| Menntamálaráðuneyti | 580,3 |
| Utanríkisráðuneyti | 978,1 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 234,5 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 224,1 |
| Dóms- og kirkjumálaráðun. | 310,4 |
| Félagsmálaráðuneyti | 298,1 |
| Heilbrigðis- og tryggingaráðun. | 487,8 |
| Fjármálaráðuneyti | 575,9 |
| Samgönguráðuneyti | 287,2 |
| Iðnaðarráðuneyti | 161,6 |
| Viðskiptaráðuneyti | 129,7 |
| Hagstofan | 578 |
| Umhverfisráðuneyti | 276,6 |

(TÖLURNAR ERU Í MILLJÓNUM KRÓNA)

## ÝMSIR KOSTNAÐARLIÐIR

- 200 milljónir eru ætlaðar til ráðstöfunar samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
- Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið kostar tæpar 35 milljónir.
- 19 milljónum verður varið til bifreiðakaupa fyrir stjórnarráðið.
- Ýmis innheimtukostnaður nemur rúmum 550 milljónum.
- 350 milljónir fara í eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.
- Afskriftir skattkrafna nema 6 milljörðum.
- Ríkið borgar 620 milljónir í fasteignagjöld.
- Stjórnarskrárnefnd kostar 14,5 milljónir.
- Evrópunefnd kostar 5,3 milljónir.
- 40 milljónir renna frá forsætisráðuneyti til stjórnmálaflokka með „hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum“.
- 3 milljónir fara í viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum.
- 24 milljónum er varið til undirbúnings nýbyggingar á stjórnarráðsreit.
- 47 milljónir fara í nýja stúku á Laugardalsvelli.
- 20 milljónir renna til franskrar menningarkynningar á Íslandi.
- 11 milljónir fara í nám tannsmiða.
- Tæpar 20 milljónir fara í íslenskukennslu fyrir útlendinga.
- 304 milljónir verða greiddar í Þróunarsjóð EFTA.
- 615 milljónir fara í Fóðursjóð.
- Greiðslur vegna riðuveiki nema 52 milljónum.
- Átak í hrossarækt fær 25 milljónir.
- Gjöld vegna Alþjóðahvalveiðiráðsins nema 8,5 milljónum.
- Dómsmálaráðuneytið kostar tæpum 58 milljónum til kosninganna í vor.
- Innheimta meðlaga kostar 4 milljónir.
- 190 milljónir fara til undirbúnings byggingar hátæknisjúkrahúss.
- Útgáfa ökuskírteina kostar 16 milljónir.
- 75 milljónir renna til endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.
- Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis nema 1,1 milljarði króna.
- Rannsóknir og útrýming á mink kosta tæpar 50 milljónir.

Helgarferð til Búdapest
6. eða 13. október
frá kr. 29.990
Flug og gisting - örfá sæti laus!
verð kr. 29.990
Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
M.v. "stökktu tilboð" í 4 nætur með morgunmat 6. október. Netverð á mann.
verð kr. 39.990
Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
M.v. tvíbýli á Mercure Duna *** í 4 nætur með morgunmat 6. eða 13. október. Netverð á mann.
Heimsferðir bjóða glæsilega fjögurra nátta helgarferð til þessarar stórkostlegu borgar í hjarta Evrópu. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja. Bjóðum "stökktu tilboð" á frábæru verði 6. október - þú bókar flugsæti og 2 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

**HONDA**
The Power of Dreams



Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

# Skemmtilega **stór** Jazz á Honda-litlu verði







Honda Jazz 1,4 stiglaus sjálfskipting,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:
**16.080** kr. á mánudi
**1.769.000** kr.

Honda Jazz 1,4 beinskiptur,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:
**15.171** kr. á mánudi
**1.669.000** kr.

## Honda Jazz er fjölnotabíll með ríkulegan staðalbúnað

Honda Jazz er skemmtilega stór bíll sem býður upp á svo marga möguleika að það er alveg sama hvort þú ert að snattast í innkaupum, ferja fjölskylduna eða flytja vörur – Honda Jazz hentar frábærlega. Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll á verði smábíls. Honda Jazz býður ríkulegan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum en er engu að síður kraftmikill og snöggur. **En umfram allt, Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-litlu verði.**

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



998 kr. kg 1249
Goði lambalæri sneitt frosið
Gourmet LAMB
30% afsláttur
Danpo
Kyllingefilet neutralmarineret
1498 kr. pk 1799
Danpo kjúklingabringur frosnar 900g
BOXER
100% safi
Jus de pomme
Appelsap
Jus d'orange
Sinaasappelsap
Boxer eplasafi aðeins
75 kr/stk
Boxer appelsínusafi aðeins
75 kr/stk
10 fyrir 8
MS drykkjarjógúrt
frábært verð
Sprite Zero 2L
79 kr/2ltr
Sprite Zero
Eðalbrauðsalöt verð frá
89 kr/pk
Super choko kex tveir pakkar
139 kr/2pk
CHOKO
Gæða grís brauðskinka
40% afsláttur
Wanted taco skeljar
99 kr/stk
WANTED
12 SHELLS
Hundamatur 5kg þurrfóður
359 kr/pk
HUNDE MAD
KATTE MAD
Kattamatur 5kg þurrfóður
499 kr/pk
Katte GRUS
8ltr.
Kattasandur 8ltr
279 kr/pk
KRÓNAN



HELGARSPRENGJA!
Ali grísasteik pork roast
Ali grísasteik ítölsk
50% afsláttur
3 fyrir 2
Goða blandað hakk
998 kr. 3pk
Goða blandað hakk
50% afsláttur
Goða kjötbúðingur
Goða kjötfars nýtt/saltað
332 kr/pk
McCain franskar 1kg
229 kr/pk
2 fyrir 1
Goða kjötfars nýtt / saltað
Ali bjúgu 4stk
349 kr/kg
Rivo kaffi
199 kr/stk
Super steiktur laukur
79 kr/pk
Super sinnep
79 kr/pk
Super tómatsósa
79 kr/pk
Íslenskir úrvals tómatar 500g
189 kr/500g
Iceberg salat
129 kr/kg
Alltaf betra verð!

## Flóttinn af landsbyggðinni

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



# Hvergi lægri tekjur




KORT BIRT MEÐ LEYFI LANDMÆLINGA ÍSLANDS

**Meðaltekjur á Norðurlandi vestra eru fjórðungi undir landsmeðaltali. Hvergi á landinu eru lægri tekjur að meðaltali. Íbúðaverð er lægra í aðeins einum landshluta.**

Meðaltekjur á Norðurlandi vestra eru lægri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Meðaltekjur í landshlutanum eru 250 þúsund krónur á mánuði, en það er fjórðungi undir landsmeðaltali.

Lægstu tekjur landshlutans og jafnframt landsins alls eru í Skagabyggð. Meðaltekjur í sveitarfélaginu eru vel ríflega helmingi lægri en meðaltekjur á landinu, eða 133 þúsund krónur á mánuði, miðað við 327 þúsund á landinu öllu. Meðaltekjur í Skagabyggð eru jafnframt lægstu meðaltekjur af öllum sveitarfélögum í landinu. Fjögurra mánuða meðaltekjur í Skagabyggð samsvara einum mánaðartekjum á Seltjarnarnesi, þar sem meðaltekjur eru hæstar á landinu, 535 þúsund krónur.

Hæstu meðaltekjur á Norðurlandi vestra eru í Höfðahreppi, en þær eru samt sem áður tíu prósentum undir landsmeðaltali.

### Fermetraverð eingöngu lægra á Vestfjörðum

Íbúðaverð á Norðurlandi vestra er næstlægst af öllum landshlutum, eða 69 þúsund krónur fermetrinn að meðaltali, ef miðað er við kaupverð íbúðahúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamanburð milli þeirra. Einungis á Vestfjörðum var húsnæðisverð lægra.

150 fermetra íbúðarhúsnæði á Norðurlandi vestra kostar samkvæmt þessu rúmar tíu milljónir. Fermetraverð í Sveitarfélaginu Skagafirði er eilítið hærra; rúmar 80 þúsund krónur fermetrinn. 150 fermetra íbúð þar kostar því um tólf milljónir. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir. Íbúi á Norðurlandi vestra, utan Skagafjarðar, sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því keypt 54 fermetra íbúð fyrir andvirðið.

Fjöldi kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa segir til um hreyfingu á eignum en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í öllum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra var óeðlilega lítil hreyfing á eignum og lítið um kaup og sölu. Í helmingi sveitarfélaganna voru tveir eða færri kaupsamningar gerðir á síðasta ári.

### Allt að tveir fimmtu farnir

Íbúum á Norðurlandi vestra hefur fækkað um 13 prósent á síðasta aldarfjórðungi. Í einungis einum öðrum landshluta hefur fólksfækkunin verið meiri, það er á Vestfjörðum.

Mest hefur fækkað í Skagabyggð, þar sem tveir af hverjum fimm hafa flust á brott á tímabilinu, og litlu færri í Húnavatnshreppi og Akrahreppi. Fjórði hver íbúi hefur flutt úr Húnaþingi vestra á sama tímabili.

Raunfækkunin á Norðurlandi vestra er þó mun meiri ef miðað er við meðalfjölgun á landsvísu, sem er 31 prósent. Ef íbúum í landshlutanum hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal ættu þeir að vera þriðjungi fleiri en þeir eru nú, tæplega tíu þúsund í stað um 7.500.

Ef eingöngu er horft til síðasta áratugar kemur í ljós að einn af hverjum tíu íbúum á Norðurlandi vestra hefur flust á brott að meðaltali. Í Blönduósbæ og Höfðahreppi er hlutfallið hæst, þar sem fimmti hver íbúi er farinn.

Þetta er sjötta greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðaþróun. Á morgun verður fjallað um Norðurland eystra.

### MEÐALMÁNAÐARTEKJUR ÁRIÐ 2005

| | |
|---|---|
| **Norðurland vestra** | **250.393 kr.** |
| Sveitarf. Skagafjörður | 255.655 kr. |
| Húnaþing vestra | 223.394 kr. |
| Blönduósbær | 256.157 kr. |
| Höfðahreppur | 294.403 kr. |
| Skagabyggð | 133.236 kr. |
| Húnavatnshreppur | 194.187 kr. |
| Akrahreppur | 188.818 kr. |
| **Höfuðborgarsvæðið** | **353.724 kr.** |
| **Landið allt** | **326.782 kr.** |

Meðaltekjur á Norðurlandi vestra árið 2005 voru 77% af landsmeðaltali.




23% vantar upp á að meðaltekjur á Norðurlandi vestra nái landsmeðaltali eða 76.389 kr. á mánuði.

## Öll sveitarfélögin á úreldingarlista

Ef kenningar tveggja bandarískra landfræðinga um framtíðarhorfur sveitarfélaga eru heimfærðar á Norðurland vestra má setja öll sveitarfélög landshlutans á úreldingarlista.*

| Viðmiðunarmörk: | 1 | | 2 | | 3 | | 4 | | 5 | | 6 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag: | Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi | | Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug | | Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km² | | Meðalaldur er 38 ár eða hærri | | Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali | | Fjöldi kaupsamn. vegna íb.húsn. 2005 er undir landsmeðaltali** | |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | nei | -1% | nei | -8% | já | 0,99 | nei | 36,5 | já | -22% | já | 27,0 |
| Húnaþing vestra | nei | -25% | já | -16% | já | 0,47 | nei | 37,5 | já | -32% | já | 16,6 |
| Blönduósbær | nei | -14% | já | -18% | nei | 4,99 | já | 39,3 | já | -22% | já | 23,3 |
| Höfðahreppur | nei | -16% | já | -18% | nei | 11,0 | nei | 33,2 | já | -10% | já | 33,0 |
| Skagabyggð | nei | -39% | nei | +3% | já | 0,20 | já | 39,2 | já | -59% | já | - |
| Húnavatnshreppur | nei | -34% | já | -10% | já | 0,12 | nei | 35,8 | já | -41% | já | 4,25 |
| Akrahreppur | nei | -30% | nei | -7% | já | 0,17 | nei | 37,4 | já | -42% | já | - |

**Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa. Landsmeðaltal er 44,8.

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður.

Samkvæmt þessu eru öll sjö sveitarfélög Norðurlands vestra í útrýmingarhættu: Sveitarfélagið Skagafjörður, Húnaþing vestra, Blönduósbær, Höfðahreppur, Skagabyggð, Húnavatnshreppur og Akrahreppur.

*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag ætti sér ekki viðreisnar von. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

# allt að verða vitlaust í nettó

## frábær stemmning



þú sparar 300 kr/kg

**50%** afsláttur við kassa
Verð nú 299 kr/kg
Verð áður 599 kr/kg
Goða reyktur grísabógur



þú sparar 720 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.079 kr/kg
Verð áður 1.799 kr/kg
Helgargrís með pestó á ítalska vísu




þú sparar 200 kr/kg

**20%** afsláttur við kassa
Verð nú 798 kr/kg
Verð áður 998 kr/kg
Goða hamborgarar 10 stk.




þú sparar 240 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 359 kr/kg
Verð áður 599 kr/kg
Ísfugl kjúklingaleggir




þú sparar 486 kr/kg

**20%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.942 kr/kg
Verð áður 2.428 kr/kg
SS koníaks grísalundir




**30%** afsláttur við kassa
McCain franskar 1 kg.




þú sparar 210 kr/stk

McCain dagar í nettó

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 389 kr/stk
Verð áður 599 kr/stk
McCain pizzur




þú sparar 161 kr/stk

**35%** afsláttur við kassa
Verð nú 289 kr/stk
Verð áður 459 kr/stk
McCain súkkulaðikökur

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 5. október til 8. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.209 **-0,11%**

**Fjöldi viðskipta:** 372
**Velta:** 6.511 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic Group** | +1,91% | **FL Group** | -3,48% |
| **Avion** | +1,64% | **Össur** | -1,21% |
| **Dagsbrún** | +1,41% | **Straumur-Burðarás** | -0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,40 +0,00% ... Alfesca 5,02 +0,00% ... Atlantic Petroleum 595,00 +0,00% ... Atorka 6,50 +0,00% ... Avion 31,00 +1,64% ... Bakkavör 58,70 +1,03% ... Dagsbrún 5,05 +1,41% ... FL Group 22,20 -3,48% ... Glitnir 20,40 +0,49% ... KB banki 830,00 +0,00% ... Landsbankinn 26,40 -0,38% ... Marel 76,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 -0,58% ... Össur 122,50 -1,21%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Danir óttast færslugjöld**

Samkvæmt samkomulagi stjórnvalda í Danmörku og dönsku bankanna frá því í fyrra greiða notendur Dankort engin færslugjöld þegar þeir nota debetkort sín, en þurftu áður að borga hálfa danska krónu í hvert sinn, eða nálægt fimm íslenskum. Núna óttast þeir afturhvarf til fyrri tíðar, eða jafnvel enn frekari gjaldtöku, því á vettvangi Evrópusambandsins þykir þessi skortur á samræmingu í gjaldtöku bagalegur. Formaður dönsku neytendasamtakanna fer mikinn í viðtali við Danmarksradio og segir að færa eigi bönkunum stórgróða og telur þá vinna að því á bak við tjöldin að koma núverandi kerfi frá aftur. Við muni taka algjör yfirráð stóru greiðslukortafyrirtækjanna sem starfi á heimsvísu. Spurning er þó hvort ekki væri ráð hjá þeim að taka upp eitthvert gjald, svona til að treysta kerfið, en það datt út hálfan dag fyrir helgi, verslunareigendum og þeim sem ekki áttu seðla til mikils ama.



**Fríblöðin skulu virða nei-ið**

Annars er hitamálið hjá Dönum þessa dagana og þeirra helsta áhyggjuefni varðandi stríð á fríblaðamarkaði hvort almenningur geti ekki örugglega afþakkað blöðin. Þannig segja danskir miðlar að á þinginu sé afgerandi meirihluti fyrir því að fólk eigi að geta sagt „nej tak!“ Þannig verði fríblöðin að verða fljót að bregðast við og koma sér saman um lausn, vilji þau forðast að fá á sig lög sem neyði þau til að beygja sig undir vilja landsmanna. Neytendasamtökin dönsku hafa selt yfir 50 þúsund „nei -takk“-skilti, en þau hafa ekki verið virt. Viðhorf fríblaðsins Dato hefur sagt að fólk þurfi að hafa samband í eigin persónu til að afþakka að fá blaðið í lúguna.

## MARKAÐSPUNKTAR

Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM) og Carlos Ghosn, forstjóri bílaframleiðendanna Nissan og Renault, slitu viðræðum um mögulegt samstarf í gær. Bandaríska dagblaðið The Wall Street Journal segir forstjórana hafa greint á um of margt.

Líkur eru sagðar á því að peningamálanefnd Englandsbanka ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum í 4,75 prósentum. Bankinn tilkynnir í dag hvort breytingar verði gerðar á stýrivaxtastigi í Bretlandi.

Meirihluti hluthafa í breska hergagnaframleiðandanum BAE var fylgjandi því á hluthafafundi í gær að selja 20 prósent hlutafjár félagsins í Airbus.

# Fyrirtækið Saga fjárfestingar hf. stofnað á Akureyri

**Þorvaldur L. Sigurjónsson yfirgefur Kaupþing ásamt hópi úr stöðutöku bankans.**

Stofnað hefur verið á Akureyri fyrirtækið Saga fjárfestingar hf. sem leggja mun áherslu á sérvalin verkefni á fyrirtækjamarkaði.

Stofnhluthafar eru Hildingur ehf. (KEA) með 25 prósenta hlut, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson með 25 prósenta hlut, en hann verður jafnframt forstjóri, Sparisjóður Norðlendinga og Sparisjóður Svarfdæla með 13 prósenta hlut hvor og fjárfestar, meðal annars starfsmenn og lykilstjórnendur með 24 prósenta hlut.



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON**

Stofnhlutafé er tveir milljarðar króna en ætlunin er að auka það í fjóra milljarða á næstu 18 mánuðum.

Þorvaldur Lúðvík hefur því yfirgefið Kaupþing, en hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra eigin viðskipta bankans. Með honum hverfur á braut hópur starfsmanna úr stöðutöku bankans.

Þorvaldur Lúðvík segir að hópurinn taki þátt í stofnun Sögu fjárfestinga og leggur á það áherslu að viðskilnaður hópsins við Kaupþing sé gerður í mesta bróðerni og gangi hann sáttur á brott til móts við ný ævintýri. „Ég var þarna í tíu ár og stofnaði veltubók KB banka.“

Meðal verkefna Sögu fjárfestinga verður stöðutaka á verðbréfamörkuðum, samrunar og yfirtökur, fjárfestingalán og útlán auk meðfjármögnunar. Þá verður Sögu viðskiptavaki með hlutabréf og skuldabréf. Umsóknarferli um leyfi til að starfrækja fjárfestingabanka er í undirbúningi en gert er ráð fyrir að það taki nokkra mánuði. **- óká/eþa**




# Skráning eyðir óvissu

**Starfsfólk Icelandair áhugasamt fyrir skráningu.**

Skráning Icelandair Group í Kauphöll Íslands og hlutafjársala til fjárfesta og starfsmanna leggst vel í Jón Karl Ólafsson, forstjóra félagsins. Jón Karl finnur fyrir miklum áhuga starfsmanna og telur að stór hluti þeirra muni taka þátt í verkefninu. „Það verður einnig jákvætt að fá inn breiðan hóp hluthafa sem stendur þá við bakið á fyrirtækinu og tekur það áfram inn í framtíðina.“

Ákveðin óvissa hafi ríkt eftir að tilkynnt var í febrúar að félagið færi á markað en svo gerðist ekkert. Að sögn Jóns Karls er allt millibilsástand óþægilegt, ekki aðeins fyrir starfsfólk heldur einnig viðskiptavini og lánardrottna. Nú liggi hins vegar fyrir að félagið fari á markað fyrir áramót og gefur það öllum færi á halda áfram.

Allt stefnir í að árið 2006 verði eitt af betri árum Icelandair en reksturinn hefur verið í samræmi við áætlanir. Sex mánaða uppgjörið var mjög gott og ágætlega horfir til seinna hluta ársins. Eldsneytisverð er að vísu hátt og samkeppni mikil. „En aukin samkeppni skapar tækifæri og við höfum sótt fram.“ **- eþa**



**JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR** Skráning félagsins á markað eyðir óvissu hjá mörgum.

# Kaupþing með tæp 8% í Storebrand

Kaupþing hefur tilkynnt til Kauphallarinnar í Osló að bankinn eigi 7,82 prósenta hlut í Storebrand, einu stærstu fjármálafyrirtæki Noregs. „Ástæða þess að við höfum keypt hlutabréf í Storebrand er sú að við teljum að fyrirtækið sé á góðu verði. Við höfum fylgst með Storebrand um hríð og erum ánægð með það sem við sjáum,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, við Dagens Næringsliv. Að sögn Hreiðars Más hefur bankinn ekki tekið ákvörðun um frekari kaup.

Samkvæmt hluthafalista frá Storebrand er KB banki næststærsti hluthafinn á eftir Folketrygdfondet, sjóði í eigu norska ríkisins. Markaðsverðmæti bankans er um 185 milljarðar króna.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr á árinu að Arion-verðbréfavarsla hefði verið að safna bréfum fyrir viðskiptavini sína, þar á meðal Kaupþing. Einnig hafði Glitnir verið að kaupa bréf fyrir sína kúnna. **- eþa**

# Færast nær yfirtöku á House of Fraser

**Félagið afskráð níunda nóvember næstkomandi.**

Fjárfestahópurinn Highland Acquisitions náði mikilvægum áfanga á leið sinni til yfirtöku á House of Fraser á þriðjudaginn. Þá lagði stór hluti eigenda HoF blessun sína yfir tillögu stjórnar um að samþykkja yfirtökutilboð frá Highland.

Að Highland standa meðal annars Baugur og FL Group og hljóðar tilboð hópsins upp á 148 pens á hlut.

Alls greiddu 90 prósent fundargesta, sem höfðu á bak við sig tæp 99 prósent atkvæða, tillögunni atkvæði sitt, en tíu prósent fundarmanna voru henni mótfallinn.

Fátt er því til fyrirstöðu að Highland taki yfir rekstur HoF í næsta mánuði og er reiknað með að félagið verði afskráð úr Kauphöllinni í Lundúnum þann 9. nóvember. **- eþa**



**HOUSE OF FRASER** Fátt getur komið í veg fyrir að Baugur og fleiri fjárfestar taki félagið yfir.


NOTAÐIR
GÆÐA BÍLAR
Á GÓÐU VERÐI
Tryggðu þér notaðan gæða bíl fyrir haustið
hjá Bernhard Notuðum Bílum.
Mikið úrval bíla með allt að 18 mánaða ábyrgð.
Honda Jazz LS 1.4i
18.858.- á mánuði
18 mánaða ÁBYRGÐ
2005 árgerð
Verð 1.390 þús. Tilboð 1.220 þús.
Útborgun 61.000.-
18.858 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Honda HRV Smart
23.647.- á mánuði
18 mánaða ÁBYRGÐ
2005 árgerð
Verð 1.790 þús. Tilboð 1.530 þús.
Útborgun 76.500.-
23.647 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Peugeot 206 XR Présence
18.080.- á mánuði
18 mánaða ÁBYRGÐ
2005 árgerð
Verð 1.290 þús. Tilboð 1.170 þús.
Útborgun 58.500.-
18.080 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Honda Accord Comfort
28.600.- á mánuði
18 mánaða ÁBYRGÐ
Árg 6/05, ek 33 þús. Beinsk.
Verð 1.990 þús. Tilboð 1.850 þús.
Útborgun 92.500.-
28.600 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Peugeot 1007 1.4i Dolce
20.000.- á mánuði
24 mánaða ÁBYRGÐ
Árg 7/05, ek 3 þús. Beinsk.
Verð 1.690 þús. Tilboð 1.490 þús.
Útborgun 74.500.-
20.000 kr. á mán.
í 84 mánuði.
ALLT AÐ 18 MÁNAÐA ÁBYRGÐ
Honda Jazz LS 1.4i
16.300.- á mánuði
Árg 7/03, ek 47 þús. Beinsk.
Verð 1.090 þús. Tilboð 899 þús.
Útborgun 45.000.-
16.300 kr. á mán.
í 60 mánuði.
Suzuki Grand Vitara Ltd
35.500.- á mánuði
Árg 12/05, ek 12 þús. Sjálfsk.
Verð 2.590 þús. Tilboð 2.299 þús.
Útborgun 115.500.-
35.500 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Honda Jazz LS 1.4i
15.300.- á mánuði
Árg 2/04, ek 43 þús. Beinsk.
Verð 1.270 þús. Tilboð 990 þús.
Útborgun 50.000.-
15.300 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Nissan Micra Visia 1.2
18.858.- á mánuði
Árg 2/05, ek 16 þús. Beinsk.
Verð 1.350 þús. Tilboð 1.220 þús.
Útborgun 61.000.-
18.858 kr. á mán.
í 72 mánuði.
Peugeot 307 XR
21.500.- á mánuði
18 mánaða ÁBYRGÐ
Árg 7/05, ek 27 þús. Beinsk.
Verð 1.550 þús. Tilboð 1.390 þús.
Útborgun 69.500.-
21.500 kr. á mán.
í 84 mánuði.
Komdu strax í Bernhard Notaða Bíla, Bílakjarnanum
og gerðu frábær kaup á notuðum bíl.
OPIÐ
Virka daga 10 - 18
Fimmtudaga 10 - 21
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171

## Neysla

> Meðalneysla gosdrykkja á hvern íbúa á Íslandi




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HILDUR DUNGAL FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

## *Tekur gæði fram yfir magn*

„Verstu kaup sem maður gerir eru iðulega bílakaup, vegna þess hve fljótt þeir falla í verði. Ég hef átt þá nokkra um ævina en kaupi iðulega nýlega bíla til að sleppa við viðgerðarkostnað.“ Hildur segir önnur slæm kaup sem hún hafi gert hafi verið á meðan hún starfaði sem flugfreyja. „Það var alltaf mjög freistandi að kaupa fatnað erlendis og stundum keypti ég flíkur án þess að máta þær. „Þegar upp var staðið átti ég föt sem ég notaði ekki vegna þess að þau pössuðu ekki eða liturinn fór mér ekki. Þá eru ótalin dressin sem hentuðu ekki íslenskri veðráttu eins og suttbuxnadress sem ég keypti mér.“



Hildur segir að með árunum hafi hún lært að vera skynsöm í fatavali og tekur gæðin fram yfir magnið í þeim efnum. „Ég horfi sérstaklega í gæðin við kaup á yfirhöfnum og skóm. Ég eltist ekki mikið við tískustrauma en reyni að kaupa föt sem nýtast til lengri tíma.

Þegar talið berst að bestu kaupunum segir Hildur þau líklega felast í góðum fríum með fjölskyldunni. „Um síðustu jól fórum við fjölskyldan saman til Flórída og þetta var frábær afslöppun fyrir okkur öll. Í fríinu spöruðum við líka innkaup í mat og öðru sem tilheyrir þessum árstíma.“

Hildur segir litla skynsemi felast í því að gera jólagjafainnkaup snemma því það endi með því að hún bæti í jólapakkana á síðustu stundu með tilheyrandi tilkostnaði.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### VATN Á GLER OG SPEGLA

■ *Inga Jóna Þórðardóttir, formaður stjórnar LR, er hætt að nota hreinslög á gler og spegla og segir heitt vatn gera meira gagn.*



Mér finnst langbest að nota heitt vatn til að hreinsa gler og spegla. Mér fannst glerhreinsivökvinn alltaf skilja eftir sig ský svo ég hætti að nota hann.“ Inga Jóna segir hreinsiefni ofnotuð og stillir þeim í hóf hvort sem um er að ræða gólfsápu eða annað sem hún notar við almenn heimilisþrif.

„Þegar ég þurrka af nota ég gömul handklæði og annað sem til fellur. Ég er alin upp við nýtni og gömul handklæði virka alveg jafn vel til afþurrkunar og aðrar tuskur.“

■ **Hjól á góðu verði**

## Hægt að hjóla allan ársins hring



Í Markinu, Ármúla er enn hægt að fá hjól á niðursettu verði þó að langt sé liðið á september. Rúnar Theodórsson, verslunarstjóri Marksins, segir hægt að fá þokkaleg hjól undir 30 þúsund krónum. „Annars er fólk í auknum mæli farið að kaupa dýrari og vandaðri hjól.“ Rúnar segist ekki kunna skýringuna á þeirri þróun en að hún geti verið tilkomin vegna þess að fólk hafi meira á milli handanna eða því að fólk sé farið að nota reiðhjól meira sem samgöngutæki.

„Algengasta reiðhjólið sem við erum að selja er þriggja gíra kvenreiðhjól með fótbremsu en verð þeirra á tilboði er 23.920 krónur. Þá erum við með vönduð comfort hjól á 39.600 krónur. Hefðbundin fjallahjól kosta 34.700 með afslætti en kostuðu áður 46 þúsund krónur. Þá er hægt að fá nagladekk undir reiðhjól af ýmsum gerðum og kosta þau um 4.600 krónur.“ Rúnar segir það færast í aukana að fólk hjóli allan ársins hring enda sé það vel hægt.



■ **KOLSÝRÐ HOLLUSTA:**

## Sodastream-bragðefni hætt að fást

Sodastream tækin eru alltaf jafn vinsæl, en á síðustu árum hefur orðið sú breyting á að fólk vill ekki sjá dísætu bragðefnin heldur notar tækin eingöngu til að búa til kolsýrt ropvatn. Nú er svo komið að söluaðili tækjanna, Vífilfell, er hættur að selja bragðefni. „Því var hætt fyrir sirka ári. Það var bara enginn að kaupa þetta lengur,“ segir Dísa Ólafsdóttir hjá Vífilfelli. Hún segir fyrirtækið þó vera að skoða hvort hefja eigi sölu bragðefna á ný. „Ég veit af fólki sem hefur sett ótrúlegustu bragðefni út í þetta sjálft, en helst er Sodastream þó notað í hollustuskyni. Ég hef líka heyrt af fólki sem vökvar blómin sín með kolsýrðu vatni. Það á að vera ægilega gott,“ segir Dísa.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is



**AMSTERDAM Í HOLLANDI** Elisa segir Íslendinga mest skipta við fólk í Evrópu, og að Frakkland og Norðurlöndin séu vinsælust.

# Persónulegri ferðamáti

**Húsaskiptasamtökunum Intervac hefur vaxið mjög ásmegin eftir að Internetið kom til sögunnar. Þetta er alþjóðlegur félagsskapur fólks sem vill skipta á íbúðinni eða húsinu sínu fyrir íbúð eða hús í öðru landi. Á netsíðunni (www.intervac.com) má sjá hvaða möguleikar eru í boði og kennir þar ýmissa grasa.**

Elisa M. Kwaszenko hefur verið umsjónarmaður Intervac á Íslandi síðan 1982. Hún er pólsk að uppruna og býr á Kópaskeri. „Félagsskapurinn byrjaði með kennurum í Hollandi og Sviss árið 1953 og fyrst í stað voru eingöngu kennarar í þessu,“ segir Elisa. „Síðar var ákveðið að allir sem eiga húsnæði mættu vera með og í dag eru um 12.000-13.000 fjölskyldur í þessu um allan heim. Þar af eru um 90 fjölskyldur á Íslandi.“

Fyrsta skrefið inn í félagsskapinn er að skrá sig og kostar það 5.000 kr á ári. Við skráningu fá húseigendur sendan bækling um reglur og hvernig á að undirbúa sig fyrir skiptin. Sami bæklingur er í umferð um allan heim svo allir sitja við sama borð. Á netsíðunni er síðan hægt að fletta í gegnum skiptimöguleikana. Loks er áfangastaðurinn valinn og samið um tíma og annað við eiganda skiptiíbúðarinnar.

Elisa segir að fátítt sé að fólk verði fyrir vonbrigðum með skiptin. „Ég man eftir einu dæmi hérlendis af fólki frá Portúgal sem fékk að nota jeppa fólksins sem það var að skipta við. Þau fóru upp á öræfi og sáu rútu fara yfir straumharða á. Þegar fólkið ætlaði að gera eins sökk jeppinn í ána og skemmdist mikið. Portúgalarnir stóðu við gerða samninga og borguðu skaðann upp í topp. Eins man ég eftir Íslendingum sem fóru til Hollands og fengu íbúð hjá læknum, nema hvað þetta var einhver íbúð sem læknarnir bjuggu ekki í. Íslendingunum fannst íbúðin tómleg og óspennandi og enduðu með því að fara á hótel sem læknarnir þurftu að borga fyrir.“

Elisa segir Íslendinga mest skipta við fólk í Evrópu, og að Frakkland og Norðurlöndin séu vinsælust. „Svo er eitthvað skipt við fólk í Bandaríkjunum og ég veit af fólki sem skipti við húseigendur í Afríku og Japan. En mest er skipt við Evrópubúa. Fólk þaðan sækir í náttúruna hér, víðátturnar og friðinn.“

Einn þeirra sem nýtt hafa þjónustu Intervac er Felix Bergsson leikari. „Ég hef alveg frábæra reynslu af þessu. Þetta er mjög einfalt og gott fyrir fólk með börn því ferðirnar verða miklu ódýrari. Þetta er miklu persónulegri ferðamáti en að dvelja á hótelum. Þú upplifir aðstæður og umhverfi venjulegs fólks, lifir eins og heimamaður og kynnist jafnvel nágrönnunum.“

Felix og fjölskylda hafa margoft haft húsaskipti, mest í Frakklandi en líka í Sevilla á Spáni og í Berlín. „Ég hef aldrei orðið óánægður. Einu sinni fengum við meira að segja villu í Suður Frakklandi með sundlaug og borðtennisborði. Við höfum aldrei lent í veseni með fólkið sem við skiptum við, en það er misjafnt hvort maður hittir það eða ekki. Maður lætur ættingja eða vini afhenda lyklana og hafa svona auga með þessu. Ísland er mjög heitur staður í þessu núna. Evrópubúar eru sérstaklega áhugasamir um að koma hingað, enda dýrt að gista á hótelum hér. Það er því ekki erfitt að finna spennandi skipti.“



**FELIX BERGSSON** Fékk sundlaug í kaupbæti.


Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu
habitat
Askalind 1, 201 Kópavogur
Sími 568 9700
www.habitat.net

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálaflokkar stilla upp listum:

# Ferskir vindar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Kosningavetur er framundan. Óvenjumargir þingmenn hafa hætt á því kjörtímabili sem er að ljúka og fleiri hafa lýst því yfir að þeir ætli ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi þingsetu. Það er því útlit fyrir að nokkur endurnýjun verði í þingsölum milli kjörtímabila. Þessi staða opnar tækifæri bæði fyrir stjórnmálaflokkana að hleypa ferskum vindum á lista sína og einnig fyrir einstaklinga sem vilja láta til sín taka með því að gefa kost á sér til þátttöku í stjórnmálum.

Prófkjör og uppstillingar á lista er verkefni næstu vikna. Á hverjum degi berast fréttir af framboðum fólks á lista flokkanna. Flest þetta fólk er áður þekkt úr stjórnmálum, annað hvort sitjandi þingmenn eða stjórnmálamenn sem hafa einbeitt sér að öðrum sviðum til þessa en telja sig nú tilbúna í slaginn á Alþingi. Minna er um fólk sem kemur utan frá og hefur til þessa látið til sín taka á öðrum sviðum samfélagsins.

*„Alþingi Íslendinga endurspeglar ekki þjóðina sérstaklega vel í dag.“*

Alþingi Íslendinga endurspeglar ekki þjóðina sérstaklega vel í dag. Sú endurnýjun sem framundan er má því skoðast sem tækifæri stjórnmálaflokkanna til að hrista upp í mannavalinu og stilla upp listum með fólki sem kjósendum finnst koma sér við, listum sem eru skipaðir konum og körlum, ungum og öldnum, fólki með margvíslega reynslu, fólki sem hefur lagt sinn skerf til samfélagsins með mörgu og ólíku móti, fólki sem skynjar lífskjör almennings í landinu og hefur reynt sitt af hverju á eigin skinni.

Stjórnmál snúast um fólkið í landinu, umhverfi þess og lífskjör í breiðum skilningi. Í stefnuskrám flokkanna og kosningamálum felast mismunandi valkostir fyrir kjósendur. En það er ekki nóg. Kjósendum verður líka að finnast að þeir einstaklingar sem þeim gefst kostur á að velja til þings séu fulltrúar þeirra. Einsleitur hópur fólks þar sem uppistaðan er karlar á miðjum aldri sem hafa verið mislengi í pólitík er ekki til þess fallinn að draga fólk að kjörklefunum.

Svo virðist sem áhugi á stjórnmálum fari minnkandi og þekkt er að stjórnmál virðast síður höfða til ungs fólks en áður. Það verður því æ algengara að yngstu kjósendurnir nýti ekki atkvæðisrétt sinn. Ein leiðin til að bregðast við þessari þróun hlýtur að vera sú að listar stjórnmálaflokkanna séu skipaðir breiðum hópi fólks með margvíslega reynslu.

Það verður forvitnilegt að fylgjast með framvindu mála á næstu vikum. Tekst stjórnmálaflokkunum að nýta tækifærið til að hleypa ferskum vindum um lista sína eða mun val kjósenda standa milli lista skipuðum einsleitum hópi, þar sem uppistaðan er karlmenn, vel menntaðir fjölskyldumenn á aldrinum 35 til 60 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Það var þá

„Að sama skapi er leitt til þess að vita að stjórnmálamenn allra flokka, utan Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, skuli ganga um torg barmandi sér yfir að herinn sé á förum og sjái ekki aðrar leiðir færar fyrir vinnuafl á Suðurnesjum en að þjónusta bandarískt hernámslið,“ sagði í ályktun stjórnar Vinstri grænna í Reykjavík. „Ég er sérstaklega ósáttur við aðdraganda uppsagnanna því fyrir mánuði síðan var ákveðið að reka ratsjárstöðina með óbreyttu sniði fram til 15. ágúst á næsta ári,“ sagði Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík og fyrrverandi stjórnarmaður í Vinstri grænum í Reykjavík, í Fréttablaðinu í gær.



### Mikilvæg málefni

„Mannréttindanefnd fagnar því að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, Guðlaugur Þór Þórðarson, hafi látið það vera eitt af sínum fyrstu embættisverkum að taka úr birtingu umdeilda auglýsingu Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir í síðustu fundargerð mannréttindanefndar Reykjavíkur. Nefndarmönnum þótti konur lítilsvirtar í auglýsingunni, sem ku vera ein sú dýrasta sem hefur verið framleidd hér á landi, enda sést karlmaður ryksuga í upphafi hennar.

### Bjarni í Framsókn

„Bjarni Harðarson, blaðamaður, ritstjóri Sunnlenska Fréttablaðsins, er að íhuga að bjóða sig fram í 2. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi,“ skrifar Pétur Gunnarsson, fyrrverandi fréttastjóri á Fréttablaðinu, á vef sinn í gær. „Bjarni hefur undanfarna daga talað við fjölmarga framsóknarmenn og kannað undirtektir við framboð sitt. Ákvörðun um aðferð við uppstillingu liggur ekki fyrir en verður tekin í nóvemberbyrjun,“ segir Pétur. Þingmenn flokksins í Suðurkjördæmi eru Guðni Ágústsson og Hjálmar Árnason. Ísólfur Gylfi Pálmason vill inn á þing. Pólitískt framhaldslíf Hjálmars er óvísst en Pétur spáir því að hann vilji halda áfram á þingi.



bjorgvin@frettabladid.is

# Hagkerfi á fleygiferð



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Efnahagsástandið

Hvernig er hægt að ná óhreyfðri mynd af hagkerfi á fleygiferð? Landslag efnahagslífsins hefur gerbreyzt á fáeinum árum og heldur áfram að breytast bókstaflega frá degi til dags. Nú heyrist enginn lengur lýsa sjávarútvegi sem undirstöðu efnahagslífsins, skárra væri það, enda minnkaði hlutdeild útvegsins í landsframleiðslunni úr 15% 1990 í 7% 2005. Á sama tíma hefur skerfur fjármálaþjónustu til landsframleiðslunnar aukizt úr 18% í 24%. Samt halda heilir stjórnmálaflokkar – og Morgunblaðið! – áfram að berjast gegn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu með þeim höfuðrökum, að aðild að Sambandinu samrýmist ekki hagsmunum sjávarútvegsins. Um hitt er ekki skeytt, að aðild Íslands að ESB og upptaka evrunnar hér myndu styrkja til muna samkeppnisstöðu banka og annarra fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra með því að minnka vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa og draga með því móti úr hættunni, sem fylgir miklum gengissveiflum.

Þessum skjótu umskiptum í atvinnusamsetningu efnahagslífsins hefur fylgt talsvert umrót og rask, en þó ekki atvinnuleysi. Kort af eignarhaldi íslenzkra fyrirtækja úreldast svo að segja samdægurs, því að fyrirtækin og eignarhlutir í þeim eru sífellt að skipta um hendur, svo að fáir hirða um slíka kortagerð. Samt eru flókin og of náin víxltengsl í eignarhaldi fyrirtækja alvarlegur hættuvaldur í efnahagslífi þjóðar, því að of flókin og náin tengsl draga úr viðnámsþrótti fyrirtækjanna frammi fyrir skakkaföllum. Ef einu fyrirtæki hlekkist á og það er tengt öðrum fyrirtækjum of nánum böndum, þá geta þau dregið hvert annað með sér niður í fallinu. Óljós og síbreytileg eignatengsl torvelda heilbrigðiseftirlit almannavaldsins á vettvangi efnahagslífsins. Það hefur því ekki verið alls kostar auðvelt að gera sér skýra grein fyrir ástandi efnahagsmálanna undangengin misseri. Rykið þarf að setjast og sæmileg kyrrð þarf að komast á, svo að hægt sé að meta stöðuna vandlega, en kyrrðin lætur á sér standa. Þess vegna er að svo stöddu ómögulegt að vita með nokkurri vissu, hvort hagkerfið getur haldið áfram enn um sinn þeirri siglingu, sem það hefur verið á, eða hvort það þarf að hægja á sér – eða siglir í strand.

Eitt er þó deginum ljósara. Heimilin og fyrirtækin halda áfram að safna skuldum, svo að engan þarf að undra á uppganginum: bílakaupunum, byggingunum og þannig áfram. Viðskiptahallinn í ár verður meiri en í fyrra, en þá nam hallinn 16% af landsframleiðslu og hafði aldrei verið meiri. Skuldir þjóðarbúsins við útlönd jukust úr 290% af landsframleiðslu í árslok 2005 í 346% um mitt ár 2006, sumpart vegna gengisfalls krónunnar; erlendar eignir jukust mun hægar. Aukning erlendra skulda fyrstu sex mánuði þessa árs nam því röskum helmingi landsframleiðslunnar (56%). Mestur hluti aukningarinnar (37 milljarðar króna af 56) á fyrri hluta ársins var aukning skammtímaskulda, sem falla í gjalddaga innan árs. Skammtímaskuldir þjóðarbúsins við útlönd nema nú 85% af landsframleiðslu borið saman við 18% árið 2000. Mikið verk bíður bankanna, þegar þessar skuldir falla í gjalddaga. Bönkunum hefur til þessa tekizt að endurfjármagna skammtímaskuldir sínar, en það getur orðið þungur róður fyrir þá að velta skuldunum áfram eða breyta þeim í langtímaskuldir. Óvíst er, hvort þeim bjóðast þá sömu kjör og áður. Þessi hætta vofir ávallt yfir þeim, sem fleyta sér áfram á skammtímalánum. Hækkandi vextir á heimsmarkaði hljóta að hækka lántökukostnað Íslendinga erlendis á næstu misserum. Nú ríður á því sem aldrei fyrr, að lánsfénu hafi verið vel varið.

Skyndileg aukning skammtímaskulda þjóðarbúsins hefur leitt til þess, að þær námu um mitt þetta ár nær tíföldum gjaldeyrisforða Seðlabankans. Seðlabankinn hefur vanrækt að byggja upp gjaldeyrisforða sinn til mótvægis við aukningu skammtímaskuldanna. Ef erlendir lánardrottnar kippa að sér hendinni og neita að framlengja lán til Íslands eins og gerðist í Taílandi 1997, til þess þarf ekki nema nokkrar neikvæðar umsagnir erlendra bankagreiningardeilda líkt og í vor leið, þá dugir gjaldeyrisforðinn ekki til að greiða nema lítið brot af skuldunum. Þá hrapar gengið. En gengi krónunnar er í öllu falli of hátt skráð eins og viðskiptahallinn og vaxtamunurinn milli Íslands og annarra Evrópulanda bera með sér og hlýtur því að láta undan síga innan tíðar. Hvenær? Það veit enginn. Meira næst.

# Ákall til verndar Jökulsánum

**Umræðan** | Jón Bjarnason, þingmaður VG, skrifar um virkjanaáform í Skagafirði

Herförin gegn Jökulsám Skagafjarðar er komin á fulla ferð á ný.

Á fundi skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 19. sept. sl. samþykktu fulltrúar Samfylkingar og Framsóknarflokks breytingu á aðalskipulagstillögunni sem nú er til meðferðar hjá sveitarfélaginu:

„Skipulags og byggingarnefnd samþykkir að í aðalskipulagi verði gert ráð fyrir og sýnd möguleg svæði til virkjunar Héraðsvatna þ.e.a.s. við Skatastaði og Villinganes.“

Þessi samþykkt hefur mikla þýðingu sökum þess að hún er það eina sem stendur í vegi fyrir virkjun Jökulsánna í Skagafirði. En virkjun þeirra er líklega ein forsenda þess að hægt verði að reisa álver á Húsavík. Þessi samþykkt er vitaskuld eftir yfirlýstum markmiðum Framsóknarflokksins um eflingu stóriðju hérlendis en gengur þvert gegn nýjustu markmiðum Samfylkingar um „Fagra Ísland“. Allt bendir til að Jökulsárnar í Skagafirði geti orðið næstu fórnarlömb virkjana- og stóriðjugræðginnar.

Aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur verið í vinnslu undanfarin ár og hart deilt um virkjanir í Jökulsánum. Vinstri grænir vilja friða Jökulsárnar gegn virkjunum.

Eignarhaldsfélagið Héraðsvötn hefur þegar tryggt sér virkjunarrétt við Villinganes en félagið er að meirihluta í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og RARIK hf. Þessi virkjun hefur þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og fengið tilskilin leyfi frá umhverfisráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Umræðu og frekari aðkomu almennings að þeirri framkvæmd er lagalega lokið. Aðeins hefur strandað á að sveitarstjórnir Skagafjarðar gæfu grænt ljós á framkvæmdina. Með því að setja virkjunina inn á aðalskipulag er þeirri hindrun rutt úr vegi.

Fari Villinganesvirkjun inn á aðalskipulag verður virkjanaleyfið sjálft dýrmæt söluvara, að virði hundruða milljóna ef ekki milljarða króna. Þetta vita forystumenn KS og RARIK og hugsa sér gott til glóðarinnar. Sömu aðilar ásamt Landsvirkjun hafa einnig sótt um rannsóknaleyfi til virkjana við Skatastaði, ofar í vatnasviði Jökulsánna.

Hvað sem annars má segja um Framsóknarflokkinn hefur hann verið sjálfum sér samkvæmur og sýnt stefnufestu og eindregna afstöðu til eflingar stóriðju hérlendis með tilheyrandi fórnum á náttúru og samfélagi.

Mín einlæga von er sú að þau öfl í Samfylkingunni verði ofan á sem gera nú tilraun til að breyta stefnu flokksins í virkjana- og stóriðjumálum. En það eru verkin sem tala. Eitt fyrsta skrefið í þeim efnum væri að Samfylkingin standi með Vinstri grænum og öðru baráttufólki fyrir friðun Jökulsánna í Skagafirði.

Aðalskipulag sveitarfélags er stefnuyfirlýsing um ráðstöfun lands og náttúruauðlinda. Framkvæmdir við Villinganesvirkjun bíða þess eins að komast á skipulag.

Unnendur Jökulsánna í Skagafirði kalla á samstöðu til verndar Jökulsánum. Við hvetjum til baráttu gegn öllum tilraunum til að setja umræddar virkjanir inn á aðalskipulag sveitarfélagsins.


Bullum í baði ...sturta.is
Sturtuklefar og baðker í
...breiðum bunum!
– hvað segirðu um bað?
Kr. 199.000
1300x1300x2150mm
Kr. 139.000
900x900x2150mm
Kr. 208.000
1520x850x2150mm
Hátækni
Ótrúleg verð
Kr. 179.000
1820x1320x775mm
Kr. 147.000
1360x1360x730mm
Kr. 175.000
940x940x2150mm
Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is
Nudd og nautn í baði ...sturta.is
Bara að drífa sig!
Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi
www.sturta.is allan sólarhringinn!
sturta.is
Ekki súr, farðu úr
Hreinn og beinn ...í sturtu!

Helgarferðir til Ljubljana
12., 19. okt og 2. nóv.

Höfuðborg Slóveníu
LJUBLJANA
Verð frá
59.740
á mann í tvíbýli í 3 nætur

Gullfalleg, vinaleg og hlý!
Ljubljana sameinar töfra liðinna alda og nútímann. Í Ljubljana fáum við á tilfinninguna að við séum í litlu fjallaþorpi og samt erum við í kraftmikilli menningarborg þar sem bíður okkar fjöldi kaffihúsa, veitingastaðir, verslanir, leikhús og óperuhús.

Úrvals gisting
Frábærar skoðunarferðir
– Gönguferð um gamla bæinn
– Náttúruperlan Bled-dalur
– Dropasteinshellarnir og Predjama-kastalinn




# Ný framtíðarskipan lífeyrismála

**UMRÆÐAN**
Bætt kjör lífeyrisþega


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu er að bæta kjör lífeyrisþega. Stjórnarandstaðan hefur á Alþingi sameinast um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Hér er um grundvallarbreytingar að ræða sem bæta munu mjög hag lífeyrisþega.

Lykilatriði í þeirri tillögu er að taka á upp afkomutryggingu sem byggir á skilgreindum neysluútgjöldum lífeyrisþega sem liggja eigi fyrir eigi síðar en 1. desember 2007. Frá 1. janúar 2007 og þar til afkomutryggingu verður komið á verður lágmarkslífeyrir 133 þúsund á mánuði og grunnlífeyrir og tekjutrygging 110 þúsund, að viðbættum vísitölubreytingum. Þessar fjárhæðir munu svo hækka í samræmi við skilgreinda framfærsluþörf lífeyrisþega þegar hún liggur fyrir.

Tillögurnar fela í sér tafarlausar kjarabætur þegar á þessu ári og því næsta. Koma þær til viðbótar og ganga mun lengra en ríkisstjórnin hefur fallist á og fram kemur í yfirlýsingu hennar og samtaka aldraðra frá því fyrr í sumar.

### Tillögur um lífskjara- og afkomutryggingu aldraðra og öryrkja

**1.** Ný tekjutrygging aldraðra verði 85 þús. kr. og öryrkja 86 þús. kr. frá 1. janúar 2007 að viðbættum vísitölubreytingum sem orðið hafa. Frá sama tíma verði dregið úr skerðingaráhrifum tekna þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35%. Stjórnarflokkarnir vilja einungis lækka hlutfallið í 38.35% og það ekki fyrr en 1. janúar 2008.

**2.** Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 75 þús. kr. á mánuði 1. janúar 2007 sem skerði ekki tekjutryggingu, sem við viljum einnig skoða að nýta vegna tekna úr lífeyrissjóði. Það er þrefalt hærra frítekjumark en ríkisstjórn leggur til, sem er einungis 25 þúsund á mánuði og það ekki fyrr en árið 2010, en um 17 þúsund kr. á mánuði árið 2009. Öryrkjar hafi val í okkar tillögum um þetta nýja frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara, en þetta nýja frítekjumark er mun hagstæðara en gildandi regla fyrir öryrkja sem eru með tekjur yfir 1,5 milljónum á ári.

**3.** Ráðstöfunarfé (vasapeningar) við dvöl á stofnun hækki um 50% frá 1. júlí 2006. Þannig munu þeir fá greitt tæplega 70 þúsund krónur afturvirkt í 6 mánuði um næstu áramót ef tillögur okkar ná fram að ganga. Sömuleiðis mun frítekjumark gagnvart tekjum þeirra sem dvelja á stofnunum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 75 þús. kr. Frá 1. janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulaginu í svipaða veru og gildir fyrir fatlaða á sambýlum. Með því halda aldraðir sem dvelja á stofnunum eftir stærri hluta lífeyristekna sinna, sem tryggir betur reisn og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Ríkisstjórnarflokkarnir vilja einungis hækka ráðstöfunarféð um 25% og það ekki fyrr en 1. janúar n.k.

**4.** Skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu og afkomutryggingu fyrir þá sem litlar eða engar greiðslur fá úr lífeyrissjóði.

**5.** Afnumin verði að fullu tengsl lífeyrisgreiðslna við atvinnu- og lífeyristekjur maka.

**6.** Öryrkjar haldi aldurstengdri örorkuuppbót þegar farið er á ellilífeyri.

### Baráttumál lífeyrisþega

Hér er lagður grunnur að breyttri framtíðarskipan lífeyrismála, en áætla má að heildarkostnaður við þessar breytingar sé um 6,5 milljarðar króna. Stærsti útgjaldaliðurinn er hækkun nýrrar tekjutryggingar umfram það sem ríkisstjórnarflokkarnir leggja til sem kostar um 3 milljarða króna. Í þessari nýju framtíðarskipan lífeyrismála er að finna margvísleg baráttumál aldraðra og öryrkja gegnum árin, en markmiðið er að lífeyrisþegar hafi viðunandi lífeyrisgreiðslur sem verði ekki undir skilgreindum framfærslukostnaði.

Auk þess er brýnt að draga úr þeirri þungu skattbyrði sem lífeyrisþegar hafa mátt sæta í tíð þessarar ríkisstjórnar og að lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum beri sama skatthlutfall og fjármagnstekjuskattur, sem bæta mun verulega stöðu allra lífeyrisþega. Það er verkefni nýrrar ríkisstjórnar á vori komandi. Fyrst þarf þó að koma þessari ríkisstjórn frá völdum, sem hefur lagt aukna skattbyrði á lífeyrisþega og séð til þess að kjör þeirra hafa dregist verulega aftur úr öðrum þjóðfélagshópum.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*

# Heilbrigðismál og heilsufar þingmanna

**Umræðan**
Þriðja grein af fjórum eftir Jóhann Óla Guðmundsson um heilbrigðis- og öldrunarmál.

Í vetur, á kosningavetri, verður að mínum dómi háð hörð barátta milli þjóðarinnar og stjórnmálanna um heilbrigðismál jafnt ungra sem aldraðra, með það markmið eitt að fá stjórnmálamenn til þess að skilja að þeir eru hluti þjóðarinnar og kunna sjálfir, eins og nýleg dæmi sýna, að vera háðir skjótri meðferð án biðlista. Í þeim árangri einum ætti sjálfkrafa að felast önnur nauðsynleg umbylting á núverandi stöðu mála í heilbrigðiskerfinu. Málið snýst um meðvitund en ekki peningavöntun.

Það að nýr spítali er væntanlegur leysir ekki bráðaþörf þeirra sem nú látast af biðlistum hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa, og munu halda áfram að deyja af biðlistum næstu árin. Bráðra aðgerða er þörf og afstaða einstakra stjórmálamanna getur ekki samtímis verið bæði með og á móti heildstæðum umbótum. Það er ekki lengur hægt að staga í þau göt sem eru á núverandi kerfi, það verður meira að koma til. Hér þarf raunverulega hugarfarsbyltingu svo gagn sé af.

Fjölmargir muna og aðrir geta kynnt sér kostulegt verklag við ákvarðanatökur þingmanna um framfarir í heilbrigðisþjónustu Íslendinga á síðari tímum.

**1.** Grensásdeild Borgarspítalans, eins og staðurinn er gjarnan kallaður, hafði verið án sundlaugar til endurhæfingar um nokkurt skeið. Þingheimi þótti slík sundlaugarbygging alveg ónauðsynleg framkvæmd og kostnaður ekki verjandi, sama hverju almenningur og sérfræðingar héldu fram. Svo illa vildi til að þrír þingmenn urðu fyrir heilsubresti þar sem endurhæfingar var þörf. Stuttu síðar var komin sundlaug við Grensásdeildina. Gott mál en afleitt verklag.


JÓHANN ÓLI GUÐMUNDSSON

**2.** Lengi hafði staðið yfir umræða um að setja á laggirnar hjartadeild á Íslandi í stað þess að senda fárveika hjartasjúklinga erlendis til meðferðar á kostnað ríkisins. En þjóðin lét sig nú samt hafa það þó mörgum landanum hafi verið fórnað í svona undarlegu kerfi. En ber þetta viðhorf ekki í sér svipaða afstöðu kerfisins til heilsu og velferðar fólksins í landinu og biðlistar nútímans gera.

Stjórnmálamenn töluðu árum saman gegn því framfaraskrefi að flytja hjartaaðgerðir inn í landið og báru fyrir sig kostnaði. Í kjölfar hjartaáfalls heilbrigisráðherra þess tíma kom svo allt í einu hjartadeild að gjöf frá honum í einlægri gleði hans yfir því að halda lífi. Makalausar forsendur, góð ákvörðun og löngu tímabær niðurstaða fyrir þjóðina.

> Það að nýr spítali er væntanlegur leysir ekki bráðaþörf þeirra sem nú látast af biðlistum hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa, og munu halda áfram að deyja af biðlistum næstu árin.

**3.** Ekki voru allir ráðherrar og þingmenn á því að þjóðin þarfnaðist nýs sjúkrahúss hér fyrir örfáum misserum, þó þau sem uppi standa séu af ýmsum ástæðum og langtímum saman með lokaðar deildir eða með svo langa biðlista að varla tekur því fyrir marga að leggja á sig biðina sem oft er fyrirfram töpuð. Svo bar við að sitjandi ráðherrar urðu fyrir alvarlegum heilsubresti, sem að sjálfsögðu er engum fagnaðarefni. Þeir voru svo heppnir, að því er virðist, að biðlistinn var óvenju stuttur þessa stundina og aðgerðir tókust fljótt og vel, sem er fagnaðarefni. Það er alltaf gott þegar þannig verkast enda voru þeir svo himinlifandi með þjónustuna á þessu spítalahrói, sem vonlegt er, og það að fá að halda lífi yfir höfuð, að annar þeirra sem er hvatvísari en hinn, tók sér fyrir hendur í gleðikastinu að gefa þjóðinni ekkert minna en heilt „hátæknisjúkrahús“ af nýjustu og bestu gerð, og lýsa þannig ánægju sinni með að vera áfram meðal okkar hinna.

Umdeild gjöf og líklega verður hún til góðs fyrir þjóðina, þó ég vari eindregið við því að nýr spítali leysi einn og sér kerfislæg rekstarvandamál. Það veiðist ekkert betur þó lúkarinn sé nýmálaður, en það er svo sem ekkert verra að hafa hann nýmálaðan heldur.

Ég skil að sjálfsögðu gleði þessara ágætu manna yfir því að komast til heilsu og geta lifað góðu lífi lengur en annars. En einmitt um það snýst biðlistavandamálið. Þar situr fólk fast. Það eru ekki allir svo lánsamir að komast strax í aðgerðir og fá meina sinna bót, því miður. Þannig hefur farið fyrir allt of mörgum sem voru svo óheppnir að deyja á biðlistunum löngu. Verklag í nútíma heilbrigðisþjónustu á ekki að lúta geðþóttaákvörðunum, sama hvort þær eru góðar eða slæmar. Hér er um að ræða starfsemi sem hægt er að fjalla um og meta þjónustuþörfina á hverjum tíma með faglegri hætti en svo. Sama gildir um vistun aldraðra. Við getum og eigum að gera mun betur.

*Höfundur er stjórnarformaður Öldungs hf. sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún.*



## SJALDAN ER EIN TÝPAN STÖK

Verslunarstjórar klæða hver annan upp.

TÍSKA 4

## LÍFSSTÍLL Á ÞREMUR HÆÐUM

Ný verslun var nýlega opnuð á Laugavegi.

HEIMILI 6





## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI ]

**B-vítamín** eru bráðnauðsynleg heilsunni þegar sólin fer að lækka á lofti. B-vítamín virka hressandi fyrir miðtaugakerfið og þannig reynist það okkur auðveldara að fara fram úr rúminu á morgnana ef við höfum nægilegt magn af B-vítamíni í blóðinu. Best er að taka blöndu af B-vítamíni, t.d. B-stress eða B-súper.



**Glingur** og glys getur lífgað verulega upp á einfalda flík. Nú til dags er algengt að hægt sé að kaupa ódýra skartgripi í annarri hverri verslun, hvort sem er matvöruverslunum, apótekum sem tískubúðum. Að eiga armband í stíl við bol eða skó getur gert gæfumuninn fyrir heildarsvipinn. Láttu það eftir þér.

**Skildu** vetrarfatnaðinn frá sumarfötunum og settu sumarfötin í geymslu yfir veturinn. Kápur, úlpur, húfur og vettlingar fá nú sinn stað í fatahenginu en léttir sumarjakkar og derhúfur fá að bíða síns tíma inni í geymslu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 5. október, 278. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.47 | 13.16 | 18.43 |
| Akureyri | 7.34 | 13.01 | 18.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Arnheiður Rós Ásgeirsdóttir og kímónóinn langþráði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kímónó! Kímónó!

***Arnheiður Rós Ásgeirsdóttir eignaðist langþráðan kímónó í London.***

„Ég fékk þennan kímónó í „vintage“-deildinni í Top Shop á Oxford stræti í London, en þar er öll neðsta hæðin undirlögð í deildum frá „second hand“-fyrirtækjum,“ segir Arnheiður, eða Heiða eins og hún er vanalega kölluð, um kímónóinn sinn fína, en hún vann í mjög stuttan tíma í þeirri verslun þegar hún var búsett í London.

„Leiðir okkar lágu saman í fyrsta sinn daginn sem ég vann í þessari búð. Sá starfsferill var mjög stuttur enda launin ekkert til að hrópa húrra fyrir. Ég stalst til að máta svarta kímónóinn og féll gersamlega fyrir honum, en málið var að hann kostaði þá 85 pund og ég var bara með „heil“ fimm pund á tímann. Dæmið segir sig sjálft. Ég hafði ekki efni á honum og þessvegna lá það fyrir að hann yrði ekki minn, Ekki strax allavega. Ég lagði hann frá mér hnuggin og var alveg miður mín yfir þessu, en gat samt ekki hætt að hugsa um hann.“ segir Heiða og hlær.

„Stuttu síðar komu jólin og mamma kom út til London að hitta mig. Þegar hún innti mig eftir því hvað ég vildi fá í jólagjöf þá hrópaði ég náttúrlega „Kímónó! Kímónó!“ og við mæðgurnar þustum af stað niður á Oxford-stræti. En þegar þangað kom var ekki bara kímónóinn minn farinn, heldur öll sláin frá fyrirtækinu sem hafði haft þá til sölu,“ segir Heiða.

„Tæplega hálfu ári síðar ákvað ég að flytja aftur heim, en vildi hafa með mér einhverja góða flík frá stórborginni. Ég gekk inn í Top Shop til að kaupa mér kápu og byrjaði að spjalla við afgreiðslustelpu sem ég þekkti þarna. Ég fór vitanlega að röfla yfir þessum kímónó og þá sagði hún mér ákóf að þeir væru komnir aftur. Ég kastaði frá mér kápunni, hljóp upp á fyrstu hæð og þar blasti hann við mér þessi elska! Ekki nóg með það, heldur var líka búið að lækka hann um tuttugu pund. Við féllumst í faðma og höfum ekki verið aðskilin síðan, kímónóinn minn og ég.“

*margret.hugrun@frettabladid.is*



Herragarðurinn stækkaði um 80 fermetra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Herragarðurinn stækkar

NÚ ER BÚIÐ AÐ OPNA HERRAGARÐINN Í KRINGLUNNI AFTUR EFTIR GAGNGERAR ENDURBÆTUR OG STÆKKUN.

Breytingarnar tóku fimm vikur og var verslunin opnuð aftur í síðustu viku. Auk þess sem innréttingum hefur verið breytt hefur gólfplássið stækkað um 80 fermetra. Vegna stækkunarinnar gafst kostur á að taka inn nýtt merki og fyrir valinu varð Mabrun. Þar eru á ferð ítalskar yfirhafnir en auk þess hefur úrval annarra merkja, og þá sérstaklega Armani og Canali, verið aukið.

Í Herragarðinum er bæði að finna föt fyrir fínni tilefni, jakkaföt fyrir hvunndaginn sem og sportlegri klæðnað hvort sem það eru gallabuxur eða jakkar.




**Fylgihlutirnir geta lífgað upp á gamlar flíkur.**
Litrík taska, fallegt belti eða áberandi skart getur gert gæfumuninn og hjálpað til við að skapa nýtt útlit.



# Stórar og rúmgóðar töskur

***Lítil veski á útleið, stórar töskur inn.***

Á nýliðinni tískuviku í Mílanó á Ítalíu bar mikið á stórum handtöskum og veskjum á örmum fyrirsæta sem strunsuðu um á sýningapöllum og sýndu föt og aukahluti úr vor- og sumarlínu 2007.

Konum fylgir mikið dót. Það eru snyrtivörur, hanskar, klútar, auka sokkabuxur, hárbursti, naglaþjöl og allt annað sem gæti komið í góðar þarfir við hinar ólíklegustu aðstæður. Allir þessir hlutir þurfa pláss og því nauðsynlegt að hafa tösku sem rúmar það og er um leið smart.







Söngkonan Pink hefur ekki farið varhluta af tískunni sem ræður ríkjum FRÉTTABLAÐIÐ/AP







**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**

**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



**Skartgripanámskeið** s. 553-1800
**Swarovski Armband** Kr. 3,500 allt innifalið

*Höfum opnað stærri Föndurverslun að Síðumúla 15 - Líttu Við !*

Opið virka daga 13-18, Fimmtudaga til 21 - Laug. 12-15

Dagvinnustofur - Námskeið - Föndurvörur
**www.fondurstofan.is**



## Comb and Care Flókasprey

***Auðvelt í notkun - frábær árangur***

(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.

Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt

Dr. Fischer

**25% afsláttur***



Sept. 2006

## Nicorette Fruitmint
## Nýtt bragð sem kemur á óvart

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.**
Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

*Tilboðsverð 2006



Módel sýnir fallegan kjól í anda sjöunda áratugarins úr vor og sumarlínu Gucci.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gucci aftur til fortíðar í Mílanó

***Bókaútgáfa og diskókjólar á tískuviku í Mílanó.***

Diskóið sveif yfir vötnum á nýlegri tískusýningu í Mílanó þar sem sýnd voru föt úr vor og sumarlínu Gucci. Stuttir beinir kjólar með skemmtilegum mynstrum voru áberandi í línunni og gætir þar töluverðra áhrifa frá sjöunda áratugnum. Maður gæti vel séð fyrir sér Twiggy dansa um í hinum fjólubláu og silfurlitu kjólum hér í denn.

Á tískusýningunni var boðið upp á súkkulaði og kampavín og söngvarinn John Legend steig á svið. Var þetta að nokkru leyti í tilefni af útgáfu bókarinnar Gucci by Gucci þar sem farið er yfir sögu hönnuðarins og fyrirtækisins. Bókin kemur í verslanir Guccis síðar á árinu.



Litríkt og ermalaust



Fjólublátt og flott



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Stígvélaði kötturinn Raymond Massaro

Haustið er komið og nú nálgast tími leðurstígvélana sem eiga betur við í misjöfnu haustveðri, meira að segja hér í París þar sem haustrigningarnar standa sem hæst. Reyndar eru stígvél í tísku um þessar mundir, meira en nokkru sinni fyrr. Skemmst er að minnast þeirra úr sumartískunni sem ekki er algengt. Í vetrartískunni eru þau úr leðri, krókódíla- og slönguskinni, með loðfóðri og svo mætti áfram telja. Stígvélunum hefur sömuleiðis bæst öflugur liðsauki, reyndar ekki alveg nýr af nálinni, í fótabúnaði sem nær upp á mið læri (cuissardes).

Áður var það ofureðlilegt að láta smíða á sig skó. Þaðan kemur orðið skósmiður að sjálfsögðu. Nú heyrir það til undantekninga enda verðið langt frá því að keppa við fjöldaframleidda kínverska skó sem flæða um allt.

Raymond Massaro er sonur og sonarsonur skósmiðs og án þess að taka of sterkt til orða sá besti í Frakklandi. Hann er sá síðasti í röðinni því enginn úr fjölskyldunni mun taka við eftir hans dag. Tískuhúsið Chanel hefur þó bjargað arfleiðinni og er nú eigandi Massaro-skómíðastofunnar. Massaro smíðar fyrir marga af frægustu tískuhönnuðum hér í landi, svo sem Christian Lacroix, John Galliano, Gianfranco Ferré og framleiðir skó fyrir hátískusýningar Chanel. Auk þess leita fjölmargir viðskiptavinir beint til Massaros til að láta smíða á sig skó eftir máli.

Aðferðirnar hafa ekkert breyst í gegnum árin. Skórinn er saumaður á trémót sem hefur verið skorið út eins og skúlptúr, frummynd sniðin úr afgangsleðri en hinn eiginlegi skór er ekki framleiddur úr hinu besta leðri fyrr en eftir fyrstu mátun viðskiptavinarins á frumeintakinu. Heildarvinnutími við hvert skópar er um fjörutíu stundir.

Um 1930 voru um 300 viðskiptavinir hjá Lazare Massaro sem oftast keyptu þrjú skópör á ári. Meðal þeirra voru greifynjan af Windsor, Elizabeth Taylor, Marlene Dietrich og Romy Schneider svo nokkrir séu nefndir. Í dag hefur sonarsonurinn um 3000 viðskiptavini sem flestir kaupa þó aðeins eitt par á ári. Verkstæðið er við Rue de la Paix, í göngufæri við tískuhús Chanel við Cambon-götu. Þar hannaði Massaro hinu frægu drapplituðu skó með svörtu silkitánni 1958, ásamt mademoiselle Chanel, skó sem æ síðan hafa verið endurhannaðir í ýmsum myndum.

Massaro hannaði að vanda skó fyrir hátískusýningu Chanel vetrurinn 2006-7 í júlí síðastliðnum. Í þetta sinn voru það stígvél upp á mið læri sem fóru vel við stuttu kjólana, meira að segja brúðurin var í slíkum stígvélum, gerðum af Raymond Massaro.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

Lagersala
Euro sko
Flatahrauni 5a
á móti Iðnskólanum
Opið 13-19 virka daga
og 13-17 laugardaga
og sunnudaga.
Aðeins 4 verð
500 1500 3000 og 5000
EURO SKO
Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Beyoncé er ein þeirra stjórstjarna sem hafa látið sjá sig í „sáraumbúðaklæðnaði" að undanförnu.

# Sáraumbúðaklæðnaður

***Hönnun frá níunda og tíunda áratugnum nýtur vinsælda.***

Þótt tískufrömuðurinn Hervé Léger taki ef til vill ekki þátt í tískuvikunni í París að þessu sinni er hönnun hans aftur í sviðsljósinu.

Hönnuðir frá fatamerkjum á borð við Proenza Schouler og Christopher Kane hafa augljóslega sótt í smiðju Léger með svokölluðum sáraumbúða-klæðnaði sem Léger gerði meðal annarra frægan á níund og tíunda áratugnum.

Ekki skemmir fyrir að stórstjörnur á borð við söngkonuna Beyoncé sýnt línurnar í ósviknum Hervé Léger-klæðnaði á rauða dreglinum.




FRÁBÆRIR HEILSUSKÓR
Brigitte Ravel
hæsti gæðaflokkur



stærðir 36-41



stærðir 36-41

BARNASKÓR -mikið úrval
STABIFOOT
hæsti gæðaflokkur





stærðir 18-26



stærðir 18-34



stærðir 18-34

www.xena.is
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.



MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www. ljosmynd.is

FLOTTAR KVARTBUXUR



Ríta
Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Nýjar vörur frá NP
Vertu þú sjálf - vertu Belladonna
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15




HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
FÁKAFEN 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




Siggi í Smash í eigin fötum.

**KÚLTIVERAÐUR SIGGI**
Brunns Bazaar skyrta 8.990
Acne gallabuxur 15.990
Frank Wright skór 15.990
Tiger of Sweden vesti 14.990



Vala Magnúsdóttir, verslunarstýra í Deres, í sínum eigin fötum.

**VALA KOMIN Í FÖT FRÁ SAUTJÁN**
Studio vesti 5.990
Teddy skyrta og bindi 8.990
Miss Sixty buxur 14.990
Rautt veski 7.990
Armbönd 990

# Sjaldan er ein týpan stök

***Verslunarstjórar tískuvöruverslana hugsa almennt mikið um tísku, enda verður varla hjá því komist í slíku starfi. Því fannst okkur tilvalið að fá fjóra þaulvana verslunarstjóra til að klæða hver annan upp.***

Um er að ræða Völu Magnúsdóttur, verslunarstýru í Deres, Siggu í Smash, Sigrúnu Hjálmarsdóttur, verslunarstýru í Sautján og Jón Auðunarson í Kultur Men. Fjórar búðir sem stíla inn á nokkuð ólíka markhópa og fjórir verslunarstjórar með svolítið ólíkan fatasmekk... eða hvað?

Verslunarstjórar og -stýrur fengu alveg frjálsar hendur við fatavalið en merkilegt nokk komu þau þó öll töluvert svipuð út úr umpóluninni. Til dæmis voru nánast valin eins föt á Sigga úr Smash og Völu í Deres, en Vala var klædd í hvíta skyrtu, svart vesti og þröngar svartar buxur úr Sautján. Siggi var settur í dress úr Kultur Men en fyrir tilviljun fór hann í nánast sömu föt og Vala (vantaði bara veskið). Það er samt ekki hægt að segja að þau séu ekki svolítið töff.

*margret.hugrun@frettabladid.is*



Sigrún Hjálmarsdóttir,verslunarstýra í Sautján, sést hér í sínum eigin fötum.

**SIGRÚN Í FÖTUM FRÁ DERES**
Sparkz peysa 4.990
Diesel bolur 4.990
Levi's buxur 13.990
Converse skór 7.990



Jón Auðunarson frá Kultur men í sínum fötum.

**BÚIÐ AÐ SMASHA JÓN UPP**
Carhart buxur 9.900
Fresh Jive bolur 3.990
Ég skór 9.990
Volcom belti 4.990
Carhart húfa 3.990

# Fínerí frá Clinique

***Falleg og náttúruleg förðun með sígildum litum Clinique.***

1. Veik fyrir bleiku: Patchwork Pink kinnaliturinn kemur í takmörkuðu upplagi. Hann lýsir upp hæsta hluta kinnbeinanna og gefur fallegan ljóma.

2. Brush-on Cream Liner: Blautur augnfarði (e. eyeliner) sem er borinn á með litlum pensli. Krefst örlítillar lagni en er frábær þegar þú kemst upp á lagið með hann. Má líka dreifa til og nota þannig sem skyggingu.

3. Paprika Soft Shine: Mjúkur og góður paprikulitaður varalitur.

4. Tiger Lily augnskuggi: Augnskuggar sem virka rosalega vel með Brush on Creamliner augnfarðanum. Berið ljósa litinn yfir allt augnlokið og notið svo dökka litinn frá rótum augnhára. Látið litinn dofna út því ofar sem hann er borinn á augnlokið og kórónið svo meistaraverkið með því að munda litla augnfarðapensilinn sem kemur með Cream Liner farðanum.



Snyrtivörur frá Clinique




Frískandi og mildir hreinsiklútar fyrir augn- og andlitsfarða.

Fást í verslunum um land allt. Dr. Fischer




Þeim kemur vel saman, leikkonunum Brooke Shields og Elizabeth Taylor.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stjörnufans hjá Macy

***Fjöldi leikara og annarra stjarna kom fram á tískusýningu Macy's í vikunni.***

Verslanakeðjan Macy's í Santa Monica í Kaliforníu stóð fyrir gala-samkundu í vikunni. Þar voru kynntar nýjar línur í fatnaði fyrir veturinn og meðal annars kynnti söngvarinn P. Diddy nýja tískulínu sína.

Sharon Stone hélt tölu og Elísabet Taylor lét sjá sig þó völt væri á fótunum. Hún var þó dyggilega studd af vinkonu sinni Brooke Shields.



Söngvarinn P. Diddy kynnti nýjar flíkur úr hönnun sinni fyrir veturinn.


allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga





**Laugavegur dúnúlpa**
Litur: Hvítur, brúnn, grár, svartur
**19.740 kr.**



**Þórsmörk parka**
vatnsheld dúnúlpa
Litur: Ryðrauður, grár beinhvítur, brúnn
**20.790 kr.**

**Veðurhorfur í október**
**nóvember, desember...**



**Þórsmörk parka**
vatnsheld dúnúlpa
Litur: Brúnn, hvítur, grár, svartur
**30.240 kr.**



**Tindur dúnúlpa**
Litur: Grár, svartur, ólívugrænn
**26.240 kr.**

**Barnaúlpur**



**Þór úlpa**
Litur: Svartur, rauður, blár, ljós brúnn
**9.700 kr.**



**Bragi dúnparka**
vatnsheld dúnúlpa
Litur: Rauður, blár, grár
**13.440 kr.**



**Bragi dúnúlpa**
Litur: Blár, rauður
**11.340 kr.**

66° NORÐUR

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12

GARÐABÆR:
Miðhraun 11

AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is



Með því að fara í gegnum eldhússkápana og ísskápinn, fleygja því sem má henda og endurupprraða pottum og pönnum skapast oft auka skápapláss sem heimafólk tekur ávallt fegins hendi.




Rýmum fyrir nýrri sendingu
Flísar með 50% afslætti.
WC á 19.000 og margt fleira.
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488



Ertu skóhólisti?
Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvéladaðhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.
www.theclearbox.com - sími 511 0909



Barnamyndatökur
Nú er rétti tíminn til að mynda börnin!
Svart hvítt og lit
Ljósmyndaþjónusta
Hverafold 1-3, Pantanir í síma 517-1166, www.svarthvitt.is

AMERÍSKU RANGER HANDKLÆÐIN!
35 % AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM LITUM
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

GLUGG-INN
Nýkomið!
BASTVÖRUR
og
LUKTIR
Fákafeni 11 og Bæjarhrauni 12, Hf. Opið alla daga




Á fyrstu hæðinni fást alls kyns bækur, tímarit, snyrtivara og síðast en ekki síst fylgihlutir, meðal annars þessi fallegu veski.



Skreytingar og útstillingar setja skemmtilegan svip á 3 hæðir enda var unnið hörðum höndum að því að skapa réttu stemninguna, afslappað andrúmsloft þar sem öllum líður vel.

# Lífsstílsverslun sem stendur undir nafni

***Fyrir skemmstu var ný búð opnuð á Laugavegi 60 undir heitinu 3 hæðir, en það er lífsstílverslun með vönduðu vöruúrvali.***

„Þetta er lífsstílsverslun að erlendri fyrirmynd,“ segir Helga Valfells, annar tveggja eigenda 3 hæða. „Eins og heitið gefur til kynna er verslunin á þremur hæðum og er hver þeirra helguð ákveðnum vöruflokkum.“

Bækur, tímarit, tónlist, gjafavara, fylgihlutir og snyrtivara verða að finna á fyrstu hæðinni að sögn Helgu.

„Önnur hæðin er undir dömu- og herrafatnað frá virtum tískuframleiðendum á borð við Gorilla, Commes des Garçons, Vanessu Bruno og D Square,“ heldur Helga áfram. „Á þriðju hæðinni má finna heimilisvörur og jafnframt lítið veitingahús, þar sem boðið verður upp á kaffi og léttan, hollan mat á öllum tímum dagsins nema á kvöldin.“

Helga segir hugsunina vera þá að fólk geti komið í búðina hvort sem er til að kaupa fín föt eða fá sér góðan kaffibolla. „Okkur fannst hreinlega vanta verslun af þessu tagi hérlendis, þar sem fólk er komið með leið á sérhæfðum búðum,“ segir Helga og er með því að vísa til þeirra fjölbreyttu vöruflokka sem eru í boði í 3 hæðum.

Helga hefur töluverða innsýn í rekstur þar sem hún hefur um árabil starfað við rekstrarráðgjöf. Ekki skemmir fyrir að meðeigandi Helgu að 3 hæðum er Guðlaug Halldórsdóttir sem rak áður textílvöruverslunina Má Mí Mó við góðan orðstír. Þær stöllur kynntust einmitt á meðan Helga starfaði hjá Útflutningsráði og hófu samstarf fljótlega upp úr því.

Auk þeirra Helgu er Hildur Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri 3 hæða og mun sjá um daglegan rekstur verslunarinnar. Helga segist vera ánægð með að hafa fengið Hildi til starfa þar sem reynsla hennar af stílfræði muni koma sér vel fyrir búðina. Það er því bara um að gera og kíkja við í 3 hæðum og skoða þessa skemmtilegu viðbót við það fjölbreytilega verslunarlíf sem er að verða til á Laugaveginum.

*roald@frettabladid.is*



Á efstu hæðinni er fallegt veitingahús þar sem hægt er að panta sér góðan mat og blaða í bókum eða tímaritum búðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Það er bjart um að lítast í 3 hæðum og ekki laust við að manni líði eins og heimsborgara þegar gengið er inn í búðina.



3 hæðir er lífsstílsverslun sem stendur undir nafni því þar er að finna margt af því sem vekur vellíðan og virkar vel gegn grámyglulegum hversdagsleikanum. iPodar eru meðal þess sem fæst í búðinni.



Fötin í 3 hæðum eru allt frá því að vera þægileg hversdagsföt yfir í spariklæðnað, sem eiga það sameiginlegt að vera það heitasta um þessar mundir.



Á annarri hæð er gott úrval fata frá þekktum og virtum hönnuðum. Eins og stendur er hlutfall dömufatnaðar hærra en til stendur að fjölga fötum á herrana.



Frumlegar útstillingar eru hvert sem auga er litið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Haustlaukarnir - niður nú!

Þegar haustregnin hafa barið niður það sem eftir var af sumarblómunum og prakt fjölæru plantnanna orðin svipur hjá sjón, þá tekur við nýr tími í garðinum. Nú þarf að raka saman föllnu laufi og setja það í nettum lögum á milli trjáa, runna og fjölæru plantnana, en kannski ekki síst ofan á beðin þar sem við höfum gróður-sett haustlaukana. Og það er einmitt núna sem við gerum það. Þeir munu gera sig klára þarna ofan í moldinni í haust, tilbúnir að skjóta upp blöðum og blómum þegar vorar aftur á ný.

### Fáar tegundir en mikið úrval

Í stórum dráttum eru haustlaukarnir flokkaðir í þrjá hópa eftir því hvernig þeir haga sér í garðinum og hvernig þeir eru notaðir. Til „ýmissa smálauka“ teljast allir smágerðir laukar sem plantað er í smábletti hér og hvar – eiginlega alls staðar þar sem við finnum fyrir þá pláss. Þeir eru líka lágvaxnir. Af þessu tagi eru til dæmis vetrargosar, vorboðar, snæstjarna og stjörnulilja. Flestir krókusar líka. Þessir laukar koma upp ár eftir ár og magnast og margfaldast ár frá ári. Það sem þeir þurfa er hæfileg moldarhula, svo sem sjö til átta sentimetrar, og að öðru hverju sé því sinnt að grisja þá þegar fer að þrengjast um plönturn-ar. Í öðrum hópi eru svo túlipanar og páskaliljur. Þetta eru tegundir sem allir þekkja og njóta líklega mestra vinsælda, svona almennt. Þessir laukar þurfa að fara um tíu til fimmtán sentimetra ofan í moldina. Og þeir dafna best í frjórri og hæfilega rakri garðmold. Þegar þeir eru lagðir er mjósti hluti þeirra, totan, látin vísa upp. Einn hópurinn enn er svo mismunandi stórir laukar af nokkuð hávöxnum tegundum. Þær taka sig oftast best út sem smáhópar með þrem til tíu-fimmtán plöntum sem oft er beitt sem einskonar undirstrikun við eitthvað sem við viljum vekja sérstaka athygli á í garðinum.

### Túlipanarnir – tilkomumiklir

Án efa eru það túlipanarnir sem hafa vinninginn í eintakafjölda haust-laukainnkaupanna. Af þeim eru til nokkrir flokkar með mismunandi hæð og blómgunartíma. Og hæð og blómgunartími túlipananna helst í hendur: Lágvaxnir túlipanar blómgast fyrr en hávaxnir. Þess vegna er hægt að planta saman túlipönum af lágvöxnum og hávöxnum sortum. Þá tekur hver við af annari. Láta þá fyrstu byrja í lok apríl eða byrjun maí og þá síðustu standa í blóma um tveim mánuðum síðar. Blómlitir túlipananna ná eiginlega yfir allan skala blómalitanna. Þó eru þeir ekki til heiðbláir og „svartir“ túlipanar eru eiginlega dimm-rauðfjólubláir þegar grant er skoðað. Bil milli einstakra lauka þarf að vera um 12-15 cm. En þar sem blandað er saman túlipana-flokkum geta þeir staðið mun þéttar, sé þess bara gætt að þessu bili sé haldið fyrir hverja sort. Túlipanar njóta sín ágætlega í hnöppum með tíu til fimmtán í hverjum. Tilkomumestir eru þeir þó í stærri breiðum með hundrað laukum á fermetra. Túlipanar endurnýja sig árlega, en ná yfirleitt ekki þeirri stærð sem þarf til að skila sama blómflúri seinna sumarið. Til þess þarf sumarið að vera fremur milt og langt. Þó kemur það fyrir að sömu túlipanarnir blómgist árum saman á sama stað. En ef við viljum halda sömu gæðum að staðaldri ár eftir ár, borgar sig að skipta laukunum út árlega.

### Páskaliljur – praktuglegar

Þrátt fyrir nafnið blómgast páskaliljur sjaldnast um páskana hér á landi. Þeirra tími er oftast ekki fyrr en í áliðnum maímánuði og vel fram undir Jónsmessuna. Eins og hjá túlipönum er páskaliljum raðað í nokkra flokka eftir gerð. Afbrigðafjöldinn er ótelj-andi, þótt að í almennri sölu og dreif-ingu manna á milli sé reynt að halda úrvalinu í skefjum, enda er í sjálfu sér ekki svo mikill munur á þeim. Þó eru til ýmsar formgerðir. Flestar eru þær gular, rjómagular eða hvítar. Páskaliljur bera lútandi blóm og eru fremur stórblóma. En smávaxnari tegundir njóta líka vinsælda, eins og t.d. hin netta ‚Tete-a-tete‘ sem mest er í umferð sem pottaplanta um páska-leytið, en er líka fyllilega harðgerð í görðum. Páskaliljur fara vel í hnöpp-um, nokkrar saman eða í stórum og dreifðum breiðum þar sem rými leyfir. Bilið milli lauka þarf að vera um 15 sentimetrar. Laukarnir eru fjölærir og blómgast á sama stað árum saman, sé jarðvegur þeim hagstæður.



Alberdoorn túlipanar


Fisléttar - Harðar - Sterkar




TITAN

Léttustu ferðatöskurnar

Pantanir óskast sóttar.

Drangey

Smáralind, sími 5288800,
www.drangey.is





LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 551-6646



PARKET & GÓLF

FINNSKIR DAGAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF GÓLFEFNUM FRÁ FINNLANDI



SPENNANDI KAUPAUKAR

Ef þú verslar gólfefni frá Finnlandi á finnskum dögum í Parket & gólf hefur þú möguleika að vinna spennandi kaupauka. Aðalvinningurinn verður dreginn út í beinni útsendingu á Bylgjunni í lok október.

1. Dekurferð til Finnlands fyrir tvo
2. Vandaðir Nokia símar
3. Glæsileg Nokia stígvél

PARKET & GÓLF

PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

kaldaljós 2006







Fifty Fifty er ný lína sem er undir áhrifum frá fimmta og sjötta áratugnum.



Ein af aðallínum Cult er lína sem heitir „Primula“. Við Íslendingar þekkjum Primulu sem fjölæra blómategund í flóru garðablómanna undir nafninu Lykill. Fallegt blómamynstur er gegnumgangandi í Primulunni, nú í brúnum, lilla og bleikum litum.



Barokklínan er haust og jólalína Cult. Grunnurinn er línunni er mattur en mynstrið er upphleypt og glansandi. Fallegt er að blanda brúnu Barokk með appelsínugulum litum og jafnvel hörlit.

# Náttúran sem áhrifavaldur

***Haustlína Cult Design einkennist af fjólubláum, brúnum og appelsínugulum litum.***

Vörur frá sænska fyrirtækinu Cult Design fást nú hérlendis, en vörurnar einkennist bæði af látlausum stíl og mörgum mynstrum. Innan veggja Cult starfa hönnuðir, bæði fastráðnir svo og lausráðnir; allt hönnuðir sem komið hafa víða við og starfað hjá mismunandi þekktum fyrirtækjum með vel þekkt vörumerki í gegnum tíðina. Hönnunin einkennist af miklu notagildi sem og stílhreinum línum. Rauði þráðurinn í öllum vörulínum Cult er sá að vörurnar falla vel saman, hægt er að taka nánast hvað sem er og blanda saman með næsta hlut, það eina sem þarf að gera er að velja tóninn og framhaldið er leikur einn.

Náttúran er einn mikilvægasti áhrifavaldurinn í hönnun Cult. Með náttúruna að leiðarljósi hanna hönnuðir Cult það sem fólk leitar eftir, bæði á morgun, næsta ár og í framtíðinni. Hugmyndir þeirra þróast, sumar hverjar komast á teikniborðið, aðrar verða að fullunni vöru. Sumar verða alltaf bara hugmyndir.

Í Cult Design má finna hluti eins og blómapotta bæði háa og lága, vasa, kertastjaka margar gerðir, glerskálar og glerpotta, servíettur, löbera, púða, hillur og eldhúslínur. Hægt er að velja grunnbakka í hvítu, svörtu, gegnheilli eik eða hnotu sem passa undir allar stærðir af pottum, vösum og kertastjökum.

Nánari upplýsingar um vöruna og útsölustaði er að finna á www.yd.is. Umboðsaðili Cult Design á Íslandi, Yd design, Tangarhöfða 6, 110 Reykjavík.









Það er óþolandi að finna aldrei neitt inni á baði hjá sér.

# Óreiða á baðinu

ÞAÐ KOSTAR EKKI MIKLA FYRIRHÖFN AÐ KOMA SKIPULAGI Á BAÐHERBERGIÐ.

**Byrjaðu á að flokka saman:**
- Flöskur sem innihalda of lítið magn til að það sé sparað.
- Prufur sem þú hefur ekki opnað ennþá.
- Snyrtivörur í litum sem þú notar aldrei.
- Hluti sem eru með útrunna dagsetningu.
- Baðleikföng sem allir hafa misst áhugann á.
- Gamla tannbursta.
- Dagkrem, húðkrem, sjampó o.s.frv, svo lengi sem það er til tvennt af því sama.

**Lausn:**
Skrepptu í IKEA og keyptu veggpoka með vösum (sem stundum er notaður fyrir skótau). Hengdu pokann á baðherbergisdyrnar innanverðar. Fylltu svo pokann af brúsum, leikföngum og þessháttar. Komdu hnífaparaskúffu fyrir í baðherbergisskúffuna til að hafa stjórn á snyrtivörunum og flokkaðu að lokum lyfjasafnið þitt eftir viðeigandi veikindum. Til dæmis má setja lyf við kvefpestum saman, höfuðverkjatöflur saman o.s.fvr. Hentu því sem of lítið er eftir af í brúsum. Hentu prufum eða settu þær allar saman í litla körfu og settu opna körfuna á gestabaðherbergið svo að gestir fái að nota þær.

**Viðhald:**
- Taktu til í lyfjaskápnum með nokkurra mánaða millibili.
- Ef þú notar ekki einhvern ákveðinn hlut eða vöru í eitt ár þá skaltu henda honum (til dæmis hárband, húðkrem eða álíka).
- Hafðu bara það sem þú notar reglulega inni á baði en geymdu aukavörur annars staðar.
- Taktu til á baðinu á hverjum degi. Þetta kemur í veg fyrir maraþonhreingerningar seinna í vikunni.
- Hafðu hreinlætisvörur við hendina á baðherberginu. Til dæmis einnota klúta sem hægt er að henda strax.

*Gangi þér vel!*



# Tveir símar - eitt númer

NÚ ER HÆGT AÐ HAFA FLEIRI EN EINN FARSÍMA MEÐ SAMA NÚMERINU.

Sumir eiga tvo farsíma hvorn með sitt númerið en nú hefur Og Vodafone kynnt til sögunnar þjónustu sem nefnist aukakort. Hún gerir farsímanotendum mögulegt að hafa eitt og sama númerið í tveimur GSM-tækjum. Þjónustan hentar til dæmis þeim sem eru með símtæki fyrir tölvupóstsamskipti og GSM-þjónustu í vinnu en vilja hafa léttari og smærri GSM-síma utan vinnutíma. Þá kemur þessi möguleiki að góðum notum fyrir þá sem eru með innbyggðan GSM-búnað í bifreiðum sínum.










**Margir byrja á því** að kaupa sér rándýran íþróttafatnað áður en líkamsræktin er hafin. Notið frekar það sem þið eigið fyrir þangað til líkamsræktin er orðin að rútínu. Þá má verðlauna sig með flottum íþróttafatnaði.



# Zen-námskeið

***Þriðjudaginn 10. október næstkomandi verður haldið námskeið í zen-hugleiðslu með zen-meistaranum Jakusho Kwong roshi.***



Jakusho Kwong roshi.

Kwong roshi byrjaði að iðka zen árið 1960 og stofnaði Sonoma Mountain Zen Center í Kaliforníu árið 1973. Hann kom fyrst til Íslands árið 1987 og hefur komið árlega til landsins til að leiðbeina félögum Zen á Íslandi. Árið 2003 kom út fyrsta bók Kwong roshi „No Beginning, No End“ sem og hljóðbókin „Breath Sweeps Mind“.

Námskeiðið stendur frá kl. 18-22 og fer fram á Laufásvegi 22. Byrjendum og þeim sem einhvern tíma hafa lagt stund á hugleiðslu gefst einstakt tækifæri til að kynnast grunnatriðum zen-iðkunar, þar sem Kwong roshi og nokkrir af eldri nemendum hans á Íslandi munu leiðbeina þátttakendum og svara spurningum um zen-hugleiðslu. Nánari upplýsingar og skráning er á www.zen.is eða branda@mmedia.is.










# Bumbubúi í þrívídd

***Guðlaug María Sigurðardóttir, ljósmóðir og nálastungusérfræðingur, býður verðandi foreldrum upp á þrívíddarmyndir af börnum þeirra.***



Hér sést þrívíddarsónarinn sem Guðlaug María notar við ómskoðanir. Hún er sú eina sem býður upp á þessa þjónustu á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þrívíddarsónar er tækni sem gefur færi á því að ómskoða í þrívídd,“ útskýrir Guðlaug María. „Í venjulegri ómskoðun er hægt að mæla fóstur og skoða innri líffæri, en með þrívíddarsónar er hægt að sjá það utan frá. Svo er talað um fjórvíddarsónar, en með því er átt við möguleikann á að sjá hreyfingar barnsins.“

Guðlaug María segir að við góð skilyrði sé hægt að ná mjög skýrum myndum af barninu, en rekur þann varnagla þó á að það fari eftir konunni sem undirgengst skoðunina. „Það er háð því hvort konur séu með mikla fitu á kviðvegg eða ekki, staðsetningu fylgju, magni legvatns og legu barnsins,“ útskýrir hún. „Það þarf til dæmis að vera legvatn á milli barns og legveggs móður því annars er erfitt að komast á milli til að mynda.“

Guðlaug María mælir með að konur komi ekki í skoðun fyrir 24 viku, því fyrir þann tíma sé húð barnsins oft svo þunn að beinin sjáist. „Skemmtilegustu myndirnar nást frá 24 til 32 viku, eftir það aukast líkur á að barnið hafi skorðað sig í grindina og því ólíklegra að ná myndum af andliti þess,“ segir hún. „Vilji fólk ekki sjá kyn barnsins, er síðan lítill vandi að sneiða hjá því,“ bætir hún við.



Hefðbundin sónarmynd af 38 vikna barni. MYND/GUÐLAUG MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

Aðspurð segir Guðlaug María enga hættu stafa af þrívíddarsónar svo vitað sé. „Hann gefur frá sér sams konar bylgjur og hefðbundinn tvívíddarsónar,“ segir hún. „Í tvívíddarsónar er sneiðmynd tekin og því beinast bylgjurnar allar á einn stað. Í þrívíddarsónar dreifast þær, svo minna álag er á vefinn.“

Guðlaug María er sú eina á landinu sem býður upp á ómskoðun í þrívídd. Hún segir spítalana ekki bjóða upp á þessa þjónustu af þeirri einföldu ástæðu að myndatakan hafi eingöngu afþreyingargildi fyrir verðandi foreldra, sem vilji kíkja á kúlubúann. „Það er í raun ekkert læknisfræðilegt við þessa skoðun,“ segir hún.

Boðið er upp á þrívíddar- og fjórvíddarómskoðanir í 9 mánuðum að Akralind 8 í Kópavogi, sem er í eigu Guðlaugar Maríu. Fyrirtækið var upphaflega heildsala fyrir vörur sem tengjast nálastungumeðferð en varð síðan hluti af heildrænnni meðferðarstofu undir heitinu Fyrir fólk, sem er í sama húsnæði. Að sögn Guðlaugar Maríu er Fyrir fólk rekið af nokkrum sjálfstæðum meðferðaraðilum, sem eru með góða menntun og víðtæka reynslu á sviði heildrænna meðferðarmála. *roald@frettabladid.is*



Hér sést nærmynd af 38 vikna barni, sem hægt er að ná með sónarnum hjá Guðlaugu Maríu. MYND/GUÐLAUG MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



## Það er ekki dýrt að hugsa um heilsuna

Hér eru nokkrar ókeypis leiðir sem þú skalt venja þig á á leið þinni að betri heilsu, bættara lífsmynstri og margfalt betri líðan.

**Lestu þér til um næringargildi matvæla á umbúðunum.**
Það er grundvallaratriði að vita hvað maður lætur ofan í sig. Það eru reglur í þessu góða landi um að umbúðir matvæla skuli sýna næringarinnihald vörunnar og ef upplýsingarnar eru ekki fullnægjandi skaltu bara sleppa því að kaupa vöruna. Ekki láta duga að lesa á merkimiða vörunnar þar sem segir t.d. að varan innihaldi 50% minni sykur en áður eða aðeins 1% fitu. Merkimiðarnir eru markaðstól og segja ekki alla söguna en innihaldslýsingar eru staðreyndir.
Gott er að hafa próteinhlutfallið frekar hátt og leitaðu eftir „þar af sykur“ í kolvetnishlutanum. Sykurinnihald skal almennt ekki vera meira en 10% af heildinni, þ.e.a.s ekki meira en 10 g af 100 g eða alls ekki hærra en 15 g. Svo er fita ekki bara fita. Holla fitan er fjölómettaða og einómettaða fitan (eins og t.d. í ferskum fiski) en við þurfum að forðast mettaða fitu. Slík fita getur valdið hárri blóðfitu og hækkað „vonda“ kólesterólið í blóðinu á meðan holla fitan getur hækkað „góða“ kólesterólið.
Að læra að lesa á umbúðir og velja eftir því er stórt skref í átt að auknum efnaskiptum líkamans vegna hreinni fæðu og þar af leiðandi betri heilsu.

**Þú þarft kolvetni, prótein og fitu**
Veljið vörur sem hafa alla þessa þrjá orkugjafa. Ekki sækja endilega í vörur sem t.d. eru alveg fitulausar (þær innihalda oft mikinn sykur). Við mennirnir höfum í árþúsundir gengið fyrir þessum þremur orkugjöfum og munum gera það áfram. Vandamálið er einfaldlega að við þurfum að hugsa betur um hlutfall þessara þátta í fæðu okkur en forfeður okkar og mæður þurftu að gera, meðal annars vegna kyrrsetulífsstílsins. Stærsta vandamálið er þetta gríðarlega magn af sykri (flokkast sem einfalt kolvetni) sem við neytum, en við megum alls ekki hætta að borða allt kolvetni þar sem það er stærsti orkugjafi okkar. Veljum gróft korn og hýðishrísgrjón í stað hveitis og hvítra hrísgrjóna og t.d. þurrkaða ávexti og lífrænar kókosflögur í stað sætinda.

**Þú þarft að hreyfa þig!**
Það er ekki nokkur leið að vera við góða heilsu, ef þú hreyfir þig ekki. Þú kemst kannski upp með það í einhvern tíma á yngri árum, en fljótlega þarftu að fara að borga fyrir kyrrsetuna. Því lengri tími sem líður þeim mun verra verður það. Svo það eru dýrir og miskunnarlausir vextir á þessu „láni“.

**Drekktu vatn!**
Vatnið er ódýrasta og besta leiðin til betri líðanar almennt. Vatnið er til alls fyrst og er eitt besta heilsuleyndarmál sem vitað er um fyrr og síðar. Reyndar er þetta ekkert leyndarmál. Það vita þetta allir, en aðeins örfáir fara eftir því. Þú getur síður lést, melt fæðu, framleitt nýjar frumur og afkastað einhverju ef þú ert vatnsþurfi. Og ef þú drekkur minna en einn og hálfan lítra af vatni á dag ertu vatnsþurfi, þó þú finnir ekki endilega fyrir því.

*Farið vel með ykkur, ókeypis!*
*Kær kveðja, Borghildur*

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 | Keflavík Sími 421 8808 | Akureyri Sími 464 7940 | www.ih.is

MIKIÐ ÚRVAL AF NOTUÐUM BÍLUM

# Á FRÁBÆRU VERÐI!

LÍTTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP.

50.000 kr. bensínkort frá EGÓ fylgir öllum bílum!



ALLT AÐ 100% LÁN!

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 | Keflavík Sími 421 8808 | Akureyri Sími 464 7940 | www.ih.is



YB247 Subaru Legacy Wagon nýskr. 02/02 bsk. Ek. 120 þús. km. Verð 980.000. Tilboð 650.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



RT037 Opel Zafira Comfort 1.6 nýskr. 11/99 bsk. Ek. 85 þús. km. Verð 860.000. Tilboð 680.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



RH803 Nissan Double Cab E 33“ nýskr. 06/04 bsk. Ek. 59 þús. km. Verð 2.480.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



TK428 Opel Astra 1.6GL nýskr. 01/99 bsk. Ek. 140 þús.km. Verð 590.000. Tilboð 390.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



ZR216 Ford Focus C-Max nýskr.03/06 ssk. Ek.3.þús.km. Verð.2.470.000. Tilboð.2.250.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UK247 Subaru Legacy Wagon nýskr.09/02 ssk .ek.91.þús.km. Verð.1.340.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



NH116 Suzuki Liana 4WD nýskr. 06/03 bsk. Ek. 61 þús.km. Verð. 1.230.000. Tilboð.770.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



PX627 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 08/00 ssk. Ek. 145 þús.km. Verð 930.000. Tilboð 670.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



TS034 Nissan Pathfinder 2.5 LE nýskr. 01/06 ssk. Ek.12 þús.km. Verð 5.290.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



KH904 Opel Combo nýskr. 11/03 bsk. Ek. 58 þús.km. Verð 980.000. Tilboð 570.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



MN510 Opel Vectra 1.6CD nýskr.10/97 ssk. Ek.112.þús.km. Verð. 420.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UX612 Subaru Forester CS nýskr.07/00 ssk. Ek.93.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



PG909 Nissan Micra Visia nýskr. 06/04 bsk. Ek. 68 þús.km. Verð 1.170.000. Tilboð.880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



OU279 Toyota Avensis Executive nýskr. 12/05 ssk. Ek. 7 þús.km. Verð 3.090.000. Tilboð 2.580.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



BV367 Toyota Corolla nýskr. 11/04 ssk. Ek. 38 þús.km. Verð 1.850.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



NK624 Subaru Forester AX nýskr. 08/98 ssk. Ek. 126 þús.km. Verð 730.000. Tilboð 450.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



LM665 Nissan Vanette nýskr.09/02 bs. Ek.46.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



EB251 Nissan Patrol Elegance 33“ nýskr.05/03 ssk. Ek.84.þús.km. Verð.3.490.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



LI717 Mitsubishi Pajero Sport nýskr. 01/00 bsk. Ek. 137 þús.km. Verð 1.660.000. Tilboð 1.180.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



VX632 Subaru Impreza LX nýskr. 08/99 bsk. Ek. 104 þús.km. Verð 620.000. Tilboð 450.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



OV417 Nissan X-Trail Sport nýskr. 07/05 ssk. Ek. 18 þús.km. Verð 2.960.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



YF535 Opel Vectra 1.6GL nýskr. 05/98 ssk. Ek. 147 þús.km. Verð 460.000. Tilboð 290.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



DE241 Nissan 350Z nýskr.03/05 bs. Ek.5.þús.km. Verð.3.970.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



PU069 Opel Combo C Van nýskr.07/03 bs. Ek.39.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



PS775 Opel Astra 1.6GL nýskr. 02/00 bsk. Ek. 121 þús.km. Verð 720.000. Tilboð.490.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



SL005 Nissan Primera GX nýskr. 09/99 bsk. Ek. 70 þús.km. Verð 550.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



NB910 Chevrolet Trailblazer LT nýskr. 09/04 ssk. Ek. 48 þús.km. Verð 3.570.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



NI096 Toyota RAV4 nýskr.11/03 ssk. Ek.74.þús.km. Verð.2.350.000. Tilboð.1.960.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



SL379 Nissan Almera Comfort nýskr.02/03 bs. Ek.67.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



YF106 Subaru Legacy Wagon nýskr.06/01 ssk. Ek.90.þús.km. Verð.1.280.000.Tilboð.980.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UL838 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr. 08/00 ssk. Ek. 83 þús.km. Verð 1.070.000. Tilboð 870.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



TH684 Renault Megane nýskr. 09/04 bsk. Ek. 19 þús.km. Verð 1.660.000. Tilboð 1.460.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



RU591 Subaru Forester CS nýskr. 01/01 bsk. Ek. 157 þús. km. Verð 880.000. Tilboð 490.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.



DM246 Renault Megane nýskr.11/04 bs. Ek.38.þús.km. Verð.1.830.000. Tilboð.1.580.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



AX832 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr.05/03 ssk. Ek.65.þús.km. Verð.1.520.000.Tilboð.1.280.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



RA291 Daewoo Musso nýskr.10/00 bs. Ek.108.þús.km. Verð.1.290.000. Tilboð.780.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

notaðir bílar Ingvar Helgason

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**



## ÆVINTÝRAFERÐ UM ÖSKUHLÍÐ
*Maríanna Clara Lúthersdóttir* SJÁ BLS. 9



## VEIÐIEÐLIÐ VAKIÐ OG VIÐHALDIÐ
*Veiðihundar* SJÁ BLS. 11

[ SÉRBLAÐ UM HESTA, GÖNGUR OG VEIÐI – FIMMTUDAGUR 5. OKTÓBER 2006 ]

# útivist & hreyfing


FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

EFNISYFIRLIT

VEIÐIÁRIÐ LÍTUR VEL ÚT
*Gæsaveiði að hefjast* BLS. 2



SKÍFUÞEYTIR Í LAUGAVEGSGÖNGU
*Laugavegsganga Útivistar* BLS. 2

GENGUR OFT UPP AÐ GLYMI
*Tómas Jónsson* BLS. 2

UNDIR DALANNA SÓL
*Laufskálaréttir* BLS. 4



ÆFA SVEIFLUNA Í HÁDEGINU
*Kíkt á golvöllinn í Grafarvogi* BLS. 10



MAVERICK®

Verð aðeins.
32.900.-

Ein allra bestu kaupin sem hægt er að gera í pumpu í dag

SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLTI 5 5628383


Tómas sækist eftir að ganga um sínar gömlu heimaslóðir fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gengur oft upp að Glymi

Ræturnar toga Tómas Jónsson sérkennslufulltrúa til Siglufjarðar í gönguferðir. Fossinn Glymur í Hvalfirði og umhverfi hans eru líka í uppáhaldi

„Ég bjó um tíma úti í Noregi og stundaði dálítið göngur þar. Þegar ég flutti heim til Íslands fann ég mjög sterkt að staðir sem tengjast mér persónulega toguðu í mig,“ segir Tómas, sem er sérkennslufulltrúi í Kópavogi en rekur uppruna sinn til Siglufjarðar. Því segir hann umhverfi Siglufjarðar hafa mikið gildi fyrir sig og kveðst sækjast eftir að fara um þær gönguleiðir sem hafa verið merktar þar í kring. „Þó að ég telji mig engan sérstakan göngugarp hef ég farið nokkuð víða um landið en finn að það hefur langmest áhrif á mig að ganga um mínar gömlu heimaslóðir.“

Beðinn að nefna einhverja gönguleið hér í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem upp úr stendur kemur fossinn Glymur í Hvalfirði strax upp í hugann. Þangað kveðst hann skreppa oft ásamt konu sinni, jafnvel tvisvar á ári, enda sé leiðin skemmtileg og mátulega löng til að leggja í hana eftir vinnu. „Ferðin tekur í mesta lagi þrjá til fjóra tíma frá því að lagt er af stað að heiman þar til komið er til baka,“ segir hann til skýringar og lýsir leiðinni nánar. „Við keyrum inn úr Botnsdal eins langt og komist verður á bílnum, förum yfir ána skammt þar fyrir innan og höldum inn með gljúfrinu. Það er hægt að komast fyrir erfið höft með því að ganga upp fyrir gilin og þaðan er gott útsýni niður í gljúfrið og yfir dalinn. Fossinn blasir líka fallega við þegar komið er að honum frá þessari hlið og síðan förum við upp fyrir brúnina og yfir ána aftur til að ganga niður hinum megin því að það er mun þægilegri leið.“

*gun@frettabladid.is*


Róbert Schmidt forstöðumaður veiðideildar Ellingsen, telur hert lög á rjúpnaveiði hafi verið til góðs.

# Veiði verður góð

Gæsaveiðin er rétt að hefjast þar sem kornuppskera var með seinna móti og rjúpnaveiðin hefst um miðjan mánuðinn.

Á haustin hýrnar yfir skotveiðimönnum sem fá tækifæri til að komast á gæsa- og rjúpnaskitterí. Við vildum endilega taka púlsinn á skotveiðinni í ár og hringdum því í Róbert Schmidt hjá Ellingsen sem er með stærstu skotveiðideild landsins. “Gæsaveiðin er rétt hafin, því kornuppskera er hálfum mánuði til þremur vikum á eftir venjulegu ári,” segir Róbert og bætir við að í Landeyjum eigi flestir kornbændur eftir að slá sína akra, en þar sé veiðin ekki hafin þó september hafi oftast verið góður mánuður til gæsaveiða. “Ég held að október verði mjög góður.”

Við víkjum því talinu að rjúpnaveiðinni og segir hann tímabilið hefjast á sunnudegi í ár, en svo er bannað að veiða á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum þannig að hin hefðbundna rjúpnaopnun, þar sem menn fara saman út á land og veiða saman í nokkra daga, mun detta upp fyrir í ár, “ segir Róbert.

Hann segir veiðina hafa breyst eftir að reglur voru hertar, sérstaklega þar sem menn megi ekki selja rjúpuna. “Nú eru menn frekar að njóta veiðarinnar og eru bara að veiða fyrir sig og sína fjölskyldu,” segir Róbert. Ákjósanlegast sé að hafa smá snjó við veiðarnar, því þá sé leikurinn jafnari, en rjúpan eigi auðveldara með að sleppa í snjónum en á auðri jörð. “Sumir vilja meina að rjúpnaveiðitímabilið ætti að vera frá 1.nóvember til 15.desember, því þá er meira um snjó,” segir Róbert. Annars er hann bjartsýn veiðiárið í ár og er sannfærður um að veiði verði góð.

# Skífuþeytir í Laugavegsgöngu

Á morgun mun ferðafélagið Útivist standa fyrir nokkuð sérstakri göngu í tilefni þess að nú er sumargöngum Útivistarræktarinnar að ljúka. Líkt og síðastliðin ár verður Laugavegurinn genginn, en í þessu tilfelli er átt við Laugaveg þann er liggur meðfram Skólavörðuholtinu í Reykjavík.

„Fólkið sem hefur gengið saman á miðvikudögum í sumar ætlar að mæta hingað á skrifstofu Útivistar við Laugaveg 178 klukkan 20.30 og undirbúa sig fyrir gönguna,“ segir Bjarney Sigurjónsdóttir, starfsmaður Útivistar, glöð í bragði, enda um töluvert frábrugðið ferðalag að ræða. „Fólkið mun hafa með sér nesti og undirbúa sig undir gönguna hér á skrifstofunni, en undirbúningi á að ljúka um 22.30 og þá verður haldið meðfram Heklu og Öskju (fyrirtækin við Laugaveg) sem leið liggur niður Laugaveginn. Ferðina ætlum við svo að enda á veitingastaðnum Angelo við Laugaveg þar sem skífuþeytir spilar fyrir okkur dansvæna músik, enda er reiknað með nokkru stoppi þarna,“ segir Bjarney og bætir því við að leiðsögumaður ferðarinnar, Pétur J. Jónasson muni aðeins ábyrgjast ferðalangana þar til komið er að veitingastaðnum.

Útivistarræktin þykir nokkuð sérstakt fyrirbæri en hún var stofnuð haustið 1995 sem viðbót við aðrar ferðir Útivistar. Það þótti nokkuð djarft á þeim tíma að bjóða upp á ferðir þar sem ekki var innheimt þátttökugjald en reynslan hefur sýnt að þessar ferðir hafa styrkt aðrar ferðir félagsins og félagsstarfið, því þátttakendur í ferðum Útivistarræktarinnar nálgast nú tuttugu þúsund. Margir líta á gönguferðir útivistarræktarinnar sem viðhald eða upphitun fyrir sumargöngurnar auk þess sem þetta er fínasta leið til að halda líkamanum í formi.

Gengið er tvisvar í viku allt árið og þrisvar í viku frá vori og fram á haust.

Á mánudögum í vetur hittist hópurinn klukkan 18.00 við Toppstöðina við Elliðaár og svo er farinn hringur í Elliðaárdalnum. Gengið er upp í gegnum hólmann í ánni og vestan megin við ána upp að Vatnsveitubrú, þar sem farið er austur yfir ána. Hlé er gert í nágrenni Árbæjarlaugar og svo er haldið niður með Elliðaánum að austan. Gönguferðinni lýkur á sama stað og hún hófst rúmri klukkustund fyrr.

Á fimmtudögum er farið kl. 18.00 frá bílastæði við austurenda göngubrúarinnar yfir Kringlumýrarbraut í Fossvogi og gengið vestur með Öskjuhlíð, um Nauthólsvík og út í Skerjafjörð. Farið er sömu leið til baka og gönguferðin tekur rúma klukkustund eins og á mánudögum.

Þátttaka í ferðir Útivistarræktarinnar er öllum heimil og þátttökugjald er ekkert.



### FERÐIR Á VEGUM ÚTIVISTAR Í OKTÓBER

Sunnudagur 8. október.
Laugarvatnsfjall, 680 m
Brottför frá BSÍ kl. 09.00

Laugarvatnsfjall er eins og nafnið gefur til kynna bæjarfjall Laugvetninga með frábæru útsýni yfir Laugarvatn, Apavatn, Grímsnes og nærsveitir. Gangan hefst við Réttartungur. Haldið er upp Laugarvatnsrana, meðfram brúnum fjallsins í átt að Klukkutindum og komið niður í Skillandsdal við sumarhúsabyggðina í Miðfellslandi. Vegalengd 14 km. Hækkun 600 m. Göngutími 5-6 klst.

### SUNNUDAGUR 15. OKTÓBER.

Hestfjall, 322 m
Brottför frá BSÍ kl. 10.30.

Gangan hefst skammt frá Kiðjabergi en haldið verður meðfram bökkum Hvítár umhverfis Hestfjall uns komið er að eyðibýlinu Gíslastöðum. Þá verður farið upp á fjallið. Gott útsýni er af toppi fjallsins en sagt er að unnt sé að greina 20 til 30 kirkjur þaðan í góðu skyggni. Í Hestfjalli sunnanverðu má greina markaða brimhjalla frá þeim tíma er Suðurlandsundirlendið var undir sjó. Haldið verður til baka meðfram strönd Hestvatns. Vegalengd 16 km. Hækkun 300 m. Göngutími 6 klst.



### HELGARFERÐIR

13.–15. október.
Landmannalaugar
Brottför frá BSÍ kl. 19.00.

Ekið í Landmannalaugar og gengið um nágrennið. Á kvöldin gefst tækifæri til að láta þreytuna líða úr líkamanum í notalegri laug í góðum félagsskap. Gengið um gil og fjallsrana, í Hattver og að hverasvæðinu við Brennisteinsöldu.

### JEPPAFERÐIR

13.–15. október.
Jökulheimar ¿ Breiðbakur
Brottför kl. 19.00.

Ekið í Hrauneyjar þar sem tekið verður eldsneyti og síðan haldið í Jökulheima. Á laugardegi verður fundið vað á Tungná og haldið fram Breiðbak, ekið um Blautulón og Skælinga og gist í Hólaskjóli. Heim á leið verður farið um Syðra-Fjallabak með viðkomu í Strút. Þaðan yfir Markarfljót og til byggða.

Skráning í ferðir Útivistar fara fram á vefsíðu þeirra www.utivist.is eða í síma 562-1000.




Gönguhópur Útivistarræktarinnar gengur sér til heilsubóta, alla mánu og fimmtudaga í vetur. Annað kvöld ætla þau að ganga niður Laugaveginn og enda á veitingastað.



# DÚNALOGN

| | |
|---|---|
| Gerð: **Cintamani Eygló CM-712** | |
| Litir: **Beinhvítur, svartur, mosagrænn og rauður** | |
| Einangrun: **95% dúnn, 5% fiður** | Fóður: **Polyester** |
| Ytra byrði: **Polyester** | Loðkragi: **Ekta skinn** |
| Þyngd: **780 gr.** | Verð: **Kemur á óvart** |

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

ó! · 9174

www.cintamani.is



Það er magnað að fylgjast með hrossunum hlaupa um í réttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Undir dalanna sól

Laufskálaréttir voru haldnar síðustu helgi. Þær eru fjölsóttustu stóðréttirnar á landinu. Ljósmyndari Fréttablaðsins **Heiða Helgadóttir** fangaði nokkur skemmtileg augnablik.

Stóðréttir finnast mörgum hestamönnum einn af hápunktum ársins en ekki er síður gaman fyrir þá sem lítið sem ekkert vita um hesta að upplifa stóðréttir í öllu sínu veldi. Í Laufskálarétt, sem er ein af nokkrum stóðréttum á Norðurlandi, eru réttuð um 600 hross. Mannfjöldinn eykst þó ár frá ári og er talið að í þetta sinn hafi hátt í þrjú þúsund manns fylgst með fræknum stóðbændum draga hrossin sín í réttan dilk.

Réttarstörf hófust um eittleytið á laugardegi en þá um morguninn höfðu tugir reiðmanna farið af stað inn í Kolbeinsdal til að sækja mörg hundruð hesta sem reknir höfðu verið af fjalli viku áður. Þegar hrossin höfðu verið rekin yfir í réttina í Hjaltadal fóru margir heimamanna til síns heima og gæddu sér á heitu hangikjöti að hætti Skagfirðinga og mættu fílefldir til að draga í dilka.

Mannfjöldinn tafði á köflum fyrir réttarverkunum enda reynir fólk sem mest það má að fylgjast með bæði í dilkunum og í almenningnum. Verður oft mikill handagangur í öskjunni þegar líflegir folar eru handsamaðir svo hægt sé að skoða markið. Stundum slæðast hross inn í ranga dilka en yfirleitt er það leiðrétt fyrir lok dags enda eru bændur hestglöggir menn og þekkja sitt stóð.

Braskarar geta fengið töluverða útrás í stóðréttum enda hægt að ganga á milli dilka og falast eftir folöldum eða tryppum. Sumt er ekki falt, á öðru má skipta og annað selt fyrir beinharða peninga.Svo eru sumir sem koma bara til að sýna sig og sjá aðra og syngja hátt og snjallt meðan etinn er harðfiskur sem skolað er niður með viskílögg úr pela.

Um næstu helgi fara fram síðustu stóðréttir ársins þegar réttað verður í Víðdalstungurétt í Húnaþingi vestra og Unadalsrétt í Skagafirði.

*- sgi*



Í hestamennsku sameinast kynslóðir og hinir ungu læra af hinum öldnu.



Í stóðréttum verður oft mikill hamagangur.



Halldór Steingrímsson á Brimhóli var réttarstjóri í Laufskálaréttum. Hér fylgist hann með að allt fari rétt fram.



Um sex hundruð hross komin af fjöllum og rekin í Laufskálarétt.

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ



# LANGÓDÝRUSTU GERVIGÆSIRNAR

**12 skeljar í kassa. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Festijárnin fylgja með.**

**Aðeins 7.995 fyrir 12 gæsir og festijárn**

**Einnig álftir á aðeins 2.195 • flotgæsir aðeins 1.595 • gerviendur aðeins 595, stél aðeins 495**

**Hvergi betra verð!**



**Ameristep rúllubaggarnir komnir aftur.**
Leyfðu þér lúxusþægindi í veiðiferðinni í Ameristep birgi.
**Aðeins 16.880.-**



**Wildfowler felubirgi.**
Níðsterk og góð amerísk felubirgi.
**Aðeins 24.800.-**




**Sellier & Bellot gæsaskot.**
Veiðihornsverð á þessum
vinsælu gæsaskotum.
**2 ¾" 42,5gr. hleðsla**
**aðeins 885 pakkinn (25 stk.)**
**3" 53gr hleðsla**
**aðeins 1.090 pakkinn (25 skot).**










**ProLogic galli í MAX4 felumynstri.**
Vatnsheldur og með útöndun.
Jakki með innri jakka sem hægt er að renna úr.
**Aðeins 24.900.- Buxur aðeins 18.900.-**
**Neoprenvöðlur aðeins 15.900.-**
**Skór aðeins 11.800.- Hanskar aðeins frá 1.895.-**
**Vertu heitur og þurr í ProLogic.**







**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**
**Já, líka á sunnudögum.**
**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**



BERETTA

Stoeger

Benelli

# BESTU BYS

## Vaxtalausar raðgrei



**Aðeins 13.487 á mánuði.**

### Beretta Extrema2 Synthetic.

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir. Ný sending á leiðinni.

**Staðgreitt aðeins 146.900 eða aðeins 13.487 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 12.840 á mánuði.**

### Beretta Urika Camo.

Taska, þrengingar, skeftishalla plötur og fleira fylgir. Ný sending á leiðinni.

**Staðgreitt aðeins 139.800 eða aðeins 12.840 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 14.203 á mánuði.**

### Beretta Extrema2

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir. Ný sending á leiðinni.

**Staðgreitt aðeins 154.755 eða aðeins 14.203 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 13.082 á mánuði.**

### Beretta Teknys

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir. Ný sending á leiðinni.

**Staðgreitt aðeins 142.405 eða aðeins 13.082 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 11.529 á mánuði.**

### Beretta Urika Standard

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 125.305 eða aðeins 11.529 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 10.666 á mánuði.**

### Beretta Urika Synthetic

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 115.805 eða aðeins 10.666 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 8.423 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.906 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.560 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.318 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.835 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 5.145 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum, heildarverð er með staðgreiðsluafslætti**

# SSUKAUPIN

## ðslur til 12 mánaða

BERETTA

Stoeger

Benelli



Ein mest keypta pumpan á markaðnum

Aðeins 3.420 á mánuði.

**Stoeger P350 Synthetic.**

Þrengingar fylgja.

Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Ein mest keypta pumpan á markaðnum

Aðeins 3.765 á mánuði.

**Stoeger P350 Camo**

Þrengingar fylgja.

Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Aðeins 14.382 á mánuði.

**Benelli Crio. Glæsileg byssa frá Benelli.**

Taska, 2 þrengingar, ólarfestingar, o.fl.

Aðeins 158.980 staðgreitt eða aðeins 14.382 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 16.970 á mánuði.

**Benelli Crio Sport. Nýjasta Benelli byssan.**

Taska, 2 þrengingar, ólarfestingar o.fl. (*myndin er af ameríkumódelinu sem er örlítið frábrugðið*).

Aðeins 189.980 staðgreitt eða aðeins 16.970 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 14.813 á mánuði.

**Benelli Super Black Eagle Synthetic.**

Taska, 5 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 164.980 staðgreitt eða aðeins 14.813 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 15.676 á mánuði.

**Benelli Super Black Eagle Camo.**

Taska, 5 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 174.980 staðgreitt eða aðeins 15.676 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 12.225 á mánuði.

**Benelli M2 Super 90 Synthetic.**

Taska 5 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 134.980 staðgreitt eða aðeins 12.225 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 13.088 á mánuði.

**Benelli M2 Super 90 Camo.**

Taska, 5 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 144.980 staðgreitt eða aðeins 13.088 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 12.743 á mánuði.

**Benelli Centro.**

Taska, 2 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 139.980 staðgreitt eða aðeins 12.743 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 10.845 á mánuði.

**Benelli Beccaccia.**

Taska, 2 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 119.980 staðgreitt eða aðeins 10.845 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust



Aðeins 5.577 á mánuði.

**Benelli Nova Camo.**

Vinsæl pumpa frá Benelli. 3 þrengingar og ólarfestingar.

Aðeins 55.900 staðgreitt eða aðeins 5.577 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.



Aðeins 9.762 á mánuði.

**Browning Fusion.**

Aðeins 2,95 kg. Taska, 5 þrengingar, ólarfestingar o.fl.

Aðeins 99.980 staðgreitt eða aðeins 9.726 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum, heildarverð er með staðgreiðsluafslætti**

# 4 pakkar á góðu verði



**Aðeins 9.208 á mánuði.**

## Ruger Sporter riffilpakki.

Ryðfrítt hlaup, límtrésskefti. Fáanlegur í hlaupvíddum 22-250, 223, 243, 270 og 308.
Leupold VX-I sjónauki 3-9x40. Hörð plasttaska og tvífótur.
**Aðeins 99.900 staðgreitt eða aðeins 9.208 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 11.020 á mánuði.**

## Ruger Target Grey riffilpakki.

Þungt ryðfrítt hlaup, límtrésskefti. Fáanlegur í hlaupvíddum 223, 243 og 308.
Leupold VX-II sjónauki 3-9x50. Hörð plasttaska og tvífótur.
**Aðeins 119.900 staðgreitt eða aðeins 11.020 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 10.157 á mánuði.**

## Ruger Standard riffilpakki.

Blámað hlaup, amerísk valhnota í skefti. Fáanlegur í hlaupvíddum 243, 270 og 308.
Leupold VX-II sjónauki 3-9x50. Hörð plasttaska og tvífótur.
**Aðeins 109.900 staðgreitt eða aðeins 10.157 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 8.346 á mánuði.**

## Ruger 77 riffilpakki.

Hlaupvídd 22 Hornet. Blámað hlaup, amerísk valhnota í skefti.
Leupold VX-I sjónauki 3-9x50. Hörð plasttaska og tvífótur.
**Aðeins 89.900 staðgreitt eða aðeins 8.346 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

# Æfðu þig



Champion handkastari.
**Aðeins 1.995.-**



Champion High Fly kastari.
**Aðeins 4.995.-**



Champion Skybird kastari á þrífæti.
**Aðeins 21.800.-**



Champion Skybird kastari með fótstigi.
**Aðeins 18.900.-**




**Champion leirdúfur í miklu úrvali.**
**Standard aðeins 1.495 kassinn.**
Einnig „Duck" dúfur, „Quail" dúfur og pakkar með blönduðum dúfum.
Alltaf gott úrval í Veiðihorninu.

# Geymdu skotvopnin á öruggum stað

## Vinsælustu byssuskáparnir á markaðnum



**INAL5 skápur fyrir 5 byssur.**
140 x 33 x 25 sm. Þyngd um 70 kg.
Viðurkenndur skápur úr 3mm þykku stáli með öflugum læsibúnaði.
**Verð aðeins 26.980 staðgreitt eða aðeins 2.600 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**INALPT7 skápur fyrir 7 byssur.**
150 x 45 x 33 sm. Þyngd um 90 kg.
Viðurkenndur skápur úr 3mm þykku stáli með öflugum læsibúnaði.
Læsanlegt innra hólf. Mest keypti byssuskápurinn í Veiðihorninu.
**Verð aðeins 35.980 staðgreitt eða aðeins 3.410 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

INALPT14 skápur fyrir 14 byssur.
150 x 45 x 40 sm. Þyngd um 100 kg.
Viðurkenndur skápur úr 3mm þykku stáli með öflugum læsibúnaði.
Læsanlegt innra hólf.
**Verð aðeins 42.980 staðgreitt eða aðeins 4.053 ámánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**




**veiðihornid.is**

Öll verð eru með fyrirvara um prentvillur og gengisbreytingar.



Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona tekur þátt í sýningunni Gunnlaðar sögu sem sýnd er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Henni finnst gaman að fara í Öskjuhlíðina, vegna þess hversu fallegt svæðið er. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ævintýraferð um Öskjuhlíðina

Maríönnu Clöru Lúthersdóttur finnst gott að ganga um Öskjuhlíðina því aldrei sé að vita hverju maður getur lent í.

„Mér finnst frábært að fara upp í Öskjuhlíð, bæði af því að það er eins og að vera úti í stórum skógi og svo er stutt að fara fyrir borgarbúa," segir Maríanna um uppáhaldsútivistarsvæðið sitt. „Ég geng í Öskjuhlíðinni á sumrin og líka á haustin en þá er einstaklega fallegt um að lítast, laufin skrautleg að sjá og svo framvegis."

Maríanna segir aldrei að vita hvers konar ævintýri bíði manns í Öskjuhlíðinni og nefnir sem dæmi þegar hún mætti þar allsnöktum manni, með fötin sín í verslunarpoka. „Hann hefur sjálfsagt ætlað að koma mér í uppnám með uppátækinu og varð því heldur hvumsa þegar ég bauð honum kurteislega góðan daginn," segir hún og hlær.

„Annars á ég margar góðar bernskuminningar úr Öskjuhlíðinni," heldur Maríanna áfram. „Ég fór þar oft í indíána- og kúrekaleik með pabba mínum þegar ég var yngri. Einu sinni spurði ég hann hvort úlfar héldu sig nokkuð til í Öskjuhlíðinni. Hann sagði þá enga ástæðu til að óttast því úlfar byggju ekki á Íslandi. Við það varð ég mjög vonsvikin og spurði hvort við gætum einfaldlega ekki látið eins og svo væri. Á þessum aldrei sá maður ævintýri á hverju götuhorni."

Þegar blaðamaður spyr Maríönnu hvort nakti maðurinn hafi ekki verið hálfgerður úlfur svarar hún því hlæjandi að hann hafi nú frekar mátt flokka sem lamb. *- rve*

# Hrafnabjörg næst

Fjallahringur Þingvalla er heiti gönguferða sem farnar eru ókeypis frá þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum alla sunnudaga í október

Gengið verður á Hrafnabjörg næsta sunnudag á vegum Ferðafélags Íslands í samstarfi við Þingvallaþjóðgarð. Mæting er við þjónustumiðstöðina á Þingvöllum kl. 11 en þangað þarf að fara á einkabíl. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Sunnudaginn 15. október verður Valgarður Egilsson læknir fararstjóri í göngu á Ármannsfellið fagurblátt og 22. október verða hellar kannaðir austan við Gjábakka. Leiðsögumaður verður Björn Hróarsson hellakönnuður. Þá eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að vera með ljós og klæddir í hlý föt sem mega óhreinkast og verða fyrir hnjaski.

29. október verður svo gengið á Skjaldbreið.



Fáir staðir eru fegurri á haustin en Þingvellir. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Í öllum gönguferðunum er mæting við þjónustumiðstöð þjóðgarðsins klukkan 11.00 og þaðan haldið á áfangastað. Gönguferðirnar taka um 4-6 tíma.

Síðasta sunnudag gengu um 140 manns á Arnarfell í blíðskaparveðri og nutu leiðsagnar Arnheiðar Hjörleifsdóttur umhverfisfræðings og Þráins Bertelssonar rithöfundar.

**Golf fyrirlestrar**
**Verð aðeins 2.000 kr / Allir þrír fyrir 5.000 kr.**

Þriðjudaginn 10. október kl. 20.00 til 22.00

## Sveifluferill og grunnhreyfingar

Sveifluferillinn er eitt af þremur leyndarmálum golfsveiflunnar.
Fjallað verður um mikilvægi ferilsins og mikilvægi þess að kylfan sé á réttum ferli.
Einnig verður farið í grunnhreyfingar og tækni.

Fyrirlesari
Brynjar Eldon Geirsson

Þriðjudaginn 17. október kl. 20.00 til 22.00

## Líkamsþjálfun kylfinga

Liðleiki, kraftur, þol og samhæfing eru eiginleikar sem kylfingar þurfa til að ná sem bestum árangri á golfvellinum.
Hvernig er best fyrir kylfinga að bæta þessa þætti?

Fyrirlesari
Guðjón Bergmann

Þriðjudaginn 24. október kl. 20.00 til 22.00

## Frá fyrsta teigi til loka pútts

Ertu taugaveiklaður á fyrsta teig? Verðurðu full út í sjálfan þig þegar þú slæsar út í móa?
Hér verður huglæga hliðin á því að spila golf tekin fyrir.

Fyrirlesari
Lárus Ýmir

Skráning á akademian@akademian.is
og í síma 420 5500

íþrótta akademían

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


Suður-Ameríka býður upp á marga möguleika fyrir ævintýragjarna ferðalanga.

## Ævintýri í Amazon

ÆVINTÝRAGJÖRNUM NÆGIR EKKI AÐ FERÐAST Á SÓLARSTRÖND Í SUÐUR-EVRÓPU. HJARTAÐ ÞRÁIR MEIRA OG ADRENALÍNIÐ REKUR MENN LENGRA.

Stúdentaferðir eru með til sölu fjölbreytt úrval af ævintýraferðum sem erfitt er að gera upp á milli.

Ein af þessum ferðum kallast South American Dreams og er ferð farin frá Líma í Perú til Ríó og til baka og tekur rúman mánuð. Þetta er ferð sem tengir saman löndin milli Kyrrahafsins og Atlantshafsins. Skoðaðir eru markverðustu staðir veraldar eins og Týnda borgin og Machu Picchu í Perú. Einnig er menningarheimur Inkanna skoðaður, fjölskrúðugt dýralíf markaðir og mannlíf nútímans og hinu stórkostlegur fossar Iguazu.

Í þessari ferð eru Perú, Bólivía, Brasilía og Paragvæ heimsótt. Gist verður á hótelum, undir berum himni í frumskóginum og hjá innfæddum. Ferðast er á tveimur jafnfljótum, með rútum, kanóum og lestum og má með sanni segja að þessi ævintýraferð er einstök upplifun.

Nánari upplýsingar má finna á www.exit.is *- jóa*

# Æfa sveifluna í hádeginu

Golfáhugafólk lætur fátt hindra sig í því að iðka uppáhaldsíþróttina sína þegar stund gefst.

Það andar köldu utan af Flóanum og skúraleiðingar skríða með fellum þegar Fréttablaðsfólk er á ferð við golfvöllinn í Grafarvogi um hádegisbil. Það láta kylfingar þó ekki á sig fá. Allnokkrir eru á vellinum og ætla greinilega að nýta matartímann til hins ítrasta. Flestir eru langt úti á teig og því úr kallfæri, en þeir sem á æfingasvæðinu eru liggja betur við höggi. Því eru nokkrir ónáðaðir sem þar munda kylfurnar og á sandgryfjusvæðinu eru fyrstu fórnarlömbin. Sólveig Pétursdóttir líffræðingur stendur í ströngu við að skjóta kúlunum upp úr gryfju og tekst það oft með sannkölluðum stæl. Hún nýtur líka tilsagnar Úlfars Jónssonar, golfþjálfara og margfalds Íslandsmeistara í greininni. „Ég ákvað að skella mér á hádegisnámskeið sem tekur hálftíma í hvert skipti og þetta er annar tíminn minn hjá Úlfari,“ segir hún og lætur ekki fréttasnáp slá sig út af laginu. Sólveig kveðst hafa stundað golfið í fjögur ár. Alltaf sé gott að taka námskeið af og til og laga það sem betur megi fara. Spurð hvað það sé sem dragi hana út á völlinn svarar hún að bragði: „Útiveran, góður félagsskapur og löngun til að bæta eigin árangur.“ Úlfar grípur þennan bolta á lofti og bætir við: „Já, það leynist keppnisskap í okkur öllum og það góða við golfið er að þar geta menn bæði keppt við sjálfa sig og aðra því forgjafarreglurnar gefa óvönum færi á að keppa jafnfætis þeim reyndari.“


Hér er ljósmyndarinn á hættusvæði er Sólveig vippar kúlunni upp úr gryfjunni undir umsjón Úlfars Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTN


„Ég er útivistarfrík,“ segir Örn og sendir kúluna langt út á völlinn.

Í æfingarbásunum stendur fólk í röðum og æfir skot. Einbeitingin skín úr hverju andliti. Örn Ingólfsson, fjármálastjóri Iðnmenntar, sveiflar sjöunni af list og sendir hverja kúluna á fætur annarri langt út á grundina. Greinilega enginn nýgræðingur. Hann segist fyrst og fremst vera að æfa sveifluna í þessu hádegishléi. „Mér finnst fínt að koma hingað og leita uppi það sem ég tel mig hafa týnt niður. Það tekur styttri tíma að þjálfa það upp í skotbásnum en úti á vellinum. Markmiðið er núna að senda hverja kúlu 110-120 metra og það gengur vel þegar ég hitti rétt.“ Örn er félagi í Golfklúbbi Reykjavíkur og kveðst stunda golfið allan ársins hring ef veður og heilsa leyfi. „Íþróttir hafa alla tíð verið í uppáhaldi enda hef ég stundað margar greinar auk golfsins, til dæmis sund, hestamennsku og fótbolta. Ég er útivistarfrík.“


„Golfið er svo gott til viðhalds heilsunni,“ segir Erna Bryndís.

Erna Bryndís Halldórsdóttir, löggiltur endurskoðandi, er á námskeiði og lýkur kennslustundinni þennan daginn í einum skotbásnum. Þar er hún að æfa réttar hreyfingar til að ná betri tökum á íþróttinni. Þegar haft er orð á að hún sé léttklædd miðað við veðráttuna kemur í ljós að kappið var svo mikið að hún gleymdi útivistarfötunum heima. Erna Bryndís kveðst hafa byrjað að æfa golf fyrir alllöngu úti í Kaliforníu en ekki haldið kunnáttunni nægilega við. „Ég hef aðeins fiktað við þetta á hverju ári en vil gera betur,“ segir hún brosandi og upplýsir að nú sé stefnan sett á golfskóla á Spáni. „Mig langar að ná betri tökum á golfinu því ég tel það svo gott til að halda heilsunni.“



# Veiðieðli vakið og viðhaldið

Því er oft fleygt fram að hundurinn sé besti vinur mannsins. Samkvæmt Pétri Alan Guðmundssyni hjá fuglahundadeild Hundaræktarfélags Íslands geta það reynst orð að sönnu þegar veiði er annars vegar.

„Veiðihundum má skipta í tvo hópa, annars vegar svokallaða sækihunda, sem er aðeins ætlað að sækja bráðina eftir að hún hefur verið felld, og hins vegar fuglahunda, sem þefa veiðina uppi, taka stand þegar lykt fuglsins finnst, reka hann í loftið þegar eigandinn kemur, fylgjast með hvar hann lendir eftir skot og sækja loks bráðina fyrir eigandann,“ byrjar Pétur á að útskýra. Hann bætir því við að veiðihundar finni einnig særða fugla sem þá sé hægt að aflífa.

Aðspurður segir Pétur enga ákveðna hundategund henta best við veiðar heldur sé það einfaldlega smekksatriði eigendanna sem ráði för, þótt vissar tegundir hafi vissulega verið eftirsóttari í gegnum tíðina.

„Labrador og retriever-tegundir hafa til að mynda verið vinsælir sækihundar, en snögghærði Vorsteh-hundurinn er eftirsóttur fuglahundur um þessar mundir, oft kallaður meginlandshundur sem bæði leitar og sækir,“ segir Pétur. „Annars eru ýmsar gerðir seta og pointerinn að sækja í sig veðrið. Sömuleiðis Breton sem er fremur lítill og sannar að stærð skiptir ekki alltaf máli.“

Að sögn Péturs skiptir ræktun og þjálfun öllu máli þegar veiðihundar eru annars vegar. „Það er löng hefð fyrir ræktun veiðihunda,“ segir hann. „Tilgangurinn er að vekja upp veiðieðlið og viðhalda því. Öllum hundum verður síðan að kenna grunnhlýðni. Þá eru líka sérstök veiðihundanámskeið þar sem skerpt er á eiginleikum tegundahópanna, fugla- eða sækihunda, en ekki hundategunda. Samspil manns og hunds skiptir því töluverðu máli í þessu samhengi.“

Pétur segir þjálfunina vera mikla vinnu. „Best er að hefja þjálfun fyrr en seinna, þar sem erfiðara er að gera gamlan hund að góðum veiðihundi þótt allt sé hægt,“ segir hann. „Þetta er spurning um hversu vel hefur tekist að kenna hundinum grunnhlýðni. Einnig er áríðandi hvort veiðieðlið hafi verið vakið í upphafi.“

Félagsmönnum Hundaræktarfélags Íslands er síðan boðið upp á tveggja til þriggja daga veiðipróf sniðið eftir ólíkum flokkum, ýmist unghunda-, opnum eða keppnisflokkum, en það síðastnefnda er ætlað hundum sem náð hafa fyrstu einkunn í opnum flokki. Er ströngum stöðlum fylgt í hvívetna.

Sjálfur segist Pétur fá miklu meira út úr veiðinni eftir að hann fékk sér veiðihund, hundinn Berretta sem er af tegundinni Vorsteh. „Maður veiddi kannski meira áður fyrr en leggur nú meiri vinnu í samstarfið sem veitir mikla ánægju. Segja má að fuglahundaveiði sé fyrir okkur veiðimennina eins og fluguveiðin er fyrir stangveiðimennna,“ segir hann hress í bragði og mælir með að sem flestir veiðimenn fái sér hund. Þeir sem vilja afla sér frekari upplýsingar geta farið http://deildir.hrfi.is/vhd/

*- rve*



Veiðihundarnir þurfa að búa yfir mikilli sjálfstjórn og aga til að ná settum markmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Pétur er hér fyrir miðju í hópi veiðimanna og -hunda. Hann segir samstarf manns og hunds mikilvægan lið í veiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hundurinn er gjarnan kallaður besti vinur mannsins og Pétur segir það orð að sönnu hvað veiðinni viðvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hundarnir verða á köflum að vera grafkyrrir svo fuglarnir verði þeirra ekki varir, eins og hér sést þar sem hundurinn fellur nánast inn í umhverfið. MYND/PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON



Hundarnir beita þefskyninu til að leita uppi bráðina. MYND/PÉTUR ANTON GUÐMUNDSSON



Hundarnir fá það hlutverk að reka fuglinn í lotfið eftir að hann hefur verið fundinn, fylgjast með hvar hann lendir eftir skot og sækja fyrir eigandann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





# Haustdagar
## 5. okt - 11. okt







**30%** afsláttur
af sófasettum





**20%** afsláttur
af húsgögnum

Erum einnig með mikið úrval af gjafavörum

**VERSLUNIN ER FULL AF NÝJUM VÖRUM**

Dalvegi 18 201 Kópavogi
Sími: 554 5333
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is

Opið mánudaga til föstudaga 11-18,
laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-16

gallerí
húsgögn

## BÍLAR & FARARTÆKI




Toyota Land Cruiser 90 38" árg. 08/1997 ek. 156 þ.km. 7 manna, nýtt hedd og vatnskassi ofl. skipti möguleg, verð 2.180 þ. Tilboð 1.980 þ.



VW POLO BASICLINE árg. 06/2004 ek. 44 þ.km. nýyfirfarinn og smurður, 2x góð dekk, verð:1.100 þ. áhv. 960 þ. 18 á mán.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

bíla land B&L
notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Renault Kangoo fólksbíll nýskr. 08/2003, 0cc 6 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 50.000 þ. Verð 1.270.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



Mazda 323 LX. Árg. 05/1999, ek. 134 þ. km, beinsk., raf. rúð, geislaspilari, nýtt í bremsum o.fl. Glæsilegur bíll sem eyðir engu. V. 490 þús. Möguleiki á 100 % Láni. Frekari upplýsingar í síma 567 2000 & 694 1323.



Tilboð! Volvo 850 GL. Árg. 11/1994, ek. 200 þ. km, ný tímareim í 170 þ. km. Sjálfskipt, álfelgur, gott viðhald. Verð áður 490 þús. Verð nú 290 þús. Möguleiki á 100% láni í 36 mánuði. Frekari upplýsingar í síma 567 2000 & 694 1323.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Kletthálsi 2 -
www.hofdahollin.is & diesel.is

BMW 750 Árgerð 1998. Ekinn 189 þ.km þúsund km. Verð kr. 1690.000.

**Höfðahöllin**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is



Mercedes Bens C 230K Sport árg. 11/2004, ek. 24 þ. km. Verð 3.690 þ. Einn með öllu. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu




Miklu lægra verð! Nýr Toyota HiLux 3L Turbo Dísel sjálfskiptur með leðri kr. 200,000 afsláttur ef pantað fyrir mánaðarmót. Nýr Toyota Tacoma frá 1.990.000. Nýr Jeep árgerð 2007 frá Kr. 2.790.000. Nýr Honda Pilot lúxusjeppi frá Kr. 3.990.000. Berðu saman við Toyota Landcruiser á www.islandus.com/pilot. Besti jeppinn á markaðnum segja bandarískir bílavefir. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Cadillac Seville Elegance árg. '88, Buick Skyhawk, ssk., ek. 50 þ. m. árg. '84. S. 863 8837.



Audi A6 2,4 árg. '99, skoðaður '07, sjálfsk., ek. 113 þús., topplúga, CD magasín, leður áklæði, 17" low profile dekk, í toppstandi, mjög fallegur og góður bíll. Verð 1.790 þús. Uppl. í s. 899 1525.



Toyota Yaris árg 1999 Verð 450.000.- Upplýsingar á www.bilapartar.is og 587 7659.



**Ek. aðeins 60 þús.!**
Toyota Rav 4 árg. 1998 ek. 60 þús. km verð 890.000. Upplýsingar á www.bilapartar.is og 587 7659.






## Húsnæði til sölu



100 fm íbúð öll nýstandsett á jarðhæð í tvíbýli, stór eignarlóð, sveitakyrrð, stutt í leikskóla og nýjan grunnskóla, fallegt umhverfi til útivistar, aðeins 30 mín akstur í höfuðborgina. Verð 15.9 milljónir. Uppl. í s. 864 1120.

## Sumarbústaðir

Sumarhúsalóðir á Suðurlandi í 50 mín. akstri frá Rvk., fallegt gróið land, vænt til gróðursetningar á sérstöku tilboði núna. Aðeins 4 lóðir. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 893 4609, 824 3040 og 861 1772.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 100 fm iðnaðarhúsnæði. Stórar innkeyrsluhurðir 3x3,50. Kaffistofa og WC. Sérhiti og rafmagn. Stórt útisvæði malbikað. S. 893 9144 & 893 9145.

Skrifstofuherb. til leigu á svæði 110. Uppl. í s. 899 5309.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Geysir Bistro Bar**
**Óskum eftir vönu aðstoðarfólki í sal og eldhús í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar á staðnum Geysir Bistro Bar, Aðalstræti 2, milli 14-18.**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Eldhús - vaktavinna.**
**Ertu vanur/vön eldhússtörfum ? Leitum að vönum aðstoððarmanni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 25 ára eða eldri.**
**Upplýsingar gefur sigþór 863 8900 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is**

**Afgreiðsla og þjónusta**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í almenna afgreiðslu í Select á Vesturlandsvegi og á Bústaðavegi.**
**Nánari upplýsingar gefur Pálína í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa í Select Smáranum. Um er að ræða vaktavinnu.**
**Nánari upplýsingar gefur Pálína í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Duglegir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Fjölbreytt starf - Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Vantar þig vinnu**
**Langar þig að vinna í skemmtilegu starfsumhverfi, okkur hjá Capacent-Gallup vantar nokkra góða spyrla til að hringja út á kvöldin og um helgar. Þú þarft að vera eldri en 18 ára, hafa góða íslenskukunnáttu og gott skap.**
**Nánari upplýsingar gefur Hjördís í síma 540 7180**

**Bakaríið Hagamel**
**Óskar eftir góðu fólki til afgreiðslustarfa. Vinnutími 7-13 annan daginn og 13-18.30 næsta dag. Unnið er aðra hvora helgi eða eftir samkomulagi.**
**Nánari uppl. gefur Gunnar í s. 897 8101 & Anna Rósa í s. 869 3320.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 13-18.30 virka daga. Möguleiki er á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Kr. 5.000 - 12.000 í laun pr. kvöld.**
Rótgrófið og traust fyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20 - 60+ til að vinna við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið þjónustar mörg af stærstu félagasamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík. Engin reynsla áskilin. Upplýsingar eru veittar í síma 699 0005 milli kl. 13-21 daglega.

**Barnafataverslun.**
Óska eftir góðum starfsm. í hlutastarf. Reyklaus. S. 694 2171.

**Ræstingar**
Vantar starfsfólk í 50-100% starf við ræstingar á daginn. Upplýsingar í síma 824 1450 milli 9-18 á daginn.

Kaffibrennslan Pósthússtræti 9, óskar eftir starfsfólki í sal, einnig vantar okkur í uppvask. Áhugasamir geta fyllt út umsóknareyðublöð á staðnum eða sent á brennslan@brennslan.is.

Vanur gröfumaður óskast á nýlegar beltagröfur. Vinnusvæði Sorpa Álfsnesi. Stabíl og góð vinna allt árið. Engar hægðir og enga lægðir. Uppl. hjá HJ Bílar ehf í s. 894 7000.

**Lærlingur eða smiður**
Húsmíðameistari óskar eftir lærlingi, smiði , fjölbreytileg smíðavinna. Uppl. í s. 698 2261.

Sia búðin við Laugarveg vantar vanann starfskraft sem fyrst. Uppl. sendist á ingibjorg.sia@pax.is

**Pálmatré ehf.**
Verkamenn óskast í byggingarvinnu í Mosfellsbæ. Upplýsingar í síma 898 9313

## Atvinna óskast

24 ára maður óskar eftir vinnu, er með meirapróf og lyftararéttindi. S. 698 8238.

Verkamaður óskar eftir starfi. Uppl. í síma 848 5071.

Véla og kranamaður með 30 ára reynslu, full réttindi óskar eftir vinnu á Reykjavíkursvæðinu eða Suðurnesjunum. Uppl. í s. 616 6200.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Ellen Kristjáns og Eyþór Gunnarsson verða rafmagnslaus í Ráðhúsinu á laugardagskvöldið. Rauða húsið, Eyrabakka.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Austurlenskt hlaðborð í hádeginu, 890. kr. Badabing, Flatahrauni Hafnarfirði.

HamborgarabúllaTómasar. Hamborgarar steiktir báðum megin. Hamborgarabúlla Tómasar.

Djúpsteiktar rækjur, djúpsteiktar rækjur á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Austurlenskur takeaway Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Kjúklingur í ostrusósu, kjúklingur í ostrusósu Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Hamborgarar steiktir báðumeginn. Hamborgarabúlla-Tómasar. .

Hamborgarabúlla-Tómasar, Mjólkurhristingur mjólkurhristingur. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Fljótlegt, gott og austurlenskt á Badabing í hádeginu.

Árshátíðir og óvissuferðir, veitingahúsið Salthúsið, Grindavík.

Hamborgarabúlla-Tómasar, Takk fyrir góðar móttökur. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Potturinn og Pannan, Sjávarréttapanna. Brautarholti 22

Svartar síðbuxur. Belladonna.

Austurlenskt hlaðborð í hádeginu, 890,- kr. Badabing, Flatahrauni Hafnarfirði.

## Einkamál

























Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

**Símaspjall 908 2020**
Mig langar að vera vinkona þín í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Elísabet.

Fertugur karlmaður, vel byggður, vill eiga náin samskipti við karlmenn, helst fleiri en einn samtímis. Auglýsingu hans má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl. nr. 8373.

42 ára kona, 167 cm, 55 kg, reglusöm, vill kynnast karlmanni á svipuðum aldri. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl.nr. 8944.

Ljóshærð og bláeyg kona vill kynnast karlmanni, 40-60 ára, með tilbreytingu í huga. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl.nr. 8411.

Kona vill kynnast huggulegum og skemmtilegum manni, 60-65 ára, sem hefur gaman af útiveru og rómantískum samverustundum. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90, augl. nr. 8911.

BMW 316 ‘96 skoðaður ‘07 ek. 164 þ. 17“ álfelgur, CD/MP3 130 þ. út + 260 þ. yfirtaka á láni. S. 866 4222, Guðjón.

Ný kvöldsaga fyrir karlmenn - Ung kona leikur sér „mjög innilega“ í mjög hressandi upptöku. Þú hlustar í síma 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9920 (Visa, Mastercard, ódýrara, aðeins kr. 19,90 mín.), upptökunr. 8391.









**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## Heggur Ehf

**Vantar vana smiði.**

**Vantar smiði og aðstoðamenn í inni vinnu. Nemar koma einnig til greina.**

Upplýsingar gefa Sæmundur 893 1424 og Gylfi 862 1524

## Sólheimar
## Stuðningsfulltrúi

Óskað er eftir stuðningsfulltrúa til starfa á Sólheima.
Unnið er skv. vinnulotukerfi.
Leitað er að einstaklingi með góða almenna menntun og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar gefur Valdís í síma: 480-4414 eða 861-9657 á milli kl. 8 og 17 virka daga.
Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir metnaðarfullann einstakling sem hefur áhuga á að vinna á Sólheimum.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

*Sólheimar eru sjálfbært byggðahverfi í Árnessýslu. Á Sólheimum er m.a. félagsþjónusta, garðyrkjustöð, skógræktarstöð, gistiheimili, verslun með helstu nauðsynjavörur, listhús og sex verkstæði sem vinna að listsköpun og endurvinnslu. Ennfremur kaffihús, höggmyndagarður, kirkja, sundlaug og umhverfissetrið Sesseljuhúsi.*

**www.solheimar.is**

STYRKIR

## Sjóðurinn Blind börn á Íslandi

Sjóðurinn **Blind börn á Íslandi** veitir styrki til blindra og sjónskertra barna á Íslandi allt að 16 ára aldri.

Úthlutað verður styrkjum úr sjóðnum á fyrsta vetrardag sem er 21. október næstkomandi. **Umsóknir um styrki þurfa að hafa borist eigi síðar en 20. október 2006.**

Umsóknir skal senda til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17 skulu vera skriflegar og þeim fylgja kostnaðaráætlun vegna þess sem sótt er um.

www.ru.is/simennt

# SÍMENNT HR



## Námskeið í rannsóknarblaðamennsku

Símennt Háskólans í Reykjavík, býður upp á hagnýtt námskeið í rannsóknarblaðamennsku.

Námskeiðið er sérsniðið að þörfum þeirra sem starfa við fjölmiðlun. Áhersla er lögð á að þátttakendur geti stundað rannsóknir og tölvuútreikninga. Sérstaklega er fjallað um vinnubrögð á Washington Post og rætt er um efasemdir í samfélaginu um rannsóknarblaðamennsku. Stuðst er við tvær handbækur sem gefnar eru út í tengslum við samtök blaðamanna á þessum sviðum.

Á námskeiðinu verður kennsla í formi fyrirlestra og verkefna. Lagt er upp úr því að námsefnið sé fyrst og fremst hagnýtt og spennandi og það sé jafnframt í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 10. október og lýkur 30. nóvember.

Kennt er tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum frá 8:15 til 10:45. Námskeiðið er samtals 40 klst.

Leiðbeinandi:
Jónas Kristjánsson, ritstjóri.

Verð kr. 65.000,-

Upplýsingar og skráning:
Lilja Ósk Snorradóttir
Sími: 599 63 63
lilja@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU







## 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

| 2 herb. verð frá | 3 herb. verð frá | 4 herb. verð frá |
|---|---|---|
| KR. 12.850.000* | KR. 16.450.000* | KR. 18.750.000* |
| TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR | TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR | TIL AFHENDINGAR 2007 |

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

| FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS | FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. | domus |
|---|---|---|
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



FRÉTTABLAÐIÐ

# AUGLÝSINGASÍMI
# 550 5000

**Aðalfundur Framsóknarfélags Reykjavíkur suður**

**Framsóknarfélag Reykjavíkurkjördæmis suður boðar til aðalfundar félagsins miðvikudag 11. október nk. kl. 20:00 að Hverfisgötu 33.**

Dagskrá:
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar

Sjá nánari dagskrá á vefslóðinni www.hrifla.is

**Stjórn FRS**

***auglýsingin birtist ekki í gær vegna tæknilegra mistaka**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhraun 22

sími 565 8000 533 6050

**LAUFENGI 166 ENDARAÐHÚS**

**Opið hús í dag milli kl. 17 og 18**





Vorum að fá í sölu sérlega vel skipulagt 120 fm endaraðhús á tveimur hæðum í þessu fjölskylduvæna hverfi. Stór afgirt lóð. Fjögur rúmgóð herbergi. Eignin er laus strax. **Verð aðeins 29,9 millj.**

**Ásmundur Sölumaður á Höfða verður á staðnum. Gsm 895 3000.**

www.hofdi.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

FASTEIGNASTOFAN 565 5522

# Opið hús í dag milli 17 - 19

# Háholt 14 – Íbúð 0103 Hafnarfirði





Vorum að fá í sölu glæsilega og mikið endurnýjaða íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er björt og skemmtilega hönnuð. Mjög góð gólfefni og fallegar innréttingar. Góð staðsetning með útsýni. Góður sérgarður og útgengt úr stofu. Íbúðin getur losnað fljótlega. **Verð 20,9 millj.** Fríða og Sigurður á bjöllu.

# Snyrtistofa

Húsnæði til leigu á frábærum stað í Smárahverfi. Góðir möguleikar. Innangengt á hárgreiðslustofu.

**Upplýsingar í síma 544-4455.**

## Hvalfjarðarsveit auglýsir nýtt símanúmer hjá sveitarfélaginu 433-8500

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar
Innrimel 3, Melahverfi, 301 Akranes
www.hvalfjordur.is
hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

## Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur

Fundurinn verður í Verbúð 5 Suðurbugt fimmtudaginn 5. október kl. 20.

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning nýrrar stjórnar.
3. Kjarasamningar.

**Örn Pálsson mætir.**

## Auglýsing um skipulagsmál í Flóahreppi

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

**1. Eystri-Hellur**

Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar í landi Eystri-Hellna, Flóahreppi. Tillagan gerir ráð fyrir 30 íbúðalóðum á um 31 ha lands, hver lóð er 1 ha að stærð. Gert er ráð fyrir húsum á einni hæð, allt að 300 fm að stærð.

Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi.

**2. Hallandi 1**

Tillaga að deiliskipulagi í landi Hallanda, Flóahreppi. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum, merktir A og B.

Innan byggingarreits A verði heimilt að byggja allt að 200 $m^2$ bílskúr/skemmu og allt að 30 $m^2$ baðhús. Innan byggingareits B verði heimilt að byggja allt að 300 $m^2$ íbúðarhús ásamt bílgeymslu.

Aðkoma er frá Langholtsvegi nr. 304.

Skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfossi, frá og með fimmtudeginum 5. október til og með fimmtudagsins 2. nóvember 2006. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. nóvember 2006.

Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu sveitarfélagsins. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Margrét Sigurðardóttir,** sveitarstjóri Flóahrepps

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um lausar lóðir í Sveitarfélaginu Árborg.

Sveitarfélagið Árborg auglýsir byggingarrétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum á Selfossi og Stokkseyri.

**1. Iðnaðarlóðir við Hellismýri á Selfossi:**

Um er að ræða byggingarrétt á 11 iðnaðarlóðum við Hellismýri á Selfossi. Stærð lóðanna er frá 1700 - 2500 $m^2$.

**2. Iðnaðarlóðir við Breiðumýri á Selfossi:**

Um er að ræða byggingarrétt á 1 iðnaðarlóð við Breiðumýri á Selfossi. Stærð lóðannar er 2500 $m^2$.

**3. Hesthúsalóðir á Selfossi:**

Um er að ræða byggingarrétt á 1 hesthúsalóð við Vallartröð og 8 lóðum við Suðurtröð.

**4. Einbýlishúsalóð á Stokkseyri:**

Um er að ræða byggingarrétt fyrir einbýlishúsi á lóð nr. 8a við Heiðarbrún.

Gert er ráð fyrir að lóðir í Hellismýri og Breiðumýri verði byggingarhæfar í janúar 2007, lóðir í Hesthúsahverfi í maí 2007.

Skipulags- og byggingarskilmálar, skipulagsuppdrættir, gjaldskrá ásamt úthlutunarreglum og umsóknareyðublaði fást keypt gegn 1.000 kr. gjaldi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, Austurvegi 67 Selfossi, frá kl. 8-15 alla virka daga frá og með mánudeginum 9. október. Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 16:00 mánudaginn 23. október 2006.

Upplýsingar er að finna á heimasíðu Árborgar www.arborg.is

Berist fleiri en ein umsókn um hverja lóð verður dregið um þær samkvæmt gildandi úthlutunarreglum.

Hafi umsækjandi þegar fengið úthlutaðri lóð án þess að hafa hafið framkvæmdir kemur viðkomandi ekki til greina við úthlutun á nýjum lóðum (sbr. e-lið 3. gr. í vinnureglum um úthlutun lóða).

***Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar***

## Kópavogsbær

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Vallarkór 1-3. Deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 10. ágúst 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vallakór 1-3. Í tillögunni felst að fyrirhugað fjölbýlishús á lóðinni verður 4 hæða í stað 2 og 3 hæða. Íbúðum er fjölgað úr 15 íbúðum í 24 íbúðir. Bílastæðum er fjölgað 18 og hluti þeirra verður í bílgeymslu neðanjarðar.

Tillagan var auglýst frá 9. maí til 8. júní 2006 með athugasemdafresti til 22. júní 2006. Athugasemd barst. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 1. ágúst 2006 ásamt framkominni athugasemd og umsögn Bæjarskipulags. Er umsögnin dags. í júlí 2006. Tillagan var samþykkt óbreytt og vísað til bæjarráðs til afgreiðslu. Tillagan var samþykkt í bæjarráði 10. ágúst 2006 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 5. október 2006.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.


RE/MAX
ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR
FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR
remax.is
ÁTTA SÖLUSKRIFSTOFUR
RE/MAX BORG
RE/MAX BÚI
RE/MAX FASTEIGNIR
RE/MAX HEIMILI & SKIP
RE/MAX LIND
RE/MAX MJÓDD
RE/MAX SENTER
RE/MAX STJARNAN
www.remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

## VISSIR ÞÚ ...

...að ein milljón Bandaríkjamanna byrjar að reykja á hverju ári?

...að í meðalsúkkulaðistykki eru átta skordýrafætur?

...að aðeins ein manneskja af tveim milljörðum mun lifa í 166 ár eða lengur?

...að sjötíu prósent auðveldara er að klippa hár ef það er látið liggja í heitu vatni í tvær mínútur?

...að fjöldi bíla á jörðinni eykst þrisvar sinnum hraðar en mannfjöldinn?

...að með því að skella höfðinu við vegg þá brennir þú 150 kaloríum á klukkutíma? Þó er ekki mælt með þessari aðferð.

...að þrettán manneskjur deyja á hverju ári vegna þess að sjálfsali hefur dottið ofan á þær?

...að 50.000 jarðskjálftar verða á jörðinni á ári hverju?

...að meðalísjaki er tuttugu milljón tonn?

...að meðalmanneskja hringir 1.140 símtöl á ári?

...að rétthent fólk lifir að meðaltali níu árum lengur en örvhent fólk?

...að fjórðungur beinanna í mannslíkamanum eru í fótleggjunum?

...að meðalmanneskja hlær fimmtán sinnum á dag?

...að flestar kleinuhringjabúðir í heiminum eru í Kanada miðað við höfðatölu?

...að flestar kirkjur á fermetra eru á Jamaíka?

...að þjóðsöngur Grikkja er 158 vers?

...að Búlgarar borða mest af jógúrti í heiminum?

## UPPÁHALDS STAÐUR
### *Sumarhús foreldranna*

Uppáhalds staðurinn minn er sumarhús foreldra minna á Kirkjubæjarklaustri. Sá staður stendur nærri hjarta mínu og þar finn ég frið og tengingu við náttúruna. Á Kirkjubæjarklaustri er líka mjög gott að semja tónlist, enda frí frá margskonar áreiti sem fylgir borgarlífinu," segir Börkur Hrafn sem er einmitt að vinna að plötu þessa dagana, en áætlað er að hún komi út á næstu vikum.



Börkur Hrafn Birgisson, tónlistarmaður, kann vel við sig á Klaustri.



## STAÐURINN: BOLAFJALL

Bolafjall stendur við Bolungarvík. Uppi á fjallinu er rennislétt flæmi þaðan sem er óviðjafnanlegt útsýnni til allra átta. Akvegur er upp á fjallið sem er opinn almenningi í júlí og ágúst en sá vegur er nokkuð brattur. Einnig er vinsælt að ganga upp á fjallið eftir veginum og tekur sú ganga um einn og hálfan tíma. Úti á fjallsbrún yfir snarbrattri Stigahlíðinni stendur ratsjárstöð sem tilsýndar minnir helst á geimfar.





Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

allt bílar
Alla laugardaga

# Gæði og samkeppni í námsgagnagerð

**Umræðan**
Námsefnisgerð

Námsgagnaútgáfa fyrir grunnskóla á Íslandi hefur á sér sovéskt yfirbragð við fyrstu sýn. Flestallar kennslubækur og annað námsefni kemur frá einu ríkisreknu forlagi. Nefndir hafa verið skipaðar til að segja álit á þessu fyrirkomulagi, skýrslur verið skrifaðar og tillögur lagðar fram. Enginn hefur þó árætt að breyta þessu í grundvallaratriðum af einfaldri ástæðu: Fyrirkomulagið hefur gefið góða raun. Útgáfuefnið er upp til hópa vandað og ótrúlega fjölbreytt miðað við örsmáan markað. Hver vill henda barninu með baðvatninu?

„Námsgögn eru augljóslega lykilþáttur alls skólastarfs,“ skrifar Illugi Gunnarsson í Fréttablaðinu 17. sept. sl. Mikið rétt. Og því þarf að fara varlega í að breyta því fyrirkomulagi sem hefur gefið góða raun. Auðvitað væri gott að búa við meiri fjölbreytni í námsgögnum. En fjölbreytnin er ekki markmið sem ryður öllum öðrum úr vegi. Betra er að hafa eina góða kennslubók en tvær vondar. Gott námsefni er meira um vert en kórrétt hagfræðikenning.

*Bót væri að því að fleiri aðilar en Námsgagnastofnun gæti gefið út vandað námsefni fyrir grunnskóla.*

Skólarnir hafa ekki mikið svigrúm nú um stundir til að útvega sér annað námsefni en frá Námsgagnastofnun og Illugi mælir með að þetta svigrúm verði aukið. Það er ekki nema réttmætt og gott en ein af ástæðunum fyrir þessu litla svigrúmi er að lítið annað hefur staðið til boða. Forlögin og önnur fyrirtæki, sem starfa á einkamarkaði, hafa ekki sinnt námsgagnagerð fyrir grunnskóla að neinu gagni. Orsök verður afleiðing í slíkri stöðu og afleiðing orsök. Illugi kallar líka eftir meiri hvata fyrir kennara að semja eigin námsgögn og selja þau. Þetta er líka góð hugmynd og ekki nema rétt að grunnskólakennarar fái betri aðgang að fjármagni til að búa til námsefni eins og framhaldsskólakennarar hafa.

## Kennarar semji námsefni?

Bót væri að því að fleiri aðilar en Námsgagnastofnun gætu gefið út vandað námsefni fyrir grunnskóla. Hugsanlega munu einkaforlögin með tíð og tíma koma sér upp kunnáttu til að taka þátt í slíkri starfsemi þó að ekki bóli á því enn. En er líklegt að kennarar taki sig til sjálfir og framleiði námsefni sem verði raunverulegur valkostur fyrir kennara og nemendur?

Það er meiri eftirspurn en framboð á hæfum námsefnishöfundum. Ef vel á að vera þurfa þeir að hafa þrjá kosti til að bera: í fyrsta lagi kennslureynslu, helst af viðkomandi skólastigi, í öðru lagi fagþekkingu á viðfangsefninu sem fjallað er um og í þriðja lagi færni til að miðla efninu á aðlaðandi, skýran og traustan hátt. Auk þess þarf höfundurinn tíma til að sinna þessu verki af alúð og fá góð ráð og sérfræðiaðstoð. Útvega þarf myndefni, frumgert eða aðfengið, með fullum rétti og greiðslum, semja kennsluleiðbeiningar og leiða kennara og nemendur að nýja efninu. Einsamall kennari eða fræðimaður ræður ekki við þetta verkefni.



ÞORSTEINN HELGASON

Hann þarf stuðningsnet til að það takist. Hins vegar er gott að kennarar fái aðstoð til þess að þróa sitt eigið stuðningsefni til að þjóna nemendum sínum og sumt af því getur síðan gengið í gegnum frekara ferli og orðið almennt námsefni. Líklegra er að svo takist til ef fjármunum er veitt til málsins og kennaramenntunin verður lengd.

## Hvernig eru námsefnishöfundar?

Hópurinn, sem semur námsefni fyrir Námsgagnastofnun, er býsna fjölbreyttur og þar eru kennarar virkjaðir ásamt fólki með aðra reynslu, menntun og hæfileika. Ég nefni hér þá sem kallaðir hafa verið til að semja kennslubækur, leiðbeiningar og annað efni í sögukennslu frá því að síðasta aðalnámskrá kom út 1999 vegna þess að þar þekki ég best til:

- Kennslufræðingur og grunnskólakennari með langa reynslu, nú starfandi í Kennaraháskólanum (KHÍ).
- Sagnfræðingur og sögukennari á unglingastigi grunnskóla til margra ára.
- Sagnfræðingur og kennari með reynslu úr grunnskóla en einkum framhaldsskóla, nú í KHÍ.
- Sjálfstætt starfandi sagnfræðingar með mismunandi mikla reynslu af kennslu.
- Kennari með tuttugu ára reynslu af grunnskólakennslu og meistaragráðu í kennslufræðum, kennir nú við KHÍ.
- Rithöfundur sem hefur samið sögulegar skáldsögur og er þekktur fyrir þekkingu sína á sögu lands og þjóðar.
- Nýútskrifaðir kennarar frá KHÍ sem bjuggu til námsefni í lokaverkefnum sínum.

Margt af efninu sem þessir höfundar sömdu gekk í gegnum mikið breytingaferli í meðförum Námsgagnastofnunar og sérfræðinga hennar. Vonandi tekst að auka enn fjölbreytnina og vanda til verka þegar búin eru til námsgögn handa uppvaxandi kynslóð landsins sem á ekkert nema það besta skilið.

*Höfundur er námsefnishöfundur og dósent í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands.*

**AF NETINU**

### Ríkisstjórn laus við sjarma

**Egill Helgason skrifar á Visir.is undir Skoðanir.**

Einhvern veginn er maður orðinn svo samdauna ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar að maður heldur að hún sitji til eilífðarnóns. Maður þekkir varla annað núorðið. Þessir flokkar kjósa líka að starfa saman hvar sem þeir hafa færi á. Framsókn kann varla annað lengur – tilverugrundvöllur þess flokks verður sífellt óljósari. Foringjaskiptin í flokknum eru algjör ráðgáta. Þetta er ekki stjórn sem er líkleg til stórafreka, hún er ekki hrífandi, veitir engan innblástur, er nokkurn veginn laus við allan sjarma – en áfram skröltir hún þó. Kannski þora kjósendur ekki alveg að skipta.




## Kjarni málsins

> Fjöldi nema í viðskipta- og hagfræði á Íslandi




**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** HAFDÍS E. INGVARSDÓTTIR, DÓSENT Í UPPELDIS- OG KENNSLUFRÆÐI

# *Mannlegu samskiptin gera kennsluna skemmtilega*



„Ég byrjaði á því að kenna í grunnskóla og fannst það alveg óskaplega gaman. Þegar ég fór svo að kenna í framhaldsskóla, af því mig langaði að prófa að kenna eldri krökkum, komst ég að því að það er alveg jafn skemmtilegt. Mér fannst ég hins vegar vera svolítið gamaldags í kennsluháttum og langaði að kenna öðruvísi og betur, þannig að ég fór í framhaldsnám. Í kjölfarið var mér boðið að byggja upp nýtt nám við háskólann sem heitir kennslufræði tungumála. Það var allt of freistandi til að hafna,“ segir Hafdís E. Ingvarsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands um fyrstu skref sín inn í fræðin.

„Það eru mannlegu samskiptin sem gera kennslu á öllum skólastigum svona skemmtilega, þau eru bæði svo gefandi og krefjandi. Maður er alltaf að endurnýja sig, prófa eitthvað nýtt og hitta nýtt fólk.“ Hún segir oft gleymast hvað kennarastarfið býður upp á mikla möguleika og hvað það getur gefið fólki mikið. „Þetta er svo einstaklega gefandi starf.“

Hafdís segist á kafi í rannsóknum þessa dagana, enda eru þær mjög stór hluti af starfinu. „Ég er að vinna að stóru rannsóknarverkefni sem fjallar um breytingar á kennsluháttum í framhaldsskólum. Kennsla í framhaldsskólum hefur mjög lítið verið rannsökuð, en það er svið sem er mjög mikilvægt að skoða svo við getum breytt og bætt framhaldsskólakennsluna.“

**Rannsóknarþing norðursins:**

## Aukin samvinna milli Íslands og Finna



Rannsóknarþing norðursins hófst í Oulu í Finnlandi í gær. Yfirskrift þingsins er að þessu sinni Norðurslóðir án landamæra og munu fjölmargir vísindamenn frá Norðurlöndunum, Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi kynna rannsóknir sínar. Meðal viðfangsefna þingsins eru atvinnulíf og tækniþróun á norðurslóðum, samvinna í efnahags-, menningar- og umhverfismálum, jafnréttismál og réttindi þjóðarbrota, löggjöf og samgöngur. Það var Tarja Halonen, forseti Finnlands, sem setti þingið en Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flutti ávarp við opnunina. Forsetarnir hafa einnig efnt til viðræðufundar um vaxandi samvinnu landanna á fjölda sviða sem og samstarfi um málefni þróunarlandanna. Fjölmargir fræðimenn, forystumenn í atvinnulífi og fulltrúar frumbyggja á norðurslóðum sitja þingið, sem var stofnað fyrir sex árum að frumkvæði Ólafs Ragnars.

**Háskólinn í Reykjavík býður upp á ólympíustærðfræði:**

## Hugmyndaflug og rökhugsun



Háskólinn í Reykjavík ætlar að bjóða öllum grunnskólanemendum 5. til 8. bekkja í Reykjavík á námskeið í ólympíustærðfræði í vetur. Námskeiðin eru hluti af átaki sem heitir Stærðfræði er skemmtileg. Átakið snýst um eflingu stærðfræðimenntunar í íslensku samfélagi og hefur öllum grunnskólabörnum á aldrinum 10-13 ára í Reykjavík verið boðið að taka þátt. Alls eru þetta á sjötta þúsund nemenda og verða námskeiðin haldin í 17 skólum borgarinnar í vetur og ennfremur í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Ólympíustærðfræði byggist á þrautum sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun og má rekja þetta verkefni aftur til 1977. Að þessu sinni taka 40 lönd þátt í verkefninu og eru þátttakendur um 150.000 börn um allan heim. Nemendur í Hlíðaskóla tóku þátt í námskeiði af þessu tagi í fyrra og tókst svo vel til að ekkert brottfall varð í hópnum.


# Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




**EINBEITTIR NEMENDUR HJÁ EINBEITTUM KENNARA** Menntamálaráðuneytið hefur verið að gera úttektir í einstaka deildum og skólum en ekkert í því magni sem það á að gera, segir framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra námsmanna.

# Gæðaeftirlit viðhaft með háskólastiginu

**Í fyrsta skipti er bundið í lög á Íslandi að háskólar þurfa að sækja um viðurkenningu til menntamálaráðherra. Skiptir sköpum fyrir nema að vita að nám þeirra sé viðurkennt, segir framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra námsmanna.**

**MENNTUN** Í lögum um háskóla, sem samþykkt voru á seinustu dögum sumarþings nú í sumar, er í fyrsta skipti kveðið á um í lögum að háskólum beri að sinna innra gæðamati með kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna auk þess sem menntamálaráðuneyti skuli sinna ytra gæðamati.

Gæðaeftirlit háskólastigs er mjög misjafnt eftir löndum í Evrópu að sögn Eyrúnar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra námsmanna. „Sum lönd eru komin miklu framar en við í þessum málum meðan önnur eru rétt að taka fyrstu skrefin. Samkvæmt skyldum Bolognaferlisins, sem Ísland er aðili að ásamt öðrum Evrópuríkjum, á gæðaeftirlit með háskólum að vera komið í lög fyrir árið 2010. Með því að festa þetta í rammalögum um háskóla núna er Ísland að taka þetta skrefinu lengra heldur en mörg önnur lönd.“ Eyrún segir það muna gríðarlega miklu fyrir háskólamenntun að gæðaeftirlit sé lögfest og bendir á að skortur á því hafi verið stór þáttur í því sem var gagnrýnt í nýlegri skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu um menntun á Íslandi.

Í lögunum segir að menntamálaráðherra gefur út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í reglunum eru skilyrði sem háskólar eiga að fullnægja til að öðlast viðurkenningu og lúta þau meðal annars að fyrirkomulagi kennslu og rannsókna, hæfisskilyrðum starfsmanna, innra gæðakerfi og lýsingu á inntaki náms út frá þekkingu, hæfni og færni við námslok.

Viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið og uppfylli háskóli sem fengið hefur viðurkenningu ekki ákvæði laganna eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna getur menntamálaráðherra afturkallað viðurkenninguna á einstökum fræðasviðum eða að fullu. Háskólar fá tveggja ára aðlögunartíma til að verða sér úti um viðurkenningar.

Vinna við gerð reglna um viðurkenningar er nú í gangi hjá menntamálaráðuneytinu að sögn Hellenar M. Gunnarsdóttur, deildarstjóra háskóladeildar hjá menntamálaráðuneytinu. „Það verða væntanlega þrjár leiðir. Í fyrsta lagi þegar viðurkenning verður veitt, í öðru lagi verður viðurkenning veitt með skilyrðum til úrbóta og í þriðja lagi verður viðurkenning ekki veitt.“

Eyrún vonar að þessu verði fylgt eftir. „Það skiptir sköpum fyrir alla háskólanema að ganga að því vísu að þeirra nám sé viðurkennt og farið sé eftir öllum settum reglum og gæðastuðlum. Fyrir nemendur sem greiða skólagjöld er þetta sérstaklega þýðingarmikið, eins og staðan er í dag geta háskólar hækkað skólagjöldin ár eftir ár þrátt fyrir að nemendur hafi í raun enga tryggingu fyrir gæðum námsins sem skólarnir bjóða upp á.“

Eyrún segir eðlilegt að háskóli fái tíma og svigrúm til að bæta úr ef hann uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til hans samkvæmt þeirri viðurkenning sem skólinn hefur hlotið. „En gerist það ekki segir það sig sjálft að svipta þarf skólana áður fenginni viðurkenningu.“

sdg@frettabladid.is

Fjöltækniskólinn hefur búið til eigið gæðakerfi til að uppfylla alþjóðlega staðla:

# Eini skólinn með ISO staðal

**MENNTUN** „ISO 9001 er alþjóðlegur gæðastaðall vottaður af utanaðkomandi aðila sem kemur tvisvar á ári og tekur út starfsemina,“ segir Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands. „Staðallinn gengur út á það að það er fyrirfram ákveðið hvernig hlutirnir eiga að gerast. Hvernig við innritum nemendur, hvernig við kennum og hvernig við kaupum búnað til dæmis. Síðan kemur úttektaraðilinn og gengur úr skugga um að rétt sé staðið að málum.“

Engir aðrir skólar nota þetta gæðakerfi að sögn Jóns en Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn í Kópavogi eru í vottunarferli. „Háskólarnir vinna eftir eigin gæðakerfi en það tekur þau engin út og vottar. Þar er verulegur munur á því vottorð kallar á það að við þurfum að vera á tánum gagnvart úttektaraðila. Sé vottun ekki í lagi megum við ekki útskrifa nemendur.“

Jón segir Fjöltækniskólann töluvert á undan íslensku skólasamfélagi og að mikill munur hafi sést á skólastarfinu eftir að gæðakerfið var tekið í notkun. „Við búum í raun til okkar kerfi og það er mikil vinna sem felst í því að teikna allt upp í ferla. Við afhendum síðan hverjum sem vill þetta kerfi og förum yfir hvernig hægt er að nýta það.“

- sdg

# DÁLDIÐ FLOTTIR SKÓR...




Kaupfélagið

Kringlan S. 568 6211 - Smáralind S. 534 8211



*Ástkær faðir okkar, unnusti, sonur, bróðir og mágur,*

**Bragi Rúnar Hilmarsson**

Hlíðarvegi 74, Njarðvík,

lést miðvikudaginn 27. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 6. október kl. 14.00.

**Andrea Lísa Bragadóttir**
**Elísabet Kristín Bragadóttir**
**Kristbjörg Lind Bragadóttir**
**Birna Ýr Bragadóttir**
**Thelma Sif Björnsdóttir**
**Ólöf Sigfúsdóttir**
**Hilmar Arason**
**Brynja Hilmarsdóttir** **Anthony D'Onofrio**
**Karen Hilmarsdóttir** **Einar Árnason**
**og aðrir vandamenn**



*Okkar elskulegi*

**Haukur D. Þórðarson**

fyrrverandi yfirlæknir Reykjalundar

lést á heimili sínu 4. október.

**María Guðmundsdóttir**
**Pétur Hauksson** **Anne Grethe Hansen**
**Þórður Hauksson** **Kristjana Fenger**
**Magnús Hauksson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
**Gerður Sif Hauksdóttir** **Karl Benediktsson**
**Dóra Guðrún Wild** **Árni Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**

f. 19. desember 1926,

andaðist á heimili sínu Skjóli, Kleppsvegi 64, laugardaginn 30. september.

**Sveinn Rúnar Hauksson** **Björk Vilhelmsdóttir**
**Óttar Felix Hauksson** **Guðný Þöll Aðalsteinsdóttir**
**Sigríður G. Hauksdóttir** **Evald Sæmundsen**
**Sigfús Guðfinnsson** **Andrea Henk**
**Guðmundur Guðfinnsson** **Lena María Gústafsdóttir**
**María Þ. Guðfinnsdóttir** **Hörður Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



SÓLSTEINAR
Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska



Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is



Legsteinar



Rein ehf. Steiniðnaður
Lækjarmel 2, Síðumúla 17
566-7878 WWW.rein.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**VACLAV HAVEL ER SJÖTUGUR Í DAG**

*„Von er ekki sama og bjartsýni, sú sannfæring að allt fari á endanum vel, heldur sú vissa að burtséð frá útkomunni sé alltaf regla á hlutunum.“*



***Tékkneski rithöfundurinn Vaclav Havel var einnig forseti Tékkóslóvakíu og Tékklands.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 5. OKTÓBER 1986**

## Íran-Kontra hneykslið afhjúpað

Á þessum degi fyrir tveimur áratugum handsömuðu hermenn sandínista í Nikaragúa Bandaríkjamann, sem komst einn lífs af þegar flugvél hans var skotin niður. Við yfirheyrslur viðurkenndi hann að hann væri að flytja vopn til Kontra skæruliða, samtök sem Bandaríkjamenn höfðu stofnað og fjármagnað. Hann játaði enn fremur að bandaríska leyniþjónustan stæði á bak við aðgerðirnar.

Tíðindin ollu fjaðrafoki í Bandaríkjunum. Ronald Reagan leit á sandínista sem lepp Sovétríkjanna og tryggði Kontra-skæruliðum fjárstyrk árið 1981. Árið 1984 samþykkti Bandaríkjaþing hins vegar lög sem tóku fyrir alla fjárhagsaðstoð til Kontra-skæruliða af hálfu leyniþjónustunnar eða annarra ríkisstofnana. Ef játning Bandaríkjamannsins var rétt þýddi það að bandarísk stjórnvöld höfðu gerst brotleg við lög.

Reagan þvertók fyrir að hann eða leyniþjónustan ættu hlut að máli. Þingið og blaðamenn fóru hins vegar á stúfana og smám saman komst upp um það sem kallað var Íran-Kontra hneykslið. Í ljós kom að Bandaríkjamenn höfðu selt Írönum vopn, að hluta til í skiptum fyrir frelsi bandarískra gísla í Miðausturlöndum. Hluti af ágóða vopnasölunnar var hins vegar notaður til að styrkja Kontra-skæruliða í Nikaragúa.

Hneykslið kom sér illa fyrir Reagan-stjórnina og rýrði traust almennings til stjórnvalda. Alls voru ellefu stjórnarliðar kærðir og dæmdir fyrir hin ýmsu afbrot sem lutu að málinu.



**ÞÓR JAKOBSSON** Fagnar sjötugsafmælinu á efstu hæð Perlunnar, enda finnst honum að fólk eigi að fagna afmælum sínum vel.

**ÞÓR JAKOBSSON:** FAGNAR SJÖTUGSAFMÆLI OG SEST Í HELGAN STEIN

# Fær vonandi smá stjörnublik

„Já, ég er mikið afmælisbarn,“ segir Þór Jakobsson veðurfræðingur, sem er sjötugur í dag. Í tilefni dagsins býður hann til stórrar veislu þar sem efsta hæð Perlunnar verður lögð undir.

„Ég er búinn að smala saman samstarfsmönnum og samherjum af ýmsum sviðum og ættmennum. Við verðum undir glerhjálminum í Perlunni. Ég hef alltaf haldið mikið upp á Öskjuhlíðina frá því ég var strákur í Hlíðunum og lá þarna á björtum vetrarkvöldum og glápti á stjörnurnar.“ Spurður hvort hann reyni að nýta sér aðstöðu sína á Veðurstofunni til að tryggja sér heiðan himin, hlær Þór við og segist ekkert geta gert nema vonað það besta. „Mér sýnist allavega að það verði bjartara yfir en þegar borgin var myrkvuð um daginn, þannig að við fáum vonandi smá stjörnublik.“

Þór finnst að fólk eigi almennt að halda upp á afmælisdaginn sinn, sjálfur reyni hann alltaf að gera það. „Í minningunni standa sjálfsagt stórafmælin upp úr og ætli þetta í kvöld verði ekki það allra stærsta. Ég býst allavega ekki við að það verði jafn stórt þegar ég verð áttræður. En þetta snýst auðvitað ekki endilega um fjölmennið. Ég minnist þess þegar ég var lítill og átti von á félögunum í afmæliskaffi, þá fylltist ég alltaf tilhlökkunar.“

Hann hefur reyndar dálítlar áhyggjur af að hafa mögulega gleymt að bjóða gömlum samstarfsmönnum og félögum í veisluna og biður blaðamann kurteislega um að árétta að þeir séu auðvitað guðvelkomnir í Perluna í kvöld.

Sjötugsafmælið er ekki einu tímamótin sem Þór stendur á því hann er að vinna síðasta mánuð sinn á Veðurstofu Íslands og í Sjónvarpinu, þar sem hann hefur kynnt landsmönnum veðurspána um árabil. Hann hlakkar mikið til að fá meiri ró og næði en hefur þó margt á prjónunum og óttast ekki að eiga eftir að leiðast. „Ég hverf ekki alveg sjónum. Ég hef mikinn áhuga á að skrifa bók um hafís. Við hjónin eigum líka lítinn skika austur í Landsveit, skammt frá Heklu, og ætlum að einbeita okkur að skógrækt og öðrum skemmtilegheitum. Svo væri gaman að geta rifjað upp stærðfræðina sem ég hafði alltaf svo gaman af en hélt ekki við sem skyldi,“ segir Þór og bætir við að lokum að auðvitað ætli hann líka að huga að börnum og barnabörnum og „þessu klassíska“. bergsteinn@frettabladid.is



**Eyjólfur Jósep Jónsson**

frá Sámsstöðum,

verður jarðsunginn frá Hjarðarholtskirkju í Dölum laugardaginn 7. október kl. 14.

**Sveinbjörg Ólöf Sigurðardóttir**
**börn og fjölskyldur þeirra.**



*Móðir okkar,*

**Hanna Jónsdóttir**

í Stekkjardal,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 30. september. Hún verður jarðsungin frá Blönduóskirkju laugardaginn 7. október klukkan 13.00. Jarðsett verður á Svínavatni.

**Synir hinnar látnu.**

## 60 ára afmæli



**Hrafn B. Hauksson**

Lönguhlíð 9, 105 Reykjavík,

verður 60 ára 9. október.
Af því tilefni býður hann ættingjum, vinum og vandamönnum í hús Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ laugardaginn 7. október kl. 19.00.



Gréta V. Guðmundsdóttir,
hönnunarstjóri.


# „...fyrir metnaðarfulla fagmenn“

„Í starfi mínu sem hönnunarstjóri hefur reynslan kennt mér að við framleiðslu á vönduðu kynningarefni getur val á prentsmiðju ráðið úrslitum um útkomuna.

Íslandsprent hefur reynst mér afar vel. Prentsmiðjan ræður yfir fullkomnum tækjakosti, þar á bæ eru allir fagmenn fram í fingurgóma og búa yfir mikilli þjónustulund. Ekki sakar að miðað við gæði er verð afar hagstætt. Ég get því hiklaust mælt með Íslandsprenti fyrir metnaðarfulla fagmenn á sviði grafískrar hönnunar og aðra þá sem vilja vera stoltir af prentgripum sínum.“

Gréta V. Guðmundsdóttir, hönnunarstjóri og einn af eigendum auglýsingastofunnar Fabrikan.

Íslandsprent

- orð skulu standa!

569 7200 www.isprent.is






# STUÐ MILLI STRÍÐA Mér leiðist!

**ROALD VIÐARI EYVINDSSON** FINNST LEIÐINDI HOLL



Um daginn á meðan ég var að passa lítinn gutta, tilkynnti hann mér að sér hundleiddist. Ég varð sármóðgaður við að heyra þetta þar sem ég hafði lagt mig allan fram við að létta þeim litla stundir á meðan foreldrarnir voru í burtu, farið í asnalega leiki, hent teiknimynd í tækið og ég veit ekki hvað.

Varla gat ég verið svo leiðinlegur að geta ekki haft ofan af fyrir fimm ára barni? Auðvitað sýndi ég ekki hvernig mér leið við að heyra þessar fréttir, heldur brosti og sagði að það væri bara hollt að leiðast stundum. Þegar hann spurði af hverju, varð hins vegar fátt um svör.

Nokkrum dögum síðar stóð ég í sömu sporum og guttinn þegar ég upplifði hvern tilbreytingalausan daginn á eftir öðrum. Þá varð mér aftur hugsað til gullkornsins sem ég hafði reynt að innræta aumingja barninu, án þess að vera einhverju nær um hollustu þess að láta sér leiðast. Þvílík endemis vitleysa sem þetta var, hugsaði ég.

Næst þegar ég var fenginn til að passa sama strák, varð ég harðákveðinn að láta leikinn ekki endurtaka sig. Ég keypti nammi úti í sjoppu, tók teiknimynd á leigu og setti upp sparibrosið. Ég var staðráðinn í að skemmta krakkanum!

Þegar á ákvörðunarstað var komið tók sá stutti hins vegar ekki annað í mál en að bók um Einar Áskel yrði lesin. Ég ákvað að verða við beiðninni þótt Einar væri í engu uppáhaldi, enda markmiðið að framkalla bros hjá guttanum. Þegar ég opnaði bókina og hóf lesturinn skildst mér hins vegar af hverju hún hafði orðið fyrir valinu.

Á fyrstu blaðsíðum kvörtuðu Einar og pabbi hans hástöfum yfir því hve allt væri leiðinlegt nú þegar jólin væri afstaðin. Amma Einars var hins vegar hin hressasta og svaraði feðgunum á þann veg að það væri hollt að láta sér leiðast, því þannig kynni maður betur að meta skemmtilegu dagana.

Þarna hafði sá litli fundið haldbæra skýringu og þótt um heldur einfalda heimspeki væri að ræða finnst mér enn gott að grípa til hennar þegar mér leiðist.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SAMSUNG dagar

Samsung er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og þróun rafeindatækja. Fyrirtækið er eitt af stærstu fyrirtækjunum í framleiðslu og sölu á sjónvörpum og ýmsum öðrum heimilistækjum. Samsung seldi á síðasta ári fyrir 56,7 milljarða dollara og hagnaðist um 7,5 milljarða.

Hjá fyrirtækinu starfa 128.000. manns á 120 stöðum í 57 löndum. Fyrirtækið hefur haft það markmið að geta boðið vandaða vöru á verði fyrir alla. Jafnframt hefur Samsung lagt sig fram um tækninýjungar og fékk nú nýverið Eisa verðlaun fyrir bestu tæknina í LCD sjónvörpi. Einnig fékk Samsung Eisa verðlaun fyrir besta heimabíóið annað árið í röð, besta smá ljósmyndaprentarann og smátölvuna, mediabook.





**NÝTT**

## Þægilega þunnt

sjónvarp

**LE32R71** - sjónvarp
**219.900.-**

Litir: Hvítt / Svart



EISA BEST PRODUCT 2005-2006

**HT-P1200** - heimabíó
5 x 100 w +150 w er með HDMI tengi og USB. útvarp með RDS. Spilar bæði DVD og CD diska, ásamt ljósmyndum.
**149.900,-**

## LCD

**sjónvarps tilboð**

*Gæði á einstöku tilboði:*



**40" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**

**LE40M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: **379.900,-**
Tilboðsverð: **319.900,-**
**ÞÚ SPARAR 60.000,-**



**32" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**

**LE32M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: **264.900,-**
Tilboðsverð: **219.900,-**
**ÞÚ SPARAR 45.000,-**

EISA BEST PRODUCT 2005-2006



**LE40M61B**
40" LCD sjónvarp

6,4 milljarðar lita
Upplausn1366 x 768, skerpa 5000:1
Birta 500 cd/m2
1.000 blaðsíðna textavarpsminni
**399.000,-**



Ný tækni: **SILVER NANO**
sem drepur bakteríur

Svitalykt **hverfur úr fötunum**
jafnvel án þvottaefna

Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. **íþróttaföt**

Þvottavél sem tekur 7,5 kg af þvotti

**Q1457** 1400 sn. **104.900,-**
**Q1657** 1600 sn. **119.900,-**

MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

## FLOTTIR MP3 SPILARAR



**YP-Z5**
4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár
FM útvarp
MP3, WMA
JPEG, OGG

| 1 GB | 2 GB | 4 GB |
|---|---|---|
| 19.900,- | 26.900,- | 34.900,- |

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

## NÝ TÆKNI SILVER NANO

sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l. Orkunotkun 404 kwh á ári.
**89.990.-**



Kynntu þér **SILVER NANO**

**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka.
Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti.
Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**279.900,-**

imago


ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

**! KL. 18**

*Norrænir músíkdagar hefjast með tónleikum Karlakórsins Fóstbræðra í Ráðhúsi borgarinnar. Um er að ræða viðamestu hátíð nútímatónlistar sem skipulögð hefur verið á Íslandi og tjaldar til færustu hljóðfæraleikurum og fremstu tónskáldum Norðurlanda. Á opnunartónleikunum verður einnig flutt Alþingisrapp eftir Atla Heimi Sveinsson og tónverk eftir sænska tónskáldið Sten Melin.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Mannleg dramatík

Skipið, sjöunda skáldsaga Stefáns Mána, kemur út hjá JPV seinni partinn í október. Sagan, sem er spennusaga, gerist á fraktskipi með níu manna áhöfn. Stefán Máni segist þó leggja megináherslu á mannlega þáttinn. „Þeir eru flestir fjölskyldumenn, karlarnir, og ég spila inn á fjarveruna frá heimilinu og ástvinum,“ sagði hann.

„Ég fjalla dálítið um hvernig maðurinn skapar sér sín eigin örlög. Þeir hafa ýmislegt á samviskunni, þessir karlar, og fara með ýmsar birgðir um borð,“ segir Stefán Máni. „Þetta eru menn sem fresta því sem þeir gætu gert í dag og svo kemur morgundagurinn aldrei,“ sagði



**STEFÁN MÁNI** Þó að Skipið sé spennusaga segir Stefán Máni bókina ekki vera hetjusögu.

Stefán Máni, en hann segist einnig fjalla um viðbrögð manna þegar þeir standa frammi fyrir dauðanum. „Það eru alltaf heimspekilegar pælingar í mínum bókum. Fólk á að hafa gaman af bókunum, en þær eiga líka að hafa eitthvað kjöt á beinunum,“ sagði hann.

Skipið er fyrsta bókin sem Stefán Máni gefur út hjá JPV. Aðspurður um hvernig honum líði með nýja forlagið segist hann vera afskaplega ánægður. „Mér finnst ég vera kominn heim eftir að hafa verið á vergangi.“

### > Dustaðu rykið af..



Eldri verkum **Stephens King** en það er fátt notalegra en að sökkva sér ofan í almennilegan hrylling í skammdeginu. Þegar kemur að því að virkja myrkfælnina standa fáir King á sporði og hann var í góðu stuði þegar hann skrifaði **The Shining, Christine, Pet Cematary**. Þá er ein og ein smásaga úr safninu **Skeleton Crew** gráupplögð fyrir svefninn og allt er þetta fín upphitun fyrir nýjustu bókina hans, **Gemsann**, sem kemur út í íslenskri þýðingu á næstunni.

# Blóðbönd til Rómar

Íslenska kvikmyndin Blóðbönd eftir Árna Ólaf Ásgeirsson er á leiðinni til Rómar þar sem hún mun taka þátt í nýrri kvikmyndahátíð þar í borg. Blóðbönd er ein þriggja norrænna kvikmynda sem taka þátt á hátíðinni en hinar myndirnar eru Eftir brúðkaupið eftir Susanne Bier og Supervoksen eftir Christinu Rosendahl. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi hátíð fer fram og aðstandendur er vongóðir um að hún nái að festa sig í sessi og veiti jafnvel Feneyjahátíðinni verðuga keppni. Þegar hefur verið tilkynnt um komu Sean Connery til borgarinnar og er róið að því öllum árum að fá fleiri stór nöfn til að koma. Nýlega gerði hátíðin í Róm samstarfssamning við Tribeca-hátíðina í New York þar sem stórleikarinn Robert De Niro fer fremstur í flokki en hann mun vera einn þeirra sem vildu ólmir koma á fót kvikmyndahátíð í ítölsku höfuðborginni.

Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri myndarinnar, var mjög spenntur fyrir ferðinni enda sagðist hann aldrei hafa komið til Rómar en Árni heldur utan 15. október og verður heila viku þar í borg. „Ég mun annars vegar sýna Blóðbönd og hins vegar taka þátt í svona „post-production“ messu þar sem ungir leikstjórar kynna verkefni sem þeir ganga með í maganum fyrir kvikmyndaframleiðendur,“ segir Árni Ólafur en vildi ekki upplýsa hvaða kvikmynd væri næst á dagskrá hjá sér, sagði það vonandi koma í ljós eftir kvikmyndahátíðina.



**ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON**

- fgg



**ÚR BLÓÐBÖNDUM** Er ein þriggja norrænna kvikmynda á nýrri kvikmyndahátíð í Róm.



**INGUNN SNÆDAL OG VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Borgarstjóri afhenti henni verðlaunin í Höfða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ekki mikið Reykjavíkurskáld

**Ingunn Snædal hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, sem afhent voru í gær, fyrir handrit að ljóðabókinni Guðlausir menn – Hugleiðingar um jökulvatn og ást.**

„Ég er ekki mikið Reykjavíkurskáld, yrki þvert á móti aðallega um sveitina og landið,“ segir Ingunn, sem tók við verðlaununum úr höndum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra í Höfða í gær.

Verðlaunin, sem kennd eru við Reykjavíkurskáldið Tómas Guðmundsson, hafa verið veitt á tveggja ára fresti frá árinu 1994 en verða veitt árlega héðan í frá. Áður mátti veita verðlaunin fyrir óprentað handrit frumsamið á íslensku, hvort sem um var að ræða skáldsögu, ljóð eða leikrit, en samkvæmt nýjum reglum eru þau einungis veitt fyrir óprentuð handrit að ljóðabók.

Alls bárust 49 handrit að þessu sinni og þótti handrit Ingunnar skara fram úr. Dómnefndina skipuðu Árni Sigurjónsson, bókmenntafræðingur og formaður dómnefndar, tilnefndur af borgarráði, Þorgerður E. Sigurðardóttir bókmenntafræðingur, tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði og Sveinn Yngvi Egilsson bókmenntafræðingur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Ingunn er borinn og barnfæddur Austfirðingur en flutti til Reykjavíkur í sumar eftir nokkura ára heimshornaflakk. Hún á að baki ljóðabókina Heitt malbik sem kom út árið 1995. „Hún þótti lofa góðu en síðan hef ég ekki skrifað fyrir neinn nema sjálfan mig. Ég sendi inn handritið að Guðlausum mönnum á síðustu stundu upp á von og óvon, því ég hugsaði með mér að ef ég gerði ekkert við þetta núna þá þýddi ekkert að vera að þessu.“

Auk þess að vinna til verðlaunanna hefur bókaforlagið Bjartur tekið Ingunni upp á sína arma og gefur út Guðlausa menn í dag. Ingunn vill þó ekki vera með digurbarkalegar yfirlýsingar um að hún sé komin til að vera en hún á nóg af efni í sarpinum og er þegar byrjuð á nýju. „Ég hugsa að ég sýni öðrum það sem ég skrifa og reyni að fá það útgefið þegar þar að kemur. Mér finnst skemmtilegast að skrifa ljóð og geri það alltaf í og með en næst langar mig til að skrifa sögu. Sjáum hvað verður úr því.“

Þótt kveðskapur Ingunnar sverji sig ekki í ætt við verk Tómasar Guðmundssonar kann hún ljóð Reykjavíkurskáldsins í bak og fyrir. „Ég lærði öll ljóðin hans í grunnskóla. Ég hef yndi af hefðbundnum kveðskap, þótt ég hafi aldrei getað ort þannig sjálf, og er farin að kenna mínum eigin börnum ljóðin hans.“

bergsteinn@frettabladid.is


## Vínskólinn

*Fræðsla um létt vín, vínsmökkunarnámskeið fyrir alla.*

Næstu námskeið:

5.10 **Matur og Vín** – Hótel Centrum
*Vinsælasta námskeið Vínskólans*

10.10 **Ostar og Vín** – Ostabúðin Skólavörðustig 8
*Hefðbundið eða ekki með ostunum*

12.10 **Vín með villibráð** - Ostabúðin Skólavörðustig 8
17.10 **Vín með villibráð** - Ostabúðin Skólavörðustig 8
*Alveg rétti tíminn og nýjar hugmyndir um samsetningu.*

18.10 **Bordeaux I. hluti** – Hótel Centrum
*Bordeaux er að ná miklum vinsældum aftur, skoðum betur*

24.10 **Bordeaux II. hluti** – Hótel Centrum
*Haldið áfram um Bordeaux, Hægri Bakkinn og sætu vínin*

Allar nánari upplýsingar á www.vinskolinn.is
Skrá sig: dominique@vinskolinn.is


# Leikstjóradagur á RIFF

Þrír leikstjórar, Rússinn Aleksandr Sokurov, Daninn Niels Arden Oplev og Kúrdinn Bahman Ghobadi, verða allir viðstaddir sýningar á verkum sínum á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í dag.

Sokurov verður í Tjarnarbíói þegar heimildarmynd hans, Lífsins harmaljóð, verður sýnd. Myndin segir sögu hjónanna Galina Vishnevksaya sópransöngkonu og Mstislav Rostropovich sellóleikara.

Oplev verður viðstaddur sýningu myndar sinnar Draumurinn sem greinir frá átökum 13 ára drengs við ráðríkan skólastjóra árið 1969. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að drengurinn er innblásinn af frelsisanda tímabilsins en Oplev byggir myndina á sönnum atburðum.

Kúrdinn Bahman Ghobadi á þrjár myndir á hátíðinni og ein þeirra, Hálft tungl, verður sýnd að leikstjóranum viðstöddum í Háskólabíói í kvöld. Myndin greinir frá tónlistarmanninum Mamo sem hefur fengið leyfi til að leika á tónleikum í írösku Kúrdistan. Hann hefur beðið þess í 35 ár að fá að koma fram í Írak og vinur hans tekur því að sér að smala saman í skólabíl tíu sonum Mamos, sem eru dreifðir út um allt land, svo þeir geti verið viðstaddir uppákomuna.

Draumurinn er sýndur í Iðnó klukkan 18.00,



**ALEXANDER SOKUROV** Verður viðstaddur sýningu á heimildarmynd sinni Lífsins harmljóð í dag.

Lífsins harmljóð eru sýnd í Tjarnarbíói klukkan 18.00 og Hálft tungl er sýnt í Háskólabíó klukkan 20.20.



**INGA BJARNASON** Vill nota leiklistina til að virkja sköpunarkraftinn. FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Á að auðga andann

Inga Bjarnason og Kolbrún Anna Björnsdóttir standa fyrir átta vikna leiklistarnámskeiði undir heitinu Leiklist fyrir alla. Námskeiðið hefst næstkomandi þriðjudag og stendur til 2. desember.

Inga hefur starfað sem leikstjóri og kennari síðastliðin þrjátíu ár, en Kolbrún Anna er dansari, leikkona og leiklistarkennari. Inga segir námskeiðið fyrst og fremst miðast við fólk sem vill auka færni sína í að tala, flytja texta og koma fram. „Við vinnum bæði mikið með framsögn og svo leiklistaræfingar og leiki," sagði hún. „Á seinni hluta námskeiðsins munum við velja góða sýningu og fara með fólk í leikhús. Þá koma Hlín Agnarsdóttir og Jón Viðar Jónsson inn sem gestafyrirlesarar. Við látum þátttakendur skrifa stuttan leikdóm um sýninguna og svo stjórna Hlín og Agnar umræðum og segja aðeins frá því hvernig leikhús verður til," útskýrði Inga. Lokahnykkur námskeiðsins verður svo opin æfing fyrir áhorfendur.

Fyrir utan æfingar í framsögn segir Inga aðalmarkmið námskeiðsins vera að auðga anda fólks. „Ég hef þá bjargföstu trú að fólk þurfi að stunda eitthvað sem er skapandi. Kórarnir eru til dæmis með mjög öflugt starf og gera mikið gagn. Leikhúsið gæti gert slíkt hið sama," sagði Inga. „Við ætlum ekki að þjálfa fólk til að verða leikarar. Við viljum nota listina til að auka á lífsgleði fólks og virkja skapandi kraft. Það er svo gaman að vinna með óvönu fólki. Það uppgötvar allt í einu einhvern sköpunarkraft sem það vissi ekki að það ætti til."

- sdm

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR



Námskeið í rannsóknarblaðamennsku

Símennt Háskólans í Reykjavík, býður upp á hagnýtt námskeið í rannsóknarblaðamennsku.

Námskeiðið er sérsniðið að þörfum þeirra sem starfa við fjölmiðlun. Áhersla er lögð á að þátttakendur geti stundað rannsóknir og tölvuútreikninga. Sérstaklega er fjallað um vinnubrögð á Washington Post og rætt er um efasemdir í samfélaginu um rannsóknarblaðamennsku. Stuðst er við tvær handbækur sem gefnar eru út í tengslum við samtök blaðamanna á þessum sviðum.

Á námskeiðinu verður kennsla í formi fyrirlestra og verkefna. Lagt er upp úr því að námsefnið sé fyrst og fremst hagnýtt og spennandi og það sé jafnframt í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 10. október og lýkur 30. nóvember.

Kennt er tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum frá 8:15 til 10:45.
Námskeiðið er samtals 40 klst.

Leiðbeinandi:
Jónas Kristjánsson, ritstjóri.

Verð kr. 65.000,-

Upplýsingar og skráning:
Lilja Ósk Snorradóttir
Sími: 599 63 63
lilja@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




Tvær flugur í einu höggi!

Vertu sérfræðingur í IBM POWER netþjónum og fáðu einn með heim

Nýherji og IBM bjóða upp á tveggja daga námskeið þann 11. og 12. október þar sem þú færð tækifæri til að auka færni þína á besta vefþjóninum á markaði í dag.
IBM POWER5 netþjónar eru þeir öflugustu á markaðnum í dag samkvæmt helstu afkastamælingum.
Þegar sérfræðingar frá IBM hafa yfirfært kunnáttu sína á þessu tveggja daga námskeiði er nauðsynlegt að æfa sig og því færðu að taka með þér netþjón til eigin nota og þannig margfaldað notagildi námskeiðisins. Einstakt tækifæri á því að auka þekkingu og bæta besta vefþjóninum í safnið þér að kostnaðarlausu.

Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir uppsetningu á netþjóni, þar með talið uppsetningu á Apache, rekstur AIX (IBM Unix), Linux og uppsetningu sýndarvéla en með IBM POWER5 örgjörvanum er hægt að skipta hverjum kjarna í 10 sýndarvélar.

Verð námskeiðs, kr. 290.000.-

Skráðu þig með því að senda póst á ver@nyherji.is

Nánari upplýsingar má finna á www.nyherji.is

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# Velkomin heim vinan

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

Í stuttmynd Ísoldar Uggadóttur er sagt af heimkomu listakonunnar Katrínar sem skilur ástkonu sína eftir í New York meðan hún skreppur heim í afmæli afa síns. Togstreita Katrínar sem ekki hefur upplýst neinn um ástina í útlöndum er aðaldrifkraftur myndarinnar sem tekur óvænta stefnu í afmælinu.

Þetta er ósköp ljúf og skondin mynd um sáttfýsi og fordóma, um fjölskyldur og þessa ljúfsáru tilfinningu sem fylgir því að koma heim og breytast aftur í barn foreldra sinna. Hugmyndin er frumleg en úrvinnslan ekki, sögusviðið er kunnuglegt og persónurnar fremur steríótýpískar en myndin líður þó lítið fyrir það enda er hún vel leikin og skemmtilega skrifuð.

Aðalbjörg Þóra Árnadóttir leikur Katrínu af öryggi og virkar mjög sannfærandi í sinni túlkun. Foreldrarnir Hanna María Karlsdóttir og Theódór Júlíusson eru að sama skapi heillandi og eftirminnileg, ekki síst í síðari hlutanum. Ástkonan, sem leikin er af Amy Lewis, á sterka innkomu í byrjun myndarinnar og hefði verið gaman að heyra meira af hennar persónu. Stefán Hallur Stefánsson og Unnur Ösp Stefánsdóttir skila sínum hlutverkum með sóma, sem og hinn ungi Alexander Briem.

Yfirbragð myndarinnar er hið vandaðasta, hún er litrík og falleg, músíkin notaleg og klippingin fagmannleg. Hins vegar endar hún mjög snögglega, ekki óvænt en samt er eins og eitthvað vanti til þess að reka á hana smiðshöggið.

Stuttmyndin Góðir gestir er fyrirtaks frumraun ungs leikstjóra sem verður án efa spennandi að fylgjast með í framtíðinni.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



**GÓÐIR GESTIR (STUTTMYND)**

LEIKSTJÓRI OG HANDRITSHÖFUNDUR: ÍSOLD UGGADÓTTIR

AÐALHLUTVERK: AÐALBJÖRG ÞÓRA ÁRNADÓTTIR, HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR, THEODÓR JÚLÍUSSON, GRÉTAR SNÆR HJARTARSON, AMY LEWIS, STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON, UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR OG ALEXANDER BRIEM.

**Niðurstaða:** Notaleg og vönduð mynd sem gefur góð fyrirheit um höfundinn.



**BJÖRN THORODDSEN** Gítarleikarinn knái stóð sig vel á tvennum tónleikum í Lincoln Center.

# Toppurinn á ferlinum

Gítarleikarinn Björn Thoroddsen hélt ásamt hljómsveit sinni Cold Front tvenna tónleika í Lincoln Center í New York síðastliðið mánudagskvöld. Björn líkir upplifuninni við að hafa fengið Grammy-tónlistarverðlaunin.

Húsfyllir var á báðum tónleikunum og fengu Björn og félagar geysigóðar viðtökur. „Þetta gekk rosalega vel, vonum framar. Þetta er ákveðin upphefð að hafa spilað þarna, mér skilst að það sé ekkert hver sem er sem fái að koma þarna inn,“ segir Björn. „Því var meðal annars stungið að mér að koma þarna aftur, sem er frábært.“

Lincoln Center er Mekka djasstónlistar í New York og gefst aðeins þeim allra bestu í faginu kostur á að leika þar. Björn er fyrstur íslenskra djasstónlistarmanna boðið að leika þar. „Fyrir mig eru þetta hálfgerð Grammy-verðlaun. Þetta er tvímælalaust toppurinn á ferlinum,“ segir hann og bætir því við að það hafi alltaf verið draumur sinn að spila í Lincoln Center. Hann segist því hafa undirbúið sig vel þegar kallið kom og æft sig vel. „Ég var smá stressaður á fyrri tónleikunum en svo var þetta bara eins og að vera heima í stofu,“ segir hann.

Cold Front er skipað, auk Björns, Bandaríkjamanninum Steve Kirby og Kanadamanninum Dr. Richard Gillis. Gaf sveitin út samnefnda plötu á síðasta ári sem fékk mjög góða dóma.

Íslenska útflutningsfyrirtækið Iceland Naturally, styrkti Björn og félaga til fararinnar til New York og aðstoði þá eftir föngum á meðan á dvöl þeirra í borginni stóð.

Björn segist hafa hitt þó nokkuð af fólki úr tónlistarbransanum eftir tónleikana sem hafi lýst yfir áhuga á að heyra í honum aftur. Játar hann því að tónleikarnir hafi vafalítið opnar margar dyr fyrir sér í Bandaríkjunum.

Björn hefur verið á faraldsfæti undanfarið og spilað víða um heim, m.a. í Finnlandi og Japan. Um miðjan þennan mánuð er ferðinni síðan heitið til London. Tímann þangað til ætlar hann að nota til að ná áttum, eins og hann orðar það.

freyr@frettabladid.is


„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 6/10 kl. 20 UPPS. Fös 13/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 7/10 kl. 20 UPPS. Sun 8/10 kl. 20
Fim 12/10 kl Lau 14/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 Fös 6/10 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

**MEIN KAMPF**
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20

**LEIKHÚSSPJALL**
Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf.
Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.

**AMADEUS**
Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**VIÐ ERUM KOMIN-Íd**
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Lau. 7/10 **örfá sæti laus**, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 8/10 **kl. 21:00**, sun. 15/10 **kl. 21:00**. Allra síðustu sýningar!

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER**
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 6/10 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 7/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 21/10 kl. 14:00, sun. 22/10 kl. 14:00, sun. 29/10 **örfá sæti laus**.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 5/10 **uppselt**, lau. 7/10 **uppselt**, sun. 8/10 **kl. 17:00 uppselt**, mið. 11/10 **uppselt**, fim. 12/10 **uppselt**, fös. 13/10 **uppselt**, lau. 14/10 **uppselt**, sun. 15/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11, fim. 9/11, fös. 10/11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 **kl. 17:00**.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 **uppselt**, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 **uppselt**, lau. 21/10, sun. 22/10.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker**
Frumsýning í Fjölbrautaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl .13:00, forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum á Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.



**www.sturta.is**
allan sólarhringinn!

Baðlegur!!!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566
sturta.is



HUGLEIKUR

**Systur**
eftir Þórunni Guðmundsdóttur
í Möguleikhúsinu við Hlemm kl. 20

**Síðustu sýningar!**
Fös. 6. okt. kl. 20.00
sun. 15. okt. kl. 20.00
fös. 20. okt. kl. 20.00

Sýning ársins, leikskáld ársins, leikkonur ársins
Tréhausinn á leiklist.is.

Systratilboð: systrahópar borga aðeins einn miða!

**Þetta mánaðarlega**
í Þjóðleikhúskjallaranum Í kvöld kl. 21
Síðasta sýning!

Miðapantanir:
551 2525 og hugleikur.is






**Sýningar í október í Landnámssetri**

Fimmtudagur 5. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 6. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 26. október kl. 20 Síðasta sýning

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**
**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**






**AFGANGAR**
Fim. 5. okt. kl. 21.00
Fim. 12. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**
Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700






**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – NOKKUR SÆTI LAUS - 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING - Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

HÁDEGISTÓNLEIKAR - LJÓÐ; ROBERT SCHUMANN
Þriðjudaginn 10. október kl. 12.15
Finnur Bjarnason, tenór, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

## DAGSKRÁ ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐARINNAR

**Í DAG**

**Tjarnarbíó**
**14.00** Grbavica
**16.00** Lím
**18.00** Lífsins harmljóð
**20.30** FjallaEyvindur/Benni Hemm Hemm
**22.15** B-mynda veisla Páls Óskars

**Háskólabíó**
**18.00** Draumurinn
**18.00** Með dauðann á hendi
**18.00** Púðurtunnan
**20.00** Zidane, 21. aldar portrett-mynd
**20.00** Tími drukknu hestanna
**20.10** Ég er
**20.20** Hálft tungl
**22.00** Framhaldslífið ljúfa
**22.20** Fjórar mínútur
**22.30** Keane

**Iðnó**
**14.00** Dæmdur heim
**16.00** Stúlkan er mín
**18.00** Daganna á milli
**20.00** Florence afhjúpuð
**22.00** Af engum

**Á MORGUN**

**Tjarnarbíó**
**14.00** Bless Falkenberg
**16.00** Shortbus
**18.00** Harabati hótelið
**20.00** Reiði guðanna
**22.00** Sherry, elskan

**Háskólabíó**
**18.00** Frosin borg
**18.00** Hálft tungl
**18.00** Claire Dolan
**20.00** Electroma
**20.00** Hreinn, rakaður
**20.00** Draumur á Þorláksmessu-nótt
**20.15** Með dauðann á hendi
**22.00** Gasolin
**22.00** Keane
**22.15** Zidane

**Iðnó**
**21.00** Norðurljós: Ungt hæfileika-fólk

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER
2 3 4 **5** 6 7 8
**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

12.00 Valsakóngar og drottningar í **Hafnarborg** fimmtudaginn 5. október kl. 12:00 **Signý Sæmundsdóttir** sópran og **Antonía Hevesi** píanóleikari

### SKEMMTANIR

21.30 5 okt. **DJ Lucky** spilar Soul Funk og Réggí á **Café Paris** frá 21.30-1 missið ekki af þessu

### SÝNINGAR

10.00 Sýning á verkum **Þórdísar Aðalsteinsdóttur** myndlistarmanns stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni komast af** en hún stendur til 3. desember.

11.00 Í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** standa yfir sýningar á ljósmyndum **Ara Sigvaldasonar** og sýning á afrískum minjagripum sem mannfræðingurinn **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** hefur safnað saman. Opið virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.

11.00 Sýning á verkum **Hildar Bjarnadóttur** myndlistarkonu stendur nú yfir í **galleríi i8** við **Klapparstíg**. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudag milli 11-17. Sýningin stendur til 21. október.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 Myndlistarmaðurinn **Iain Sharpe** sýnir í galleríi **Animu** við **Ingólfsstræti** í Reykjavík, opið til kl. 17. Sýningunni lýkur næstkomandi laugardag.

# Ný plata á leiðinni



**BÍTLARNIR** Ný plata með Liverpool-sveitinni er væntanleg í nóvember.

Ný plata með endurhljóðblönduðum lögum Bítlanna er væntanleg í nóvember. Nefnist hún Love. Maðurinn á bak við plötunna er George Martin, fyrrum upptökustjóri Bítlanna.

Lögin á plötunni hafa áður verið notuð í sýningu Cirque du Soleil sem nefnist einmitt Love.

Martin hóf vinnu við plötuna eftir að hafa fengið leyfi frá Bítlunum Paul McCartney og Ringo Starr og þeim Yoko Ono og Oliviu Harrison, ekkjum John Lennon og George Harrison.

„Þessi tónlist var gerð fyrir Love-sýninguna í Las Vegas og í kjölfarið hefur ný Bítlaplata orðið að veruleika,“ sagði George Martin í yfirlýsingu sinni. „Bítlarnir leituðu alltaf leiða til að prófa eitthvað nýtt og þetta er enn eitt skrefið fram á við hjá þeim. Fólk verður fyrir nýrri reynslu þegar það hlustar á plötuna,“ sagði Martin.

Platan var unnin í Abbey Road-hljóðverinu í London, sem Bítlarnir gerðu frægt. Meðal annars blandar Martin á plötunni saman lögunum Within You Without You eftir George Harrison og Tomorrow Never Knows, sem John Lennon átti mestan heiður af.

20% AFSLÁTTUR
Smjörvi
TILBOÐ
Simjúkur á brauðið, pönnuna og í baksturinn
- vinsælasta viðbitið
ENNEMM / SIA / NM21202

SÝNT ER ÚT OKTÓBER
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
7. sýning fimmtudaginn 5. okt. UPPSELT
8. sýning föstudaginn 6. okt.
9. sýning laugardaginn 14. okt.
10. sýning sunnudaginn 15. okt MÁLÞING
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

STÓRTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI 14. OKTÓBER KL. 17.00
EFTIR 70 ÁR VERÐUR EDDA I EFTIR JÓN LEIFS LOKS FLUTT Í HEILD SINNI
„Ævi Jóns var svipuð verkum hans, full af dramatík og stórum tilfinningum. Engar málamiðlanir“
HILMAR ODDSSON
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS undir stjórn HERMANNS BÄUMER
SCHOLA CANTORUM undir stjórn HARÐAR ÁSKELSSONAR
Einsöngvarar GUNNAR GUÐBJÖRNSSON BJARNI THOR KRISTINSSON
JÓN LEIFS: EDDA I – SKÖPUN HEIMSINS
MIÐASALA Á SINFONIA.IS OG Í SÍMA 545 2500
FL GROUP ÓSKAR TÓNLISTARUNNENDUM GÓÐRAR SKEMMTUNAR Í VETUR
AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
FL GROUP
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
YELLO KEFLAVÍK
OKTÓBERFEST
Stór á frystum könnum á 400 til kl. 1.
CAFÉ ROSENBERG
BLUESSVEIT BEGGA
Föstudags- og laugardagskvöld
Heineken.is
Allt um djammið




## GOTT GLÁP

**The Road to Guantanamo:** Mögnuð frásögn tveggja manna sem haldið var föngnum í Guantanamo án dóms og laga.
**I'm Your Man:** Skemmtileg heimildarmynd um hinn djúpraddaða og ljóðelska Leonard Cohen.
**The Queen:** Skemmtileg mynd um það sem fór fram innan veggja Buckingham-hallarinnar þegar Díana dó.
**Volver:** Góð mynd frá meistara Almodóvar með Penelope Cruz í aðalhlutverki.
**Zidane:** Verður sýnd aftur á föstudaginn á RIFF. Ekki leiðinlegt að vera Zidane í níutíu mínútur.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN: ATLI BOLLASON HJÁ ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI Í REYKJAVÍK

# *Í súrrealískri veislu hjá David Lynch*

**Eftirlætis kvikmynd:** Ég á erfitt með að gera upp á milli Magnoliu og Big Lebowski og læt því báðar fljóta með.
**Eftirminnilegasta atriðið:** Úff – þegar Murtaugh festist á klósettinu í Lethal Weapon 2?
**Uppáhaldsleikstjóri:** Þeir eru margir ansi góðir, Coen-bræður og P.T. Anderson vitaskuld, en einnig Bahman Ghobadi, Dagur Kári, David Lynch, o.fl. Daft Punk bræður eru einnig að klífa listann.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Fjalla-Eyvindur, þið getið fylgst með þessari hvunndagshetju í Tjarnarbíói í kvöld.
**Mesti skúrkurinn:** Joker í fyrstu Batman-mynd Tims Burton.
**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?** Natalie Portman pirraði mig fremur mikið í Garden State.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Þetta væri einhver súrrealísk veisla þar sem ég og Monica Bellucci festumst í ljósaskilunum og myndum þurfa að ráða fram úr þeim á djassklúbbi eilífðarinnar. Ætli Lynch væri ekki á bak við kameruna.




# 8mm veisla Páls Óskars

Þeir sem kunna að meta jaðarmyndir og kynlega kvisti í kvikmyndagerð ættu ekki að láta sig vanta í B-mynda veislu Páls Óskars í Tjarnarbíói í kvöld.

Páll Óskar ætlar að sýna samtíning úr 8mm filmusafni sínu og þar ægir saman hryllingi, „splatter", skrímslum, kung-fu, vísindaskáldskap og „blaxplotation".

Fyrir daga myndbandsins mátti fólk láta sér nægja að horfa á klipptar eða styttar útgáfur kvikmynda af súper 8mm kvikmyndaspólum þannig að filmurnar eru í sjálfu sér fornleifar.

Páll Óskar ætlar að sýna safarík atriði úr Destroy All Monsters, Fists of the Double K, Squirm, The Incredible Melting Man, Coffy og fleiri slíkum myndum.

Veislunni lýkur hann svo með Barbarellu sem hann mun sýna í fullri lengd. Myndin er frá árinu 1968, eftir leikstjórann Roger Vadim og er Jane Fonda í hlutverki Barbarellu sem þvælist um geiminn með það fyrir augum að handtaka hinn illa Durand Durand.



**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON** Blæs til B-myndaveislu í Tjarnarbíói í kvöld þar sem ægir saman hryllingi, vísindaskáldskap, „splatter" og öllu þar á milli.


Til bókaútgefenda:

BÓKATÍÐINDI 2006

Skilafrestur vegna kynningar og auglýsinga í Bókatíðindum 2006 er til 12. október nk.

Ritinu verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda, Barónsstíg 5, sími 511 8020. Netfang: baekur@simnet.is

Frestur til að leggja fram bækur vegna Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2006 er til 13. október nk.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA




**MARVEL-GENGIÐ** Hetjur Marvel-útgáfunnar hafa verið aðsópsmiklar í bíói síðustu ár og allar eru þær væntanlegar á næstu árum – Spider-Man, Wolverine, Hulk og Captan America.

# Ofurhetjurnar gefa ekkert eftir

**Ofurhetjur myndasagnanna hafa hópast á hvíta tjaldið á liðnum árum og ekkert lát virðist vera á straumnum. Spider-Man mun væntanlega verða plássfrekur á næsta ári og nýjar og gamlar hetjur munu svo fylgja í kjölfar hans.**

Þrátt fyrir að ofurhetjum hafi gengið misvel að fóta sig á hvíta tjaldinu sér ekki fyrir endann á ásókn þeirra í kvikmyndahúsin. X-Men og Superman skiptu sumrinu á milli sín en í fyrra var það Batman sem kom, sá og sigraði. Batman Begins þótti heppnast ákaflega vel og Christian Bale, í leðurblökubúningnum, tókst að reisa hetjuna úr öskustó Batman & Robin sem gerði nánast út af við myndaflokkinn á sínum tíma.

### Marvel-gengið enn á ferð

Hetjur Marvel-útgáfunnar; Spider-Man, Daredevil, Elektra, The Punisher og Hulk hafa allar fengið að spreyta sig í bíói á undanförnum árum með misjöfnum árangri. Fáum blandast hugur um að Spider-Man myndirnar tvær sem Sam Raimi hefur gert séu með bestu aðlögunum myndasögu um ofurhetju að hvíta tjaldinu og að sama skapi er það talið bókað að Spider-Man 3 muni drottna yfir næsta kvikmyndaári.

Köngulóarmaðurinn þarf að kljást við nokkur illmenni að þessu sinni og þar er Venom einna skæðastur. Sandman lætur einnig til sín taka og Green Goblin rekur upp sinn ljóta haus á ný.



**PETER PARKER** Það syrtir í álinn hjá Peter Parker þegar hinn eitraði Venom nær heljartökum á honum í Spider-Man 3.

### Hver þorir í Lóa?

Joss Whedon, höfundur sjónvarpsþáttanna um blóðsugubanann Buffy, stefnir að því að koma Wonder Woman í bíó árið 2007 en hann er þó kominn skammt á veg. Að öðru leyti munu sennilega engar almennilegar ofurhetjur reyna að skáka Köngulóarmanninum árið 2007. Þær bíða þó átekta handan við hornið og þannig hefur til dæmis Batman boðað endurkomu sína árið 2008.

Christian Bale leikur Batman aftur en Heath Ledger mun spreyta sig á erkifjandanum The Joker. Hugh Jackman hyggst einnig mæta til leiks 2008 með Wolverine, óbeinni og sjálfstæðri framhaldsmynd X-Men flokksins.

### Spennandi frumraun

Járnkarlinn Iron Man er nýliði ársins 2008 en leikarinn og leikstjórinn Jon Favreau (Swingers) hefur tekið að sér að gera mynd um þessa gömlu Marvel-hetju. Maðurinn á bak við járnbrynjuna í Iron Man-sögunum er drykkjusjúki milljónamæringurinn Tony Stark. Þegar hann slasast lífshættulega lætur hann hanna á sig búning sem gerir honum kleift að anda og hreyfa sig. Það kemur svo á daginn að búningurinn gerir hann nánast ósigrandi og hann snýr sér að mestu að því að herja á glæpahyski.



**ROBERT DOWNEY JR.** Það fer vel á því að þessi veðraði en geðþekki sukkari taki að sér að leika drykkjumanninn Tony Stark sem berst gegn glæpum sem Járnkarlinn.

Favreau hefur nýlega ráðið Robert Downey jr. til þess að leika Járnkarlinn. Hann hefur einnig lýst því yfir að hann muni byrja á því að kynna persónuna rækilega til leiks. Gangi vel og verði farið út í framhald muni hann líklega kafa dýpra í persónuna og taka á alkóhólisma hetjunnar.

Þá er enn einn Marvel-gaurinn, Captain America, væntanlegur í bíó árið 2009, byrjað er að leggja drögin að nýrri mynd um Hulk, auk þess sem Superman mun áreiðanlega snúa aftur, aftur. Ofurhetjur gömlu hasarblaðanna eru því síður en svo á undanhaldi og það eru bjartir tímar fram undan hjá þeim sem setja allt sitt traust á hetjur með ofurmannlega krafta og hæfileika.




WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967 - RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light



> **Athugaðu...**
> *...að engifer er gott meðal við kvefpestunum sem vilja fylgja þegar haustið gengur í garð. Rífðu engiferrót og settu út í soðið vatn, eða bættu henni út í te.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN HLÍN AGNARSDÓTTIR LEIKSTJÓRI OG RITHÖFUNDUR**

## *Finnst þorskur sérstaklega góður*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ab-mjólk og banana.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Þegar ég komst fyrst í kynni við almennilegan indverskan mat á bresku veitingahúsi. Þetta var árið 1980 og indverskur matur hefur verið í uppáhaldi síðan.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég er ekki matvönd manneskja. Ég þori að smakka allt mögulegt.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég get yfirleitt búið til mat úr öllu sem ég á, jafnvel þegar ég á ekki neitt. Í hallærum bý ég til olio aglio, spaghettí með ólífuolíu og hvítlauk. Það er alveg svakalega gott.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ef mér er farið að líða illa skipti ég yfir í gott grænmetisfæði og fisk. Mér finnst þorskur alveg sérstaklega góður. Það er svo einfalt að matreiða fisk og gera hann góðan, en hráefnið verður að vera gott.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ab-mjólk. Ég á yfirleitt til hvítlauk og reyni að eiga ferska basilíku líka og grænmeti. Í frystinum finnst mér gott að eiga rækjur, og risarækjur finnast mér svakalega góðar.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég geri ráð fyrir að á eyjunni yxu bananar, þannig að það yrði væntanlega AB-mjólk. Kannski líka blandað hnetusmjör.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Blóðgrautur sem ég fékk í sveitinni þegar ég var lítil. Ég er svo kurteis að ég borðaði hann samt, ég vildi ekki móðga mína húsmóður, en hef aldrei borðað hann síðan. Mér finnst slátur samt mjög gott, bæði nýsoðið og steikt.



**ÞRÚGUR GLEÐINNAR**
**Einar Logi Vignisson**

# *Fjórar þrúgur á uppskerudögum*

Uppskerudagar hófust í vínbúðunum í vikunni og standa út október. Fjórar þrúgur eru kynntar, hvítvínsþrúgurnar riesling og sauvignon blanc og rauðvínsþrúgurnar syrah og grenache. Þótt skiptar skoðanir séu um formið á þessum þemadögum er innihaldið gott, yfir hundrað vín eru á lækkuðu verði og má finna laglegan upplýsingabækling í vínbúðunum. Einnig er vert að benda á ítarlega grein um þrúgurnar fjórar í Vínblaði vínbúðanna eftir Gissur Kristinsson vínráðgjafa. Eins og vænta mátti er slagsíða í rauðvínsflokknum í átt til syrah en 49 vín eru á tilboði úr þeirri þrúgu en aðeins níu vín úr grenache. Meira jafnvægi er í hvítu vínunum en þar eru 26 vín úr sauvignon blanc á tilboði og 18 úr riesling. Vert er að benda fólki á að staðnæmast ekki bara við vínin sem eru á lækkuðu verði heldur láta uppskerudagana verða sér hvatning til að tékka á fleiri vínum úr þessum ágætu þrúgum. Ýmsar ástæður eru nefnilega fyrir því hvaða vín birgjarnir tilnefna á þemadagana og koma flestar þeirra gæðum vínanna lítið við heldur ráða viðskiptalegar forsendur. Birgjarnir geta bara tilnefnt ákveðinn fjölda vína og tilhneigingin er að velja vinsælustu vínin eða allavegana vín sem er nógu mikið til af og eru í fullnægjandi dreifingu í vínbúðunum. Af þessum ástæðum eru t.d. tvö af vinsælustu riesling vínunum á tilboði í kössum á meðan nákvæmalega sömu vínin í flöskum eru ekki á tilboði.

Það er einmitt riesling þrúgan sem ég ætla að staðnæmast við í byrjun en næstu vikurnar mun ég fjalla um hinar þrúgurnar á uppskerudögum. Vín úr riesling hafa um árabil verið vinsælustu hvítvín hérlendis. Er það einkum að þakka vinsælum þýskum riesling-vínum eins og Guntrum. Riesling er einmitt upprunnin í Þýskalandi, við bakka ánna Mósel og Rínar. Þaðan koma enn í dag flest af bestu og vinsælustu riesling-vínunum. Þrúgan breiddist út til annarra landa, Austurríkismenn hafa verið lunknir með hana og rótgróin riesling-hefð er í Alsace héraði í Frakklandi. Helmingur riesling-vínanna á lækkuðu verði er þýsk vín og frönsku Alsace-vínin fylgja þar skammt á eftir. Aðeins eitt vín frá Austurríki er á boðstólum og eitt frá Chile þaðan sem athyglisverð riesling vín hafa verið að koma nýverið. Hvor sitt vínið er svo frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi en þau lönd hafa löngum verið hörðustu keppinautar Þjóðverja og Frakka í gerð alvöru riesling-vína.



**Vert að spá í:**
Sæt, fersk og létt riesling vín eru viðeigandi samkvæmisvín. Öflugri og þurrari riesling-vínin t.d. frá Alsace eru hins vegar prýðileg matarvín.

# Rífandi stuð í eldhúsinu

**Kristín Soffía Jónsdóttir er viðskiptastjóri hjá auglýsingastofunni Vatikaninu og algjör stuðbolti í eldhúsinu. Henni finnst skemmtilegast að elda út í bláinn.**

„Ég er alltaf að búa til uppskriftir í gamni, skrifa þær niður og fer svo bókstaflega eftir þeim þó ég hafi gert þær sjálf,“ segir Kristín. „Mér finnst langskemmtilegast að elda eitthvað sem ég er ekki viss um að virki. Ef maður er með gott hráefni gengur þetta alltaf upp.“

Kristín segist oft halda matarboð, þó hún eldi líka bara fyrir sjálfa sig. Henni finnst þó algjört aðalatriði að hafa rífandi stemningu þegar hún eldar. „Við vorum einu sinni þrjár saman vinkonurnar að elda spaghetti bolognaise og hlusta á arabíska tónlist í miklu stuði. Nágrannarnir hringdu á lögguna sem kom til að stoppa partíið og var frekar hissa að finna bara þrjár stelpur að elda saman,“ segir hún og hlær við.

sunna@frettabladid.is



**BÝR TIL UPPSKRIFTIR UPPI Í RÚMI** Kristín Soffía reynir alltaf að halda fjölbreytni í matseld sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÖÐRUVÍSI STEIKARSAMLOKA**
200 g nautafilet
1 villibráðarsósugrunnur
1 krukka af trönuberjasultu
örlítið af Maizena
1 poki ruccola-salat
½ gróft brauð
gráðaostur
rjómaostur
1 bakki alfaalfa-spírur
kartöflur
hvítlaukur

Biðjið manneskjuna í kjötborðinu að skera nautakjötið í þunnar sneiðar. Blandið u.þ.b. helmingnum af sósugrunninum við tvo dl af vatni og sultuna. Þykkið sósuna með örlitlu af Maizena-mjöli þar til hún er orðin tiltölulega seigfljótandi. Það má nota hvaða brauð sem er, en mér finnst gróft brauð best. Ristið fjórar brauðsneiðar og smyrjið með blöndu af gráðosti og rjómaosti. Ofan á það kemur ruccola salatið. Snöggsteikið kjötstrimlana, dýfið í sósuna og leggið ofan á salatið. Að lokum er gott að setja alfaalfa-spírur. Ég ber þetta oft fram með kartöflubátum. Þá sker ég venjulegar kartöflur í báta, set í eldfast mót, pipra og sletti ólífuolíu og jafnvel nokkrum hvítlauksrifjum yfir. Ég hef þetta í ofninum við 200 gráður í u.þ.b. 20 mínútur eða þar til bátarnir hafa brúnast.






# Kjötkrydd góð með fiski

Þeir sem vilja auka fjölbreytnina í matreiðslu fisks ættu endilega að nota kryddlög til maríneringar. Fréttablaðið fékk ábendingar frá Sveini Kjartanssyni, matreiðslumeistara Fylgifiska.

Sveinn mælir sérstaklega með bragðbættum olíum. „Sítrónu-, basilíku- eða chili-olíur eru mjög góðir grunnar í maríneringu. Það er hægt að nota þær einar, og svo má gera þær meira spennandi með því að bæta einhverju út í þær. Sesamolía er mjög góð, og wasabi-sesam dressingu má vel nota í maríneringu eina og sér,“ sagði Sveinn. Hann bendir líka á að hefðbundin kjötkrydd fari vel með fiski. „Rósmarín, sítróna og hvítlaukur henta sérstaklega vel á lúðu og rauðsprettu.

Fisk ætti að marínera í nokkrar klukkustundir áður en honum er fleygt á pönnu eða á grill. „Þá er yfirleitt óþarfi að nota olíu á pönnuna. Afgangurinn af maríneringunni er svo góður sem dressing yfir réttinn,“ benti Sveinn á. Ef notast er við austurlenskar olíur eins og teriyaki eða soja, á fiskurinn bara að liggja í maríneringunni í um klukkustund. „Annars fer hann að eldast,“ útskýrði Sveinn.

-sun



**SVEINN KJARTANSSON OG GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR Í FYLGIFISKUM** Sveinn segir um að gera að vera frakkur í maríneringu á fiski.

**HUGMYNDIR AÐ MARÍNERINGU**
Basilíkuolía með dijon-sinnepi og ferskri basilíku
Sítrónuolía með rifnum sítrónuberki
Hvítlauksolía með kornasinnepi og söxuðu óreganói
Basilíku-, kóríander- eða eggaldinspestó, þynnt með olíu
Rifin fersk piparrót hentar með hvers kyns olíum




LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA

# MIKHAIL GORBACHEV

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN OG MAÐUR NÍUNDA ÁRATUGARINS AÐ MATI TIME SNYR
AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AÐ HANN BREYTTI SÖGUNNI

HÁSKÓLABÍÓI 12. OKTÓBER KL. 17:00

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA ER HAFIN**

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS -EINNIG ERU SELDIR MIÐAR Í ÖLLUM VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSSTÖÐUM

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Dreymir um að skjóta ljósmyndara



Britney Spears segist vonast til þess að hún geti látið hugaróra sína rætast í næsta myndbandi sínu en þeir þurfa ekki að koma neinum á óvart, poppdrottninguna dreymir um að skjóta eitt stykki paparazzi-ljósmyndara. Fréttavefurinn contactmusic.com greinir frá þessu en eins og flestum ætti að vera kunnugt er Spears nú í leyfi frá tónlistinni enda nýbúin að eignast sitt annað barn, Sutton Pierce.

Líklegt þykir hins vegar að Spears snúi aftur á næstu misserum enda þarf einhver að brauðfæða heimilið því hvorki hefur gengið né rekið hjá eiginmanni hennar, Kevin Federline. „Í næsta myndbandi verð ég kannski lögga og fæ að skjóta á heilan her af paparazzi-ljósmyndurum,“ sagði Spears sem er hreint ekki ánægð með framferði eiginmannsins. Aðeins þrjár vikur eru síðan sonur þeirra fæddist en Kevin hefur lítið gert annað en að skemmta sér í Las Vegas. „Hann var umkringdur konum og drakk stíft,“ sagði gestur á einum næturklúbbnum sem Kevin sótti. Frægt varð þegar Britney ætlaði að skilja við Kevin eftir fæðingu fyrri sonar þeirra, en þá gerði hann einmitt fátt annað en að skemmta sér. Nú virðist stefna í samskonar læti á ný.



**BRITNEY SPEARS** Hefur verið hundelt af fjölmiðlum og þykir ekki hafa staðið sig í stykkinu sem foreldri.

# Tori ófrísk



**TORI SPELLING** Á von á sínu fyrsta barni með manninum sínum Dean McDermont

Stjarnan úr sjónvarpsþáttunum sálugu Beverly Hills 90210, Tori Spelling, á von á sínu fyrsta barni. Barnsfaðir hennar og nýbakaður eiginmaður er Dean McDermont en hann á fyrir átta ára gamlan son. Hjónakornin eru himinlifandi með þessa nýjustu viðbót í fjölskylduna en þau giftu sig í maí á þessu ári í lítilli athöfn á Fiji-eyjum.

Tori Spelling er dóttir framleiðandans Aarons Spelling sem lést á dögunum áttræður að aldri.



**MADONNA** Söngkonan heimsfræga er sögð ætla að ættleiða unga stúlku frá Malaví.

# Madonna ættleiðir

Talið er að söngkonan Madonna muni á næstunni ættleiða litla stúlku frá Afríkuríkinu Malaví. Fetar hún þar með í fótspor leikkonunnar Angelinu Jolie sem hefur þegar ættleitt tvö börn, annað frá Afríku og hitt frá Asíu.

Madonna er um þessar mundir stödd í Malaví þar sem hún sinnir mannúðarstörfum, en mikil fátækt er þar í landi. Verði ættleiðingin að veruleika verður stúlkan þriðja barn Madonnu.

# Auddi hrekkir útvarpsstjóra

**Auðunn Blöndal er að ljúka tökum á þáttunum Tekinn. Í vikunni hrekkti hann Pál Magnússon útvarpsstjóra og Fréttablaðið fékk að fylgjast með.**



**TEKINN** Auðunn búinn að klæða sig upp í tollgæslubúning áður en hann úrskýrir fyrir Páli að hann var Tekinn.

Eins og flestir vita er spéfuglinn Auðunn Blöndal, eða Auddi eins og hann er gjarnan kallaður, að fara af stað með nýja þáttaröð næstkomandi mánudag sem ber nafnið Tekinn, og er af sama meiði og þættir leikarans Ashton Kutcher, Punk'd. Í þáttunum tekur Auðunn upp á því að hrekkja þjóðþekkta einstaklinga og setja þá í einkennilegar aðstæður. Fréttablaðið fékk að fara og fylgjast með Audda og félögunum þar sem þeir voru að taka upp tíunda hrekkinn í þessari tólf þátta seríu. Fórnarlambið var Páll Magnússon útvarpsstjóri og voru þeir félagar vandlega búnir að skipuleggja hrekkinn enda er það nokkrar vikna umstang að skipuleggja einn hrekk að sögn Auðuns.

„Það er rosaleg vinna að skipuleggja hvern einn og einasta hrekk. Við þurfum að fá nágranna, fjölskyldu og vini með okkur í lið til þetta heppnist sem best,“ segir Auddi en í þetta sinn var það eiginkona Páls, Hildur, sem tók þátt í hrekknum og var búin að plata Pál heim til sín um miðjan dag. Auddi var síðan búinn að skipuleggja það að risastórum gámi var plantað í innkeyrslu Páls. Gámurinn átti að sögn starfsmanns frá gámafélaginu og leikara á Audda vegum að innihalda 22 stóla sem kona Páls hafði pantað á netinu. Hildur var búin að segja Páli að hún hafði pantað tvo stóla á netinu þannig að heill gámur af stólum var ekki alveg það sem hann hafði hugsað sér. Einnig blandaðist tollgæslan inn í málið þar sem Páll var sakaður um að hafa ekki borgað skatt af þessum forláta stólum. Viðbrögð Páls voru eftir atvikum en eftirmálunum verða áhorfendur að fylgjast með í þættinum

„Þetta hefur gengið vonum framar og eiginlega alveg stórslysalaust,“ segir Auðunn um tökur þáttanna sem mun ljúka í dag.

alfrun@frettabladid.is



**NÁGRANNAHÚSIÐ TEKIÐ HERS HÖNDUM** Auðunn fylgdist vel með úr húsinu beint á móti Páli.



**VEL FYLGST MEÐ** Auddi tekur, heyrir og sér allt sem fer fram á meðan á hrekknum stendur og segir hann leikurunum hvað þeir eiga að segja enda er þetta allt saman spuni og fer allt eftir viðbrögðum fórnarlambsins.



**NÁÐU SÁTTUM** Það færðist bros yfir andlit Páls Magnússonar þegar hann áttaði sig á að þetta var allt saman grín.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fær útgáfuréttinn



**PAUL MCCARTNEY** Bítillinn fyrrverandi fær útgáfuréttinn að flestum Bítlalögunum eftir tíu ár.

Bítillinn fyrrverandi, Sir Paul McCartney, mun fá útgáfuréttinn að flestum Bítlalögunum eftir um það bil tíu ár. Kveða bresk höfundarréttarlög á um að McCartney fái réttinn að lögunum eftir þennan tíma.

McCartney reyndi árið 1984 að kaupa útgáfuréttinn að lögunum af plötufyrirtækinu EMI en popparinn Michael Jackson hafði betur í miklu peningastríði á milli þeirra. Leiddi það til þess að vinskapur þeirra fór út um þúfur.

McCartney segist ekki hafa vitað um þessi höfundarréttarlög og er því mjög ánægður með þessar fregnir. Hann segir að helsti kosturinn við það að fá útgáfuréttinn sé að þurfa ekki lengur að borga núverandi eiganda, Sony, fyrir að spila lögin á tónleikum. „Það sem mér finnst sárt er að fara í tónleikaferð og þurfa að borga fyrir að syngja öll lögin mín. Í hvert sinn sem ég syng Hey Jude, þarf ég að borga einhverjum,“ sagði McCartney.

# Lifandi gínur úr MR

Nemendafélag Menntaskólans í Reykjavík bryddaði upp á þeirri skemmtilegu nýjung að stilla nemendum upp í glugga verslunar Sævars Karls sem lifandi gínum. Þetta var liður í árshátíðarundirbúningi skólans sem haldin verður 12. október næstkomandi.

Uppátækið féll vel í kramið hjá vegfarendum í Bankastræti og kom mikill fjöldi saman og fylgdist með nemendum skólans taka sporið í búðarglugganum.

Það er spurning hvort fleiri verslanir fari ekki að taka upp á þessu enda er þetta skemmtileg nýbreytni í útstillingum verslana.

- áp



**PÓSA** Þessi stelpa lét ekki mannfjöldann á sig fá og stóð grafkyrr í búðarglugganum til að sýna nýjustu tísku. Eins og sjá má voru nokkrir drengir búnir að stilla stólum fremst við gluggann til að hafa sem best útsýni.



**FLOTTUR SNÚNINGUR** Þessi leyfði áhorfendum að sjá fatnaðinn frá öllum sjónarhornum og tók nokkur vel valin spor fyrir áhorfendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki við eina fjölina fellld

Hótelerfinginn og fyrirsætan Paris Hilton er greinilega ekki við eina fjölina felld enda er partíljónið greinilega alltaf til í að kynnast nýjum mönnum og eiga með þeim stutt gaman.

Fjölmiðlar elta Paris á röndum enda gerist iðulega eitthvað í kringum hana og ástarlíf hennar þykir alltaf mjög spennandi. Ljósmyndurum fannst til að mynda erfinginn gerast full ágengur við trommuleikarann Travis Barker úr Blink 182 í Amsterdam og New York. Fjölmiðlafulltrúi Hilton gaf sögusögnunum byr undir báða vængi með því að segja að fyrirsætan kynni mjög vel við Barker. Fyrrverandi eiginkona Barkers, Shanna Moakler, sá í kjölfarið ástæðu til að gagnrýna þessa hegðun og sagði hann vera of snemma á ferðinni en þau skildu í ágúst. Hilton hefur neitað því að eitthvað sé í gangi á milli þeirra enda sást hún í Las Vegas með tennisleikaranum Andy Roddick í heitum leik á skemmtistaðnum Tao.

Hilton sagði hins vegar við glanstímaritið LuxeLife að hún nyti þess að vera á lausu og vildi bara eignast fullt af góðum vinum, hvað svo sem það þýðir. „Ég vil ekki vera að bindast einhverjum um þessar mundir,“ sagði hótelprinsessan.



**EITT SINN FJÖLSKYLDUMAÐUR** Travis Barker átti eitt sinn fjölskyldu en hugsar nú meira um að skemmta sér með fögrum fljóðum.





**PARIS HILTON** Finnst gaman að kynnast nýjum mönnum en vill ekki binda sig til langs tíma.



**ZÚÚBER-KRAKKARNIR** Þurftu að senda þáttinn út frá Akureyri vegna þátttöku Siggu og Gassa.

# Zúúber í X-Factor

Margt var um manninn í áheyrnarprufum X-factor á Akureyri, en í hópnum mátti sjá andlit krakkanna sem sjá um morgunþáttinn Zúúber á FM957. „Gassi og Sigga ætluðu að spreyta sig, en ég og Stína ætluðum að vera móralskur stuðningur,“ sagði Svali þegar Fréttablaðið spurði út í þáttöku Zúúberliða. „Við vildum sanna að við værum jafnvel betri söngvarar en útvarpsmenn.“ Svali segist ekki enn vita hvernig hafi gengið. „Þetta var svolítið villandi dómur. Ellý var hrifin af Siggu en ekki Gassa, Einar var hrifinn af Gassa en Palli hrifnari af Siggu. Þau eru örugglega ennþá að velta því fyrir sér hvort þau hafi komist áfram. Við bíðum eiginlega eftir símtali bara.“ - sun



**RÖÐIN Á AKUREYRI** Eins og sjá má var geysilega góð stemning í röðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL



**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR ER KYNNIR X-FACTOR** Hún hefur skipt söngfuglunum í KF Nörd út fyrir upprennandi stjörnur í X-factor.



**SÓLARLAUS** Tom Cruise segir að takmörkuð sólböð sé ástæðan fyrir unglegu útliti sínu og hefur því bannað unnustu sinni Katie Holmes að stunda sólböð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Sólböð bönnuð

Tom Cruise er mikið fyrir að setja fram boð og bönn fyrir unnustu sína og barnsmóður Katie Holmes. Nú hefur Cruise bannað Holmes að eyða löngum stundum í sólinni vegna þess að Cruise heldur því fram að hann eigi sólarvörn að þakka hve hann sé unglegur. Tom býr víst yfir svo mikilli vitneskju um skaðsemi sólarinnar og húðsjúkdóma að hann gæti opnað sína eigin stofu segir bandaríska tímaritið US Weekly.

Cruise hefur því bent Holmes á að nota brúnkukrem í stað sólbaða til að fá fríkslegan lit á húðina. Holmes er ekki ýkja ánægð með þessa reglu en hún fer samt eftir henni til að gera unnusta sinn ánægðan.



**WEEZER** Hljómsveitin Weezer hefur höfðað mál gegn bandarískum bjórframleiðanda.

# Höfðar mál

Hljómsveitin Weezer hefur höfðað mál gegn bandaríska bjórframleiðandann Miller fyrir að hafa notað nafnið hljómsveitarinnar í auglýsingum í tónlistartímaritinu Rolling Stone.

Meðlimir Weezer segjast aldrei hafa leyft fyrirtækinu að nota nafnið og krefjast þeir skaðabóta. Einnig eru þeir ósáttir við að nafn sveitarinnar hafi verið notað við hlið annarra hljómsveitarnafna sem þeir vilja ekki tengjast á nokkurn hátt.


AVEDA
the art and science of pure flower and plant essences

viltu hitta þann eina rétta?




Er samband þitt við hárgreiðslufagmanninn að dofna hratt? Jafn hratt og liturinn í hárinu þínu? Okkar fagmenn eru sér menntaðir til þess að vinna með Aveda litina. Litaúrvalið er afar fjölbreytt og því er hægt að sérútbúa rétta litinn fyrir þig. Liturinn hylur gráu hárin fullkomlega og endist betur en hefðbundinn háralitur. Komdu og fáðu fría hárlitaráðgjöf.

AVEDA
the art and science of pure flower and plant essences

Skoðaðu aveda.is og komdu í heilbrigt samband.
Hringdu í Aveda fagmann í dag.




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 8 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50 og 10.15 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6 og 10 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 |
| CLERKS 2 | kl. 6 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Hættu við myndina

Jim Carrey og Cameron Diaz hafa hætt við að leika í gamandramanu A Little Game Without Consequence.

Ástæðan er óánægja með þróun handritsins. Leikstjórinn Gabriele Muccino ákvað einnig að stökkva frá borði.

Tökur áttu að hefast í New York í þessum mánuði en framleiðsla myndarinnar er nú í uppnámi. Margir höfðu beðið spenntir eftir því að sjá Carrey og Diaz saman á hvíta tjaldinu á nýjan leik. Síðasta léku þau saman í The Mask sem skaut Diaz upp á stjörnuhimininn.

Þetta er þriðja myndin í röð sem Carrey hefur þurft að hætta við að leika í en hann rak nýverið umboðsmann sinn. Hætt var við gerð myndarinnar Used Guys sem Carrey átti að leika í á móti Ben Stiller vegna of mikils kostnaðar. Einnig var myndin Ripley´s Believe It or Not sett á bið.



**JIM CARREY** Gamanleikarinn Jim Carrey hefur hætt við að leika í myndinni A Little Game Without Consequence.






# Englandsdrottning, keðjusagar- morð og allt þar á milli

Þær fimm kvikmyndir sem eru frumsýndar um helgina eru jafn ólíkar og þær eru margar. The Queen, sem var opnunarmynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, fyrir viku byrjar nú í almennum sýningum en í henni er fjallað um ágreining sem kom upp á milli Elísabetar Englandsdrottningar og Tony Blair forsætisráðherra í kjölfar dauða Díönu prinsessu. Helen Mirren leikur drottninguna með miklum tilþrifum og þykir fara á kostum.

Hinn umdeildi Oliver Stone tók á hryðjuverkunum þann 11. september 2001 í World Trade Center en almenn sátt virðist ríkja um myndina enda segist Stoen sjálfur hafa forðast pólitík í henni og einbeitt sér að áhrifum hryðjuverkanna á aðalpersónurnar.

WTC byggir á sannsögulegum hremmingum lögreglumannanna Will Jimeno og John McLoughlin sem fóru ásamt félögum sínum inn í World Trade Center eftir árásina og festust þar þegar turnarnir hrundu.

Jimeno og McLoughlin komust lífs af úr hildarleiknum og McLoughlin segir þá skuldbundna þeim sem fórust í árásinni að koma sögu sinni á framfæri þar sem afrek þeirra sem týndu lífi lifi í þeim sem komust af.

Keðjusagarmorðinginn Leðurfés úr hinni sígildu hrollvekju The Texas Chainsaw Massacre er með rómuðustu skúrkum kvikmyndasögunnar. Gamla myndin var endurgerð fyrir nokkrum árum og naut talsverðra vinsælda. Það er



**OLIVER STONE OG NICHOLAS CAGE** Leikstjórinn umdeildi gerir hetjudáðum lögreglumanna í Tvíburaturnunum þann 11. september skil í World Trade Center. Cage leikur lögreglumann sem komst lífs af við illan leik úr rústunum.

því ekki alveg búið að flá þennan gamla gölt og nú er komin The Texas Chainsaw Massacre: The Beginning. Hún gerist, eins og nafnið bendir til, á undan upprunalegu myndinni og gefur áhorfendum kost á að kynnast æskuheimili úrkynjaða morðingjans auk þess sem myndin veitir innsýn í hvernig hann varð sá vandræðagemlingur sem hann er í eldri myndunum.

Tönninn er öllu léttari í teiknimyndinni Monster House þó að henni sé vissulega ætlað að laða fram gæsahúð á yngri bíógestum. Myndin segir frá þremur krökkum sem komast að því að gamalt hús í nágrenninu er lifandi og það sem verra er, étur allt sem fer inn á lóðina umhverfis það. Þeim gengur illa að sannfæra barnfóstruna sína og lögregluna um eðli hússins og þurfa því að ganga í málið sjálfir.

Gamanmyndin Beerfest er valkostur þeirra sem treysta sér ekki í brjálað hús, Englandsdrottningu, hryðjuverk og keðjusagarmorð í bíó. Hún fylgir tveimur bræðrum eftir sem fljúga frá Bandaríkjunum til Þýskalnds til þess að svolgra bjór á Októberfest en flækjast fyrr en varir í aldagamlan félagsskap bjórsvelgja og slagsmálahunda.

# Vantar ferskleikann

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Beyond the Waistland er fjórða plata Brain Police. Hingað til hefur sveitin verið þekkt fyrir „stoner" eyðimerkurrokk sitt og hefur náð sér í dyggan aðdáendahóp undanfarið með traustri spilamennsku.

Eftir ágæta aðra plötu festi sveitin sig í sessi með síðustu plötu, hinni öflugu Electric Fungus, sem hafði yfir sér sterkan heildarsvip. Brain Police nær því miður ekki að fylgja þeim grip nógu vel eftir hér, þrátt fyrir að hafa fengið þekkta erlenda upptökustjóra með sér í lið.

Aðall Brain Police er kraftmikil rödd Jens söngvara auk öflugs trommuleiks Jónba. Nýr gítarleikari gekk til liðs við sveitina fyrir gerð nýju plötunnar og stendur hann sig ágætlega. Samt sem áður virðist hann enn vera fastur í þeim gítarstíl sem hefur einkennt Brain Police frá upphafi. Vonandi á hann eftir að setja mark sitt betur á sveitina því gítarlykkjurnar á þessari plötu eru flestar orðnar svo örþreyttar að þær virka á mann sem ágætis svefnmeðal, svo oft hafa þær heyrst áður.

Beyond the Waistland skortir einnig slagara, einhver lög sem grípa athyglina. Einhvern ferskleika virðist vanta auk þess sem lögin eru mörg hver svipuð.

Helst stóð Human Volume upp úr en það lag er nokkuð frábrugðið því sem Brain Police hefur gert áður. Þar er þyngdin og drunginn orðinn meiri og kannski stefnir sveitin í þessa átt í framtíðinni? Eitthvað þarf hún alla vega að gera ef hún ætlar sér að halda í og hvað þá stækka aðdáendahóp sinn.




**BRAIN POLICE:**

BEYOND THE WASTELAND

**Niðurstaða:** Fjórða plata Brain Police er töluverð vonbrigði. Ekkert nýtt er á ferðinni, enginn slagari og sömu gítarlykkjur og áður.

**Freyr Bjarnason**




Reykjavík International Film Festival Sept 28 Okt 8 2006

Háskólabíó

nánari upplýsingar um hátíðina má finna á www.riff.is

HÁSKÓLABÍÓ 5. OKT.

| | |
|---|---|
| MEÐ DAUÐANN Á HENDI | 18:00 |
| PÚÐURTUNNAN | 18:00 |
| DRAUMURINN | 18:00 |
| ZIDANE, 21. ALDAR PORTRETTMYND | 20:00 |
| TÍMI DRUKKNU HESTANNA | 20:00 |
| ÉG ER | 20:10 |
| HÁLFT TUNGL | 20:20 |
| FRAMHALDSLÍFIÐ LJÚFA | 22:00 |
| KEANE | 22:00 |
| FJÓRAR MÍNÚTUR | 22:20 |




| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BÖRN | kl. 4 - 8:30 | B.i.12 |
| HARSH TIMES VIP | kl. 8 - 10:30 | | BÖRN VIP | kl. 6 | |
| NACHO LIBRE | kl. 5:50 - 8-10:10 | B.i.7 | STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 10:30 | B.i.16 | THE PROPOSITION | kl. 8 | B.i.16 |
| | | | PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 Tilboð 4oo.kr | B.i.12 |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:15 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14 |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 5:50 | B.i.14 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| THE WILD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is 575 8900


# Mýrin seld til Skandinavíu og Þýskalands

**Mikil eftirvænting ríkir hér á landi í kringum kvikmyndina Mýrina sem Baltasar Kormákur leikstýrir en hún er byggð á samnefndri metsölubók Arnaldar Indriðasonar. Spennan eftir myndinni er ekki síðri á hinum Norðurlöndunum og í Þýskalandi.**



**MÝRIN** Það eru þau Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir sem leika aðalhlutverkin.

Bækur Arnaldar hafa selst mjög vel í þessum löndum og að sögn Baltasars var nýverið gengið frá samningum við dreifingarfyrirtækið Trust um dreifingu á myndinni um alla Skandinavíu. „Fyrirtækið hefur annast margar af helstu kvikmyndum danska kvikmyndafyrirtækisins Zentropa og er eitt stærsta fyrirtækið á Norðurlöndunum á sínu sviði,“ segir Baltasar og taldi þetta vera mjög góðan samning sem þeir hefðu náð. „Þeir sáu einnig um 101 Reykjavík sem var dreift til 80 landa á sínum tíma,“ bætir leikstjórinn við.



Mýrin hefur jafnframt verið seld til Þýskalands og auk þess að vera sýnd í kvikmyndahúsum þar í landi hefur sjónvarpsstöðin ARD þegar tryggt sér réttinn á henni. Baltasar sagði það hins vegar ekki gefið að myndin myndi njóta sömu velgengni og bók sem hefði verið þýdd. „En auðvitað vonum við að þetta hjálpist allt saman að,“ sagði hann.

Baltasar hafði fengið tónlist Mugison í hendurnar en eins og Fréttablaðið greindi nýverið frá hefur tónlistarmaðurinn setið sveittur yfir tónsmíðum og lauk við gerð tónlistarinnar uppi á fjalli á Ísafirði. „Ég er mjög ánægður með hana, hún er alveg frábær og þetta er mjög ólíkt því sem við gerðum í A Little Trip to Heaven.“ Á mánudaginn var síðan lokið við að „mixa“ myndina þannig að allt er að verða klárt fyrir stóra daginn sem verður 19. október. „Ég er auðvitað mjög spenntur og er sjálfur mjög ánægður með hana en það er jú bara ég. Maður verður bara að vera beinn í baki og vona það besta,“ sagði Baltasar. „Ég get allavega lofað fólki því að þetta verður óvænt og íslenskt.“

\- fgg

**BALTASAR KORMÁKUR** Lofar óvæntum og íslenskum hlutum í Mýrinni sem frumsýnd verður 19. október.

# Dyrnar opnaðar

Platan The Open Door með bandarísku rokksveitinni Evanescence er komin út. Síðasta hljóðversplata sveitarinnar, Fallen, kom út fyrir þremur árum og sló í gegn. Hefur hún selst í yfir fjórtán milljónum eintaka og inniheldur hún m.a. lögin My Immortal og Bring Me To Life. Hlaut platan tvenn Grammy-verðlaun árið 2003.

The Open Door var tekin upp í Los Angeles í upphafi þessa árs og stjórnaði Dave Forman um upptökum. Amy Lee, söngkona sveitarinnar, hefur þetta að segja um upptökurnar: „Ég hef þroskast mikið síðan Fallen kom út og það er frábært að semja með Terry Balsamo [bassaleikara sveitarinnar]. Innblásturinn jókst til mikilla muna og möguleikunum fjölgaði líka.“

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Call Me When You're Sober, hefur verið í mikilli spilun í útvarpi að undanförnu.



**EVANESCENCE** Síðasta plata sveitarinnar hlaut tvenn Grammy-verðlaun.





Hálft tungl Háskólabíó 20:20

Half Moon

Háskólabíó
18:00 | Draumurinn
18:00 | Með dauðann á hendi
18:00 | Púðurtunnan
20:00 | Zidane
20:00 | Tími drukknu hest...
20:10 | Ég er
20:20 | Hálft tungl
22:00 | Framhaldslífið ljúfa
22:20 | Fjórar mínútur
22:30 | Keane

Tjarnarbíó
14:00 | Grbavica
16:00 | Lím
18:00 | Lífsins harmljóð
20:30 | FjallaEyvindur
Benni Hemm Hemm
22:15 | B-mynda veisla Páls Óskars

Iðnó
14:00 | Dæmdur heim
16:00 | Stúlkan er mín
18:00 | Daganna á milli
20:00 | Florence afhjúpuð
22:00 | Af engum

Reykjavík International Film Festival Sept 28 Okt 8 2006


# Beckham kennir Maddox

Samkvæmt fréttavefnum contactmusic.com hefur bandaríska stórstjarnan Brad Pitt ráðið David Beckham til að þjálfa ættleidda soninn sinn og leikkonunnar Angelinu Jolie, Maddox, í knattspyrnu. Ef marka má heimildir vefsins er Maddox nú þegar nemandi í knattspyrnuakademíu Beckhams í Los Angeles en foreldrarnir frægu vilja fá nokkra einkatíma hjá þessum fyrrum fyrirliða enska landsliðsins.

Samkvæmt contactmusic.com á Pitt þegar að hafa borið upp þessa bón við Beckham en þeir kynntust í gegnum fyrrverandi knattspyrnuhetjuna Vinnie Jones sem nú hefur lagt leiklistina fyrir sig. „Allar stórstjörnurnar frá Bretlandi hafa gengið til liðs við knattspyrnuliðið í Hollywood. Menn eins og Vinnie, Robbie Williams og Jason Statham kynntust í gegnum knattleiki í Englaborginni. Sú síðan var einhver Englendingur sem þjálfaði Maddox og sagði Vinnie frá því og boltinn byrjaði bara að rúlla,“ sagði heimildarmaður vefsins.



**BECKHAM** Hefur lýst því yfir að metnaður hans liggi í að kenna börnum knattspyrnu og þá sérstaklega í Bandaríkjunum.



**NÝR BECKHAM** Maddox er í þjálfun hjá knattspyrnuskóla Davids Beckham í Los Angeles en fær að öllum líkindum einkatíma hjá hetjunni.

## > Kvennalandsliðið heldur til Bandaríkjanna í dag



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu heldur í dag til Bandaríkjanna þar sem þær mæta heimamönnum í æfingaleik á Richmond Stadium í Virginíufylki á sunnudaginn. Bandaríska liðið er eitt besta landsliðið í heimi og er í öðru sæti á styrkleikalista FIFA yfir kvennalandslið. Það verður því við ramman reip að draga fyrir Ísland í leiknum en jafnframt skemmtilegt verkefni fyrir kvennalandsliðið. Í hópnum að þessu sinni er einn nýliði en það er Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, leikmaður Stjörnunnar. Valur á flesta leikmenn í hópnum eða sjö en þeim næst kemur Breiðablik sem á sex fulltrúa í hópnum. Það er þó skarð fyrir skildi í íslenska liðinu að þær Ólína G. Viðarsdóttir og Guðrún S. Gunnarsdóttir eru meiddar og eru því ekki með að þessu sinni.

**sport**

sport@frettabladid.is

GYLFI EINARSSON: BYRJAÐUR AÐ ÆFA Á NÝJAN LEIK EFTIR ERFIÐ MEIÐSLI

# *Gætu orðið þrír mánuðir í viðbót*



Árbæingurinn Gylfi Einarsson hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið en hann hefur ekkert getað leikið á yfirstandandi leiktíð í Englandi vegna meiðsla. Hann er á mála hjá 1. deildarliðinu Leeds. Gylfi gekkst nýverið undir aðgerð á mjöðm og er þessa dagana að hefja endurhæfingu sína. „Þetta er allt á byrjunarstigi eins og er en ég er byrjaður að framkvæma léttar æfingar, hjóla og fleira í þeim dúr. Það var gott að komast í þessa aðgerð en mjöðmin hefur verið að angra mig lengi. Meiðslin gerðu það að verkum að þau heftu hreyfingar á hægri fætinum og undir rest var það komið á það stig að ég gat ekki hlaupið. En þetta var lagað í aðgerðinni og horfir nú til betri vegar."

Gylfi sló í gegn hjá Lilleström í Noregi áður en hann fór til Leeds þar sem hann hefur átt erfitt með að vinna sér sæti í liðinu. Ekki bættu meiðslin úr skák en þegar hann var upp á sitt besta vann hann sér sæti í íslenska landsliðinu og skoraði annað mark Íslands í frægum 2-0 sigri á núverandi heimsmeisturum Ítala.

Hann er þó samningsbundinn Leeds til ársins 2007 og getur því einbeitt sér að því að ná sér góðum. „Það liggur fyrst og fremst á að ná mér eftir þessa aðgerð og fara að spila fótbolta á nýjan leik. Ég er ekki búinn að hugsa dæmið lengra enda einbeiti ég mér að því að bæta mig á hverjum deginum sem líður."

Hann er sem stendur eini Íslendingurinn sem leikur í ensku 1. deildinni en þeir voru mun fleiri í fyrra. Voru aðrir Íslendingar annað hvort seldir eða í liðum sem leika nú í úrvalsdeildinni.

„Já, það virðist hafa átt sér stað Íslendingaflótti úr deildinni," segir Gylfi og hlær. „En það eiga eflaust einhverjir eftir að bætast við enda hafa þeir Íslendingar sem eru að spila í úrvalsdeildinni verið að standa sig mjög vel. Það er góð auglýsing fyrir íslenska knattspyrnumenn."



**Á LEIÐ FRÁ ÍBV?** Atli Jóhannsson og Bo Henriksen í baráttu við Bjarna Guðjónsson Skagamann. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Stjórnarmaður ÍBV:

## KR og Víkingur brutu reglur

**FÓTBOLTI Gísli Hjartarson, ritari stjórnar knattspyrnudeildar ÍBV, sagði í samtali við vefmiðilinn fótbolti.net í gær að Víkingur og KR hefðu brotið reglur KSÍ. Hann sakar fulltrúa félagsins um að hafa rætt við samningsbundna leikmenn liðsins en samkvæmt reglum KSÍ er það bannað.**

**Leikmönnum er reyndar frjálst að ræða við önnur félög eftir 15. október ef núverandi samningur þeirra rennur út um áramótin.**

**Gísli segir að bæði Víkingur og KR hafi haft samband við stjórnarmeðlimi með það fyrir augum að fá að ræða við leikmenn liðsins. Því hafi hins vegar verið hafnað þar sem þeir eru ekki sagðir falir.**

**Atli Jóhannsson og Andri Ólafsson verða báðir samningslausir um áramótin og eru eftirsóttir hjá liðum í Landsbankadeildinni.** - esá

# Reynir Leósson aftur á Skipaskaga?

**Skagamaðurinn Reynir Leósson rifti í gær samningi sínum við sænska 1. deildarliðið Trelleborg og flytur heim á næstunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ÍA og KR haft samband við Reyni.**

**FÓTBOLTI** Reynir Leósson er á leiðinni heim til Íslands eftir tæplega ársdvöl í Svíþjóð. Hann lék alla sína tíð með ÍA þar til hann hélt utan eftir síðasta sumar og samdi við sænska 1. deildarliðið Trelleborg. Þar lenti hann í meiðslum í upphafi tímabils og náði þess vegna ekki að festa sig í sessi í byrjunarliði félagsins. Af þeim sökum ákvað hann að koma heim og herma heimildir Fréttablaðsins að líklegast sé að hann fari í ÍA á nýjan leik.

KR hefur reyndar einnig sett sig í samband við leikmanninn en þar leikur hans gamli félagi úr ÍA, Gunnlaugur Jónsson.

„Við komust að þeirri niðurstöðu að það væri við hæfi nú að rifta samningi okkar," sagði Reynir um samkomulag sitt við forráðamenn Trelleborg. „Við fjölskyldan höfum ákveðið að flytja heim strax í næstu viku og get ég staðfest það að ég hef nánast gengið frá öllum samningsatriðum við félag í efstu deild á Íslandi. Ég vil hins vegar ekki segja hvaða félag um ræðir þar til ég er búinn að skrifa undir samninginn."

ÍA var lengi vel í harðri fallbaráttu í sumar en tókst með góðum árangri í síðari hluta mótsins að afstýra falli úr efstu deild. Varnarleikurinn var veiki hlekkur liðsins en liðið átti erfitt með að fylla þau skörð sem Gunnlaugur og Reynir skildu eftir sig. Nú hefur Guðjón Þórðarson tekið við liðinu og ný rekstrarstjórn knattspyrnudeildar verið skipuð. ÍA ætlar sér því að gera betur á næstu árum.

Trelleborg hefur vegnað afar vel í sænsku 1. deildinni og er löngu búið að tryggja sér úrvalsdeildarsætið. Reynir segir það svekkjandi hvernig fyrir honum fór en smávægileg meiðsli skömmu áður en leiktíðin hófst gerðu það að verkum að hann fékk lítið að spreyta sig.

„Ég spilaði hverja einustu mínútu á undirbúningstímabilinu en tognaði svo lítillega aftan í læri viku fyrir mót. Það var mikil pressa á mér að jafna mig áður en mótið hófst og því ákveðið að sprauta mig sem gerði bara illt verra. Í stað þess að leyfa þessu bara að jafna sig í einhverjar tvær vikur var ég frá í nokkra mánuði," sagði Reynir.

Liðinu gekk svo afar vel og er nú með vænt forskot á toppi deildarinnar. „Liðið sló mörg met, fékk ekki á sig mark í sex leikjum í röð og aðeins fimm mörk í 24 leikjum. Það er erfitt að breyta slíku liði sem tryggði sig upp í úrvalsdeildina á mettíma. En ég átti gott samtal við þjálfarann og stóð mér til boða að vera hér áfram og taka slaginn í úrvalsdeildinni. En við ákváðum frekar að halda heim á leið."



**REYNIR LEÓSSON** Aftur á leið í Skagabúninginn? FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gísli Gíslason, formaður rekstrarstjórnar knattspyrnudeildar ÍA, vildi hvorki játa því né neita hvort félagið hefði rætt við Reyni um að ganga aftur til liðs við félagið.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is




Chris Coleman, knattspyrnustjóri Fulham, lofar Heiðar Helguson:

# Heiðar er mikilvægur félaginu

**FÓTBOLTI** Chris Coleman, knattspyrnustjóri Fulham, lofar Heiðar Helguson í hástert í viðtali í breskum fjölmiðlum í gær. Segir hann að Heiðar sé afar mikilvægur félaginu en í vikunni var greint frá því að Fulham hefði hafnað tilboði sem barst í Heiðar.

Í leik gegn sínu gamla félagi, Watford, á mánudag skoraði Heiðar eitt mark í 3-3 jafnteflisleik og átti ríkan þátt í öðru marki sem fór langt með að tryggja Fulham sigurinn í leiknum. Var það fyrsti leikur Heiðars gegn Watford síðan hann fór þaðan í júní á síðasta ári.

Það tók Heiðar nokkurn tíma að vinna sér sæti í byrjunarliði Fulham en þegar hann fékk tækifærið loksins nýtti hann það vel. Og í dag lítur Coleman á Heiðar sem lykilmann í þeirri atlögu félagsins að tryggja sig í sessi meðal bestu tíu liða úrvalsdeildarinnar.

„Hann er afar harður af sér og mjög góður leikmaður," sagði Coleman. Hann hefur bætt sig frá því að hann kom hingað fyrst. Í hvert skipti sem hann spilar gefur hann sig allan í leikinn."

Um tilboðið sem Fulham fékk segir Coleman að það hafi verið mjög stórt. „Ég hafnaði því hins vegar umsvifalaust því hann er félaginu afar mikilvægur. Hann er á góðum aldri, meiriháttar í búningsklefanum með hinum strákanum og mikilvægur hlekkur í því sem við ætlum okkur í þessari deild."



**MARKI FAGNAÐ** Heiðar fagnar marki sínu sem hann skoraði gegn Watford á mánudag. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Heiðar hefur flakkað mikið á milli byrjunarliðsins og varamannabekkjarins enda er hart barist um hverja stöðu í liðinu. Hann var þó fyrirliði þegar Fulham mætti Wycombe í bikarnum og tapaði. „Heiðar veit að hann mun alltaf fá leiki til að spreyta sig í þannig að hann pirrast ekki mikið yfir því að þurfa að sitja á bekknum. Og það er annar kostur sem hann býr yfir - hann skilur þarfir liðsins og er þolinmóður." - esá


515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
ICELANDAIR
actavis
GOTT FÓLK McCANN
LAUGARDAG KL. 17:50
LETTLAND
ÍSLAND
EM 2008
ÍSLAND
ALLIR LEIKIRNIR
SEM SKIPTA MÁLI
ERU Á SÝN Í OKTÓBER
MEISTARADEILD EVRÓPU
Chelsea - Barcelona
Bordeaux - Liverpool
Man. Utd. - FC Kaupmannahöfn
CSKA Moskva - Arsenal
EM 2008
Lettland - Ísland
England - Makedónía
Króatía - England
SPÆNSKI BOLTINN
Real Madrid - Barcelona
KF NÖRD
Alla fimmtudaga kl. 21:15
ENSKI DEILDABIKARINN
Man. Utd.
Liverpool
Arsenal
Chelsea
sýn
besta sætið



**JOEY BARTON** Er hér í baráttu við Tim Cahill og er enn í buxunum.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Manchester City:

## Barton verður ekki ákærður

**FÓTBOLTI** Lögreglan í Liverpool á Englandi mun ekki leggja fram kæru á hendur Joey Barton, leikmanni Manchester City, sem beraði á sér afturendann í leik liðsins gegn Everton á laugardaginn en Manchester City jafnaði metin í uppbótartíma í leiknum.

Barton hefur áður lent upp á kant við Everton aðdáendur en í æfingaferð með liði sínu fyrir rúmu ári í Taílandi lenti Barton í áflogum við einn aðdáanda Everton og var sendur heim fyrir vikið.

Að sögn manna var Barton brosandi þegar hann sýndi alheiminum afturendann á sér en með þessu jafntefli batt City enda á tíu leikja taphrinu á útivelli.
- dsd

Ísland-Svíþjóð:

## Pólskt dómaratríó dæmir

**FÓTBOLTI Sænska landsliðið undirbýr sig nú af krafti fyrir leiki sína gegn Spáni um helgina og Íslandi á miðvikudaginn kemur. Í gær gátu þeir Olof Mellberg og Freddie Ljungberg ekki æft með liðinu vegna meiðsla en landsliðsþjálfari Svía hefur ekki áhyggjur af þeim og ætlar ekki að kalla inn aðra leikmenn í hópinn.**

**Dómaratríó leiksins kemur frá Póllandi en aðaldómarinn heitir Grzegorz Gilewski.**
- esá



**LUIS FELIPE SCOLARI** Er heitur fyrir því að taka við West Ham ef Kia kaupir félagið.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Yfirtökutilboð:

## Kia að kaupa West Ham?

**FÓTBOLTI** Það virðist margt stefna í að íranski viðskiptamaðurinn Kia Joorabchian gangi frá kaupum á enska knattspyrnuliðinu West Ham á næstu dögum. Stjórn félagsins boðaði til fundar í gær til að ræða tilboð frá Joorachian sem er sagt hljóða upp á 70 milljónir punda.

Luis Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgals, sagði frá því á dögunum að hann myndi alvarlega íhuga tilboð frá Joorachian um að taka við West Ham ef það myndi berast. „Kia er mjög góður vinur minn og við tölum saman nánast á hverjum degi. Við ræðum oft um störf og ef eitthvað myndi bjóðast þá væri ég til í skoða það,“ sagði Scolari.
- dsd

Stan Collymore er ekki af baki dottinn og stefnir á endurkomu í enska boltann:

# Stenst samanburð við alla sóknarmenn

**FÓTBOLTI** Stan Collymore stefnir á endurkomu í ensku úrvalsdeildina en hann hefur ekki leikið knattspyrnu í fimm ár. Collymore er 35 ára gamall og hefur ekkert spilað frá því að hann yfirgaf spænska félagið Real Oviedo í mars árið 2001. Collymore er þessa dagana í æfingabúðum í Tenerife og verður þar næstu þrjár vikurnar.

„Ég er búinn að fara í nokkur líkamspróf og er sannfærður um að ég mun koma aftur fljótari, sterkari og í betra formi en ég hef nokkurn tímann verið í,“ sagði Collymore í samtali við breska blaðið Daily Mirror á dögunum.

Persónuleg vandamál hafa oftar en ekki komið Collymore í koll á hans ferli og í einkalífinu en Collymore er sannfærður um að hann sé laus við öll vandamál. „Þið munuð ekki sjá fréttir af mér hent út af einhverjum bar og dauðadrukknum einhvers staðar. Það er ekkert því til fyrirstöðu að ég geti tekið fram skóna aftur. Sem fótboltamaður á ég ekki mikinn tíma eftir en þegar ég hætti á sínum tíma var það ekki vegna þess að ég var í lélegu líkamlegu ástandi.“

Það vantar greinilega ekkert upp á sjálfstraustið hjá Collymore. „Ég fór á HM í sumar sem sérfræðingur fyrir sjónvarpstöð og ég sá ekki marga leikmenn þar sem fengu mig til að hugsa ¿ég get þetta ekki‘. Það hljómar kannski hrokafullt en ég trúi því enn að ég sé bestur,“ sagði hinn hógværi Stan Collymore.
- dsd



**STAN COLLYMORE** Er hér í baráttu við Roy Keane í leik Liverpool og Man. United fyrir níu árum.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Geri ráð fyrir að hætta í fótbolta er ég kem heim

**Landsleikjahæsti leikmaður Íslands, Rúnar Kristinsson, er að spila sitt síðasta tímabil sem atvinnumaður. Hann gerir ekki ráð fyrir því að spila fótbolta á Íslandi næsta sumar. Fer hugsanlega í þjálfun.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson er fyrir margt löngu búinn að rita nafn sitt í knattspyrnusögu Íslands. Þessi magnaði miðjumaður nálgast nú endalok ferils síns en hann hefur leikið erlendis sem atvinnumaður í tólf ár en hann lék með KR þar til hann fór utan. Rúnar varð á sínum tíma yngsti landsliðsmaður Íslands er hann kom af bekknum í landsleik gegn Sovétríkjunum í Simferopol og hann lauk gifturíkum landsliðsferli með fleiri A-landsleiki á bakinu en nokkur annar Íslendingur.

„Ég er í fínu standi þessa dagana og passa vel upp á mig. Ef ég skammta æfingaálaginu rétt þá held ég mér góðum,“ sagði Rúnar í gær en hann hefur verið í byrjunarliði Lokeren í síðustu tveim leikjum eftir að hafa byrjað tímabilið á bekknum. Lokeren hefur tapað síðustu þrem leikjum eftir góða byrjun en Rúnar segist bjartsýnn á að liðið rífi sig upp fljótlega. Rúnar hefur verið að leika sem framliggjandi miðjumaður í síðustu leikjum en hann hefur verið notaður víða á síðustu árum.

„Í fyrra var ég oft á kantinum og á öllum stöðum á miðjunni. Nýi þjálfarinn vill hafa mig fyrir aftan senterana og þar kann ég líka best við mig. Ég hef ekki enn verið færður aftur í vörnina eins og gerist gjarna með leikmenn sem eldast enda er það ekkert fyrir mig. Ég er sóknarþenkjandi leikmaður og eftirlæt öðrum um varnarleikinn,“ sagði Rúnar sem hefur fengið ágæta dóma fyrir frammistöðu sína í síðustu leikjum.

Lokeren hefur verið mikið Íslendingalið á síðustu árum en nú er staðan sú að Rúnar er einn eftir en hann lék með Marel Baldvinssyni, Arnari Viðarssyni og Arnari Grétarssyni hjá félaginu.

„Ég get ekki neitað því að það er svolítið sérstakt og neita því ekki heldur að ég sakna strákanna frekar mikið. Við héldum hópinn, spiluðum golf saman og annað skemmtilegt. Það eru nokkur viðbrigði að vera eini Íslendingurinn eftir að hafa haft strákana hérna hjá mér,“ sagði Rúnar sem fer nú oftast einn á golfvöllinn í dag en þar finnur hann venjulega einhverja til að spila með.

Rúnar og fjölskylda eru ákveðin í að flytja heim næsta sumar en samningur Rúnars við Lokeren rennur út í júní á næsta ári.

„Ég hef ekki gert það upp við mig hvort ég ætli að spila fótbolta þegar ég kem heim en ég geri ekki ráð fyrir því. Það væri ágætt að stoppa þegar maður kemur heim og fara að huga að einhverju nýju. ég held það væri ekki vitlaust að þakka fyrir sig og setja skóna á hilluna. Ég hef ekki enn ákveðið hvað mig langar að gera en þjálfun er eitt af því sem ég hef áhuga á. Ég ætla að skrá mig á þjálfaranámskeið hér úti og ég finn vonandi fljótlega hvort það eigi við mig. Svo er ég opinn fyrir að prófa eitthvað nýtt og gera eitthvað sem tengist ekki fótbolta,“ sagði Rúnar en hann segist bæði hlakka til og kvíða fyrir því að koma heim.

„Það er mikil tilhlökkun að koma heim og takast á við eitthvað nýtt í lífinu. Maður þarf að koma sér þaki yfir höfuðið og svo eru það krakkarnir okkar en þau hafa aldrei búið á Íslandi og það verður væntanlega erfitt fyrir þau að kveðja vini sína,“ sagði Rúnar en hann á 12 ára son og tvær dætur, fimm og tveggja ára. „Það er mest tilhlökkun en líka smá kvíði líka en það er bara gaman.“

henry@frettabladid.is



**RÚNAR KRISTINSSON** Ætlar ekki að taka fram knattspyrnuskóna á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR

Hafþór Ægir Vilhjálmsson fór til Svíþjóðar og æfði með Norrköping:

# Meiddist á fyrstu æfingunni

**FÓTBOLTI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson, leikmaður ÍA, hélt um helgina til Svíþjóðar þar sem hann æfði með sænska 1. deildarliðinu Norrköping. Ekki fór eins og ætlast var til því hann meiddist þegar hálftími var liðinn af fyrstu æfingunni. En forráðamenn liðsins hafa greinilega hrifist af því litla sem þeir sáu til hans því þeir hafa óskað eftir því að hann komi aftur til Svíþjóðar þegar hann hefur jafnað sig af meiðslunum.

Með Norrköping leika tveir aðrir Skagamenn, þeir Stefán Þórðarson og Garðar Gunnlaugsson. Liðið er í fjórða sæti deildarinnar eins og er og eygir litla von um að vinna sér inn úrvalsdeildarsæti.

En jafnvel þó að Hafþór gangi ekki til liðs við Norrköping á nýju ári herma heimildir blaðsins að hann muni ekki spila með ÍA á næsta tímabili. Þó nokkur lið hafa mikinn hug á að klófesta leikmanninn, svo sem KR, FH, Valur og Grindavík.
- esá

**HAFÞÓR ÆGIR** Stóð sig vel með liði ÍA í sumar en hér á hann í höggi við Árna Kristin Gunnarsson, leikmann Breiðabliks.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**MAKAAY OG PODOLSKI** Eru harðlega gagnrýndir af þjálfara sínum fyrir frammistöðuna á leiktíðinni.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Bayern München:

## Stjórinn gagnrýnir leikmenn

**FÓTBOLTI** Felix Magath, aðalþjálfari Bayern München, gagnrýnir sóknarmennina Roy Makaay og Lukas Podolski harðlega fyrir leik þeirra það sem af er tímabilinu og þá sérstaklega fyrir frammistöðuna um síðastliðna helgi þegar Bayern tapaði fyrir Wolfsburg. Magath segir að Claudio Pizarro sé miklu grimmari en Makaay og Podolski.

„Það er greinilegt hvað vantar í leik okkar. Sóknarmennirnir eru ekki nógu grimmir. Pizarro er miklu grimmari en hinir tveir,“ sagði Magath en Bayern hefur aðeins skorað sex mörk í sjö deildarleikjum á tímabilinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Barcelona með augastað á Roy Makaay þessa dagana til að fylla skarð Samuels Eto'o sem er meiddur.
- dsd

Körfuboltalið KR:

## Semur við þýskan bakvörð

**KÖRFUBOLTI KR hefur gengið frá samningi við þýska bakvörðinn Thomas Heizer en hann hefur æft og spilað með liðinu upp á síðkastið. Heizer er 192 sentimetrar á hæð og kom til félagsins fyrir tilstuðlan Fannars Ólafssonar en þeir léku saman með þýska félaginu Ulm á sínum tíma.**

**Heizer var með um 10 stig að meðaltali í leik hjá Ulm en hann lék síðasta vetur í Hollandi þar sem hann var með um 4 stig að meðaltali áður en félag hans lét hann fara. Heizer hefur leikið tvo leiki með KR og þótti standa sig sérstaklega vel gegn Grindavík þar sem hann skoraði 15 stig.**
- hbg


5.090 kr. á mánuði til 5. desember
AFMÆLISTILBOÐ!
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
20
1986-2006
515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN



**TOBIAS LINDEROTH** Er hér með fyrirliðabandið í baráttu við Miroslav Klose á HM í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sænska landsliðið:

## Óvissa með Tobias Linderoth

**FÓTBOLTI Óvíst er hvort sænski landsliðsmaðurinn Tobias Linderoth getur leikið með Svíum gegn Íslendingum í næstu viku. Linderoth og kona hans eiga von á barni og af þeim sökum gæti hann misst af leiknum. „Ef barnið verður ekki komið í heiminn fyrir leikinn gegn Íslandi þá er líklegt að hann verði ekki með í þeim leik en við erum með stóran og góðan hóp og ráðum við svona áföll," sagði Lars Lagerback.**

**Tobias Linderoth er miðjumaður sem leikur með danska liðinu FC Kaupmannahöfn og hefur verið lykilmaður í sænska landsliðinu síðustu ár. - dsd**

Knattspyrnusamband Evrópu:

## Wembley var hafnað

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, tilkynnti í gær á hvaða völlum úrslitaleikir á vegum sambandsins yrðu spilaðir, á árunum 2008 og 2009. Nefnd á vegum UEFA hafnaði Wembley en enska knattspyrnusambandið hafði sótt um að halda úrslitaleikina annaðhvort árið 2008 eða 2009.

Úrslitaleikurinn í Meistaradeild Evrópu árið 2008 fer fram á Luzhniki-vellinum í Moskvu og á Ólympíuleikvanginum í Róm árið 2009. Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni félagsliða árið 2008 verður spilaður á The City of Stadium, heimavelli Manchester City, og á Sukru Saracoglu-vellinum í Istanbul árið eftir. - dsd

Meiðsli Luke Moore:

## Verður klár í byrjun janúar

**FÓTBOLTI Luke Moore, sóknarmaður Aston Villa, er ekki eins mikið meiddur og leit út fyrir í fyrstu. Búist var við að Moore yrði frá út þessa leiktíð en nú þykir ljóst að hann verði klár í slaginn í byrjun janúar. Moore meiddist á öxl í leik Aston Villa og Chelsea um síðustu helgi.**

**„Ég var hræddur um að Moore yrði lengi frá keppni en sjúkraþjálfarinn hefur nú fullvissað mig um að svo er ekki. Hann þarf ekki að fara í aðgerð," sagði Martin O'Neill, framkvæmdastjóri Aston Villa.**

**Aston Villa fékk sóknarmanninn Chris Sutton til að fylla það skarð sem Luke Moore skilur eftir sig. - dsd**

Spænska landsliðið:

## Aragones er var um sig

**FÓTBOLTI** Luis Aragones tók áhættusama ákvörðun í vali sínu á landsliðinu á dögunum þegar hann ákvað að velja ekki Raúl í hópinn. Aragones hefur nú gefið í skyn að breyttar áherslur verði í leik Spánverja gegn Svíum á laugardaginn.

„Við verðum að vinna þennan leik, hvað sem það kostar. Jafntefli eru ekki endalokin en það eru ekki góð úrslit. Það er mikilvægt að við höldum markinu hreinu og við munum reyna að beita skyndisóknum," sagði Aragones sem er orðinn mjög valtur í sessi. - dsd

Forseti Real Madrid er yfirlýsingaglaður hvað varðar framtíð Davids Beckham í knattspyrnunni:

# Beckham ætlar ekki að hætta eftir tvö ár

**FÓTBOLTI** Roman Calderon, forseti Real Madrid, sagði í samtali við BBC að hann vissi ekki betur en að David Beckham, leikmaður liðsins og fyrrum fyrirliði enska landsliðsins, myndi leggja skóna á hilluna vorið 2008. Talsmaður Beckhams sagði þetta ekki vera rétt en mikið hefur verið rætt og ritað um samningsmál Beckhams hjá Madrídarfélaginu undanfarna daga og vikur.

Beckham á ekki lengur víst sæti í byrjunarliði Real Madrid eftir að Fabio Capello tók við liðinu en hann hefur áður sagt að hann vilji ljúka ferlinum í Madríd og vill hann fá nýjan samning sem gildir næstu þrjú árin. Núverandi samningur hans rennur út í sumar.

Calderon sagði í viðtalinu að samkvæmt bestu vitund hans ætlaði Beckham að hætta árið 2008 og vonaði hann til þess að Beckham myndi vera hjá félaginu þann tíma. En talsmaður Beckhams kom af fjöllum. „Þetta kom okkur algjörlega í opna skjöldu. Enginn hefur nokkurn tímann rætt það hvenær hann ætli hugsanlega að hætta."

Forseti Real sagði að Capello væri hrifinn af Beckham og sjálfur hefur kappinn sagt að hann skilji það vel að það gengur enginn að byrjunarliðssæti í jafn stóru liði. Síðan Jose Antonio Reyes kom til félagsins í haust hefur Beckham mátt verma bekkinn.

„Við þurfum á honum að halda," sagði Calderon. „Hann hefur verið að spila mjög vel. Stjórinn treystir honum. Við vonumst til að gengi verði frá þessu máli á næstu 15 til 20 dögum."

Þegar hann var nánar spurður um endalok knattspyrnuferilis Beckhams sagði forsetinn yfirlýsingaglaði að hann hefði lesið einhvers staðar að Beckham hygðist enda sinn feril í Bandaríkjunum. „Ég er handviss um að leikmenn geti enn verið uppi á sitt besta við 35 ára aldur. Sérstaklega hann sem hefur verið að þjálfa sig alla sína ævi." - esá



**GAMAN** Ruud van Nistelrooy og David Beckham fagna marki þess fyrrnefnda fyrr í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Þór/KA heldur sæti sínu í efstu deild

**ÍR-ingar eru allt annað en sáttir eftir að Þór/KA var dæmdur sigur í leik liðanna í síðasta mánuði en ÍR vann leikinn og tryggði sér þar með sæti í efstu deild kvenna. ÍR-ingar ætla að áfrýja málinu.**

**FÓTBOLTI** Í síðasta mánuði tryggði ÍR sér sæti í efstu deild kvenna með sigri á sameiginlegu liði Þór/KA. Þór/KA kærði hins vegar úrslitin þar sem Berglind Magnúsdóttir, markvörður ÍR í leikjunum tveimur, var að spila fyrir hönd þriðja liðsins í sumar en í reglum KSÍ segir að leikmaður megi einungis leika fyrir tvö félög á einu tímabili. Áður hafði Berglind leikið með KR og Fjölni um sumarið. Dómstólar dæmdu í málinu á þriðjudaginn og dómurinn féll Þór/KA í vil og í dómsorðum segir: „Úrslit leiks Þórs/KA og ÍR í aukakeppni Íslandsmóts mfl. kvenna sem fram fór 9. september 2006 dæmast 3-0 Þór/KA í vil. Kærði greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ." KSÍ hafði áður viðurkennt mistök sín í málinu og afturkallað keppnisleyfi Berglindar.

ÍR-ingar eru vitanlega ekki sáttir við niðurstöðu málsins og halda því fram að KSÍ hafi í raun ekki gert nein mistök, ÍR voru í markmannsvandræðum og fóru fram á undanþágu þar sem tími félagaskipta var útrunninn, sem þeir og fengu frá samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. ÍR-ingar vilja meina að nefndin hafi veitt þeim undanþágu sem nái bæði yfir þann tíma sem bann gildir við félagaskiptum og ákvæði um fjölda liða. ÍR-ingar segja jafnframt að hafi verið um mistök að ræða hjá KSÍ, þá eigi þau ekki að bitna á ÍR.

„Við lítum svo á að KSÍ hafi ekki gert mistök. Í lögum segir að KSÍ hafi leyfi til að veita undanþágu fyrir markverði, þannig að við lítum þannig á málið að ekki sé um mistök að ræða heldur sé þetta þeirra túlkun, Við vorum ekkert að velta því fyrir okkur hvar Berglind hafi leikið fyrir mörg lið í sumar. Markmaðurinn okkar meiddist stuttu fyrir leikinn gegn Þór/KA og við förum í það að fá undanþágu fyrir nýjan markmann og við fengum þá heimild. Þjálfarinn okkar fór í málið og þá kom í ljós að Berglind væri í raun eini kosturinn. Við sendum umsóknina um félagaskiptin til KSÍ tveimur dögum fyrir fyrri leikinn gegn Þór/KA," sagði Páll Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar ÍR, í samtali við Fréttablaðið og bætti því við að honum fyndist eðlilegast að úrslit leiksins yrðu látin standa þar sem ÍR gerði ekkert rangt í þessu máli og heldur ekki KSÍ.

Málið virðist því snúast um túlkun á upphafi 4. grein laga um félagaskipti leikmanna sem er svohljóðandi: „Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. Frá og með 1. ágúst til og með 15. október eru félagaskipti innanlands ekki heimil. Samninga- og félagaskiptanefnd skal þó heimilt að veita undanþágu frá því fyrir félagaskipti markvarðar ef ríkar ástæður eru til að mati nefndarinnar."

Páll segir að ÍR hafi hringt sérstaklega í KSÍ fyrir leikinn til að ganga úr skugga um að Berglind hafi fengið keppnisleyfið. „Þegar við förum í leikinn fyrir norðan þá var ekki komið skriflegt keppnisleyfi fyrir Berglindi þannig að við hringjum í starfsmann KSÍ til að tryggja að þetta sé allt rétt og að hún hafi þetta leyfi. Þá er okkur tilkynnt það að búið sé að senda okkur keppnisleyfið í faxi og því spilaði hún leikinn fyrir okkur. Við ætlum að áfrýja málinu og við munum fara með það eins langt og hægt er, því okkur finnst gjörsamlega tekið niðrum okkur í þessu máli," sagði Páll en stjórn ÍR er nú að skoða hvort þurfi að skipta út þjálfurunum og ráða lögfræðing til félagsins í staðinn. Páll tók það einnig fram að ekkert væri við Þór/KA að sakast í þessu máli enda gerðu þeir það sem flestir hefðu eflaust gert.



**ÓSÁTTUR** Páll Kristjánsson formaður knattspyrnudeildar ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dómurinn segir því að samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ sjái eingöngu um að framkvæma félagaskiptin en ekki um að rannsaka hvort leikmaðurinn sé löglegur með því félagi sem hann/hún gengur í hverju sinni. Það sé því í höndum félagsins sem er að fá leikmanninn til sín að ganga úr skugga um að hann/hún sé lögleg-ur/löglegur. Eitt er þó ljóst að málið er hvergi nærri búið því ÍR lætur ekki hér við sitja.

dagur@frettabladid.is

Ferguson segir að hroki og völd leikmanna séu stærstu vandamálin í boltanum:

# Knattspyrnustjórum verður að sýna þolinmæði

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, segir að hroki og völd leikmanna séu stærstu vandamálin sem framkvæmdastjórar eiga við í fótboltaheiminum. Ferguson á að baki langan og sigursælan feril sem framkvæmdastjóri og hann hefur aldrei veigrað sér við að taka á málunum ef leikmenn sínir eru farnir að líta of stórt á sig. Nægir í þeim efnum að benda á Roy Keane og David Beckham sem báðir fengu að taka pokann sinn þegar Ferguson fannst þeir fara yfir strikið. Ferguson segir það klárt að með tilliti til þess álags sem framkvæmdastjórar eru undir að nauðsynlegt sé að halda uppi miklum aga í sínu liði.

„Hroki leikmanna er stærsta vandamálið sem þjálfari þarf að eiga við. Agi er mjög mikilvægur í þjálfun. Þú mátt ekki láta leikmenn stjórna æfingum og það verður að vera mikill agi á æfingum og í öllu sem félagið tekur sér fyrir hendur. Einfaldar reglur eins og t.d. stundvísi og einbeiting á æfingum verða að vera við lýði. Þjálfarar eru sífellt meira að eiga við stjórnsemi leikmanna. Ég er reyndur í þessu en ungir stjórar þurfa að vera viðbúnir þessu og þurfa að læra að taka á þessu vandamáli. Fyrir utan þetta er mikill þrýstingur á að ná góðum árangri. Það er líka nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjóra að stjórn félagsins sé vel mönnuð," sagði Ferguson.

Ferguson skorar á eigendur félaga að sýna stjórum sínum þolinmæði og segir að það að reka framkvæmdastjórann sé ekki alltaf besta lausnin.

- dsd

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### DHL-deild kvenna

**GRÓTTA-ÍBV 26-21**

**Mörk Gróttu**: Anna Ú. Guðmundsdóttir 7, Sandra Paegle 5, Kristín Þórðardóttir 4, Ragna K. Sigurðardóttir 3, Anna M. Erlingsdóttir 3, Natasa Damiljanovic 3, Eva M. Kristinsdóttir 1.
**Mörk ÍBV**: Valentina Radu 7, Renata Horvath 5, Pavla Plaminkova 4, Andrea Löw 3, Pavla Nevarilova 2.

### DHL-deild karla

**STJARNAN-HK 23-28**

**Mörk Stjörnunnar**: David Kekelia 5 (8), Ólafur Ólafss. 4 (5), Tite Kalandadze 4 (12), Björn Friðrikss. 3 (4/1), Elías Halldórss. 3 (11), Patrekur Jóhanness. 2/1 (4/1), Björn Guðmundsson 1 (2), Guðmundur Guðmundss. 1 (6), Volodimir Kybil (1).
**Varin skot**: Árni Þorvarðarson 11 (30/3), Roland Eradze 5 (14/1).
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 7 (Kekelia 3, Björn 2, Elías 1, Kalandadze 1).
**Fiskuð víti**: 2 (Kybil 1, Björn Óli 1).
**Utan vallar**: 16 mínútur (Kybil rautt).
**Mörk HK**: Valdimar Þórss. 7/3 (12/3), Ragnar Hjaltested 6/1 (11/1), Sergey Patraitis 4 (7), Tomas Eitutis 3 (6), Augustas Strazdas 3 (6), Brynjar Valsteinss. 2 (3), Ólafur Ragnarsson 2 (3), Árni Brynjar Þórarinsson 1 (3), Sigurgeir Árni Ægisson (1).
**Varin skot**: Egidijus Petkevicius 16 (44/2)
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 8 (Ragnar 3, Brynjar 1, Eitutis 1, Strazdas 1, Ólafur 1, Petraitis 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Petraitis 2, Strazdas 1, Brynjar 1).
**Utan vallar**: 10 mínútur.

**FRAM-HAUKAR 29-30**

**Mörk Fram**: Þorri Gunnarss. 8 (8), Sergey Serenko 6 (10), Andri Berg Haraldss. 3 (7), Haraldur Þorvarðars. 3 (4), Jóhann G. Einarss. 3/1 (6/1), Brjánn Bjarnas. 2 (4), Sigfús Sigfúss. 1 (4), Guðjón Drengss. 1 (3), Rúnar Káras. 1 (3), Stefán Stefánss. 1 (1)
**Varin skot**: Björgvin Gustavsson 22.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 1 (Þorri 1).
**Fiskuð víti**: 1 (Haraldur 1).
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk Hauka**: Andri Stefan 7 (12), Guðmundur Pedersen 6/4 (7/4), Gísli Þóriss. 4 (10), Árni Sigtryggss. 4 (14), Freyr Brynjarss. 4 (5), Kári Kristjánss. 3 (4), Samúel Árnas. 1 (2), Þröstur Þráinss. 1 (1).
**Varin skot**: Magnús Sigmundsson 21.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 3 (Freyr 2, Þröstur 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Kári 2, Freyr 1, Árni 1).
**Utan vallar**: 6 mínútur.

# HK valtaði yfir Stjörnuna í Ásgarði

**HK fór ansi létt með Stjörnuna í leik liðanna í Garðabænum í gær. Stjörnumenn sáu aldrei til sólar í leiknum og virtist sóknarleikur liðsins í molum. Patrekur Jóhannesson var ómyrkur í máli eftir leikinn.**




**LOK. LOK OG LÆS** Sergey Petraitis og Tomas Eitutis loka á Patrek Jóhannesson í leiknum í gær sem var lykilatriði í sigri HK. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** Stjarnan er enn án stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar í DHL-deild karla eftir slæmt tap gegn HK í gær. Kópavogsbúar koma sterkir til leiks og eru enn með fullt hús stiga.

Það er áhyggjuefni að Stjarnan hefur tapað báðum þessum leikjum á heimavelli en eftir góða frammistöðu í Meistarakeppni HSÍ þar sem liðið vann sigur á Fram virðist sem allur botn sé úr leik Garðabæjarliðsins. Stjörnumenn áttu engin svör við sterkri 5:1 vörn HK-manna í fyrri hálfleik og voru heimamenn þegar komnir sex mörkum undir eftir 20 mínútna leik. Roland Eradze fann sig illa í marki Stjörnunnar og kom Árni Þorvarðarson inn í hans stað og kom sínum mönnum aðeins í gang með ágætri markvörslu.

En HK-menn áttu alltaf svör og voru duglegir að keyra áfram sóknarleik sinn þegar Stjörnumenn virtust ætla að saxa á forskotið.

Forystan í hálfleik var sex mörk og í upphafi þess síðari héldu gestirnir uppteknum hætti og komust mest í níu marka forystu. Stjörnumenn skoruðu reyndar fimm mörk á tæpum þremur mínútum, seint í síðari hálfleik en það var of lítið og of seint.

„Þetta var frábær sigur og einmitt það sem við þurftum. Við erum á sama reiki og Stjarnan og þetta var því fjögurra stiga leikur," sagði Sigurgeir Árni Ægisson, varnarmaður HK sem átti skínandi góðan leik við hlið línumannsins sterka Sergey Petraitis. „Við náðum að loka vörninni vel í fyrri hálfleik. Taktíkin gekk alveg upp en hún gekk út á að beita 5:1 vörninni gegn Patta. Við ætlum okkur að vera sterkir í vetur og förum í hvern leik til að vinna. Við sjáum hvert það skilar okkur."

Patrekur Jóhannesson Stjörnumaður var vitanlega óánægður með leik sinna manna. „Við förum með fullt af færum í fyrri hálfleik og erum að elta þá allan leikinn. Það var engu líkara að við höfum farið aftur í tímann og erum að spila handbolta úr fornöld, slík var frammistaða okkar."

Patrekur var ekki með lengi vel í síðari hálfleik og segir að það hafi verið sín ákvörðun. „Í undanförnum leikjum höfum við verið að keyra þetta á of fáum mönnum og ég segi að þessir erlendu leikmenn sem eru hér sem 100% atvinnumenn verða að stíga upp og taka meiri ábyrgð á sig í leik liðsins. Þeir verða að sýna að þeir eru með Stjörnuhjarta því annars gengur þetta ekki og við verðum í fallbaráttu í vetur. Svona spilamennska þýðir að það verða færri í húsinu og við neðar í töflunni. Mönnum er einfaldlega ekki bjóðandi upp á þetta."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**SKOT REYNT** Sigurbergur Sveinsson Haukamaður reynir hér skot að marki Framara en Brjánn Bjarnason er honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukar báru sigurorð af Fram í Safamýrinni í gær:

# Sanngjarn sigur Hauka

**HANDBOLTI** Haukar unnu sanngjarnan sigur á Íslandsmeisturum Fram í Safamýrinni í gær. Framarar skoruðu fyrsta markið en náðu aldrei að endurheimta forystuna eftir það enda var leikur liðsins of kaflaskiptur. Allt annað var að sjá til Haukaliðsins frá því í fyrsta leik þess í mótinu og greinilegt að það langaði meira í sigurinn.

Það var talsverð spenna fyrir þennan leik enda var spáð því fyrir mótið að þessi tvö lið myndu keppa við Val um Íslandsmeistaratitilinn. Haukar þurftu að rétta úr kútnum eftir dapra byrjun í mótinu þegar þeir töpuðu óvænt fyrir ÍR í Austurberginu á sama tíma og Fram vann sannfærandi sigur á Stjörnunni í Garðabænum.

Það voru heimamenn sem skoruðu fyrsta markið í gær en það var í eina skiptið í leiknum sem þeir voru með forystu. Andri Stefan tók til sinna ráða og skoraði þrjú mörk í röð eftir það. Haukar komust í bílstjórasætið og voru lengi með tveggja marka forskot en Framarar breyttu varnarleiknum hjá sér og náðu að jafna 8-8. Magnús Sigmundsson lokaði þá markinu á mikilvægu augnabliki og kom í veg fyrir að Fram kæmist mikið lengra.

Samúel Ívar Árnason var borinn út af á börum í fyrri hálfleik eftir að hafa engst um á gólfinu. Haukar létu þó ekki deigan síga, settu í gír og höfðu fimm marka forystu í hálfleiknum 17-12. Rúnar Kárason klóraði í bakkann á lokasekúndu fyrri hálfleiks og kom í veg fyrir sex marka forskot gestanna í leikhléi.

Haukar byrjuðu seinni hálfleikinn eins og þeir kláruðu þann fyrri en svo vöknuðu Framarar á nýjan leik. Þeir jöfnuðu 20-20 og skyndilega var mikil spenna hlaupin í leikinn. Mikið jafnræði var með liðunum næstu mínútur en Frömurum tókst þó ekki að komast yfir. Árni Sigtryggson átti mjög slakan dag í gær en það var þó mark hans á lokamínútunni sem tryggði sigurinn og Haukar unnu á endanum 30-29.

Magnús Sigmundsson varði mjög vel í leiknum í gær, Kári Kristján Kristjánsson var mjög öflugur í vörninni og sóknarleikurinn var borinn uppi af Andra Stefani. Þá átti Freyr Brynjarsson fantagóðan leik og vann ófáa bolta. Hjá heimamönnum var Þorri Gunnarsson bestur en annars voru flestir leikmenn Fram talsvert frá sínu besta. Haukar töpuðu báðum leikjum sínum gegn Fram síðasta tímabil en voru vel að sigrinum komnir í gær.

- egm


Nýtt tákn um gæði



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Ford Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 3.490.000 kr.
Bílasamningur 41.900 kr.
Rekstrarleiga 64.100 kr.

Uppskeruhátíð
Góð tíð 3.490.000 kr.
Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Now Cole, when that little needle goes up into the red and reads *nine thousand RPM*, that's bad!"**

Svar: Harry Hogge (Robert Duvall) úr Days of Thunder frá 1990.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON FANN ÁSTÆÐU TIL AÐ VAKA FRAM EFTIR

# *Herramenn í úrvalsdeild*

Íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa sem betur fer áttað sig á að hversu gott sjónvarp breskir gamanþættir geta verið, sbr. Black Adder, Office, Little Britain, Father Ted, Black Books, Extras og fleiri. Því miður eru nokkrir gæðaþættir sem ekki hafa skolað á okkar fjörur. Sér í lagi sakna ég þáttanna League of Gentlemen sem slógu í gegn á Bretlandi fyrir nokkrum misserum. Og mikil var gleði mín þegar ég uppgötvaði að þættina get ég séð á síðkvöldum um helgar á BBC Prime.



Mark Gattis, Steve Pemberton og Reece Shearsmith leika allar burðarrullur og semja þáttinn ásamt Steve Bendelack, sem auk þess leikstýrir. Þættirnir gerast í úrkynjaða útnáranum Royston Vasey og samanstanda mestmegnist af sketsum sem þó tengjast innbyrðis. Húmorinn er svartur svo ekki sé fastar að orði kveðið; hér segir meðal annars frá leigubílstjóranum Barböru sem er á leið í kynskiptiaðgerð, hjónum með blætiskenndan áhuga á körtum, grunsamlegum slátrara, líklega ómurlegasta atvinnuráðgjafa í heimi svo ekki sé minnst á verslunareigendur í útjaðri sem beita hvaða meðulum sem er til að halda utanaðkomandi frá þorpinu.

Þættirnir eru afskaplega vel skrifaðir og þremenningarnir fara á kostum í að ljá persónugalleríinu lit. Það er í rauninni ótrúlegt að íslenskar sjónvarpsstöðvar hafi ekki áttað sig á að sýna þessi þætti. Sé maður með BBC Prime er hins vegar vel þess virði að vaka aðeins fram eftir.



▶ 23.20 *Gaman*

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR



▶ 20:05 *Dægurmál*

Í SJÖUNDA HIMNI



▶ 23.15 *Slúður*

INSIDER



▶ 21.30 *Gaman*

SIGTIÐ



▶ 20.35 *Fitness*

ARNOLD SCHWARZENEGGER MÓTIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.25** Íþróttakvöld **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (1:30)

**18.30** **Lína (2:7)** (Världen enligt Pipalina)Teiknimynd fyrir yngstu börnin.
**18.36** **Fjallgangan** Serbnesk barnamynd.
**18.51** **Upp í sveit (4:4)** Stuttir fræðsluþættir um íslenskan landbúnað. Í þessum fyrsta þætti er sagt frá nautgriparækt. e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.25** **Á ókunnri strönd (9:12)** (Distant Shores II)Breskur myndaflokkur um lýtalækni sem söðlar um og gerist heimilislæknir í fiskimannaþorpi til að bjarga hjónabandi sínu.
**21.15** **Launráð (97)** (Alias)
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Soprano-fjölskyldan (2:20)** (The Sopranos VI)

▶ **23.20** Aðþrengdar eiginkonur (35:47) **0.05** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (104:145) **10.20** William and Mary (1:6) **11.10** Whose Line Is it Anyway? 4 **11.35** Punk'd 2 (e)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related**16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður** .
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Búbbarnir (7:21)** Búbbarnir eru mættir á sjónarsviðið og hafa tekið yfir íslenska fjölmiðla – með látum.
▶ **20.05** **Í sjöunda himni** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn.
**21.10** **Big Love (6:12)** (Margföld ást)(5:12)Bönnuð börnum.
**22.00** **A Good Murder** (Myrt til góðs) Seinni hluti.

**23.20** Grey's Anatomy (14:36) **0.05** Pinero **1.35** Hustle **2.30** Duty Dating (Bönnuð börnum) **4.05** Big Love (B.börnum) **4.55** Two and a Half Men **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)
**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Seinfeld** (Clip Show – part 2)
**20.00** **Entertainment Tonight**
**20.30** **The War at Home** (Oh, Grow Up)
**21.00** **Hell's Kitchen** Tólf nemar eru nú komnir til starfa hjá Ramsey á hinum glæsilega veitingastað hans í Las Vegas. Aðeins einn mun standa uppi sem sigurvegari og verðlaunin ekki af verri endanum – að verða yfirkokkur á þessum glæsilega veitingastað og stór peningaverðlaun.
**22.00** **Chappelle/s Show**
**22.30** **X-Files** (Ráðgátur)

▶ **23.15** Insider **23.40** Ghost Whisperer (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Krókaleiðir í Kína (4/4) (e)

**15.35** Krókaleiðir í Kína (4/4) (e) **16.20** Beverly Hills 90210

**17.05** Dr. Phil
**18.00** 6 til sjö
**19.00** **Melrose Place**
**19.45** **Game tíví**
**20.10** **The Office**
**20.35** **Everybody Hates Chris**
**21.00** **The King of Queens** Carrie kemst að því að Doug laug til að lokka hana í bólið fyrst þegar þau kynntust.
▶ **21.30** **Sigtið (e)**
**22.00** **C.S.I: Miami** Mala Noche glæpagengið myrðir tvær manneskjur og nú ætlar CSI-liðið að negla það í eitt skipti fyrir öll. Áhorfendur fá einnig að vita ýmislegt nýtt um helstu söguhetjurnar og einkalíf þeirra.
**22.55** **Jay Leno**

**23.40** America's Next Top Model VI (e) **0.35** 2006 World Pool Masters (e) **1.25** Beverly Hills 90210 (e) **2.10** Melrose Place (e) **2.55** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA tour)
▶ **20.35** **Arnold Schwarzenegger mótið** Yfir 11 þúsund keppendur eru á þessu móti sem keppa í fjölda greinum s.s. vaxtarækt, fitness, aflraunum, lyftingum og mörgu fleiru. Benetikt Magnússon var meðal keppenda og stóð sig afar vel.
**21.15** **KF Nörd (6:16)** (KF Nörd)
**22.00** **Spilling í enska boltanum** (Panorama: Football's Dirty Secrets) Umdeildur og margumtalaður fréttaskýringaþáttur BBC um meintar múturgreiðslur til knattspyrnustjóra í ensku úrvalsdeildinni.
**22.55** **Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07)

**23.25** KB banka mótaröðin í golfi 200

## SKJÁR SPORT

**14.00** Man. Utd. – Newcastle (e) Frá 30.09 **16.00** Everton – Man. City Frá 30.09 **18.00** Bolton – Liverpool (e) Frá 30.09

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"** **(b)** Stuðningsmannaklúbbar Liverpool, Man Utd, Arsenal, Chelsea, Tottenham, Newcastle og fleiri taka þátt.
**21.00** **Tottenham – Portsmouth (e) Frá 01.10**

**23.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) (e) **0.00** Dagskrárlok

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir

**19.00** **Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00** **Nýtt í vikunni**
**21.00** **Einbýlishús**
**22.00** **Fjölbýli og hæðir**

**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Lindsay Lohan THS **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Rod & Kimberly Stewart THS **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Sexiest Supermodels **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Rod & Kimberly Stewart THS **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


2 2+ 2 BÍÓ SIRKUS SIRKUSTV+ SÝN




SIRKUS PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN LANG FLESTAR STÖÐVAR

Sirkus plús er á rás 6

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**SÝN KL. 22.00**

### Spilling í enska boltanum



Umdeildur og margumtalaður fréttaskýringaþáttur BBC um meintar mútugreiðslur til knattspyrnustjóra í ensku úrvalsdeildinni. Fréttamenn BBC fóru huldu höfði og afhjúpuðu nokkra umboðsmenn sem legið hafa undir grun um að stunda vafasöm viðskipti með fótboltamenn og bjóði m.a. knattspyrnustjórum prósentuhluta af söluágóða.
Meðal þeirra sem afhjúpaður eru í þættinum er Craig Allardyce, sonur Sam Allardyce knattspyrnustjóra Bolton Wanderers, og er fullyrt í þættinum að Sam hafi sjálfur verið með í ráðum og átt hlut að máli í ólöglegum viðskiptum með leikmenn sem lið hans hefur fest kaup á. Sam Allardyce hefur alfarið neitað þeim ásökunum sem fram hafa komið í þáttunum og hyggst leggja fram kæru á hendur BBC og framleiðenda þáttarins.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 5 | 1 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 4 | |
| 7 | | 3 | | 8 | | | | |
| | | | 6 | | | | 1 | |
| | | 2 | 8 | | 9 | 5 | | |
| | 4 | | | | 3 | | | |
| | | | | 9 | | 3 | | 7 |
| | 1 | | | | 6 | | | |
| 6 | | 9 | 5 | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 1 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 4 | 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 9 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 7 | 6 | 1 | 8 | 3 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 |



▶ **18.00**

*Hemildamynd*

CLINT EASTWOOD: GUT INSTINCT

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Against the Ropes (Bönnuð börnum) **8.00** Rasmus fer á flakk **10.00** Daddy and Them

▶ **12.00** Clint Eastwood: Líf og ferill **14.00** Rasmus fer á flakk **16.00** Daddy and Them **18.00** Clint Eastwood: Líf og ferill

**20.00** **Against the Ropes** (Ein í hringnum) Meg Ryan leikur umboðsmann hnefaleikakappa í þessum harða og blóðuga heimi þar sem karlmenn fara enn með öll völd og telja sig alltaf vita best. Aðalhlutverk: Meg Ryan, Omar Epps, Charles Dutton. Leikstjóri: Charles Dutton. 2004. Bönnuð börnum.

**22.00** **The Fourth Angel** (Fjórði engillinn) Spennumynd þar sem kveikjan eru óhugnanlegir atburðir. Blaðamaðurinn Jack Elgin er drifinn áfram af hefndarþorsta. Hryðjuverkamenn sem myrtu eiginkonu hans og dóttur leika lausum hala og Jack ætlar að svara þeim í sömu mynt.

**0.00** Angels Don't Sleep Her **2.00** The Pentagon Papers (Bönnuð börnum) **4.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Leikhúsrottan **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið **23.10** Hlaupanótan **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Apparat **22.10** Sýrður rjómi **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




HRÓSIÐ ...



*... fær Hörður Torfason sem lagður er af stað í síðustu hringferð sína um landið með tónleika, en þær hefur hann stundað síðan 1970.*

# Þjóðþekktir á tískupallinum

Það voru þjóðþekktir einstaklingar sem létu ljós sitt skína á tískupallinum í gærkvöldi á góðgerðakvöldi Debenhams. Ágóði kvöldsins rann til styrktar Krabbameinsfélags Íslands og söfnuðust 2,6 milljónir króna.

Stílisti sýningarinnar var fatahönnuðurinn Haffi Haff og sá hann um að klæða upp meðal annars Jóhannes í Bónus, Þorstein Pálsson, ritstjóra Fréttablaðsins, og Willum Þór Þórsson knattspyrnuþjálfara sem örugglega voru að stíga sín fyrstu skref í fyrirsætubransanum. Það voru hin ýmsu fyrirtæki sem lögðu málefninu lið og þurfti hvert fyrirtæki að borga 50.000 með hverjum einstaklingi sem fyrirtækið sendi á tískusýninguna. Málefnið var brjóstakrabbamein og bleikt þema var á kvöldinu sjálfu.

Ekki voru ofangreindir menn einu þekktu nöfnin á meðal sýnenda en Birgitta Haukdal söngkona, Eva María Jónsdóttir, fréttamaður í Kastljósi, Sigríður Klingenberg spámiðill og Guðrún Agnarsdóttir, formaður Krabbameinsfélagsins, tóku einnig þátt ásamt mörgum fleirum. Þeim til halds og traust sýndu sex módel frá EMM sem kenndu þeim sem ekki vissu hvernig best væri að nota tískupallinn og pósa framan í áhorfendur. - áp



**JÓHANNES Í BÓNUS** Var klæddur upp í fatnað frá Debenhams og tók snúning á tískupallinum.

**WILLUM** Sýndi að hann kann að láta til sín taka annars staðar en á fótboltavellinum.

**HAFFI** Stílisti á sýningunni og sá til þess að allir litu sem best út á sýningunni.

**BIRGITTA HAUKDAL** Sýndi flotta takta á sviðinu.



**LÁRÉTT**
2 andlegt áfall 6 skóli 8 kúgun 9 tunna 11 austurland 12 rándýr 14 rák 16 grískur bókstafur 17 niður 18 keyra 20 guð 21 flokka.

**LÓÐRÉTT**
1 lítill 3 tveir eins 4 greindur 5 að 7 heimsálfa 10 ái 13 suss 15 einkenni 16 samstæða 19 til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 lost, 6 ma, 8 oki, 9 áma, 11 al, 12 refur, 14 rispa, 16 pí, 17 suð, 18 aka, 20 ra, 21 raða. **LÓÐRÉTT:** 1 smár, 3 oo, 4 skarpur, 5 til, 7 amerika, 10 afi, 13 uss, 15 aðal, 16 par, 19 að.






## ÞORVALDUR DAVÍÐ: UNDIRBÝR BROTTFÖR FRÁ ÍSLANDI

# Með augastað á skólum í New York og Los Angeles

Þeir voru ófáir sem ráku upp stór augu þegar fréttir bárust af því að Þorvaldur Davíð Kristjánsson væri hættur í Leiklistarskóla Íslands eftir aðeins eins árs nám og hygðist flytja af landi brott, jafnvel til Bandaríkjanna. Þorvaldur er nú á fullu við að leita að skólum við sitt hæfi og hefur þegar komið auga á nokkra góða. „Ég er að skoða skóla í New York og Los Angeles en svo er líka skóli á Boston-svæðinu sem er mjög spennandi," sagði Þorvaldur Davíð þegar Fréttablaðið náði tali af honum inni í matvörubúð á höfuðborgarsvæðinu.

Þorvaldur segist vera á fullu við að kynna sér það sem þessir skólar hafi upp á að bjóða en þetta kosti mikla vinnu. „Umsóknarfresturinn rennur út í janúar og svo eru prufur í febrúar," útskýrir Þorvaldur sem er með ansi glæsilega ferilsskrá þrátt fyrir ungan aldur. „Þetta eru yfirleitt krakkar á mínum aldri sem eru að sækja um þannig að ég er bara nokkuð brattur," bætir leikarinn við. Hann segist hvergi banginn við að fara út að læra leiklist en leikarar sem hafa lært úti í hinum stóra heimi hafa oft átt erfitt uppdráttar hér heima. „Hver er sinnar gæfu smiður og ef þú leggur metnað í það sem þú gerir þá er allt hægt," segir hann.

Þorvaldur hefur verið á fullu í söngleiknum Footloose þar sem hann leikur á móti Höllu Vilhjálmsdóttur en sýningin hefur gengið fyrir fullu húsi og verður áfram á sviðinu eitthvað fram eftir vetri. „Þetta hefur gengið mjög vel og fólk er mjög ánægt," sagði Þorvaldur sem var ekki viss um hvort söngleikurinn yrði síðasta verkefnið hans áður en hann héldi út. „Það er eitt verkefni sem er í sjónmáli og það gæti skýrst á næstu dögum en það er hins vegar algjört forgangsverkefni hjá mér að sækja um skóla úti."

freyrgigja@frettabladid.is



**ÞORVALDUR DAVÍÐ** Er að skoða skóla í Bandaríkjunum og vonast til að fara út í byrjun febrúar þegar prufur hefjast. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Símon Birgisson**, listnemi og blaðamaður, er manna kátastur þessa dagana því tölvan hans er fundin, en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru var gripnum að sögn Símonar stolið í Listaháskólanum þar sem hann er við nám. Reyndar er málið það að tölvunni var hreinlega ekki stolið því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fannst hún undir stól í litlu hliðarherbergi og hafði legið þar óhreyfð í nokkrar vikur. Ekki er ljóst hvort skólinn ætli að slaka á þeim öryggisviðbúnaði, sem settur var upp eftir ránið, nú þegar ljóst er að menntastofnunin virðist ansi öruggur staður.



**Oddný Sturludóttir** er nú á fullu við að endurreisa tímaritið Veru og gengur starfið vel. Verkefnið hefur staðið yfir í þónokkurn tíma og hefur mestur krafturinn farið í að laga fjármál blaðsins sem nú virðast vera komin á réttan kjöl. Oddný sjálf er þögul sem gröfin en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tveir fjársterkir aðilar hafi sýnt útgáfu tímaritsins mikinn áhuga og bíður Oddný bara spennt eftir því hvor býður betur. Oddný ætlar sjálf að ritstýra blaðinu í fyrstu en láta svo aðra um að taka við skútunni þegar fram líða stundir.



**Atom Egoyan** fékk afhent verðlaun Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík fyrir framúrskarandi og listræna sýn í kvikmyndagerð árið 2006 og afhenti forseti Íslands honum verðlaunin á Bessastöðum. Leikarinn **Brendan Fraser**, sem staddur er hér á landi vegna taka á kvikmyndinni Journey 3-D, var einnig meðal viðstaddra þótt nafnið hans hefði hvergi verið á gestalistanum og reyndist nærvera hans því óvænt ánægja fyrir gesti Bessastaða. - fgg




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


# Take That tekur upp myndband á Íslandi

Meðlimir bresku strákahljómsveitarinnar Take That eru staddir á Íslandi um þessar mundir við upptökur á myndbandi. Þessar þekktu poppstjörnur, sem ærðu ungmeyjar um allan heim á tíunda áratug síðustu aldar, eru að reyna að endurvekja feril sinn og myndbandið er liður í því. Sveitin sendir frá sér nýja hljómplötu á næstunni og myndbandið verður við fyrsta smáskífulag plötunnar. Þekktasti meðlimur Take That er vitaskuld Robbie Williams en hann féllst ekki á að taka þátt í endurkomunni með félögum sínum. Take That-mennirnir sem staddir eru á Íslandi nú eru því þeir Jason Orange, Mark Owen, Howard Donald og Gary Barlow.

Tökur á myndbandinu fara fram við Reykjanesvita, en það hefur lengi verið vinsæll tökustaður fyrir tónlistarmyndbönd. Það er kvikmyndafyrirtækið True North sem hefur umsjón með tökunum og dvöl Take That-pilta hér á landi og mikil leynd hvílir yfir upptökunum. Ekki fengust upplýsingar um hversu lengi liðsmenn Take That dveljast á landinu. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að Barlow og félagar leggi ríka áherslu á að upptökurnar klárist fyrir helgi, enda vilji þeir gjarnan kynna sér næturlífið hér um helgina. - hdm



**ROBBIE WILLIAMS** Neitaði að taka þátt í endurkomu Take That og fékk því ekki að endurnýja kynni sín af Íslandi.

**TAKE THAT** Strákasveitin vinsæla sést hér árið 1995, á hátindi ferilsins. Sveitin tekur nú upp myndband á Íslandi.




**Opið**
**Virka daga 10-18**
**Laugard. 10-18**
**Sunnud. 13-17**

**ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR


DR. GUNNA


## *Stórveldið Akureyri*

Við fórum til Akureyrar um síðustu helgi. Markmið ferðarinnar var að slappa af í orlofshúsi, borða vel og sjá Karíus og Baktus. Þær tannkremshatandi örverur stóðu undir væntingum litlu barnanna, en sjálfur var ég frekar fúll yfir því að aldrei kæmi risastór tannbursti sem sópaði körlunum út. Ég man vel eftir svart hvítu útgáfunni í sjónvarpinu og vildi hafa þetta alveg eins.

**NOSTALGÍAN** hellist yfir mig á Akureyri því ég fór þangað á hverju sumri með foreldrum mínum að heimsækja afa og ömmu. Ég heimta að fá að fara að húsinu þeirra. Lufsan er löngu hætt að nenna með mér, svo ég fer einn með hjartað í buxunum að núverandi eigendur komi út á hlað og skammi mig fyrir að sniglast þarna. Ég mæni á húsvegginn þar sem ég var einn í viðstöðulausum. Ég glápi á kjallarahlerann. Þar fyrir innan skoðaði ég Sigmund og Ferdinand í fúkkalyktandi Moggum.

**EINU** sinni var Akureyri iðnaðarstórveldi. Þegar maður kom þangað fékk maður öðruvísi mjólkurvörur en í bænum og öðruvísi sælgæti. Bærinn var nánast sjálfbær. Nú er sama súpan um land allt enda fylgifiskur hagræðingarinnar að allt sé alls staðar eins. Líkt og í stórborgum Vesturlanda. Fyrir 40 árum voru mismunandi verslanir í hverri borg og ólíkt vöruúrval. Nú er alls staðar sama McDonalds og Gap-súpan. Þetta heitir alþjóðavæðing og þykir fínt. En er ógeðslega leiðinlegt.

**ÉG** fékk þá frábæru hugmynd að fara í Iðnaðarsafnið á Akureyri. Safnvörðurinn Jón Arnþórsson leiddi okkur um glæsilegt safnið og sagði sögur af iðnaðarstórveldinu Akureyri og viðskiptum þess við Sovétríkin. Ég var á algjöru nostalgíutrippi. Sá þrjár tegundir af Valash frá Sana, svari Norðlendinga við Appelsíni. Sá líka flösku af Morgan‘s Cream Soda, einnig frá Sana, sem ég er búinn að hugsa um síðan ég smakkaði það 1975. Sá Lindu piparmintupakka, Mífa tónbönd og hinar frægu Duffys gallabuxur. Gefjunarmenn voru skammaðir fyrir að kalla buxurnar Duffys en þeir voru bara að reyna að bjarga fyrirtækinu. Krakkarnir hefðu fúlsað við „Góðu Gefjunarbrókunum“.

**EN** svo fór allt á hausinn og þar sem verksmiðjan stóð við Glerá stendur nú svar Akureyringa við Kringlunni og selur nákvæmlega sama dótið. Hamingjunni sé því lof fyrir sjónvarpsstöðina N4 sem við horfðum á. Þar var endalaust það sama: frétt af strák sem sökk í drullupoll og auglýsing frá plastábreiðufyrirtæki, en samt var þetta einhvern veginn það næsta sem maður komst því að skipta um umhverfi.





